



## **Greinargerð fagsviða og B-hluta fyrirtækja**

með frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2019

Lögð fram í borgarstjórn 6. nóvember 2018

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Október 2018

# Efnisyfirlit

## A-hluti

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ .....	7
MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ .....	19
SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ.....	37
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ.....	49
VELFERÐARSVIÐ .....	67
SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU .....	77
SKRIFSTOFA EIGNA- OG ATVINNUÞRÓUNAR .....	93
SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR.....	99
FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA.....	100
NÝ UPPLÝSINGAKERFI.....	102

## B-hluti

FAXAFLÓAHAFNIR .....	109
FÉLAGSBÚSTAÐIR HF. ....	119
MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF. ....	128
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS .....	131
STRÆTÓ BS .....	135
SORPA BS.....	141
ORKUVEITA REYKJAVÍKUR .....	152



**A-HLUTI**




Árbæjarlaug

# ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

## LEIÐARLJÓS

*Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íþróttá- og tómstundaiðkunar þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir*

## SKIPURIT



## HLUTVERK

- Rekstur sundlauga, íþróttamannvirkja, Ylstrandar/Siglunes, skíðasvæða, Hins Hússins og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.
- Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- Eiga gott samstarf við íþróttá- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar.
- Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi.
- Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna og þróast í starfi.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur	1.720.110	1.578.550	1.615.785
<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.720.110</b>	<b>1.578.550</b>	<b>1.615.785</b>
Laun og launatengd gjöld	2.097.550	2.322.612	2.396.885
Annar kostnaður	6.949.691	7.057.758	7.405.695
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>9.047.240</b>	<b>9.380.370</b>	<b>9.802.580</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>7.327.130</b>	<b>7.801.820</b>	<b>8.186.795</b>

## STARFSFÓLK


	Áætlun 2017
Vinnuframlag	304
Stöðugildi	254
Yfirvinna	101.664
Vaktir	136.075

## MEGINÁHERSLUR 2019 – BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI


Starfsemi Íþróttá- og tómstundasviðs (ÍTR) snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþróttá- og tómstundamálum og stuðningi við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Á vegum ÍTR er meðal annars rekstur sundlauga, Hins Hússins, siglingaklúbbsins Sigluness, Ýlstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, íþróttamannvirkja, félagavalla og skíðasvæða. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþróttá- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu, samskiptum við íþróttá- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Áfram verður unnið með ÍBR að eftirfylgd sameiginlegrar stefnumótunar í íþróttamálum Reykjavíkur sbr. stefnu fyrir árin 2012-2020. Árið 2019 verður áfram haldið áætlun um nýframkvæmdir og viðhald á mannvirkjum ÍTR. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum verður unnið að uppbyggingu á fræðslu- og starfsmannahúsi. Nýtt íþróttahús var opnað við Egilshöll í lok árs 2018. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að hefja æfingar í nýju fimleikahúsi á Seltjarnarnesi, en samningur er við Seltjarnarnesbæ um æfingar í því húsi fyrir börn og ungmenni úr Reykjavík. Hafin verður bygging á knattús á íþróttasvæði ÍR og frjálsíþróttavöllur verður tekin í notkun á árinu 2019. Framkvæmdir í Úlfarsárdal eru í fullum gangi og gert er ráð fyrir að taka í notkun innisundlaug þar árið 2020 og útisundlaug árið 2021. Bygging á íþróttahúsi ásamt keppnisvelli og stúku er hafin á íþróttasvæði Fram í Úlfarsárdal. Haustið 2018 var tekinn í notkun nýr keppnisvöllur með gervigrasi og flóðljósum hjá Fylki, stefnt er að því að taka í notkun nýjan keppnisvöll með gervigrasi og flóðljósum hjá Víkingi sumarið 2019.

## SKIPULAG REKSTRAR 2019

### Skipting rekstrar



### Skipting rekstrarramma



## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Fjármál

Forsendur fjárhagsáætlunar 2019 gera ráð fyrir hækkun á neysluvísitölu um 2,9%. Annar rekstrarkostnaður er ekki verðbættur fyrir utan samningsbundnar hækkanir og eru þær bættar sem nemur neysluvísitölu. Áætlaðar hækkanir vegna launabreytinga, í samræmi við gildandi kjarasamninga, koma til með að verða bættar.


Helstu breytingar á rekstri frá fyrra ári eru að tekið var í notkun nýtt íþróttahús við Egilshöll seinnipart árs 2018 og kemur í fullan rekstur árið 2019. Nýtt fimleikahús á Seltjarnarnesi verður tekið í notkun í byrjun árs 2019 og knatthús á svæði ÍR. Þá mun frjálsíþróttavöllur ÍR koma í notkun á árinu 2019.

ÍTR ber einnig leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþrótt- og tómstundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþrótt- og sýningarhöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti og Hinu Húsinu og er kostnaður vegna þessara mannvirkja um 11% af útgjöldum Íþrótt- og tómstundarsviðs. Kostnaður vegna innri leigu hjá ÍTR er 29% af útgjöldum sviðsins, greiðslur styrkja til Íþróttafélaga og annarra eru um 25% af útgjöldum sviðsins og launakostnaður sviðsins er um 24%. Annar rekstrarkostnaður er 8% af útgjöldum sviðsins og orkukostnaður er um 3% af útgjöldum ÍTR.

## Sundlaugar

ÍTR rekur sex sundlaugar. Laugarnar eru ekki einungis ætlaðar til sundkennslu, íþrótta- og sundiðkunar. Þær hafa fjölbættu hlutverki að gegna og eru ákjósanlegar til heilsuræktar, slökunar og leikja. Markmið þeirra er meðal annars að mæta þörfum gesta sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind. Heildaraðsókn árið 2017 var 2.057 þúsund gestir og áætluð aðsókn fyrir árin 2018 og 2019 verðu um 2.200 þúsund gesta. Fjárhagsáætlun vegna sundlauganna 2019 er 1.659 mkr.

Taflan hér fyrir neðan sýnir hvernig aðsóknin skiptist á milli sundlauga í Reykjavík miðað við aðsókn 2017.



## Sundhöll

Sundhöllin hefur tekið stakkaskiptum við opnun nýrrar útilaugar og endurbóta á gömlu baðklefum karla í gamla húsinu. Aðsókn hefur aukist gríðarlega á fyrsta starfsári nýrrar laugar. Meðal aðsókn fyrir breytingar var í kringum 10 þúsund gestir á mánuði en hefur verið yfir 30 þúsund gestir frá því laugin var opnuð í desember 2017. Gert er ráð fyrir í fjárfestingaráætlun 2019 að hefja endurgerð á baðklefa kvenna í gamla húsinu þannig að hann verði sambærilegur og ný uppgerður klefi karla.

## Laugardalslaug

Við breytingar á Sundhöll hefur aðsókn að lauginni minnkað lítillega og þá aðallega er um að ræða ferðamenn sem fara í auknum mæli í Sundhöllina. Laugardalslaug tekur hins vegar á móti um 700.000 gestum á ári. Verið er að breyta afgreiðslusal í Laugardalslaug til að einfalda afgreiðslu og gera svæðið aðgengilegra fyrir gesti, þeim breytingum mun ljúka árið 2019. Nýr varðturn verður tekinn í notkun árið 2019. Gólfefni á bakka er orðið slitið og þarfnast lagfæringar. Stærsta framkvæmdin sem þarf að fara í er þó laugarkerið úti. Eins og fram kemur í skýrslum sem fjalla um nauðsynlegar endurbætur á lauginni er ljóst að endurbyggja þarf laugarkerið. Stýribúnaður í kjallara laugarinnar er kominn mjög til ára sinna og nauðsynlegt að endurnýja hann á næstu árum svo hægt sé að viðhalda gæðum og öryggi vatns í sundlaugarkerfunum.

## Vesturbæjarlaug

Vesturbæjarlaug nýtur ár frá ári sívaxandi vinsælda, ekki síst meðal ferðamanna, vegna tilkomu nýrra potta. Laugin fær mikla og góða umfjöllun í erlendum tímaritum enda leitast margir blaðamenn og ljósmyndarar aftur að fá að koma í laugina. Lenging afgreiðslutíma um helgar hefur gengið vel og fleiri nýta sér kvöldsund um helgar. Aðstaða fyrir hreyfihamlaða verður bætt og unnið er að því að setja upp sérklefa sem mun nýtast mörgum. Eins verður aðgengi fatlaðra ofan í laug bætt. Veggir og gólf í eimbaði voru endurnýjuð vor 2018. Vegna aukningar gesta í lauginni þarf að huga að fjölgun hjólastæða.

## Grafarvogslaug

Aðsókn í Grafarvogslaug hefur ekki aukist þrátt fyrir lengdan afgreiðslutíma. Með bættri aðstöðu fyrir börn er þess vænst að aðsókn muni aukast í framtíðinni. Ný rennibraut var opnuð í lauginni sumarið 2018 og er í hönnun bygging á nýrri vaðlaug fyrir börn.

## Árbæjarlaug

Hönnun er í gangi á nýjum köldum potti í Árbæjarlaug sem verður tekinn í notkun í byrjun árs 2019. Unnið er að betra aðgengi að strandblaksvöllum inn á lóð laugarinnar.

## Breiðholtslaug

Breiðholtslaug hefur tekið miklum breytingum síðastliðið ár með tilkomu líkamsræktarstöðvarinnar World Class og hefur gestum fjölgað til muna. Gestir í laugina árið 2016 voru um 220 þúsund en gert er ráð fyrir að þeir verði um 385 þúsund árið 2018. Samhliða byggingu líkamsræktarstöðvar hafa miklar breytingar verið gerðar á húsnæði laugarinnar þ.e. afgreiðslu, búningsaðstöðu og starfsmannaaðstöðu auk þess sem nýr sérklefi hefur verið tekinn í notkun. Til stendur að gera enn betur og er í hönnunarferli bætt aðstaða úti sem áætlað er að klára 2019. Settur verður kaldur pottur, ný og stærri rennibraut og leiktæki fyrir yngstu börnin auk tartans við vaðlaug. Þá stendur einnig til að byggja útiklefa og útigeymslu árið 2019.

## Fjölskyldu- og húsdýragarður

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru til sýnis íslensk húsdýr, dýr sem lifa villt í íslenskri náttúru auk framandi dýra eins og skrið-, frosk- og skordýr. Auk almennrar starfsemi við dýrahald skipa margskonar viðburðir og fræðslustarf veglegan sess. Árið 2017 heimsóttu um 7.500 nemar leik- og grunnskóla skipulögð fræðslunámskeið í garðinum. Samningur er við Skóla- og frístundasvið um samstarf vegna grunn- og leikskólanema á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs. Þá eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir 10–12 ára. Í garðinum er fjöldi tækja sem mörg hver eru gagnvirk og valin með öll aldursstig og bæði kyn í huga. Myndarlegt átak var gert í endurnýjun og nýjungum í tækjum sem litu dagsins ljós vorið og sumarið 2018. Auk dýragarðs og fjölskyldugarðs er starfræk miðasala, veitingahús, verkstæði og skrifstofa. Unnið var að gagngerum endurbótum á afgreiðslu og aðstöðu gesta við veitingahús vorið og sumarið 2018. Unnið verður áfram að uppbyggingu fræðslu- og starfsmannahúss í garðinum sem og dýrahúsi árið 2019. Garðurinn er opinn alla daga ársins en aðsókn árið 2017 var um 168 þúsund gestir, þar af um 13 þúsund erlendir gestir. Fjárhagsáætlun Fjölskyldu- og húsdýragarðsins eru 300 mkr. fyrir árið 2019.

## Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, miðstöðvar ungs fólks, er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Í Hinu Húsinu fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Viðfangsefni felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafþjónustu, frístundastarfi fatlaðra ungmenna, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, umsjón með viðburðum og erlendu samstarfi. Frjáls félagasamtök og ýmsir hópar ungs fólks hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma. Fjárhagsáætlun Hins Hússins 2019 er 451,9 mkr. Þar af er frístund fatlaðra 227,6 mkr., Vinnumiðlun, atvinnu- og forvarnarverkefni 52,7 mkr., og önnur starfsemi Hins Hússins 171,6 mkr. Starfsemi Hins Hússins fer fram í Pósthússtræti 3-5 og að Rafstöðvarvegi 9.

Helstu verkefni eru: Áttavittinn - Jafningjafræðsla Hins Hússins - Götuleikhús Hins Hússins – Listhópar Hins Hússins – Vinfús – Vítamín – Vinnustaðanáam – Músíktílaunir – Unglist-listahátíð ungs fólks – Gallerí Tukt.

Félög og félagasamtök með aðstöðu í Hinu Húsinu: Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) – Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) – Landssamband ungmennafélaga (LUF) - List án landamæra.

## Nauthólsvík, Ylströnd og Siglunes

Nauthólsvík hefur verið einn helsti sjóbaðsstaður Reykvíkinga frá árinu 1949. Sérstaða strandarinnar er mikil. Samspil sjávar, strandar, heita vatnsins og náttúrunnar er magnað og mikil reynsla að upplifa. Í Siglunesi hefur Reykjavíkurborg rekið siglinga- og róðrarstarfsemi fyrir börn og unglunga síðan 1967. Nauthólsvík er vinsælt svæði til útivistar enda veðursæld og náttúrufegurð mikil.

**Siglunes** á sér farsæla og skemmtilega sögu. Í Siglunesi læra börn og unglingar grunnatriði siglinga og róðurs og takast á við fjölbreyttar áskoranir í öruggu umhverfi með leikgleði, fræðslu og ævintýramennsku í fyrirrúmi. Siglt er á stórum og smáum seglbátum og róíð á kayökum og árabátum. Siglinganámskeið í Siglunesi fyrir krakka á aldrinum 9-12 ára eru alltaf jafn vinsæl og seljast því öll upp á hverju ári. Einnig er mikil aðsókn í Siglingaklúbbinn sem er ætlaður þeim sem þegar hafa sótt siglinganámskeið á aldrinum 10-16 ára. Aðstaða í Siglunesi er fullnýtt yfir sumartímann. Húsnæði siglingaklúbbsins er orðið lélegt og því þarf að fara að huga að byggingu nýs húsnæðis sem þegar hefur verið hannað. Á árinu 2018 var bátakostur mikið endurnýjaður. Huga þarf að betri aðstöðu fyrir hjólastæði í Nauthólsvík. Fjárhagsáætlun Siglunes 2019 er 27,4 mkr.



*Siglunes*

**Ylströndin** með heitum pottum og manngerðu sjávarlóni opnaði sumarið 2000 og var einungis opin á sumrin fyrstu árin. Haustið 2006 hófust vetrarsjóböð á Ylströndinni og hafa þau notið mikilla vinsælda meðal sjóbaðsunnenda sem leggja leið sína í Nauthólsvík. Ylströndin nýtur alltaf meiri og meiri vinsælda, jafnt sumar sem vetur. Að sumri ræður veðurfar miklu um fjölda þeirra gesta sem vilja koma og baða sig í sjó. Sístækkandi hópur sjósundsíðkenda setur þó veðrið ekki fyrir sig. Mikil aukning hefur verið í „upplifunarheimsóknum“ á ströndina. Rútur með fjölda farþega koma við hvort sem farið er í sjóinn eða ekki.

Komið hafa fram óskir um fjölgun vetraropnunardaga frá gestum auk óska um lengingu opunar á sumrin.

Vegna mikillar aðsóknar þyrfti að fjölga pottum og bæta salernisaðstöðu á svæðinu. Engin salernisaðstaða er á svæðinu þegar lokað er á Ylströnd og huga þarf að úrbótum á því. Fjárhagsáætlun Ylstrandarinnar árið 2019 er 67 mkr.


## Upplýsinga- og kynningarmál

Frístundavefurinn var nánast alfarið í höndum félaga sem settu inn sitt efni á árinu 2018. Fyrirkomulagið reyndist vel yfir sumartímann og félög voru duglega að setja inn námskeið og vefurinn var vel uppfærður. Hins vegar voru námskeið yfir vetrartíma ekki að skila sér inn. Endurskoða þarf fyrirkomulag vegna umsýðunar með frístundavefnum árið 2019. Unnin var þarfagreining vegna nýs vefs sundlauga í samvinnu við Rafræna þjónustumiðstöð og hönnunarferli sett af stað. Vefurinn fer í loftið í lok árs 2018. Verkefnið um rafrænt afgreiðslukerfi fyrir starfsstaði ÍTR hélt áfram og starfshópurinn lagð mikla vinnu í verkefnið á árinu 2018, vegna formgalla urðu óhjákvæmilegar tafir en áætlað er að halda áfram á árinu 2019. Í samvinnu við UTD verður því ekki gert ráð fyrir fjármagni í verkefnið á árinu 2018 en haldið áfram á árinu 2019. Mannvirkjakerfi ÍTR og ÍBR er áfram í vinnslu og heldur nú utan um alla ráðstafaða tíma í skólasölum og Laugardalshöll. Allir tímar eru sýnilegir og aðgengilegir í gegnum frístundavefinn, hægt er að gera fyrirspurnir vegna lausra tíma í gegn um vefinn og fá upplýsingar um dagsskrá hvers mannvirkis. Íþróttabandalag Reykjavíkur sér um skráningar í kerfið og vinnur í því að styrkja íþróttafélög við skráningar.

## Frístundakortið

Félögum í Frístundakorti fækkaði á árinu 2018 þegar samningar voru yfirfarnir og óvirkum samningum lokað og eru nú 187. Í október árið 2018 verður öllum samningum um aðgang að Frístundakorti sagt upp og aðildarfélögum gefinn kostur á að skrifa undir nýjan samning þar sem tekið er á vinnslusamningum aðildarfélaga við vinnsluaðila þeirra í samræmi við GDPR. Nýr samningur var unninn í náinni samvinnu við skrifstofu Borgarlögmans. Tenging við tvö fyrirtæki (vinnsluaðila) sem bjóða félögum/fyrirtækjum upp á skráningakerfi sem tengist Rafrænni Reykjavík var útfærð á árinu 2018. Nú eru því orðin fjögur kerfi sem tala beint við Rafræna Reykjavík við úthlutun Frístundakorts. Engin hækkun var á Frístundakorti milli árána 2017 og 2018. Fjárhagsáætlun vegna Frístundakorts á árinu 2019 er 727,7 mkr. og er eingöngu um að ræða magnbreytingu vegna fjölgunar barna. Fengið var óháð sérfræðiálit vegna helsta umkvörtunarefni forráðamanna um ráðstöfun Frístundakorts eða að börn yngri en 16 ára eiga ekki möguleika á að nýta Frístundakort til iðkunar ein í sal líkamsræktarstöðva.


## Ráðstöfun – skipting milli greina



Stelpur sem nýttu frístundastyrk notuðu að meðaltali 43.678 kr.

Strákar sem nýttu frístundastyrk notuðu að meðaltali 41.976 kr.

### Skráning í frístundastarf eftir hverfum 6-18 ára



### Skíðasvæði

Aðsókn í Bláfjöll veturinn 2017-2018 var 68.515 gestir og almennir opnunardagar voru 73. Í Skálafelli var opið í 16 daga og komu 8.959 gestir. Á árinu 2018 var keyptur notaður troðari á Skíðasvæðin. Troðaraflotinn hefur verið endurnýjaður reglulega síðan árið 2009 og nauðsynlegt að halda því áfram.

Lyftur í Eldborgargili voru teknar niður og sameinaðar í eina lyftu í Norðurleið. Tilgangurinn er að þjónusta brettapark Bláfjalla betur með beinum hætti og jafnframt minnka álag á Kónginn, aðal stólalyftu í Kóngsgili.

Á haustdögum 2017 hófst stefnumótunarvinna fyrir fjárfestingar til ársins 2030. Sú vinna var hugsuð til að gera grein fyrir brýnni þörf á endurnýjun tækja- og húsnæðiskosts á skíðasvæðunum ásamt snjógerð. Lítil endurnýjun hefur átt sér stað í Bláfjöllum frá árinu 2004 þegar ný lyftan Kóngurinn var sett upp. Aldur annarra lyftna á svæðunum eru að nálgast 40 ár.

Stefnumótunarvinnunni lauk í desember 2017 og í framhaldi tók við kynning á henni fyrir borgar- og bæjarráðum aðildarsveitarfélaganna sem endaði með því að bæjarstjórar og borgarstjóri skrifuðu undir "Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins". Samkomulagið hljóðar uppá uppbyggingu að andvirði rúmlega 3,6 milljarða á árunum 2018-2024. Í því samkomulagi er verið að endurnýja og auka við stólalyftur á svæðunum tveim eða samtals 4 stólalyftur. Þá er fjárfest í snjóframleiðslukerfi og nýjar þjónustumiðstöðvar í Bláfjöllum og Skálafelli svo það helsta sé nefnt.



## Íþróttafélög og ÍBR – styrkir og framkvæmdir

Gerður var nýr þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR árið 2017 og er til ársins 2019. Fram kemur í samningnum að framlög ÍTR til félaganna og ÍBR verði í samræmi við sameiginlega stefnumótun og forgangsröðun sem unnin var 2012. Styrkir til ÍBR og íþróttafélaganna í borginni nema um 1.013 mkr.

Styrkir vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar og mannvirkjum sem borgin leigir til afnota fyrir félögin nema um 2.112 mkr. en hluti af kostnaði ÍTR er vegna afnota félaganna af íþróttahúsum skólanna, Egilshöll, Íþrótt- og sýningahöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti o.fl. Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði áfram kraftmikið, borgarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglingsstarfi en einnig í afreksiþróttastarfi og almenningsíþróttum. Íþrótt- og tómstundaráð og stjórn ÍBR annast framgang samnings þessa. Framkvæmdastjórar og skrifstofur þessara aðila annast dagleg samskipti aðila. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningi þessum f.h. félaganna. Aðalstjórn hvers félags ábyrgist þá þjónustu sem samningur þessi mælir fyrir um og gerir jafnframt grein fyrir fjármálum félagsins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að konur og karlar njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. ÍBR og félögin skulu kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum.

Á samningstímanum verður unnið að því að íþróttafélögin bjóði eldri borgurum aukna þjónustu í sínum mannvirkjum.

Íþróttafélögin skulu ár hvert leggja fram áætlun fyrir 1. október, fyrir ÍTR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur næstkomandi ár. Í áætluninni skulu koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir hvernig árangur verði metinn. Samvinna skal vera á milli félags, ÍBR og ÍTR um gerð slíkrar áætlunar. ÍTR og ÍBR taka síðan afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem koma fram í tillögum félaganna.

Styrkir vegna KFUM og KFUK og Skátasambands Reykjavíkur nema alls um 52,8 mkr.

## Viðburðir

Fyrirhugaðir stórviðburðir árið 2019 tengjast starfsemi ÍTR og kalla á umfangsmikinn undirbúning og stuðning borgaryfirvalda: Reykjavík International Games og Rey Cup. Einnig má nefna Vetrarhátíð, Reykjavíkurmaraþon, Menningarnótt og hjólreiðakeppnin Tour of Reykjavík á vegum ÍBR.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Áhersla er hjá ÍTR að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrenni nýtist öllum hópum, tekið sé tillits til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustubátta með aðferðafræði KFS. Þegar er búið að greina aðsókn í sundlaugar, þátttöku barna í skipulögðu starfi, fjárfestingu vegna íþróttamannvirkja og aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarð, þátttöku í Músiktilraunum og ráðningar í sumarstörf.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að alltaf sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu, allir stjórnendur á sviðinu hafa

fengið kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð á árinu 2019. Á sviðinu hafa einnig verið gerð jafnréttismöt og jafnréttisskimanir fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2014	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
<b>Starfsmannamál *</b>						
Fjöldi starfsmanna	500	522	552	557	557	540
Fjöldi stöðugilda ÍTR	244	260	265	275	275	277
Fjöldi ársverka	233	244	249	254	254	264
Fjöldi ársverka, karlar / konur	102 / 131	107 / 137	110/139	129/146*	129/146*	130/147
Fjöldi ársverka á skíðasvæðum	20	20	19	19	19	22,3
Vinnuframlag	288	291	302	304	304	313
Fjöldi yfirvinnustunda	91.963	92.000	109.555	103.414	103.414	101.664
Fjöldi vinnustunda með vaktálagi	112.256	113.000	141.500	133.179	133.179	136.075
Eknir km. á ári skv. samningum	82.713	18.750	10.000	10.000	10.000	8000
<b>Aðsóknartölur</b>						
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús.	1.807	1.828	1.866	2.057	2.210	2.280
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarð. í þús.	172	178	174	168	153	180
Börn á sumarnámskeiðum í Húsdýragarði	229	229	112	112	112	112
Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda	7.000	9.600	8.638	8.000	8.000	8.000
Börn á námsk. í siglingaklúbbnum Siglunesi	500	500	500	500	500	500
Önnur aðsókn að Siglunesi	6.500	6.000	6.500	6.500	5.000	5.000
<b>Fristundakortið - ráðstöfun</b>						
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	78%	77%	82%	83%	83%	83%
Stelpur/Strákar	79%/77%	78%/76%	82%/81%	83%/82%	83%/82%	83%/83%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	94%	92%	94%	96%	96%	96%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	87%	89%	89%	88%	90%	90%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	74%	69%	77%	80%	80%	80%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	53%	48%	53%	60%	62%	63%
<b>Fristundakortið - skráning í starfsemi</b>						
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	81%	81%	81%	84%	84%	84%
Stelpur/Strákar	81%/80%	81%/80%	83%/81%	84%/83%	84%/83%	83%/83%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	92%	93%	95%	96%	96%	96%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	88%	90%	89%	87%	89%	90%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	78%	76%	77%	80%	81%	81%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	60%	55%	53%	58%	60%	60%
Fjöldi félaga með aðild að Fristundakortinu	180	183	219	187	187	180
Fristundakorti ráðstafað til íþróttafélaga	52%	52%	65%	62%	62%	62%
Fristundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi	17%	17%	22%	21%	21%	21%
Fristundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga	1%	1%	0,50%	0,01%	0%	0%
Fristundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs	12%	13%	12,50%	17%	17%	17%

	Raun 2014	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Styrkir til félaga (í þús. kr.)						
Rekstrarstyrkir	281.019	301.096	312.653	316.907	336.853	360.172
Húsaleigustyrkir	647.115	661.690	662.223	667.862	671.981	723.532
Greiðsla vegna mannvirkja	893.262	968.601	979.405	1.002.059	1.052.119	1.068.630
Aðrir styrkir	95.273	91.346	107.936	110.652	111.594	118.252
Byggingastyrkir	86.530	45.000	52.500	96.096	72.400	74.363
Styrkir ráðsins	35.000	17.500	35.000	19.620	25.600	25.638
Hitt Húsið						
Gestir Hins Hússins					34.963	35.000
Netheimsóknir Hins hússins					27.440	28.000
Húsnæði og vellir						
Fermetrar í leigu hjá öðrum	35.690	35.690	36.878	36.878	36.878	38.814
Fjöldi fermetra á grasvöllum	333.000	333.000	280.000	280.000	280.000	263.800
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum	64.800	64.800	73.557	73.557	73.557	89.757
Rekstrartölur						
Heitt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	1.801	1.810	1.850	1.880	1.880	1.920
Kalt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	800	810	820	830	830	850
Raforkunotkun í þús. kílóvattstunda alls ÍTR	6.050	6.100	6.150	6.200	6.230	6.280
Innri leiga	2.207.227	2.369.348	2.466.971	2.547.765	2.650.084	2.819.724

Velgengisþættir	Mælikvarðar	Raun 2013	Raun 2015	Raun 2017	Raun 2018	Áætlun 2019
Mannauður						
Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuaðstöðu sína góða	72%	76%	75%	78%	83%
	Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi	81%	84%	84%	88%	90%
Hæft og áhugasamt starfsfólk	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi	80%	84%	83%	86%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	82%	79%	82%	82%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	71%	79%	78%	76%	85%
Árangursríkir stjórnunarhættir	Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns	83%	86%	85%	85%	88%
	Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum	77%	78%	80%	79%	85%




*Menningarnótt. Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson*

# MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

## LEIÐARLIJÓS

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni, samkennd og virðingu. Ferðamannaborgin Reykjavík er virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru.

## SKIPURIT



## HLUTVERK

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Höfuðborgarstofu, Listasafns Reykjavíkur og Reykjavíkur—Bókmenntaborgar UNESCO. Þverfaglegt starf um barnamenningu og sérverkefni eins og Tónlistarborgin Reykjavík, Safnbúðir Reykjavíkur og Menningarkort eru einnig undir hatti sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglum. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljóm sveitar Íslands. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir.


## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur	506.338	516.177	455.079
<b>Tekjur samtals</b>	<b>506.338</b>	<b>516.177</b>	<b>455.079</b>
Laun og launatengd gjöld	1.363.315	1.475.123	1.515.008
Annar kostnaður	3.703.501	3.879.828	3.931.543
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>5.066.816</b>	<b>5.354.951</b>	<b>5.446.551</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>4.560.478</b>	<b>4.838.774</b>	<b>4.991.472</b>

## STARFSFÓLK

	Raun 2017	Útksp./ Áætlun 2018	Áætlun 2019
Fjöldi starfsmanna	227,0	232,0	230,0
Fjöldi stöðugilda	158,0	164,5	165,6
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Borgarbókasafn	77,0	80,5	78,5
Borgarsögusafn	36,0	36,6	41,1
Listasafn Reykjavíkur	22,0	24,6	25,2
Höfuðborgarstofa	10,2	10,0	7,0
Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs	5,8	5,8	6,8
Bókmenntaborg UNESCO	2,0	2,0	2,0
Sérverkefni	5,0	5,0	5,0

## SKIPTING REKSTRAR 2019



## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

**Menning – um alla borg** er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2019 en með því er vísað í eina megináherslu sviðsins á næsta ári að styrkja öll hverfi borgarinnar með enn öflugra menningar- og listalífi. Þessi áhersla mun sjást í styrkúthlutunum og í öflugri starfi menningarstofnana í hverfum borgarinnar, kynningum og nýjungum í tengslum við list í opinberu rými og í viðburðum í hverfum borgarinnar.

Áherslan rímar vel við menningarstefnuna þar sem segir meðal annars að „öll hverfi hafa sérstöðu gagnvart aðstöðu og möguleikum til menningariðkunar, útvistar og tómtunda og er stöðugt unnið að því að styrkja menningarstarf og aðstöðu innan þeirra“.

Yfirskriftin vísar einnig í áherslur sviðsins á vettvangi ferðamála en í markaðssetningu verður haft til hliðsjónar að beina ferðamönnum á áhugaverða staði utan miðborgarinnar, með það að leiðarljósi að dreifa ferðamönnum betur.

Menningin verður úti um alla borg – og fyrir alla. Sem fyrr er allt kapp lagt á að sinna þörfum borgarbúa, skapa fjölbreytta dagskrá og miðla sögu og þekkingu og því helsta sem er að gerast í listum og menningu. Börn skipa sem fyrr mikilvægan sess í öllu starfi sviðsins. Sem dæmi má nefna ný barnabókaverðlaun sem kennd eru við Guðrúnu Helgadóttur rithöfund sem eru í umsjón Bókmenntaborgarinnar og verða veitt í fyrsta sinn í apríl, spennandi starf Borgarbókasafns með börnum í öllum hverfum og ört stækkandi Barnamenningarhátíð.

Fjölmörg ný og spennandi verkefni eru á döfinni. Eitt stærsta verkefni Borgarsögusafns á árinu verður vinna við nýja sýningu í Aðalstræti 10, sem tengist núverandi Landnámssýningu og fjallar um þróun borgarinnar frá landnámi til 20. aldar. Borgarbókasafnið gengur enn lengra í að koma til móts við lestrarhesta borgarinnar og vinnur nú að því að koma á fót „opnum bókasöfnum“ sem gerir notendum kleift að koma í söfnin utan hefðbundins afgreiðslutíma og án þjónustu starfsfólks. Á Vetrarhátíð verður ljósagjörningum- og listaverkum gert enn hærra undir höfði en áður og fjölbreytt verk líta dagsins ljós í samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Eitt stærsta og metnaðarfullsta verkefni sviðsins verður þó án efa undirbúningur opunar nýs listasafns til minningar um Nínu Tryggvadóttur listmálara.

Í ferðamálaum verður stefnt að því að ljúka vinnu við nýja stefnu í ferðamálaum en sú sem fyrir er var staðfest árið 2011 og rennur út árið 2020. Ferðamálastefnan er langtíma áætlun borgarinnar í ferðamálaum og til stendur að hún feli jafnframt í sér aðgerðar- og innleiðingaráætlun. Samhliða innleiðingunni mun fara fram heildarendurskoðun á starfsemi Höfuðborgarstofu og endurskilgreining á hlutverki hennar, en ljóst er að umfang ferðaþjónustu og hlutverk borgarinnar í þeirri atvinnugrein hefur breyst gríðarlega frá því Höfuðborgarstofa var stofnuð árið 2002.

Á árinu verður einnig lögð áhersla á að ljúka viðburðastefnu fyrir borgina og aðgerðaáætlun og kemur það í hlut skrifstofu menningarmála og viðburðateymis sviðsins að fylgja henni eftir. Samhliða stefnumótuninni verður rýnt í allt viðburðahald á vegum sviðsins og Reykjavíkurborgar með það í huga að skerpa sýn og efla samstarf á milli eininga og sviða, t.a.m. ÍTR og USK.

Þá verður ráðist í aukna markaðssetningu á menningarstofnunum sviðsins á árinu, bæði gagnvart Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Tekjur af ferðamönnum hafa dregist saman og mæta þarf þeirri áskorun með öflugri kynningu á spennandi dagskrá stofnananna og auka sýnileika þeirra bæði gagnvart borgarbúum og gestum borgarinnar, innlendum sem erlendum.

Menningar- og ferðamálasvið leggur að venju ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla margvísleg metnaðarfull markmið sviðsins. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sérteknna og auka aðsókn borgandi gesta. Sérstök áhersla verður lögð á markaðsmál á árinu með það að leiðarljósi að auka sýnileika stofnana sviðsins og styrkja

rekstrargrundvöll til lengri og skemmri tíma. Að auki er gert ráð fyrir rafvæðingu Gestakortsins á árinu 2019 og eru vonir bundnar við að það skili sér í auknum tekjum.

Af rekstrargjöldum ársins nemur launakostnaður um 28%, innri leiga húsnæðis og tækja um 20%, styrkir og framlög um 35% og annar rekstrarkostnaður er um 17%. Í forsendum fjárhagsáætlunar er gerð krafa um að gjaldskrártekjur aukist um 2,9%, eða í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar, en verðbætur á annan rekstrarkostnað eru eingöngu reiknaðar af skuldbindingum í samningum gagnvart þriðja aðila.

Áætlun gerir ráð fyrir að tekjur sviðsins lækki um tæp 12% miðað við áætlun ársins 2018, en ljóst er að tekjuáætlun stofnana sviðsins fyrir árið 2018 var of metnaðarfull. Almennt eru væntingar um tekjur af aðgangseyrir hófstílltar á árinu 2019 í ljósi þess að áætlanir ársins á undan stóðust ekki fyllilega. Hátt gengi íslensku krónunnar og minnkandi kaupmáttur erlendra ferðamanna, er einnig mikill áhrifavaldur.

Á árinu 2019 verður um 50% af fjárhagsramma sviðsins varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík í formi beinna styrkja, samstarfssamninga og innri leigu en um 40% fjárhagsrammans er varið til rekstrar stofnana sviðsins. Ýmis sérverkefni, s.s. viðburðir, Tónlistarborg, Bókmenntaborg, Safnbúða- og Menningarkortsverkefni fylla um 5% af rekstri sviðsins, ferðamál um 2% og stjórnun sviðs og kostnaður ráðs eru um 2%.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Miðlæg starfsemi og stofnanir sviðsins

Menningar- og ferðamálasvið starfar í samræmi við menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og þær aðgerðaáætlanir sem þeim fylgja. Þær mynda forgangsróðun í verkefnum næsta árs og eru forsenda þess hvernig starfsemin er þróuð og unnin til lengri tíma.

### Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins

Hæstu framlög til menningarlífsins í borginni fyrir utan rekstur menningarstofnana fara sem fyrr til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Sinfóníuhljómsveitar Íslands skv. lögum og Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar á móti ríkinu. Jafnframt njóta fjölmargir sjálfstæðir aðilar húsnæðis- og/eða rekstrarstyrkja, t.a.m. Listahátíð í Reykjavík, Sviðslistamiðstöð í Tjarnarblóti, Sjólistamiðstöð á Korpúlfsstöðum, Bíó Paradís, Nýlistasafnið, Kling&Bang, Dansverkstæði og Hönnunarmiðstöð, svo þeir helstu séu nefndir.

Almennar styrkveitingar á sviði menningar og lista eru veittar fyrir afmörkuð verkefni, til hópa eða félaga og til samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára. Þær tilheyra svokölluðum styrkjaþotti. Undanfarin ár hafa 4 lykilhátíðir gengið undir heitinu „Borgarhátíðir“ að undangengnu auglýsingaferli og samningagerð og hljóta þær hæstu árlegu styrkina úr styrkjaþottinum. Þriggja ára samningar borgarinnar við Borgarhátíðir renna út í lok árs 2019. Þetta eru Riff og Hönnunarmars sem hljóta 10 m.kr. árlega, Hinsegin dagar 7 m.kr. og Iceland Airwaves 14 m.kr. Nýr rekstraraðili, Sena Live, tók við rekstri síðastnefndu hátíðarinnar í apríl 2018 og nýr samningur var gerður sem gildir til ársloka 2019. Styrkjaþotturinn, sem er auglýstur árlega, er að hluta bundinn vegna þeirra og fleiri samstarfsaðilla á langtímasamningum. 22 langtímasamningar eru þegar bundnir 2019 og 5 samningar renna út í árslok 2018. Faghópur skipaður fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar er ráðgefandi fyrir úthlutun ráðsins. Við úthlutun árlegra styrkja er höfð til hliðsjónar menningarstefna Reykjavíkur, aðgerðaáætlun byggð á henni, styrkjareglur borgarinnar og verklagsreglur menningar- íþróttar- og tómstundaráðs um styrki sem það endurskoðar árlega. Að auki eru sérstakir styrkir veittir til myndrýkrar miðlunar tengdri sögu og menningu í Reykjavík. Bókmenntaborgin hefur umsjón með


Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar, Barnabókaverðlaunum Reykjavíkurborgar og hinum nýstofnuðu Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur. Þá útnefnir ráðið einnig Borgarlistamann Reykjavíkur.

## Safnbúðir & Menningarkortið

Verkefnastjóri á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs vinnur að þróun og eflingu Safnbúða Reykjavíkur og Menningarkorts Reykjavíkur.

Hlutverk safnbúða er að skapa áframhaldandi tengingu gesta við söfn og sýningar ásamt því að afla söfnunum tekna. Því er lögð rík áhersla á að vöruval safnbúða endurspegli viðfangsefni safnanna hverju sinni. Safnbúðir er að finna á öllum söfnum Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns Reykjavíkur. Áfram verður unnið að því að efla sérstöðu hvorrar þeirra, styrkja rekstrarlegan grundvöll og auka veltu á árinu. Vinna er hafin við heildstæða stefnumótun fyrir Safnbúðir Reykjavíkur og stefnt er að því að henni ljúki á fyrsta ársfjórðungi nýs árs.

Menningarkort Reykjavíkur er árskort á söfn í eigu borgarinnar. Handhafar þess fá ótakmarkaðan aðgang að öllum sýningum og viðburðum á vegum safnanna, bókasafnsskirteini hjá Borgarbókasafni, afslátt í safnbúðum og njóta margvíslegra fríðinda hjá fjölmörgum samstarfsaðilum. Því er ætlað að veita borgarbúum greiðan og hagkvæman aðgang að menningarlífi borgarinnar og verði kortsins því haldið í algjöru lágmarki. Áfram verður unnið að því að auka vitund um kortið meðal almennings með sýnileika á sölustöðum og á netinu, auka nýtingu með markvissri upplýsingagjöf til korthafa og að fjölga samstarfsaðilum. Vinna er hafin við uppfærslu á vefsíðu og undirbúningur hafinn vegna netsölu sem mun auðvelda mjög markaðssetningu á netinu.



Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús

## Börn og menningaruppeldi

Sérstök áhersla er lögð á börn og menningaruppeldi í menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Þeirri áherslu er fylgt eftir með ýmsum aðgerðum í aðgerðaáætlun. Menningarstofnanir borgarinnar gera árlega fræðsluáætlun og það gera helstu samstarfsaðilar sem njóta hæstu menningarstyrkja líka. Stefnan um börn og menningaruppeldi endurspeglast á margvíslegan hátt hjá menningarstofnunum, í styrkveitingum ráðsins, í miðlægum verkefnum s.s. Reykjavík –Bókmenntaborg UNESCO og samstarfi Menningar- og ferðamálasviðs og Skóla- og frístundasviðs með sameiginlegum verkefnastjóra barnamenningar. Meðal mikilvægra verkefna verkefnastjórans er umsjón Barnamenningarhátíðar, Biophiliiu, Söguverkefnisins, Menningarfána Reykjavíkurborgar, Skrekks, svo og kynning, fræðsla og hvatning um menningarframboð og menningaruppeldi í skólaumhverfinu. Leitast er við að sinna vel menningunni í hverfunum.

## Reykjavík – Bókmenntaborg UNESCO

Reykjavík hefur nú verið ein af Bókmenntaborgum UNESCO frá haustinu 2011. Skýrsla um starfsemina var send til UNESCO í árslok 2017 og í endurgjöf frá UNESCO sumarið 2018 er starfsemi Bókmenntaborgarinnar sögð framúrskarandi og henni sérstaklega hælt fyrir víðtækt samstarf, fjölbreytt verkefni sem nái til ólíkra hópa í samfélaginu, grasrótastarf og virka þátttöku í alþjóðastarfi Samstarfsnets skapandi borga UNESCO. Reykjavík er sögð vera meðal virkustu og stefnuföstudustu borga í samstarfsnetinu.

Árið 2019 verður nokkuð breytingaár hjá Bókmenntaborginni í samræmi við nýja stefnumörkun sem ráðist var í 2018 í samráði við hagaðila í greininni. Lestrarhátíð, sem haldin hefur verið í október, verður lögð af, en í stað hennar verður áhersla lögð á að fagna viku bókarinnar í apríl með eftirtektarverðum hætti í samstarfi við aðra í bókmenntalífinu. Viðburðahald verður minnkað en áhersla lögð á samstarfsverkefni, grasrótastarf, stuðning við orðlistalíf í borginni, fjölmenningu og innra starf. Bókamessa í Bókmenntaborg í nóvember verður á sínum stað í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda. Þá er í kortunum samstarf við Umhverfis- og skipulagssvið um ljóðlínur í opinberu rými. Með öllum þessum áherslubreytingum leitast Bókmenntaborgin við að skerpa sérstöðu sína og vera sveigjanleg í verkefnavali með hliðsjón af breyttu umhverfi og þörfum.

Skrifstofa Bókmenntaborgarinnar hefur tekið við umsjón með bókmenntaverðlaunum menningar-, íþrótt- og tólmundaráðs, þ.e. Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar og Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur, en þau síðarnefndu verða veitt í fyrsta sinn vorið 2019. Að auki tekur Bókmenntaborgin þátt í utanumhaldi Barnabókaverðlauna Reykjavíkur.

Rekstur Gröndalshúss verður með sama móti og árið 2018. Sýning á aðalhæð hússins verður opin yfir sumarmánuðina en samkvæmt bókunum aðra mánuði auk þess sem stofur Gröndals verða nýttar undir viðburði, sýningar og smíðjur. Gestalíbúð hússins verður áfram leigð erlendum höfundum gegn vægu gjaldi en einnig í fyrsta sinn nýtt undir gestahöfund frá annarri Bókmenntaborg UNESCO í samstarfi við Bókmenntahátíð í Reykjavík í apríl 2019. Frí gestadvöl rithöfunda er eitt af skilgreindum forgangsmálum Bókmenntaborga UNESCO og bjóða margar borganna upp á slíkt innan samstarfsnetsins.

Bókmenntaborgin tekur áfram þátt í barnamenningarverkefninu Sögur og leggur þar sérstaklega áherslu á ritlist barna og lestrarhvatningu. Sleipnisverkefni Bókmenntaborgarinnar er áfram í stöðugri þróun en nýtt lestrahvetjandi efni í nafni Sleipnis fyrir grunnskólabörn verður innleitt í byrjun árs. Það inniheldur bók um Sleipni sem Ævar Þór Benediktsson skrifaði fyrir Bókmenntaborgina, myndband og stuðningsefni fyrir kennara og skólasafnverði.

Haustið 2018 tók annar verkefnastjóra Bókmenntaborgarinnar við formennsku í alþjóðlegum starfshópi Bókmenntaborga UNESCO sem snýr að samstarfi og mun gegna því starfi í tvö ár. Stærstu alþjóðlegu

verkefni á árinu verða ljóðaverkefnið Drop the Mic sem er þriggja ára verkefni í samstarfi við Tónlistarborgina Reykjavík og Bókmenntaborgirnar Kraká, Lillehammer, Heidelberg og Tartu, og þátttaka í alþjóðadegi ljóðsins í mars ásamt öðrum Bókmenntaborgum UNESCO.

## Reykjavík - Tónlistarborg

Tónlistarborgin Reykjavík er þróunarverkefni til þriggja ára, fóstorað af Menningar- og ferðamálasviði. Markmið verkefnisins er að efla Reykjavík enn frekar sem tónlistarborg með því að koma á fót öflugum stuðningskerfi og skapa hagstæð skilyrði fyrir gróskumikla tónlistarstarfsemi um alla borg.

Tónlistarborgin hefur mörg verkefni í bígerð fyrir árið 2019 af ýmsum toga. Til að mynda ætla Tónlistarborgin að sinna vel fræðsluhlutverki sínu, bæði til ungra tónlistarmanna úr Músíktíraunum, til tónleikastaða í borginni og til tónlistarfólks sem óskar eftir handleiðslu í tón- og lagasmíðum. Tónlistarborgin ætla enn fremur að vinna með Bókmenntaborginni og Borgarbókasafni að laga- og textasmíðjum fyrir ungt fólk. Tónlistarborgin styður á margvíslegan hátt við megin tónlistarhátíðir borgarinnar, t.a.m. með móttökum fyrir blaðamenn og tónlistariðnaðarfólk, tengslamyndunarfundi þar sem tónlistarfólk fær tækifæri til að hitta erlenda listræna stjórnendur hátíða, blaðamenn og annað tónlistariðnaðarfólk. Tónlistarborgin vill einnig hefja samtal við jaðarsetta eða „tabú“ hópa í samfélaginu og skapa umhverfi þar sem fólk fær að vinna, skapa og tala saman í gegnum tónlistarsköpun. Eitt af forgangsverkefnum Tónlistarborgarinnar er þó að stuðla að frekari rannsóknum á íslenska tónlistariðnaðinum í samstarfi við Rannsóknarsetur skapandi greina. Gerð verður rannsókn á hagkerfi íslenska næturlífsins og umfangi reksturs íslenskra tónleikastaða en að auki verður ráðist í umfangsmikla rannsókn á neysluhegðun ungs fólks þegar kemur að tónlist, hljóðritaðri eða lifandi flutningi, og viðhorfi til tónlistarmenntunar. Þá ætla Tónlistarborgin að beita sér fyrir auknu aðgengi ferðamanna og íbúa að tónlistarviðburðum í borginni með því að efla viðburðaskráningu í gegnum Hvirfil og skapa þannig grundvöll fyrir tónlistar-app eða þess vegna viðburða-app Reykjavíkurborgar í náninni framtíð. Einnig ætla Tónlistarborgin að bjóða upp á skemmtilegar tónlistargöngur um borgina þar sem fólki gefst tækifæri til að fræðast um tónlistarsögu Reykjavíkur en tónlistarsögu borgarinnar verður einnig miðlað með menningarmarkningum þar sem markmiðið er að setja upp nokkrar slíkar á næstu tveimur árum. Að lokum má nefna spennandi samstarfsverkefni Tónlistarborgarinnar, ÚTÓN og fleiri aðila er kallast Record in Iceland þar sem markmiðið er að vekja athygli á endurgreiðslumöguleikum vegna hljóðritunar á tónlist hér á landi og laða þannig að erlenda aðila til að hljóðrita sína tónlist.

Tónlistarborgin leggur áherslu á að efla erlent tengslanet verkefnisins með þátttöku í alþjóðlegum tónlistarborgarráðstefnum og verið er að skoða inngöngu verkefnisins í Music Cities tengslanetið. Þar er nú þegar að finna borgir eins og Berlín, Hamborg, Sydney, Árósa og Nantes. Einnig er verið að skoða aðkomu verkefnisins að Iceland Naturally viðburðinum Taste of Iceland / Reykjavík Calling sem haldinn er í Bandaríkjunum nokkrum sinnum á ári en Reykjavíkurborg styrkir Iceland Naturally verkefnið samkvæmt samningi þar um.

## Viðburðir

Viðburðateymi skrifstofu menningarmála hefur yfirumsjón með 6 árlegum borgarhátíðum. Tilgangur hátíðanna er að gæða borgina lífi, gestum hátíðanna að kostnaðarlausu. Þá er viðburðateymið í tengslum og ráðgefandi samstarfi við viðburðahaldara í borginni sem og aðrar stofnanir og svið innan Reykjavíkurborgar sem koma að viðburðum í borgarlandinu á einn eða annan hátt.

Vetrarhátíð verður haldin í átjándi skiptið 7. – 10. febrúar og fer fram í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fram til þessa hefur Vetrarhátíð samanstáð af Safnanótt og Sundlauganótt, auk ljóslistaverka. Nú verður farið í gagngera skoðun á Vetrarhátíð, sérkenni hennar fundin og skerpt á þeim.

Ljóslistahátíðir njóta mikilla vinsælda víða um heim og eru miklir möguleikar fólgnir í að þróa hátíðina í þá átt að gera ljóslistaverkum utanhúss hátt undir höfði í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, án þess þó að draga úr vægi Safnanætur sem nýtur sífellt frekari vinsælda og er vel til þess fallin að kynna söfnin jafnt fyrir nýjum notendum og fastagestum.

Barnamenningarhátíð er einn af vorboðunum í Reykjavík og fer fram 9. -14. apríl næstkomandi. Unnið er eftir leiðarljósum hátíðarinnar sem eru gæði, margbreytileiki, jafnræði og gott aðgengi að menningu eftir börn, með börnum og fyrir börn. Áhersla næsta árs er að koma á frekara samstarfi við menningarstofnanir til að freista þess að geta boðið upp á fleiri viðburði sem skapaðir eru fyrir börn. Jafnframt verður meira lagt í að styðja við viðburði sem fara fram utan miðborgarkjarnans.

17. júní – Þjóðhátíðardagskrá í Reykjavík. Að vanda er dagskrá 17. júní tvískipt. Fyrri hlutinn er morgunathöfnin á Austurvelli sem er skipulögð í samvinnu við Alþingi og forsætisráðuneytið og gefur lítil tækifæri til breytinga. Eftir hádegi fer fram hátíðardagskrá í Hljómskálagarðinum sem er miðuð að fjölskyldum. Leitast er við að endurvekja gömlu góðu 17. júní stemninguna og að skerpa á þeim þáttum sem gera hátíðarhöldin í kringum 17. júní frábrugðin öðrum hátíðum eða viðburðum. Til dæmis var nú aukin áhersla lögð á skrudgönguna sem sannarlega hefur verið eitt einkenni 17. júní hátíðarhalds og verður sú áhersla þróuð enn frekar á næstu árum.

Menningarnótt er haldin laugardaginn á eftir afmæli Reykjavíkurborgar, sem er 18. ágúst. Hátíðin er gríðarstór þar sem viðburðir af ýmsum toga eru í boði menningarstofnana, íbúa og rekstraraðila miðborgarinnar. Á síðasta ári var ráðist í þá nýbreytni að ráða listrænan „umbreyti“ sem fékk yfirráð yfir ákveðnu svæði og tilmæli um að breyta því í eitthvað „allt annað og menningarlegra“. Tilraunin tókst vel og því er áætlað að vinna áfram með þessa hugmynd á næstu Menningarnótt, umbreyta fleiri stöðum í miðborginni og jafnvel í hverfum utan miðbæjarkjarnans og fá fyrirtæki og íbúa þar til að bjóða gestum heim með því að bjóða upp á skemmtilega viðburði.

Tendrun Friðarsúlunnar fer ávallt fram þann 9. október á afmælisdegi John Lennon, en kveikt er á henni á hverju kvöldi fram til 8. desember, sem er dánardagur hans. Tendrunin 9. október er lágstemmd athöfn en listaverkið er tákn fyrir baráttu Ono og Lennons fyrir heimsfriði.

Tendrun jólaljósanna á Óslóartrénu markar upphaf aðventunnar í borginni og býður fólk velkomið á Austurvöll með hátíðlegum söng og skemmtilegum uppákomum. Af öðrum viðburðum má nefna Jólaskóginn í Tjarnarsal ráðhússins þar sem börn geta leikið sér á verkstæði jólasveinsins í skóginum og jólavættirnar verða svo á vappi víðs vegar um borgina. Meginmarkmiðið er að skapa áhrifaríka og skemmtilega jólaupplifun í borginni á einfaldan hátt í góðu samstarfi við fjölda samstarfsaðila víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu.

## Borgarbókasafnið - Menningarhús

Í maí 2018 var fyrir atbeina Dags B. Eggertssonar borgarstjóra sett á laggirnar flugráð til að útfæra hugmyndir að nýrri framtíðarsýn fyrir starfsemi og umhverfi Grófarhúss. Borgarbókasafnið vinnur samkvæmt hugmyndafræði notendamiðaðrar hönnunar eins og speglast í þjónustustefnu og aðgerðaáætlun fyrir 2017-2020. Flugráðið sótti innblástur í og byggði tillögur sínar á þjónustustefnunni, vinnu starfsmanna og niðurstöðum gestakannana Borgarbókasafnsins. Niðurstöðurnar bera vitni um metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir Borgarbókasafnið, stærstu menningarstofnun Reykjavíkurborgar. Óskir og þarfir notenda verða áfram hafðar að leiðarljósi með því að vinna með rýnihópum og leggja kannanir fyrir mismunandi markhópa. Lögð verður áhersla á þróun nýrra verkefna, er varða m.a. rafræna miðlun, tæknitengda fræðslu og þjónustu, afgreiðslutíma og aðstöðu gesta á söfnunum. Í þessu samhengi má nefna verkefnið „Opin bókasöfn“ sem gerir notendum kleift að koma í söfnin utan hefðbundins afgreiðslutíma og án þjónustu starfsfólks. Nýr vefur Borgarbókasafnsins felur einnig í sér byltingu í

miðlun á efni og rafrænni þjónustu þar sem gestir fá innblástur bæði frá starfsmönnum og gestum um það sem efst er á baugi hverju sinni og geta fengið tillögur að lesefni, fræðslu, viðburðum og þjónustu. Árið 2019 verður farið af stað með nýtt verkefni sem snýr að skjámiðlun sem felur í sér spennandi tækifæri til að ná til gesta á nýjan hátt.

Tilraunaverkstæði Borgarbókasafnsins vinnur í anda „Makerspace“ hugmyndafræðinnar þar sem skapandi hugsun, nýsköpun, tilraunamennska og tæknilæsi er í fyrirrúmi, jafnt í starfi með börnum og fullorðnum. Starfræktir verða krakkaklúbbar, m.a. vélmennaklúbbur í Gerðubergi og Spönginni. Í Grófinni verður jafnframt leikið með tækni og tónlist í samstarfi við Bókmenntaborgina og Tónlistarborgina og í Árbænum verður áherslan á handverk og saumaskap. Borgarbókasafnið tekur þátt í alþjóðlegum verkefnum um þróun ýmis konar fræðslu fyrir fullorðna. Markmiðið er að stuðla að auknu tæknilæsi og betri aðlögun þeirra sem tilheyra jaðarhópum samfélagsins. Á árinu 2019 verða óskir notenda á þessu sviði kannaðar og fléttaðar inn í dagskrá fræðslutengdra viðburða, þjónustu og örnámskeiða þar sem fróðleik af ýmsu tagi verður miðlað til gesta. Í Grófinni verður sett upp ný aðstaða á hinu svokallaða Reykjavíkurtorgi sem ætlað er að mæta þörfum þeirra sem vilja læra, vinna að eigin verkefnum eða skapa eitthvað í samvinnu við aðra. Torgið verður einnig vettvangur fyrir ýmsa viðburði á vegum safnsins og aðila sem vilja nýta aðstöðuna. Í Gerðubergi, sem hefur fengið góða andlitslyftingu á undanförunum árum, verður settur punktur yfir i-ið með nýrri aðstöðu fyrir ungmenni frá 12 ára aldri þar sem þau fá að njóta sín í umhverfi sem örvar sköpunar- og lestrargleði og nærir félagsþörf þeirra. Í Gerðubergi verður jafnframt gert átak í að auka safnfefni á erlendum tungumálum til að þjóna betur fjölbreyttu samfélagi Breiðhóltsins. Lögð verður áhersla á fjölmennustu tungumálahópana og leitað eftir ráðgjöf eftir föngum við val og kaup á nýju efni. Áfram verða börn og unglingar einn mikilvægasti markhópur Borgarbókasafnsins og hlustað verður grannt eftir þeirra óskum og skoðunum á framtíðarbókasafninu. Ný fræðsludagskrá fyrir skólabörn verður kynnt til sögunnar í byrjun ársins en henni er ætlað að mæta betur kröfum kennara og skólabarna þar sem skemmtun og fræðsla eru fléttaðar saman með áherslu á virka þátttöku barnanna. Borgarbókasafnið tekur þátt í fjölda samstarfsverkefna ár hvert, bæði með innlendum og erlendum aðilum. Rauði þráðurinn í þeim er einkum lestrarhvatning, nýsköpun í miðlun bókmennta, tæknilæsi, þróun fræðslu fyrir fullorðna, þátttaka í samfélaginu og vinna gegn félagslegri einangrun.

## Borgarsögusafn Reykjavíkur

Markmið Borgarsögusafns á árinu 2019 er að efla miðlunarstarfsemina með nýjum sýningum, fjölbreyttum viðburðum og auknu fræðsluframboði. Einnig að styrkja rekstrargrundvöll safnsins, bæta verkferla og vinna nýja stefnumótun og að lokum að treysta innviði er kemur að varðveislu safnkosts, skráningu og rannsóknum.

Á sviði miðlunar verður eitt stærsta verkefni safnsins á árinu vinna við nýja sýningu í Aðalstræti 10, sem tengist núverandi Landnámssýningu og fjallar um þróun borgarinnar frá landnámi til 20. aldar. Á Ljósmyndasafninu verða þrjár stórar sýningar opnaðar, sú fyrsta á verkum Páls Stefánssonar, önnur á verkum Kristjóns Haraldssonar auglýsinga- og iðnaðarljósmyndara og sú síðasta er samsýning norræna samtímaljósmyndara sem kemur frá hinu heimsþekkta Hasselblad-Center í Gautaborg og nefnist Nordic Photography. Samhliða þessum sýningum verða sýningar í Kubbi og í Skotinu. Á Árbæjarsafni verður unnið að sýningu í elsta safnhúsinu, Hansenhúsi (byggt 1825), en húsið hefur verið endurgert af mikilli natni og nákvæmni eftir ítarlegar rannsóknir á byggingarsögu þess undanfarin ár. Þá verður opnuð sýning í safnhúsinu Lækjargötu 4 í samvinnu við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) í tilefni af 100 ára afmæli félagsins. Einnig verður þess minnst að nú eru 70 ár frá því að fjöldi þýskra kvenna flutti búferlum til Íslands í leit að atvinnu í kjölfar erfiðleika í Þýskalandi eftir seinni heimsstyrjöld og opnuð sýning sem unnin verður í samvinnu við þýska sendiráðið á Íslandi. Í Viðey verður unnið áfram að gerð nýrrar sýningar og endurbættri aðstöðu í skólahúsinu, í austurhluta eyjarinnar. Fræðsluteymi Borgarsögusafns býður

upp á vandaða safnfræðslu á öllum safnstöðum fyrir nemendur á öllum skólastigum, fyrir hópa í frístundastarfi og ýmiskonar sérhópa á öllum aldri. Árbæjarsafn er sveitasæla í miðri borg; Landnámssýningin fjallar um upphaf búsetu í Reykjavík; Ljósmyndasafnið er með myndlæsi í fókus; Sjóminjasafnið er hafsjór af fróðleik og Viðey sameinar sögu, náttúru og list.

Í tengslum við rekstur Borgarsögusafns verður aukin og bætt þjónusta eitt meginstefið. Boðið verður upp á leiðsagnir fyrir ferðamenn á öllum sýningarstöðum safnsins allt árið. Rýnt verður í þjónustubætti á safninu og þeir samræmdir enn frekar, vinnuferlar og verklag, sem og skerpt á þjónustustefnu safnsins í kjölfar stefnumótunarvinnu ársins 2018. Farið verður í sérstaka markaðssókn til að auka aðsókn gesta og þá verður unnið að því að auka sýnileika safnsins á veraldarvefnum í samræmi við aukna snjalltækjanotkun.



*Borgarsögusafn - Sjóminjasafnið*

Ein aðaláherslan í starfi safnsins eru verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu og rannsóknum. Endurbætur á eldri varðveisluhúsum á safnsvæði Árbæjarsafns halda áfram og haldið verður áfram með gerð skýlis á Árbæjarsafni fyrir eina merkustu safngripi safnsins; gufuvaltarann Bríeti og eimreiðina Pionér! Áfram verður unnið að uppfærslu á skráningu og grisjun, safngripir myndaðir, hreinsaðir og raðað á sinn stað. Að sama skapi verður gerð áætlun um stækkun á varðveislurými fyrir safnkost Ljósmyndasafns Reykjavíkur í Grófarhúsi, en umfang safnkostsins hefur a.m.k. fjórfaldast frá því flutt var í húsið árið 2000, úr 1,5 milljónir ljósmynda í yfir 6 milljóna mynda í dag. Húsakannarir og fornleifaskráning verða unnar á árinu vegna vinnu við gerð deiliskipulags og annarrar skipulagsvinnu í byggðum hverfum. Einnig mun fornleifaskráning Austurheiðar eiga sér stað auk endurskoðunar á fornleifaskráningu vegna Sundabrautar. Þá verður unnið með ýmsar menningarminjar í borgarlandinu og menningarmarkir settar upp, einnig að viðhaldi og varðveislu grásleppuskúranna við Ægisíðu, svo dæmi sé tekið.

### Listasafn Reykjavíkur

Markmið Listasafns Reykjavíkur á starfsárinu 2019 er að halda áfram á þeirri braut að gera myndlist aðgengilega fyrir alla. Settar verða upp metnaðarfullar sýningar og þeim fylgt eftir með öflugri miðlun og

markaðsstarfi. Samband safnsins við ólíka hópa verður treyst og innleidd ný þjónustustefna. Unnið verður að því að bæta aðbúnað listaverka í geymslurými safnsins og að viðhaldi útilistaverka. Sjónum verður sérstaklega beint að list í almenningsrými.

Megin viðfangsefni ársins 2019 verður að auka vitund Reykvíkinga og gesta þeirra um þau fjölmörgu útilistaverk sem prýða borgina. Sérstaklega verður hugað að gildi listar í almenningsrými fyrir mannlíf og ásýnd umhverfisins. Árið verður helgað miðlun þekkingar um útilistaverkin en hafsjó af upplýsingum um þau er að finna í heimildasafni Listasafns Reykjavíkur. Aðgengi að upplýsingunum verður stórbætt í gegnum vefsíðu safnsins, með útgáfu stafrænnar leiðsagnar um verkin í borgarlandinu og kynntar verða sérstakar gönguleiðir varðaðar listaverkum og skipulögð fjölbreytt dagskrá um gildi listar. Safnið hefur, í samstarfi við önnur svið borgarinnar, umsjón með samkeppnum um ný útilistaverk og verður niðurstaða þeirra kynnt á árinu.

Listasafn Reykjavíkur hefur það hlutverk að gera borgarbúum og gestum þeirra kleift að fylgjast með því helsta sem er að gerast í myndlist. Lögð er áhersla á að safnið sé skapandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að að kynnst fjölbreytileika myndlistar í nútíð og fortíð og að öflug miðlun og góð þjónusta við gesti sé áhugavekjandi umgjörð sköpunarverka listamanna. Sýningadagskrá safnsins á starfsárinu 2019 endurspeglar þetta en mun jafnframt styðja við það markmið að kynna list í almenningsrými með öflugum hætti. Í Ásmundarsafni verður sett upp yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar með sérstaka áherslu á verk listamannsins sem finna má utandyra en samhliða henni verður í safninu röð einkasýninga listamanna sem eru kunnir fyrir listaverk í borgarlandinu. Listasafnið heldur áfram metnaðarfullu miðlunarstarfi með sérstakri áherslu á samstarf við grunnskólana. Nemendum er bæði boðið að koma í safnhúsin þrjú en einnig að fá til sín flökkusýningu sem fylgt er eftir með fræðsluefni um viðfangsefni sýninganna. Árið 2019 verður boðið upp á leiðsögn skólahópa um Perlufestina, röð útilistaverka eftir konur í Hljómskálagarði. Áfram verður leitað leiða til að höfða til ólíkra hópa í samfélaginu með fjölbreyttri miðlun, meðal annars fjölskyldufólks, fólks af erlendum uppruna, fólks með minnisglöp eða fötun, byrjenda á listavellinum sem og lengra kominna, auk þess sem reglulega verður boðið upp á leiðsagnir fyrir safngesti, jafnt innlenda sem erlenda. Á starfsárinu 2019 verður áfram lögð áhersla á að treysta innra starf safnsins þannig að mæta megi nútímakröfum um varðveislu listaverka. Liður í þessu er að bæta enn fagþekkingu og eftirlit jafnt með sýningarsölum og geymslum auk þess sem innleiddir verða skýrir verkferlar við ástandsskoðun og skráningu listaverka. Starfað verður að ráðgjöf og undirbúningi vegna stofnunar safns til minningar um Nínu Tryggvadóttur listmálara.

Á starfsárinu 2019 verður samdrætti í aðsókn erlendra gesta mætt með markaðssókn og markvissri markhópagreiningu. Unnið verður að því að treysta enn stöðu safnsins gagnvart nærsamfélaginu, til dæmis með því að leggja áherslu á árs- og menningarkort sem góðan valkost fyrir gesti. Liður í því að bæta aðgengi er að stórbæta allar merkingar við Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn og treysta sess safnhúsanna í hverfunum þar sem þau starfa. Stefnt er að því að auka sértekjur safnsins meðal annars með því að efla safnbúðirnar og bæta aðbúnað, auk þess sem vörur safnbúðanna verða gerðar sýnilegri á heimasíðu safnsins. Þá verða salir til útleigu í safnhúsunum kynntir betur.

## Höfuðborgarstofa

Umhverfi ferðapjónustu hefur tekið gífurlegum breytingum á undanförunum árum samhliða hröðum vexti. Vöxturinn, sem jafnframt hefur verið sá hraðasti í allri Evrópu, hefur verið mestur utan háannatíma sem styrkt hefur starfsgrundvöll ferðapjónustu allt árið um kring.

Reykjavík er eftirsóttasti áfangastaður landsins en um 95% ferðamanna dvelja í borginni í lengri eða skemmri tíma. Nú er svo komið að um tíundi hver „íbúi“ borgarinnar hverju sinni er erlendur ferðamaður sem nýtir sér innviði borgarinnar, svo sem gatnakerfið, bílastæði og afþreyingu og þjónustu á borð við

sund og menningarstarf. Áhrif ferðamennsku á borgarlífið eru um margt mjög jákvæð og hefur hún skilað okkur fjölbreyttara mannlífi og aukið framboð afþreyingar og veitingahúsa. Beinar tekjur menningarhúsa og sundlauga Reykjavíkurborgar af ferðamönnum hafa aukist mjög undanfarin ár og styrkt rekstrargrundvöll. Það hefur gert þeim kleift að styrkja starf sitt og þjónustu. Fjölgun eða fækkun ferðamanna hefur því áhrif á innviði og stoðir samfélagsins.

Til að leggja grunn að farsælli og sjálfbærri þróun ferðamennsku í Reykjavík til framtíðar og takast á við áskoranir er snúa að efnahagslegum, félagslegum, menningarlegum og náttúrulegum þolmörkum hefur Reykjavíkurborg hafið vinnu við nýja ferðamálastefnu. Ferðamálastefnan er langtíma áætlun borgarinnar í ferðamálum og mun fela í sér aðgerðar- og innleiðingaráætlun.

Samhliða innleiðingu á nýrri ferðamálastefnu mun fara fram heildarendurskoðun á starfsemi Höfuðborgarstofu með það fyrir augum að endurskilgreina hlutverk hennar svo hún geti betur mætt þörfum og kröfum samfélagsins, stjórnkerfisins og ferðaþjónustu.

Meðal núverandi kjarnaverkefna sem verða endurskoðuð er markaðssetning á áfangastaðnum Reykjavík. Fyrir liggur að móta þarf nýja markaðsstefnu í samræmi við niðurstöður nýrrar ferðamálastefnu og hvernig best sé að innleiða hana. Ýmsir stórir samningar er snúa að markaðssamstarfi, svo sem við sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu og um verkefnið Iceland Naturally, verða endurskoðaðir í þessu ljósi og ný tækifæri kortlögð.

Einnig má nefna að hlutverk Reykjavíkurborgar í upplýsingagjöf til ferðamanna verður endurmetið, meðal annars með hliðsjón af tæknibreytingum og þörfum. Litið verður til vefmiðilsins [visitreykjavik.is](http://visitreykjavik.is) í þeim efnum og sömuleiðis nýrra og einfaldari leiða í upplýsingamiðlun og markaðssetningu.

Að lokum má nefna að farið verður í endurskoðun á þeim könnunum og rannsóknum, tölum og gögnum sem Höfuðborgarstofa hefur látið gera og safnað saman og verður það gert í samræmi við nýja ferðamálastefnu.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Á Menningar- og ferðamálasviði er starfræktur starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Markmið hans er að samþætta í raun mannréttindastefnu og fjármálastefnu borgarinnar með því að greina áhrif dreifingu gæða á kynin og jaðarsetta hópa samfélagsins. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa borgarbúa.

Árið 2019 er áhersla lögð á að byggja ofan á verkefni síðustu ára og skapa þannig enn betri grundvöll til þess að rýna og vinna með kyngreindar upplýsingar.

Haldið verður áfram að kortleggja áhuga og ánægju í skipulögðum viðburðum á vegum menningarstofnana MOF. Í úttekt sem gerð var árið 2014 kom í ljós að viðburðir og kynningar á vegum MOF höfðu betur til stúlkna en drengja, hvort sem litið er til þátttöku eða ánægju. Við þessum niðurstöðum hefur verið brugðist með markvissum aðgerðum sem m.a. fela í sér starfshóp þvert á stofnanir, aðgerðir til þess að samræma skráningar, úthlutun fjármagns úr barnamenningarpotti með það að markmiði að leiðrétta kynjahallann og að gæta kynjajafnræðis við skipan starfshópa fræðslufulltrúa og rýnihóps kennara og ungmenna.

Áfram verður unnið með uppfærðar verklagsreglur um styrki á vegum menningar, íþróttar- og tómstundaráðs frá 2018 en umsóknir eru nú m.a. metnar á því hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun. Jafnframt leitast ráðið við að kynjahlutföll séu jöfn í þeim ólíku starfshópum sem það skipar.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ

	Rauntölur 2015	Rauntölur 2016	Rauntölur 2017	Útksp. 2018	Markmið 2019
Bókmenntaborg UNESCO					
Alþjóðleg samstarfsverkefni	6	13	10	6	6
Samstarf með orðlistafólki (nýtt fyrir árið 2019)					85
Borgarbókasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi - heildartala	684.661	635.765	611.481	566.400	571.000
- Aðalsafn	195.397	194.430	174.007	156.500	158.000
- Kringlusafn	106.878	87.768	100.345	98.500	99.500
- Sólheimasafn	66.985	60.190	58.202	56.500	57.000
- Gerðubergssafn	162.008	154.187	142.420	126.000	126.000
- Foldasafn	79.672	76.826	79.444	78.000	78.500
- Ársafn	54.695	44.879	41.860	39.500	40.000
- Bókabíll	12.542	12.521	10.253	9.000	9.500
- Æringi	2.790	2.138	2.358	2.400	2.500
- Norðlingaholtsskóli *	3.694	2.826	2.592	0	0
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	11.150	13.941	15.014	12.800	13.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	120	143	153	120	130
Fjöldi heimsókna á vefi BBS	206.740	221.813	170.647	122.000	140.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	5	2	2	3	2
Samstarfsaðilar	65	66	61	60	60
Safnkostur	465.303	434.847	415.171	407.000	405.000
Safnkostur á íbúa	3,82	3,53	3,3	3,2	3,2
Velta safnkosts-útlán á eintak	1,79	1,7	1,66	1,72	1,75
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	9.122	9.122	9.122	9.122	9.122
Útlán	832.782	737.419	688.549	700.800	710.000
- Aðalsafn	215.589	185.063	159.144	163.000	165.000
- Kringlusafn	162.153	129.673	142.059	147.000	149.000
- Sólheimasafn	95.421	87.713	83.179	84.500	85.500
- Gerðubergssafn	117.362	108.413	91.556	97.500	98.500
- Foldasafn	140.871	133.683	128.345	130.000	132.000
- Ársafn	85.556	78.605	72.427	69.000	70.000
- Bókabíll	12.441	11.177	9.437	9.800	10.000
- Norðlingaholtsskóli *	3.389	3.092	2.402	0	0
Bókin heim (fjöldi notenda)	39	45	35	35	35
Útlán á íbúa	6,84	5,98	5,48	5,53	5,58

\* Útibú í Norðlingaholtsskóla lagt niður 2018

Borgarsögusafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi - heildartala	216.676	245.908	219.729	241.300	240.000
- Árbæjarsafn	40.300	47.543	49.748	53.300	55.000
- Landnámssýning	61.841	76.376	78.775	78.000	79.000
- Ljósmyndasafn	44.613	51.140	24.392	23.000	23.000
- Viðey	25.638	27.562	25.416	28.000	28.000
- Sjóminjasafn	44.284	43.287	41.398	59.000	55.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	21.635	18.548	17.295	18.500	19.700
Fjöldi viðburða	93	86	74	77	78
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	17	15	11	9	8
Fjöldi innlita á heimasíðu	179.472	137.913	167.356	150.000	150.000
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	51	50	50	51	51
Fjöldi útgáfuverka	3	5	10	8	7
Fjöldi afgreiddra mynda	1.168	1.755	1.763	1.900	1.900
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	3.022	3.192	3.372	3.460	3.560
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	27.353	28.720	30.036	30.100	31.000
Fjöldi skráðra ljósmynda	1.350.000	1.450.000	1.550.000	1.610.000	1.660.000
Fjöldi skráðra húsa í húsaskrá	6.821	7.300	7.435	7.580	7.620
Listasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi	231.347	240.913	258.140	235.000	240.000
- Hafnarhús	144.003	147.175	155.643	144.500	142.000
- Kjarvalsstaðir	65.772	71.728	79.871	68.000	75.000
- Ásmundarsafn	21.572	22.010	22.626	22.500	23.000
Fjöldi seldra árskorta (endurnýjun)		238	365	210	230
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.470	13.620	11.370	10.300	10.000
Fjöldi viðburða	139	126	234	210	200
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	3	5	5	4	2
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	125.923	138.848	143.344	137.000	142.000
Útlán listaverka	543	506	496	510	540
Fjöldi útgáfuverka	14	12	18	14	16
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	16.939	17.046	17.107	17.120	17.160
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	181	183	182	182	182
Höfuðborgarstofa					
Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð *	370.930	474.634	557.979	520.000	
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	12.506	18.147	20.898	19.000	19.500
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	1.299.796	1.767.726	2.195.271	2.270.000	2.450.000
Fjöldi heimsókna á vefsvæði <a href="http://www.visitreykjavik.is">www.visitreykjavik.is</a>	873.655	1.403.842	1.695.806	1.250.000	1.320.000
Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	35	39	60	15	20

\* Upplýsingamiðstöð ferðamanna lögð niður haustið 2018

## SKORKORT 2019


Vidd / velgengnisbáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2017	Áætlun 2018	Markmið 2019
<b>Þjónusta</b>				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	227	201	220
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum	43.679	45.000	41.950
Menningarlegt forystuhlutverk	Fjöldi fjölmeningartengdra verkefna og viðburða	75	55	63
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum	71	59	64
	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	92%	93%	92%
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins ***	1.647.329	1.624.800	1.051.000
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	89%	89%	91%
	Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	60	28	20
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	20	9	12
<b>Fjármál</b>				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	1,0%	+/- 1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest ***	1.193	1.236	1.918
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	34	16	14
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma ***	-24%	-25%	-21%
<b>Verklag</b>				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	47	27	26
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	16	14	16
Öflug miðlun	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	2.221.816	2.101.000	2.081.058
	Fjöldi fylgjanda á samfélagsmiðlum	188.464	194.900	231.412
Hlúð að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	26	13	16
	Fjöldi menningarmerkinga í borgarlandinu *		4	3

Mannauður				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	86%	90%	92%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna		86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtt í starfi	80%	85%	94%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað	87%	90%	90%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað	79%	82%	82%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	80%	85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem <b>ekki</b> hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum	98%	100%	100%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns	88%	90%	92%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnustað sínum vel stjórnað	84%	86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán.	88%	90%	92%
	Á sl. 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til þess að sækja námskeið eða fræðslu **			96%


\* Nýr mælikvarði 2018

\*\* Nýr mælikvarði 2019

\*\*\* Upplýsingamiðstöð ferðamanna lögð niður 2018.








Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson

# SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

## LEIÐARLJÓS

Barnið sem virkur þáttakandi – fagmennska og samstarf í öndvegi

## SKIPURIT



## HLUTVERK

Skóla- og frístundasvið hefur það hlutverk að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið. Einnig hefur sviðið það hlutverk að vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019


	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur	4.458.306	4.047.880	4.296.051
<b>Tekjur samtals</b>	<b>4.458.306</b>	<b>4.047.880</b>	<b>4.296.051</b>
Laun og launatengd gjöld	31.684.362	34.589.496	35.867.235
Annar kostnaður	19.047.484	18.587.396	19.196.557
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>50.731.846</b>	<b>53.176.892</b>	<b>55.063.792</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>46.273.540</b>	<b>49.129.012</b>	<b>50.767.741</b>

## STARFSFÓLK

	Raun 2017	Útkomuspá/ Áætlun 2018	Áætlun 2019
Fjöldi starfsmanna	5.344	5.317	5.397
Fjöldi stöðugilda	4.144	4.132	4.194
<b>Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:</b>			
Leikskólar	1.469	1.438	1.460
Grunnskólar	2.144	2.145	2.177
Frístundamiðstöðvar	426	413	419
Námsflokkar Reykjavíkur	4	4	4
Skólahljómsveitir	31	31	32
Miðja máls og læsis	6	9	9
Yfirstjórn SFS og miðlæg þjónusta	66	67	67

\* Skólasafnamiðstöð og mixtúra margmiðlunarver eru undir yfirstjórn SFS og miðlæg þjónusta

## SKIPTING REKSTRAR 2019



## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Frá árinu 2017 hefur verið unnið að gerð nýrrar Menntastefnu Reykjavíkurborgar og verða drög hennar lögð fram til samþykktar í nóvember 2018. Meginmarkmið stefnunnar hvíla á eftirfarandi fimm grundvallarþáttum:

**Félagsfærni:** Öll börn taki þátt í að móta samfélag sem einkennist af lýðræði, mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins um leið og þau öðlist sterka borgara- og umhverfisvitund.

**Sjálfsþing:** Öll börn öðlist sterka sjálfsmýnd, sjálfstæði og sjálfsaga.

**Læsi:** Öll börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru.

**Sköpun:** Öll börn sýni frumkvæði og tileinki sér skapandi og gagnrýna hugsun.

**Heilbrigði:** Öll börn tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og búi yfir hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Til þess að vinna að þessum fimm grundvallarþáttum eru settar fram áætlanir, meðal annars, um eftirfarandi aðgerðir.

1. Tryggja börnum jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika.
2. Auka vægi náttúrugreina, útináms og sköpunar innan samfellds skóladags barna og ungmenna.
3. Fjölga fagmenntuðu starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundaþjónustu og efla faglegt samstarf þeirra, m.a. með aukinni teymiskennslu.
4. Veita starfsfólki skóla- og frístundasviðs rík tækifæri til starfsþróunar og tryggja þeim markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi.
5. Einfalda allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir með áherslu á að veita börnum þjónustu í nærumhverfi þeirra. Samþætta í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðnings. Lögð verði áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngríp sem skila börnum framförum en dregið úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.
6. Tryggja að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs sé fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf, og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.
7. Innleiða heildstæða nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi. Áhersla verði á að bæta búnað, veita ráðgjöf og efla símenntun á sviði upplýsingatækni.
8. Setja á fót Nýsköpunarmiðstöð menntamála sem tryggi starfsstöðvum öflugan stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar.
9. Auka samstarf við foreldrasamtök og tryggja aðkomu foreldra að meiriháttar stefnumótandi ákvörðunum um skóla- og frístundastarf í borginni.
10. Stofna þróunarsjóð til að styðja við fjölbreytt þróunarverkefni sem ýti undir samvinnu þar sem starfsstöðvar geti nýtt mannauð sinn í að útfæra og innleiða einstaka áhersluþætti menntastefnunnar.

### Aðgerðir og þróunarverkefni 2018 til 2021

Lykiltæki til breytinga og innleiðingar á menntastefnunni er að starfsfólki á vettvangi í skóla- og frístundastarfi sé treyst til að útfæra stefnuna miðað við aðstæður á sínum stað. Mikilvægt er að stuðla að auknu samstarfi ólíkra faghópa, í náinni samvinnu sín á milli og hvatt er til samstarfs við innleiðingu stefnunnar meðal annars við háskólastofnanir, listamenn, félagasamtök, atvinnulíf og nærsamfélag. Mikilvægt er að tryggja þátttöku barna og nemenda á öllum stigum í þessu samstarfi.

Á næstu árum mun Reykjavíkurborg veita nauðsynlegan stuðning til að fylgja menntastefnunni og ná markmiðum hennar. Þannig byggir innleiðing stefnunnar á gagnkvæmu trausti og skilningi.



## GJALDSKRÁR - VERÐLAGSBREYTINGAR

- Gert er ráð fyrir að allar gjaldskrár SFS fylgi almennt spá um verðbólgu og hækki um 2,9%.
- Hækkun innri leigu vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana verður 2,9%.
- Gert er ráð fyrir að gjaldskrá UTD hækki í samræmi við áætlaðan útgjaldaramma deildarinnar.
- Gert er ráð fyrir að launahækkarnir vegna kjarasamninga verði bætta miðað við gildandi kjarasamninga, hafa ber í huga að margir samningar renna út á fyrri hluta árs 2019, ekki eru áætluð áhrif nýrra kjarasamninga í áætlun.
- Gert er ráð fyrir að samningar við þriðja aðila sem hafa skuldbindandi vísitöluákvæði verði verðbættir um 2,9%. Samningar um ræstingu og sjálfstætt starfandi grunnskóla taka mið að breytingum vísitölu neysluverðs og launavísitölu.
- Aðrir kostnaðarliðir en þeir sem falla undir að vera samningsbundnir eru ekki verðbættir í fjárhagsramma SFS og felur það í sér niðurskurð sem því nemur.

### Frístundastarf

Fimm frístundamiðstöðvar heyra undir sviðið og stýra þær starfsemi 34 frístundaheimila, 20 félagsmiðstöðva og þriggja sértækra félagsmiðstöðva. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Óbreyttum systkinaafslætti af gjaldi á frístundaheimilum og í sumarfrístund.
- Úthlutunarlíkani sértækra félagsmiðstöðva á þann hátt að fjármagni er úthlutað samkvæmt mati á hvern kostnaðarstað þrisvar á ári vor, sumar og haust.
- Að það verði almenn fækkun á fjölda barna í frístundastarfi um 71, sem hefur í för með sér lækkuð fjárheimilda um 11,7 m.kr.
- Fjölgun fagmenntaðra í fullu starfi á frístundamiðstöðvum, kostnaður er áætlaður 66,2 m.kr.
- Að Klettaskóli fái auknar fjárheimildir vegna fjölgunar í frístundastarfi, 24 m.kr.

Í maí 2018 var samþykkt innleiðing á frístundastefnu og bætt starfsumhverfi frístundaþjónustu SFS til 2025. Í kjölfar þess var samþykktur viðauki vegna ársins 2018 að fjárhæð 90,4 m.kr, og lagt til að fjármögnun vegna 2019 verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar. Nánari upplýsingar um innleiðingu frístundastefnu eru í fundargerð Borgarráðs frá fundi nr. 5501, 17. maí 2018. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2019 eru samþykktar tillögur að fjárhæð 190,5 m.kr. , en 168,3 m.kr. voru ekki samþykktar. Þeir liðir sem voru samþykktir voru:

- Aukið 10-12 ára starf, 72 m.kr
- Aukinn stuðningur í félagsmiðstöðvustarf, 84 m.kr.
- Aukinn undirbúningstími starfsfólks, 28,5 m.kr.
- Námskeið, nýliðamóttaka og kynningarátak, 6 m.kr.



## Leikskólar og dagforeldrar

Borgarrekni leikskólar eru 62 þar af þrjú sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru 19 þar af tveir sem aðeins eru með 5 ára deildir. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að börnum í leikskólum borgarinnar fjölgi frá fyrra ári auk þess sem gert er ráð fyrir breytttri aldurssamsetningu vegna fleiri yngri barna. Hækkun fjárheimilda verður 122,9 m.kr.
- Miðað er við hækkun á núverandi gjaldskrá um 2,9%.
- Hækkun á húsnæðisframlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla til samræmis við vísitöluhækkun borgarrekinnna leikskóla. Önnur hækkun til sjálfstætt starfandi leikskóla tekur mið af þeim breytingum sem verða á framlagi til borgarrekinnna leikskóla.
- Áætlað er að það verði um 600 börn að meðaltali hjá dagforeldrum á árinu 2019 sem er fækkun frá árinu 2018 en þá var áætlun um 620 börn.
- Í fundi Borgarráðs nr. 5502 þann maí 2018 var samþykktur viðauki í kjölfar samþykktu Borgarráðs á fundi nr. 5496 vegna aðgerða í leikskólamállum frá 22. mars 2018. Vegna ársins 2018 voru auknar fjárheimildir að fjárhæð 286,5 m.kr. Hækkun fjárheimilda verður 567,8 m.kr. á árinu 2019 þær helstu eru:
  - Aukin stöðugildi vegna 4 og 5 ára barna, 200,1 m.kr.
  - Aukinn undirbúningstími starfsfólks, 137,3 m.kr.
  - Sumarstörf í leikskólum, 59 m.kr.
  - Heimild til niðurfellingar gjalda milli jóla og nýárs, 6,8 m.kr.
  - Heildarúttekt á launakostnaði, 15,7 m.kr.
  - Mentor og handleiðsla, 4,6 m.kr.
  - Kynningar og ráðningarátak, 27 m.kr.
  - Heilsuefling og liðsheildarvinna, 25 m.kr.
  - Áhrif á sjálfstætt starfandi leikskóla verður með auknu framlagi 86,3 m.kr vegna ofangreindra aðgerða til samræmis við aukið framlag til borgarrekinnna leikskóla

## Grunnskólar

Reykjavíkurborg starfrækir 36 grunnskóla, þar af 2 sérskóla og 5 grunnskóla sem eru sameinaðir leikskólum, frístundaheimilum eða tónlistarskóla. Að auki eru 7 sjálfstætt starfandi grunnskólar í borginni. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að nemendum í borgarreknum grunnskólum fjölgi um 131 barn á árinu 2019. Fjárheimild sviðsins hækkar um 79,4 m.kr. vegna þessa.
- Að fjárframlag til Klettaskóla hækki þar sem nemendum hefur fjölgað um 8 á árinu 2018 án þess að auknar fjárheimildir hafi komið, aukning fjárheimilda verður 40 m.kr.
- Að gjaldskrár vegna fæðis hækki um 2,9% eins og aðrar gjaldskrár.
- Óbreyttum afsláttarkjörum sem felast í því að fjölskyldur greiða aldrei meira en sem nemur fyrir tvö systkini í skólamat.
- Að sjálfstætt starfandi grunnskólar fái greitt samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands, í áætlun er miðað við hækkun út frá hækkun vísitölu neysliverðs og launavísitölu. Endanlegar fjárhæðir miðast við útgæfnar fjárhæðir frá Hagstofu Íslands.
- Að haustið 2018 verði unnið að breytingu á úthlutun fjármagns til grunnskóla og í ríkara mæli tekið tillit til félagslegra þátta í hverju og einu skólhverfi og fjármagn til stuðnings taki í mun minna mæli mið af greiningum en nú er.

## Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla, Tónlistarskóla Kjalarness. Borgin gerir samninga við 18 tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng. Alls 13 tónlistarskólar fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg, vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og/eða miðnáms og framhaldsnáms í söng.

## Annað

- Í rammaúthlutun var gerður fyrirvari um fjölda barna/nemenda. Í október 2018 koma nýjar tölur varðandi nemendafjölda skólaárið 2018-2019 ef breytingar eru frá spá sem gerð var í vor, verður fjárhagsáætlun endurskoðuð.
- Í tengslum við innleiðingu menntastefnu var aukið fjármagn í þróunarsjóð um 160 m.kr., þróunarsjóður verður samtals 200 m.kr.
- Við gerð fjárhagsáætlunar gerði SFS tillögu um að auka fjármagn til stuðnings og sérkennslu í leikskólum og grunnskólum, ekki er búið að afgreiða hana þar sem nánari skoðun hefur verið sett af stað í tengslum við stöðu þessa málaflokks á árinu 2018. Á sambærilegan hátt var lagt til að aukið væri í fjárhagsramma vegna langtímaveikinda, var það einnig sett í nánari skoðun. Á áætlun 2019 sem er lögð fram 27.9.2019 er miðað við sömu fjárhæðir og 2018.
- Nýsköpunarmiðja menntamála sem verður ný starfseining og kemur til út frá skipulagsbreytingum á aðalskrifstofu SFS auk þess sem kennsluráðgjafar í upplýsingatækni falla undir eininguna. Launaáætlun Nýsköpunarmiðju er inni í áætlun skrifstofu sviðsstjóra þar sem ekki var hægt að stofna þá einingu í launaáætlunarkerfi eftir að vinna við launaáætlun hófst. Áætlun verður færð til á viðeigandi númer þegar færi gefst. Á haustmánuðum 2018 er verið að móta eininguna og skipuleggja starfið fyrir skólaárið 2018-2019.
- Tungumálaver sem hefur verið í Laugalækjarskóla er fært til Miðju máls og læsis en sú starfsemi er staðsett í Hvassaleitisskóla.

- Farteymin, sem verða tvö, vinna inni í skólum að málum barna með fjölþættan vanda. Hvoru teymi stýrir sérstakur deildarstjóri en ráðning þeirra og mótun og skipulag starfseminnar stendur yfir. Samhliða stofnun farteyma verður fardeild lögð niður en hún hefur verið í Foldaskóla.
- Unnið er að tilfærslu á fjárheimildum vegna hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga frá SFS til VEL. Þetta hafa verið starfsmenn VEL en SFS hefur greitt kostnað vegna þessara starfsmanna. Í þessari áætlun (í lok sept. 2018) er ekki búið að færa fjárheimildir milli SFS og VEL.
- Innri leiga vegna upplýsingatækni hefur ekki tekið breytingum frá fyrra ári en er í vinnslu hjá UTD og gert er ráð fyrir uppfærslu vegna verð- og magnbreytinga áður en fjárhagsáætlun verður samþykkt í desember.
- Nýir samningar voru gerðir við Myndlistarskóla Reykjavíkur og voru þeir samþykktir í Borgarráði þann 17. maí 2018, auka þarf fjárheimildir SFS vegna hækkunar samnings um 30 m.kr. Sú viðbót er ekki komin inn í áætlun eða fjárhagsramma.
- Launakostnaður vegna Skóla- og frístundaráðs fyrir árið 2019 er sama fjárhæð áætluð var 2018 þar sem unnið er að fjárheimildum samkvæmt nýrri útfærslu.
- Tilaga liggur fyrir um að endurskoða úthlutun vegna íslensku sem annað mál í grunnskólum Reykjavíkur, í fjárhagsramma er nú 191 mkr, miðað við endurskoðun færi fjármagn í 251 mkr. Hækkun væri um 60 mkr.
- Breyting á úthlutun til grunnskóla sem byggja á hópaúthlutunum í árgöngum og skiptistundum sem tók gildi að hluta til á árinu 2018 með auknu fjármagni í fjárhagsramma 2018 að fjárhæð 116,3 mkr. Samkvæmt útreikningum við kostnað á þessari breytingu var gert ráð fyrir að hækkun á árinu 2019 upp í kr. 182,5 mkr., þ.e. hækkun á fjárhagsramma 2019 um 66 mkr. vantar í fjárhagsramma.



## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna allra nýrra liða þar sem sóst var eftir fjármagni var gerð skimun samkvæmt gátlista um jafnréttisskimun, sbr. skjal nr. FMS-LBE-156. Skilað var inn 12 útfylltum skjölum vegna skimunar. Vinnsla KFS í tengslum við fjárhagsáætlun var unnin í samræmi við verklagsreglur og leiðavísi um jafnréttismat. Með því að koma KFS skimun inn í verkferli í áætlun er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt og skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglinga. Í því augnmiði er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustubáttum sviðsins.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Útksp. 2018	Áætlun 2019
<b>Starfsstaðir</b>					
<b>Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)</b>	81	81	80	81	81
Leikskólar Reykjavíkur (þar af 3 sameinaðir leik- og grunnskólar)	62	62	60	62	62
Sjálfstætt starfandi leikskólar (þar af 2 fimm ára deildir)	17	17	19	19	19
<b>Fjöldi grunnskóla í Reykjavík</b>	42	43	43	43	43
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012)	36	36	36	36	36
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	6	7	7	7	7
<b>Fjöldi skólahljómsveita</b>	4	4	4	4	4
<b>Tónlistarskólar</b>	19	19	19	19	19
Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar	1	1	1	1	1
Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng	18	18	18	18	18
Tónlistaskólar sem fá gr. frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurb. vegna framhaldsn. í hljóðfæraleik og mið-/framhaldsnáms í söng	13	13	14	12	13
<b>Frístundamiðstöðvar</b>	6	6	5	5	5
Frístundaheimili	34	34	34	34	34
Frístundaheimili sameinuð grunnskólum**	5	5	5	5	5
Sértækar félagsmiðstöðvar (áður frístundaklúbbar)	6	3	3	3	3
Félagsmiðstöðvar	20	20	20	20	20
<b>Barnið, nemandinn, unglingurinn</b>					
<b>Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík</b>	7.142	7.105	6.852	6.964	6.426
Leikskólar Reykjavíkur	5.903	5.874	5.580	5.522	5.081
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.055	1.055	1.060	1.105	1.159
Sameinaðir leik- og grunnskólar	134	146	183	200	186
Viðbótarpláss	50	30	29	137	0
<b>Fjöldi reykvískra barna í leikskólum utan Rvk.</b>	47	45	32	49	32
Sjálfstætt starfandi leikskólum	29	29	26	40	26
Sveitarfélagsreknur leikskólum	18	16	16	9	6
Fjöldi barna með lögheimili utan R. sem dvelja í leikskóla í Reykjavík	41	46	37	52	52
<b>Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík</b>	74.287	74.233	71.566	74.107	67.484
Leikskólar Reykjavíkur	58.407	59.343	56.561	57.020	51.600
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	12.940	12.940	12.731	12.808	14.060
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.290	1.440	1.781	1.950	1.824
Viðbótarpláss	1.650	510	493	2.329	0
<b>Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavík</b>					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	271	271	230	400	362
<b>Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík</b>	58.978	58.576	57.034	57.964	52.603
Leikskólar Reykjavíkur	48.439	48.504	46.245	45.858	42.122
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	8.621	8.621	9.040	9.280	8.944
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.093	1.196	1.502	1.661	1.537
Viðbótarpláss	825	255	247	1.165	0
<b>Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur</b>					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	227	227	184	308	247

	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Útksp. 2018	Áætlun 2019
Barnið, nemandinn, unglingurinn frh.					
<b>Dagforeldrar</b>					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	916	916	742	621	600
<b>Grunnskólar / sérskólar</b>					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn	13.494	13.795	14.027	14.105	14.178
Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn	149	176	176	176	176
Fjöldi nemenda í grunnskólum á haustönn	13.564	13.795	14.027	14.105	14.178
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn	168	176	176	176	184
Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum	531	531	531	673	653
<b>Tónlistarskólar / skólahljómsveitir</b>					
Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum	441	441	441	521	521
Fjöldi nemendastunda í tónlistaskólum	78.479	78.479	78.479	92.715	92.715
<b>Fristundamiðstöðvar</b>					
Fjöldi barna á frístundaheimilum	3.868	4.203	4.353	4.322	4.322
Á vorönn	3.868	4.203	4.353	4.322	4.322
Á haustönn	3.868	4.203	4.353	4.322	4.322
Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun	3.487	3.710	3.843	3.781	3.781
Á vorönn	3.487	3.710	3.843	3.781	3.781
Á haustönn	3.487	3.710	3.843	3.781	3.781
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð	148	165	200	200	200
Á vorönn	148	165	200	200	200
Á haustönn	148	165	200	200	200
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun	126	148	178	178	178

	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Útksp. 2018	Áætlun 2019
<b>Mannauður</b>					
<b>Stöðugildi alls í leikskólum</b>	1.522	1.462	1.469	1.438	1.460
Stjórnendur	128	120	117	113	125
Leiskólakennarar	348	332	275	256	382
Leiskólalíðar	86	80	71	63	65
Starfsfólk með uppeldismentun	*	191	228	232	206
Starfsfólk með aðra háskólum.	*	109	116	101	60
Aðrar starfstéttir	*	534	573	590	540
Starfsfólk mötuneytis	*	96	89	83	82
<i>Hlutfall fagmenntaðra</i>	*	33,50%	28,40%	27,10%	28%
<i>Hlutfall uppeldismentaðra</i>	*	44,20%	45,00%	42,80%	43%
<i>Hlutfall fagmenntaðra í starfi með börnum inni á deild (skv. skilgr. við sjálfstætt starfandi leikskóla)</i>	63,40%	63,50%	63,50%	63,50%	63,50%
<i>Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda</i>	8,40%	8,20%	8,00%	7,90%	10,05%
<b>Stöðugildi alls í grunnskólum</b>	1.928	2.039	2.144	2.145	2.177
Skólastjórnendur	75	81	85	84	84
Deildarstjórar	*	43	51	52	52
Kennarar	1.156	1.210	1.206	1.268	1.287
Stuðningsfulltrúar	152	166	184	147	149
Annað fagfólk	*	156	233	214	217
Annað starfsfólk	*	381	384	377	383
<i>Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda</i>	3,90%	4,00%	4,00%	3,90%	4%
<i>Hlutfall kennara í kennslu með börnum sem eru með levfisbréf</i>	*	*	96%	92%	92%
<b>Stöðugildi alls í frístundamiðst.</b>	417	435	426	413	419
Stöðugildi í frístundamiðstöðvum	22	21	27	27	27
Stöðugildi í félagsmiðstöðvum	64	68	72	78	78
Stöðugildi í frístundaheimilum og sertækum félagsmiðstöðvum <sup>1</sup>	331,6	346,6	326,8	307,5	314
<i>Hlutfall stjórnenda í heildarstg.fj.</i>			5,40%	5,60%	5,60%
<i>Hlutfall uppeldismentaðra</i>	*	*	35%	38,50%	38,50%
<b>Önnur starfsemi</b>					
Námsflokkar Reykjavíkur	8	7	4	4	5
Skólahljómsveitir	28	28	31	31	32
Miðja máls og læsis <sup>2</sup>	0	4	6	9	9
Skrifstofa SFS	69	68	66	67	67

Útkomuspá 2018 miðast við stöðugildi í september.

Breytt var um aðferð við að flokka og telja saman stöðugildin í ár. Ljósgráu reitirnir eru fengnir óbreyttir upp úr lykiltölum úr rekstri frá fyrri árum. Í dökk gráu reitunum er búið að umreikna tölurnar nokkurn veginn á það form sem birt er fyrir 2017 og 2018, einhver frávik geta þó hafa átt sér stað.

<sup>1</sup> Stöðugildi í stuðningi barna með sérþarfi árin 2015 og 2016 voru sett hér inn

<sup>2</sup> Tungumálaver er undir Miðju máls og læsis árið 2018

## SKORKORT 2019

Velgengnisþættir/ Mælikvarðar	Raun 2017 Útksp. 2018 Áætlun 2019		
<b>Þjónusta - Barnið, nemandinn, ungmennið</b>			
Hlutfall foreldra sem telja að barn þeirra sé öruggt í skóla- og frístundastarfi	93%	93%	95%
Hlutfall foreldra sem telja starfsstaði skóla- og frístundasviðs taka fljótt og vel á einelti og öðru ofbeldi	73%	71%	80%
Hlutfall starfsstaða sem leggja sérstaka áherslu á heilsuefningu í starfinu	92%	*	95%
Hlutfall foreldra sem telja barni sínu líða vel í skóla- og frístundastarfi	93%	93%	95%
Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem bekkjarandi mælist yfir landsmeðaltali skv. Skólalúsinum	57%	69%	75%
Hlutfall foreldra sem telur viðfangsefni leikskólans áhugaverð	97%	97%	98%
Hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gagns í lok 2. bekkjar	63%	65%	70%
Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem ánægja af lestri mælist við eða yfir landsmeðaltali skv. Skólalúsinum	68%	83%	85%
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með viðfangsefni frístundaheimila	79%	79%	85%
Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur setja sér sjálfir markmið um nám sitt í samráði við foreldra og/eða kennara	45%***	*	70%
Hlutfall leikskóla þar sem börn koma að skipulagi starfsins	86%	*	88%
Hlutfall frístundaheimila/félagsmiðstöðva með barnaráð/unglingaráð	76%	*	90%
<b>Fjármál - Auðlindir</b>			
Hlutfall starfsstaða þar sem halli er innan við 2% m.v. fjárhagsramma	82%	52%	70%
Hlutfall starfsstaða sem skila frávikagreiningu vegna uppgjóra	93%	95%	95%
<b>Verklag</b>			
Hlutfall stjórnenda sem eru ánægðir með stuðning þjónustumiðstöðvar við starfsemina	80%	*	85%
Hlutfall starfsstaða sem nýta sér ráðgjafþjónustu sérskóla og sérdeilda, sérhæfðra leikskóla eða þekkingarstöðva frístundamiðstöðva	65%	*	80%
Hlutfall foreldra sem eru almennt ánægðir með upplýsingagjöf starfsstaða	85%	-	90%
Hlutfall starfsstaða SFS sem eru með markmið um auknið flæði milli skóla og frístundastarfs	65%***	*	90%
Hlutfall starfsstaða með virk nýbreytni- og þróunarverkefni	76%	*	90%
Hlutfall starfsstaða sem nota viðmið um gæði við skipulagningu starfs	66%***	*	90%
<b>Mannauður</b>			
Mínum vinnustað er vel stjórnað	4,03	4,15	4,15
Upplýsingastreymi á vinnustað mínum er gott	3,7	3,82	4
Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum	82%	83%	84%
Hlutfall starfsmanna sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á vinnustað sínum	3%	3%	0%
Starf mitt er metið af verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki**	4,21	4,32	4,3
Hæfni mín er vel nýtt í starfi	4,33	4,36	4,4
Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli	4,28	4,29	4,5

\* Spurt er um þetta í spurningarvögnum sem sendir eru stjórnendum starfsstaða nokkrum sinnum á ári. Könnun sem fer út um mánaðarmótin september/október.

\*\* Árið 2018 var þessari spurningu breytt í tvær spurningar, starfið metið að verðleikum af yfirmanni annars vegar og samstarfsfólki hins vegar. Sama niðurstaða 4,32 var við báðum spurningum svo hún er birt hér.

\*\*\* Þessar tölur voru 67%, 83% og 86% árið áður, hvað skýrir þessa miklu lækkun á milli ára er ekki útskýrt.




# UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

## LEIÐARLJÓS

Leiðarljós USK miða að því að styrkja Reykjavík í átt til sjálfbærni og gera hana vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga. Einnig að stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um umhverfis- og skipulagsmál, ásamt því að efla þjónustu og samráð við borgarbúa og aðra viðskiptavinum sviðsins

## SKIPURIT



## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

USK aðalsjóður	Raun 2017	Útkomuspá/ Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur	-3.793.425	-3.462.118	-3.615.288
<b>Tekjur samtals</b>	<b>-3.793.425</b>	<b>-3.462.118</b>	<b>-3.615.288</b>
Laun og launatengd gjöld	2.216.131	2.466.283	2.538.104
Annar kostnaður	7.389.478	8.194.916	8.410.080
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>9.605.609</b>	<b>10.661.199</b>	<b>10.948.184</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>5.812.184</b>	<b>7.199.081</b>	<b>7.332.896</b>

USK eignasjóður	Raun 2017	Útkomuspá/ Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur	-3.899.503	-3.838.384	-3.999.499
<b>Tekjur samtals</b>	<b>-3.899.503</b>	<b>-3.838.384</b>	<b>-3.999.499</b>
Laun og launatengd gjöld	1.604.017	1.795.591	1.850.004
Annar kostnaður	3.681.512	4.068.660	4.830.375
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>5.285.529</b>	<b>5.864.251</b>	<b>6.680.379</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>1.386.026</b>	<b>2.025.867</b>	<b>2.680.880</b>

## STARFSFÓLK

	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Fjöldi stöðugilda	400,5	400,7
Fjöldi starfsmanna	435	430
Fjöldi sumarstarfa	370	350
Fjöldi nemenda vinnuskólans	1.100	2.200
Stöðugildi eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:		
Sviðstjóri	17	17,4
Skrifstofa sviðstjóra	8	8
Mannauðsdeild	5	5
Fjármáladeild	4	4
Skipulagsfulltrúi	16,5	16,5
Byggingfulltrúi	22	22
Samgöngustjóri og borgarhönnun	42	42
Heilbrigðiseftirlit	23	23
Umhverfissæði	73	73
Framkvæmdir og viðhald	49	48,8
Rekstur og umhirða borgarlandsins	141	141

## HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölbættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og garðyrku og grasslætti, snjómokstri og hreinsun.

Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Bílastæðasjóður er einnig hluti af umhverfis- og skipulagssviði sem og Grasagarður Reykjavíkur. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því nýtt aðalskipulag til ársins 2030 tók gildi og er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem ber að halda á lofti í stefnumótun jafnt sem framkvæmd og endurspeglast í öllu starfi á sviðinu. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykिलlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg. Sviðið er umhverfisvottað og leggur áherslu á að veita borgarbúum og öðrum viðskiptavinum góða þjónustu.

## Stefnumótun, greining og miðlun

Sviðsstjóri hefur umsjón með stefnumótun á ábyrgðarsviðum USK og tryggir samræmi í málaflokknum innan borgarinnar. Sviðsstjóri er yfirmaður langtímastefnumótunar, þróunar, greiningar, miðlunar og landupplýsinga ásamt stýringu uppbyggingar í gegnum mótun aðalskipulags og svæðisskipulags sem og miðlun upplýsinga um niðurstöður og áherslur stefnumótunar. Sjálfbær þróun borga, loftslagsmál, Græna borgin, miðlunarteymi og fleiri verkefni heyrja undir sviðsstjóra.

## Landupplýsingar

Landupplýsingar hafa umsjón með öllum gagnagrunnum sem innihalda landtengdar upplýsingar og leggja aðaláherslu á að hafa þær réttar, lifandi og byggðar á traustum grunni. Öflun, viðhald, úrvinnsla og afgreiðsla landupplýsinga eru aðalverkefni, en deildin ber einnig ábyrgð á landmælingum, fastmerkjum, gerð lóðauppdrátta, útgáfu mæliblaða, stjórn og rekstri landupplýsingakerfis (LUKR) og þróun Borgarvefsjár, Skipulagssjár og veflausna fyrir spjaldbúnað og snjallsíma.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofan ber ábyrgð á þjónustu við skipulags- og samgönguráð, umhverfis- og heilbrigðisráð málum sem lúta að stjórnsýslu og lögfræðipjónustu. Umsýsla fjármagns vegna samninga um kirkjugarða og þjóðvegi í þéttbýli er á skrifstofu sviðsstjóra. Einnig umsýsla og samskipti við B-hluta fyrirtæki, nefndir og stjórnir.

Skrifstofan ber jafnframt ábyrgð á innleiðingu og virkni umhverfis-, öryggis- og gæðakerfa sviðsins, en sviðið er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við ISO 14001 og byggingarfulltrúi er með vottað gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ISO 9001.

## Mannauður

Mannauður sviðsins endurspeglar þá fjölbreytni sem þjónusta umhverfis- og skipulagssviðs veitir. Sviðið leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi, að starfsfólk hafi svigrúm til athafna og tækifæri til símenntunar. Meginhlutverk mannauðsdeildar er að framfylgja starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar og móta áherslur sviðsins í mannauðsmálum. Mannauðsdeild veitir stjórnendum ráðgjöf og aðstoð varðandi

mannauðsmál svo sem ráðningar, kjaramál, réttindi og skyldur starfsmanna, samvinnu og liðsheild og sinnir eftirliti þar sem við á. Mannauðsdeild heldur utan um starfsþróun, þjálfun og miðlæga fræðslu starfsfólks og veitir stjórnendum og starfsstöðum ráðgjöf og stuðning.

## Fjármáladeild

Fjármáladeild hefur umsjón með fjármálum sviðsins og veitir starfsmönnum ráðgjöf og aðstoð varðandi fjármál. Helstu verkefni deildarinnar eru fjárhags- og launaáætlun, fimm ára áætlun, fjárhags- og verkþókhald, reikningagerð og innheimta, kostnaðareftirlit, mánaðar- og árshlutauppgjör.

## Skipulagsfulltrúi

Embætti skipulagsfulltrúans í Reykjavík starfar á grundvelli skipulagslaga, skipulagsreglugerðar og samþykkt borgarstjórnar um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa svo og öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum er varða skipulagsmál í Reykjavík. Hlutverk skipulagsfulltrúa er að veita borgarbúum, borgarfulltrúum, ráðgjöfum, hönnuðum og verktökum upplýsingar og ráðgjöf um skipulagsmál. Skipulagsfulltrúi fer með málsmeðferð skipulagsmála og starfar í umboði sveitarstjórnar.

## Byggingarfulltrúi

Embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík starfar á grundvelli mannvirkjalaga, byggingarreglugerðar og samþykkt borgarstjórnar um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa svo og öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum er byggingarmál varða. Byggingarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að sótt sé um byggingarleyfi fyrir byggingarleyfisskyldum framkvæmdum og breyttri notkun mannvirkja í umdæmi hans, og að öðru leyti sé fylgt ákvæðum reglugerðar þessarar í umdæmi hans. Jafnframt skal byggingarfulltrúi eftir föngum hafa eftirlit með því að viðhald húsa og mannvirkja í umdæmi hans sé viðhlítandi.

## Samgöngustjóri og borgarhönnun

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar vinnur að borgarhönnun og þróun samgangna út frá samþykktri stefnumörkun borgaryfirvalda. Nánari stefnumörkun, skipulag og undirbúningur verkefna næstu ára í þessum málaflokkum er á ábyrgð skrifstofunnar. Meðal verkefna má nefna samgönguskipulag í nýrri og eldri byggð, framfylgd almenningssamgöngustefnu og hjólreiðaáætlunar borgarinnar, Torg í biðstöðu og göngugötur auk hönnunar lykilsvæða í borginni, frumathuganir breytinga á gatnakerfi, umferðartalningar, umsjón umferðarljósastýringa, umferðaröryggismál, orkuskipti í samgöngum og hljóðvist vegna umferðar.

## Bílastæðasjóður

Skrifstofunni tilheyrja tvær deildir: útideild og húsadeild. Á skrifstofunni fer fram stjórnun bílastæðamála, umsjón með eftirliti á ríflega 3000 bílastæðum, rekstur 7 bílahúsa og endurupptaka mála sem snúa að stöðvunarbrotagjöldum sem og innheimta tekna vegna bílastæða. Þar fer einnig fram þróun í upplýsingatækni fyrir sjóðinn í samstarfi við upplýsinga- og tæknideild Reykjavíkurborgar, sem og stefnumótun.

## Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Skrifstofan annast stofnframkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar og sér um viðhald á eignasafni Reykjavíkurborgar, þ.e. fasteignum, samgöngumannvirkjum og opnum svæðum. Skrifstofa framkvæmda og viðhalds er skipt upp í fjórar deildir þ.e. frumathugun mannvirkja, byggingadeild, gatnadeild og deild opinna svæða. Skrifstofan sér um forsagnargerð og frumathuganir vegna nýrra fasteigna, gerir kostnaðar- og framvinduáætlanir, sér um útboðsgerð og samninga, stýrir hönnun og framkvæmd verkefna auk þess að hafa eftirlit með verklegum framkvæmdum. Skrifstofan tekur þátt í rekstri hverfastöðva í hverfum borgarinnar þar sem fasteignastjórar hafa umsjón með viðhaldi fasteigna og eru í tengslum við notendur.

## Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins

Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins sér um allan daglegan rekstur og umhirðu á borgalandinu og þjónustu vegna veghalds í Reykjavík. Meginverkefni skrifstofunnar er rekstur hverfastöðva gatnamála, verkþækistöðva garðyrkju, þjónustumiðstöðvar borgarlandsins og Ræktunarstöðvar Reykjavíkur. Undir rekstur og umhirðu borgarlandsins fellur meðal annars vetrarþjónusta, garðyrkja og ræktun, viðhalds- og eftirlitsverkefni á götum, gönguleiðum og opnum svæðum, grassláttur, hreinsun borgarlandsins, uppsetning og viðhald umferðarljósa, uppsetning og viðhald umferðarskilta, rekstur gatnalýsingar, rekstur strætóskýla í eigu borgarinnar, umsjón með útmörk Reykjavíkur (uppland borgarinnar, 1700 ha opið útivistarsvæði) og búfjárhaldi, útgáfa og eftirlit með afnotaleyfum á borgarlandinu, leyfisveitingar og eftirlit vegna götu- og torgsölu, veghald og ýmiss annar undirbúningur vegna viðburða í borgarlandinu.

## Skrifstofa umhverfisgæða


Á skrifstofunni eru tvær starfseiningar; náttúra og garðar og umhverfis- og úrgangsstjórnun. Á skrifstofunni fer fram stefnumótun, gerð forathuganna og forsagna varðandi garða, græn svæði, gróður og leiksvæði. Skrifstofa umhverfisgæða sinnir umhverfis- og náttúruvernd og vinnur að umhverfisstjórnun í borginni og rekstri borgarinnar og framkvæmd aðgerðaáætlunar í úrgangsmálum ásamt Grænum skrefum í starfssemi Reykjavíkurborgar. Grasagarður, Vinnuskóli, sorphirða Reykjavíkurborgar og meindýravarnir heyra undir skrifstofuna.

## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer með hollustuhátta-, matvæla- og mengunarvarnareftirlit í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum um matvæli með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þá hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eftirlit með hundahaldi í borginni, skv. samþykkt um hundahald í Reykjavík. Heilbrigðiseftirlitið gefur út starfsleyfi fyrir starfsleyfisskyldan atvinnurekstur og sinnir reglubundnu eftirliti með honum, gefur út tóbakssöluleyfi, leyfi til hæsnahalds í borginni og veitir umsagnir og leiðbeinir um mál er varða heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skiptist í eftirfarandi deildir og einingar; matvælaeftirlit, umhverfiseftirlit, vöktun umhverfis, og hundaftirlit.

## SKIPTING REKSTRAR 2019



### Skipting rekstrarkostnaðar í aðalsjóð 2019



### Skipting rekstrarkostnaðar í eignasjóð 2019



### Skipting tekna í aðalsjóð 2019



## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Árið 2018 hefur verið afar annasamt í þeim málaflokkum sem umhverfis- og skipulagssvið ber ábyrgð á. Víða um borgina má sjá verkefni sviðsins enda má segja að í Reykjavík standi nú yfir mesta skeið endurnýjunar í sögu borgarinnar. Á fyrstu átta mánuðum ársins voru samþykkt byggingarform sem jafngilda rúmlega tveimur skólahverfum og er það metfjöldi. Framkvæmdir sem lúta að breytingum gatnakerfis hafa sett svip sinn á borgina en allar þær breytingar miðast við að greiða fyrir umferð gangandi, akandi og hjólandi. Áhrif vegna fjölda ferðamanna gætir í rekstri borgarinnar en sem dæmi má nefna að tíðni losunar ruslastampa í miðborg hefur tífaldast á undanförunum árum en almennt þarf nú meiri umhirðu á mestu álagssvæðunum. Stórátak hefur verið í malbikun undanfarin ár og verður áfram,

enda uppsöfnuð þörf sem verið er að vinna bug á. Breytingar urðu í kjölfar síðustu kosninga þegar umhverfis- og skipulagsráði var skipt upp í tvö fagráð; skipulags- og samgönguráð og umhverfis- og heilbrigðisráð. Nokkur skörun er á milli ráðanna tveggja sem munu vinna þétt saman að því að gera Reykjavík sjálfbærari með stefnumótun og eftirfylgni við innleiðingu stefnumótunar auk þess að sinna lögbundnum hlutverkum.

Á starfsárinu 2019 eru fjöldinn allur af spennandi og krefjandi verkefnum á öllum skrifstofum umhverfis- og skipulagssviðs. Húsnæðismál verða áfram í brennidepli með tilheyrandi forgangsröðun uppbyggingarsvæða og stórar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur eru fyrirhugaðar sem eru nátengdar uppbyggingu hágæða vistvæns almenningssamgöngukerfis eða Borgarlínu sem samþykkt hefur verið í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt loftslagsstefnu Reykjavíkur mun borgin verða kolefnishlutlaus árið 2040 og öll stefnumótun og innleiðing sem unnin er á sviði umhverfis- og skipulagsmála miðar að því hvort heldur sem er um að ræða vistvænar samgöngur sem samofnar eru þéttingu byggðar, endurskoðun úrgangsráttunnar, hringrásarhagkerfi eða hverfisskipulag. Lífbreytileiki, trjáræktarstefna, græna netið og blágrænar ofanvatnslausnir eru einnig mikilvægir þættir í að gera borgina meira græna og minna gráa. Þó rúm tuttugu ár séu til stefnu þá þurfa ákvarðanir dagsins í dag að taka mið af markmiðum um bætt loftgæði, lífsgæði, lýðheilsu, sjálfbærari hverfi, betri nýtingu úrgangs og auðlinda, umhverfsvottaðar framkvæmdir, og umhverfsvænan rekstur. Allt þetta endurómar í starfsáætlun umhverfis- og skipulagssviðs nú sem endranær.

Sviðið sinnir fjölbættri þjónustu og mikill vilji er til að hún sé eins rafræn og mögulegt er, að snjalllausnir séu nýttar í hvívetna og að þjónustan verði almennt skilvirkari og þjónustuþegar almennt ánægðari. Því verður sérstök áhersla lögð á bættu og breytta þjónustu á næsta ári. Sem fyrr nýtir sviðið sér mælikvarða til að fylgjast með markmiðum í málaflokkunum og hvernig til tekst við að innleiða þær áætlanir sem unnið er eftir.

Mannauður sviðsins skiptir sem fyrr öllu máli fyrir framgang verkefna og sú þekking og kunnátta sem starfsfólk sviðsins býr yfir er ómetanleg auðlind. Metnaður starfsfólks til að ná fram bestu niðurstöðu fyrir borgina og borgarbúa er mikill og mælist álag á starfsfólk þónokkuð í viðhorfskönnunum. Það að hlúa vel að mannauði umhverfis- og skipulagssviðs verður, hér eftir sem hingað til eitt af mikilvægustu verkefnum þess. Þverfagleg samvinna er nauðsynleg í öllum verkum sviðsins og sérhver starfseining gegnir mikilvægu hlutverki í því að innleiða stefnu um grænni borg þar sem manneskjan er í öndvegi. Þá verður samráð, samvinna og samtal við íbúa Reykjavíkur og ýmsa hagsmunaaðila viðvarandi verkefni sem og nýjar og bættar leiðir til fræðslu, miðlunar og upplýsingagjafar.

## HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að rekstrarrámmi sviðsins hækki um 808 mkr frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2018. Stærsta breytingin er sú að viðbótarfjármagn upp á 600 mkr er sett í viðhald fasteigna en á móti eru endurbætur og meiriháttar viðhald lækkað á fjárfestingu um 300 mkr. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna kjarasamninga upp á 117 mkr og kostnaðarauka vegna verðbóta á samningsskuldbindingar að upphæð 102 mkr. Viðbótarfjármagn er sett í hreinsun borgarlandsins upp á 20 mkr og vegna 8. bekkjar Vinnuskólans að upphæð 30 mkr.

# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Aðalskipulag

Breytingar og endurskoðun á einstökum stefnuákvæðum AR2010-2030 verður áfram meginviðfangsefni á árinu 2019 líkt og verið hefur undanfarin fjögur ár. Borgaryfirvöld þurfa ávallt að vera viðbúin því að gera nauðsynlegar breytingar á aðalskipulaginu í ljósi breyttra forsenda og til að fylgja fastar eftir settum markmiðum.

Áform um uppbyggingu hágæðakerfis almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu, Borgarlínu, hafa nú verið staðfest sem breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Það er mikil áskorun að breyta ferðavenjum og því brýnt að tryggja að samhliða uppbyggingu Borgarlínu verði markvisst stuðlað að þéttari og blandaðri byggð við hinar nýju stöðvar. Á komandi vetri eru því í vændum stórar breytingar á aðalskipulaginu. Þær breytingar snerta fyrrnefnda útfærslu Borgarlínu í aðalskipulagi, endurskilgreiningu byggingarmagns á lykil þróunarsvæðum eins og í Ártúnshöfða og almennt á svæðum í grennd við væntanlegar Borgarlínustöðvar, og endurskoðun ákvæða um bíla- og hjólastæði. Breytingarnar eru í samræmi við megin markmið gildandi stefnu og kalla því ekki sem slíkar á heildarendurskoðun aðalskipulagsins, en samkvæmt skipulagslögum skal ávallt meta þörf á slíkri endurskoðun að loknum sveitarstjórnarkosningum. Hinsvegar er mikilvægt að setja fyrirhugaðar breytingar í heildrænt samhengi og huga þarf að endurmati á meginforsendum eins og íbúaspá, þörf fyrir húsnæði og forgangsröðun byggingarsvæðanna. Auk breytinga sem taka til Borgarlínu, blandaðrar byggðar í Ártúnshöfða og Elliðaárvogi og bílastæðastefnu, má nefna skipulag nýrrar byggðar í Skerjafirði og endurskipulagningu Kringlusvæðis. Nánari skipulagsákvæði fyrir einstök byggingarsvæði verða áfram til endurskoðunar, eftir því sem markmið húsnæðisáætlunar og deiliskipulagsvinna kallar á, auk þess sem rýna þarf sérstaklega byggingarheimildir á reitum og svæðum sem liggja nærri væntanlegum stöðvum Borgarlínu. Þá eru í vinnslu tvær breytingar sem snerta iðnaðar- og athafnasvæði borgarinnar, sem einkum eru staðsett á Álfnesi, Esjumelum og Hólmsheiði. Þær breytingar snúa aðallega að því að finna stað fyrir landfrekan og grófan iðnað. Reikna má með því að þær breytingar verði í ferli fram eftir árinu. Einnig hefur verið starfandi vinnuhópur um Græna netið, heildarskipulag útivistarsvæða, og getur sú stefnumörkun leitt til breytinga á stefnu aðalskipulagsins. Reikna má með að alls verði um 10-12 aðalskipulagsbreytingar í vinnslu á næstu misserum.

Árangursrík framfylgd aðalskipulagsins felst í því að kynna stöðugt megin markmið þess og gera stefnuákvæði þess aðgengileg fyrir stjórnáamenn, embættismenn, framkvæmdaaðila og allan almenning. Stefnt er að því að endurbæta frekar vefsvæði aðalskipulagsins (adalskipulag.is) og skipulagssjá. Miðlun aðalskipulagsins felst einnig í almennum kynningum fyrir þá hópa sem þess óska og leiðbeiningu fyrir mismunandi skrifstofur borgarinnar. Útgáfa árlegrar skýrslu um framfylgd aðalskipulagsins er mikilvægur vettvangur til að halda stefnumörkun aðalskipulagsins á lofti, ekki síst fyrir stjórnáamenn og embættismenn innan borgarinnar. Skýrsla um framfylgd aðalskipulagsins hefur verið lögð fram síðustu ár og er þriðji árgangur kynntur nú haustið 2018. Þar er meðal annars fjallað um þörf á breytingum á aðalskipulaginu og hvaða þætti aðalskipulagsins þarf að endurskoða. Megin þáttur í skýrslugerðinni er mat á því hvernig miðar að ná markmiðum aðalskipulagsins og eru þar kynntar niðurstöður fyrir lykil mælikvarða um þróun borgarinnar. Af öðrum verkefnum, sem verða á dagskrá á næsta ári, má nefna áframhaldandi áætlanagerð vegna framfylgdar á húsnæðisstefnu og uppbyggingaráætlanir um íbúðar- og atvinnuhúsnæði, m.a. vegna fjárhagsáætlunargerðar. Umsagnir og almenn upplýsingamiðlun til skipulags- og samgönguráðs, skipulagsfulltrúa og annarra sviða varðandi fyrirspurnir, lagafrumvörp, samræmi skipulagsáætlana og einstakra framkvæmda við stefnu aðalskipulags, breytingar á svæðisskipulagi og skipulagstillögur nágrannasveitarfélaga, verða áfram fastir verklíðir. Aðkeypt vinna og þjónusta á árinu 2019 verður einkum vegna umhverfismats og mögulegra sérfræðiathugana sem einstakar breytingar á aðalskipulaginu kalla á, auglýsingakostnaður vegna lögbundinna kynninga á breytingum, rannsóknir og greiningar vegna einstakra verkefna og eftir atvikum

vegna miðlun aðalskipulagsins. Árlegt framlag vegna reksturs svæðisskipulagsskrifstofu höfuðborgarsvæðisins verður svipað og árið 2018 en meta þarf sérstaklega aukaframlög vegna sérstakra verkefna vegna innleiðingar svæðisskipulagsins, s.s. vegna Borgarlínuverkefnisins.

## Stefnumótun, greining og miðlun

Haldið verður áfram að framfylgja aðgerðaráætlun í loftslagsmálum með því markmiði að Reykjavík verði kolefnishlutlaus árið 2040. Áfram verður aðstoðað eftir þörfum við innleiðingu aðgerða sem eru á ábyrgð ýmissa skrifstofa og sviða borgarinnar og stefnt er að því að setja upp upplýsingavef um loftslagsmál fyrir almenning. Reykjavíkurborg studdi við loftslagsmaraþon sem haldið var í fyrsta sinn í Reykjavík 2017. Maraþonið er aftur á dagskrá 2018 í samstarfi við MATÍS og eins og á síðasta ári er áhersla lögð á nýsköpun. Gert er ráð fyrir að loftslagsmaraþonið verði þróað enn frekar áfram á árinu 2019. Á árinu 2019 verður hugað að því að endurskoða aðgerðaráætlun í loftslagsmálum þar sem núverandi áætlun gildir til ársins 2020.

Reykjavíkurborg verður hluti af nýju samstarfsneti Grænna borga í Evrópu árin 2019 – 2020. Samstarfið er borginni að kostnaðarlausu en felur í sér þátttöku á vinnustofum sem tengjast stefnumörkun borgarinnar í umhverfismálum með víðtækum hætti.

Haldið verður áfram að auka gæði miðlunar og upplýsingagjafar til borgarbúa. Upplýsingaritið Borgarsýn kemur m.a. út fjórum sinnum á árinu þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi á sviði umhverfis- og skipulagssviðs hverju sinni. Miðlunarteymi USK metur í samráði við stjórnendur bestu útfærslur á kynningum og samráði vegna verkefna.

## Landupplýsingar (LUKR)

Gerð heildarskrár yfir lóðir í borginni með öllum tiltækum upplýsingum verður framhaldið. Í skránni verða upplýsingar um t.d. stærðir, kvaðir, eignarhald lóða, stöðu lóðaleigusamninga, þinglýsingar og einnig verða þar tengingar við mæliblöð, hæðarblöð og deiliskipulag. Samhliða skráningu upplýsinga í lóðaskrá verður farið í viðamikla yfirferð lóðamarka og lóða í LUKR og samræmingu gagna við skráningar í Fasteignaskránni og við gildandi skipulag. Farið verður í endurskoðun og endurhönnun á vefsíðum Landupplýsinga með það að markmiði að auka sjálfvirkni og einfalda aðgengi að kortum, gögnum og þjónustu Landupplýsinga. Í samvinnu við Heilbrigðiseftirlitið verða skoðaðir möguleikar á að kortleggja í LUKR alla leyfisskylda starfsemi í borginni. Þróaðar verða lausnir í Qlik Sense til úrvinnslu og birtingu tölulegra upplýsinga úr LUKR. Allar hitakistur fyrir snjóbræðslu í borgarlandi verða skráðar í gagnagrunnum LUKR og ný vefsíða fyrir snjóbræðslu verður svo tekin í notkun. Skoðaðir verða áfram möguleikar á nýtingu gagnagrunna LUKR í Smart City verkefninu. Vinna við lagfæringar á skráningum lóða í eigu Reykjavíkurborgar í Landskrá fasteigna mun halda áfram í samvinnu við SEA. Landfræðileg gögn sem verða til við samþykkt á nýju hverfisskipulagi verða skráð og geymd í LUKR. Þróun nýrra lausna, til að safna rauntímagögnum beint í spjaldtölvur og snjallsíma til skráningar í LUKR, mun halda áfram. Mælitækjabúnaður verður endurnýjaður í áföngum á næstu 2 árum.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Áfram verður unnið að innleiðingu á gæðastjórnunarkerfi sviðsins fyrir nýjar starfseiningar. Embætti skipulagsfulltrúa verður vottað á fyrri hluta árs 2019 og innleiðing að vottun hjá skrifstofu framkvæmda- og viðhalds hafin. Haldið verður áfram að innleiða öryggisstjórnunarkerfi í samræmi við ISO 45001 með vottun í huga síðar.

## Mannauður

Á bak við hvert verkefni, hverja framkvæmd, er fólk. Mannauður umhverfis- og skipulagssviðs samanstendur af fjölbreyttum hópi fólks sem vinnur saman að margvíslegum verkefnum. Allt vinnur þetta starfsfólk að því á sinn hátt að gera borgina vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga, og aðstoða hvert annað á þeirri vegferð. Áherslur í mannauðsmálum 2019 taka mið af þessu og ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk í stórum og smáum málum verður áfram eitt af mikilvægustu verkefnum mannauðsdeildar.

Sviðið leggur áherslu á aðgerðir sem geta dregið úr álagi og stuðlað að vellíðan og góðri heilsu starfsfólks. Áherslur þessar birtast í fræðsluáætlunum, heilsustefnu fyrir starfsfólk og flæða líka inn í önnur markmið sviðsins, t.d. varðandi umhverfismál. Samgöngusamningar voru í boði fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar í fyrsta sinn í september 2017 og í byrjun árs 2018 voru um 22% starfsmanna umhverfis- og skipulagssviðs með samgöngusamning. Um mánaðarmótin ágúst/september 2018 var hlutfallið komið upp í 26% og stefnan er sú að hlutfall þeirra sem nýta sér strætó, ganga og hjóla verði 35% í lok árs 2019. Þá eru um 75% starfsfólks USK þátttakendur í öðrum áfanga verkefnisins um styttingu vinnuvikunnar hjá Reykjavíkurborg frá febrúar 2018 til ágúst 2019.

Í kjölfar vel heppnaðra átaksverkefna um símenntun faghópa er nú aukin áhersla á faglega símenntun til að ýta undir hæfni og ánægju starfsfólks og viðhafa hér eftir sem hingað til vönduð vinnubrögð. Markmið mannauðsdeildar er að fræðsla á sviðinu sé fjölbreytt og gagnleg og að öll sem á sviðinu starfa geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Öruggt vinnuumhverfi og fagmennska verða ekki aðskilin, að mati okkar á USK, og sviðið hefur um árabil lagt ríka áherslu á stöðuga umbótavinnu hvað varðar öryggismál. En fagmennska er líka eitt af lykilhugtökum í mannauðsmálum þegar kemur að úrlausn krefjandi starfsmannamála, áætlanagerð, ráðningum og þjónustu varðandi kjaramál starfsfólks, svo nokkuð sé nefnt. Upplýsingaflæði og samvinna eru einnig áhersluatriði hjá USK, því á síbreytilegu sviði þar sem ný og krefjandi verkefni bætast reglulega við kjarna starfseminnar, er árangursríkt upplýsingaflæði afar þýðingarmikið atriði fyrir liðsheild sviðsins, samhæfingu og skilvirkni.

## Skipulagsfulltrúi

Vinna við gerð hverfisskipulags heldur áfram árið 2019 og samkvæmt verkefnisáætlun verður hafin vinna við gerð hverfisskipulags fyrir Grafarvog og Kjalarnes að undangengnu samráðs- og kynningarferli með borgarbúum. Gert er ráð fyrir að fyrstu hverfisskipulagsáætlanirnar þ.e. Árbær, Breiðholt, Háaleiti og Bústaðir og Hlíðar komi úr formlegu auglýsinga- og kynningarferli á fyrri hluta ársins. Gerð hverfisskipulags fyrir alla borgarhluta er og verður áfram langstærsta verkefnið á vegum skipulagsfulltrúa. Önnur verkefni tengjast fjölmörgum skipulags- og hugmyndasamkeppnum sem ýmist eru í gangi eða í bígerð. Helstu verkefni tengjast með einum eða öðrum hætti uppbyggingar- og húsnæðisáætlun borgarinnar. Stærstu verkefni eru í Elliðaárvogi, Ártúnshöfða, Gufunesi, Skerjafirði, Kringlunni, Hátúni, Vogabyggð og á fjölmörgum þéttingarreitum í öllum hverfum borgarinnar og í og við samgöngu- og þróunarás (Borgarlínu) sem liggur eftir Laugavegi, Suðurlandsbraut yfir Elliðaárósa upp Stórhöfða og í átt að Keldum. Einnig verður unnið í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á sex lóðum og löndum í Reykjavík sem eru ýmist í eigu eða í umráðum ríkisins í samræmi við viljayfirlýsingu ríkis og borgar þar um. Í útmörk borgarinnar eru helstu verkefni á árinu 2019 skipulagsgerð fyrir útivistarsvæðin á Hólmsheiði/Reynisvatnsheiði, Rauðhóla og athafnasvæðið austast á Hólmsheiði. Deiliskipulag Elliðaárdals kemur úr formlegu auglýsingaferli snemma á árinu. Stefnt er að öflugri útgáfu á vegum skipulagsfulltrúa og mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í að efla umræðu um skipulagsmál í borginni ásamt því að gefa út formlega umhverfisvísa fyrir

skipulagsgerð sem þróaðir voru í upphafi vinnu við gerð hverfisSKIPULAGS. Innleiðing verkefnastofu PIAB og gæðastjórnunarkerfis ISO 9001 er einnig á dagskrá.



## Byggingarfulltrúi

Stöðugt er unnið að því bæta vinnuferli við afgreiðslu fyrirspurna og umsókna til embættis byggingarfulltrúa með það að leiðarljósi að stytta eftir föngum þann tíma sem afgreiðsla erinda tekur. Mikilvægur þáttur í því er að stuðla að vönduðum gögnum sem embættinu berast, með góðri ráð- og upplýsingagjöf til hönnuða og annarra viðskiptavina embættisins. Breytingar á lögum um mannvirki kallar á breytingar á starfsemi embættisins og er stefnt að því að lögbundin tenging við Mannvirkjagátt Mannvirkjastofnunar komist á árið 2019. Áfram mun verða unnið að því að tryggja rétta skráningu byggingarstigs, sem m.a. felst í því að skoða og taka á óleyfisframkvæmdum. Í þeirri vinnu hefur m.a. eft skilmálaeftirlit sannað gildi sitt auk þess sem það veitir góð ráð og aðstoðar vegna athugasemda og ábendinga almennings. Mikilvægt er að hefja skönnun sérteikninga, en áætlað er að sú vinna taki tvö til þrjú ár. Aðkallandi er jafnframt að hefja að nýju skönnun/skráningu dagbóka/fundargerðarbóka embættis byggingarfulltrúa. Báðar þessar aðgerðir eru mikilvægur liður í því að gera gögn aðgengilegri fyrir starfsfólk embættisins, en ekki síður allan almenning og auka þar með þjónustustig embættisins.

## Samgöngustjóri og borgarhönnun

Á árinu 2019 verður áfram unnið að framgangi samgöngumála og borgarhönnunar í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar og sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar, að borgin geti vaxið og dafnað, íbúum og störfum fjölgi án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli.

Endurhönnun göturýmris og torga í miðborginni, göngugötur og torg í biðstöðu verða helstu verkefni á sviði borgarhönnunar. Sérstök áhersla verður lögð á tillögur um útfærslu varanlegra göngugatna og forhönnun göturýmris og torga við Hlemm.

Í samræmi við hjólræiðaáætlun 2015-2020 verða lagðir hjólastígar og hjólastæðum í Reykjavík fjölgað, sjálfvirkum hjólateljurum verður fjölgað og áhersla lögð á „mjúkar“ aðgerðir til að fjölga þeim sem nýta reiðhjól sem samgöngutæki.

Undirbúningur nýs kerfis almenningsamgangna, Borgarlínu, heldur áfram í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ríkið. Innan Reykjavíkur verður áherslan á undirbúning þróunarása aðalskipulagsins þar sem Borgarlínan verður hryggjarstykkið. Strætóskýlum verður fjölgað í borginni í kjölfar útboðs. Unnin verður tillaga að frekari fjölgun þeirra ásamt aðgerðaáætlun.

Í samvinnu við Vegagerðina verður áfram unnið að greiningu og undirbúningi úrbóta á umferðarflæði á stofnvegum innan borgarinnar í kjölfar nýlegrar ástandsgreiningar. Áfram verður unnið að bættum umferðarljósastýringum í samræmi við niðurstöður hermílikana. Innleiðing forgangs neyðarumferðar og strætisvagna á ljósastýrðum gatnamótum heldur áfram.

Tillaga að nýrri umferðaröryggisáætlun fyrir Reykjavík verður lögð fram. Styrkir til íbúa til úrbóta í hljóðvistarmálum íbúðarhúsnæðis verða áfram til meðferðar

Á árinu verða umfangsmestu verkefni í samgönguskipulagi tengd stórum þróunarsvæðum eins og Elliðaárvogi/Ártúnshöfða, í Skerjafirði og á svæðinu í nágrenni Hlemms. Við undirbúning Borgarlínu er ljóst að víða þarf að endurskoða samgönguskipulag. Unnið verður eftir nýrri stefnumótun í bíla- og hjólastæðamálum í borginni.

## Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Eins og áður leggur skrifstofa framkvæmda og viðhalds áherslu á að gott verklag sé viðhaft við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum sviðsins. Leitast er við að upplýsingar og kynningar varðandi framkvæmdir séu skilmerkilega fram settar og að fagleg vinnubrögð séu ávallt viðhöfð við undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna. Auknar kröfur verða gerðar til ýmissa umhverfisþátta við val á verktökum vegna framkvæmda á vegum sviðsins.

Framkvæmdir við uppsteypu og frágang skóla, menningarmiðstöðvar, sundlauga og íþróttamannvirkja í Úlfarsárdal er í fullum gangi. Haustið 2018 var hafin kennsla í 2. áfanga Dalskóla og áætlað er skólabyggingin öll verði tekin í notkun á árinu 2019. Viðbygging við Vesturbæjarskóla var tekin í notkun haustið 2018. Áætlað er að lóðaframkvæmdir á lóð Vesturbæjarskóla fari fram sumarið 2019. Áætlun um endurgerð grunnskólalóða gerir ráð fyrir að um 200 milljónum verði varið til málaflokksins, en á þessu ári (2018) lýkur endurgerð lóða við Hagaskóla og Háaleitisskóla-Álftamýri og fyrsta áfanga við lóð Grandaskóla. Á árinu 2019 er fyrirhugað að ljúka við lóð Grandaskóla og hefja framkvæmdir við lóðir Rimaskóla, Ártúnsskóla og Háteigsskóla. Þá verða einnig í gangi framkvæmdir við endurgerð og lagfæringar á ýmsum leikskólalóðum. Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir við fjölnota íþróttahús á íþróttasvæði ÍR í suður Mjódd. Hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrrar hverfisbækistöðvar við Fiskislóð og er áætlað að stöðin verði tilbúin á næsta ári.

Umfangsmiklar framkvæmdir hafa staðið yfir við breytingar á gatnamótum Geirsgötu, Lækjargötu og Kalkofnsvegur og hluti Tryggvagötu hefur verið endurgerður. Hafnar eru byggingaframkvæmdir á nýjum byggingarsvæðum við Elliðavog – Vogabyggð og á Kirkjusandi.

Haldið verður áfram með framkvæmdir vegna verkefna Hjólræiðaáætlunar.

Á árinu 2018 er áætlað að leggja ný malbiksslitlög á um 43 km af götum í Reykjavík sem eru um 10% af heildarlengd gatnakerfisins. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2018-2022 er gert ráð fyrir 6.120 mkr. til endurnýjunar á malbiksslitlögum auk hefðbundinna malbiksviðgerða.

## Skrifstofa reksturs og umhirðu

Í grasslætti verður farið yfir kosti og galla þess að bjóða út hverfi í austurhluta borgarinnar. Farið verður í tilraunir með nýjar aðferðir í vetrarþjónustu þar sem markmiðið er að bæta þjónustu og minnka það svifryk sem mögulega kemur vegna hálkuvana. Einnig verður fundin lausn á staðsetningu nýrrar saltgeymslu í samvinnu við skrifstofu eign- og atvinnuþróunar. Gróðurhreinsun gönguleiða verður áhersluverkefni hreinsunar borgarlandsins en einnig verður stefnt á sumarsópun stofn- og tengibrauta ef fjármagn fæst. Lögð verður áhersla á samstarf við íbúa og félagasamtök um hreinsun borgarlandsins. Haldið verður áfram innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu við útgáfu og eftirlit afnotaleyfa af borgarlandinu og stefnt á að endurskoða gjaldskrá í málaflokknum. Ný hverfastöð við Fiskislóð verður vígð á miðju ári og sameinar hún hverfastöðvar á gatnamála við Njarðargötu og garðyrkju á Klambratúni. Skoðaðir verða möguleikar á sameiningu gatna- og garðyrkju í austurhluta borgarinnar. Umhirða og viðhald leik- og grunnskóla mun færast til skrifstofu framkvæmda og viðhalds utan vetrarþjónustu og vorhreinsunar. Kortlagðar verða stofnanalóðir á vegum ÍTR og mótaður verður umhirðustaðall um þessar lóðir.

## Skrifstofa umhverfisgæða

Unnið verður að stefnumótun og endurskoðun á stefnum og aðgerðaáætlunum málaflokka sem heyra undir skrifstofuna með nýju umhverfis- og heilbrigðisráði. Áhersla verður á verkefni skv. aðgerðaáætlunum. Unnið verður að því að koma að nýju lífi í Græn skref í starfsemi borgarinnar. Skrifstofan hefur unnið með samgöngustjóra að orkuskiptum í samgöngum og verður lögð áhersla á að stuðla að uppbyggingu innviða fyrir rafbíla og rafvæðingu bíla í rekstri borgarinnar. Sérstakt átaksverkefni til að vinna gegn svifryki verður sett á laggirnar undir forystu umhverfis- og heilbrigðisráðs.

## Náttúra og garðar

Unnið verður að áætlunum og forgangsröðun fyrir verkefni á grænum svæðum borgarinnar þar með talið í Hljómskálagarði og Laugardal. Unnið verður að endurskoðun á leiksvæðastefnu. Einnig aðgerðaráætlun vegna trjá- og skógræktar, græna netsins og stefnu um líffræðilega fjölbreytni. Áfram verður lögð áhersla á að vinna gegn útbreiðslu ágengra plöntutegunda. Gerð náttúrufarsúttekta m.a. vegna skipulags og vöktun fuglalífs. Fræðslu sinnt og úttekt hafin á þangfjörum. Fylgt eftir framkvæmdum við endurheimt votlendis í Úlfarsárdal og skoðuð frekari tækifæri í endurheimt votlendis. Þátttaka í skilgreiningu á kolefnisbindingu og innleiðingu blágrænna lausna. Unnið að því að bæta tækifæri í borgarbúskap. Í Grasagarðinum verður unnið að því að taka í notkun nýjan gagnagrunn og skráningarkerfi. Samhliða verða skoðaðir möguleikar til fræðslu og miðlunar með nýjum gagnagrunni og beðakort garðsins endurnýjað. Grunnbæklingur verður endurnýjaður og ný upplýsingaskilti gerð fyrir alla innganga. Hjá Vinnuskólanum verður áfram unnið úr tillögum starfshóps um starfsemi Vinnuskólans þar sem m.a. var lagt til að skipa stýrihóp til að móta stefnu skólans m.a. um launamál, aldur nemenda, verkefni, fræðslu o.fl. Haldið verður áfram með 8. bekk og að bjóða upp á aukinn fjölbreytileika starfa.



## Umhverfis og úrgangsstjórnun

Áhersla verður lögð á enn frekari flokkun og skil á plasti og pappír til endurvinnslu. Leitað verður leiða til að bæta merkingar um viðeigandi flokkun og skil til endurvinnslu á vörum og umbúðum þeirra. Skoðaðar verða forsendur þess að bjóða upp á flokkun og skil á glæru gleri og málmum við heimahús og að afrakstrinum verði komið til endurvinnslu. Áfram verður unnið að því að koma í veg fyrir urðun tiltekinnna úrgangsflokka sem eru hvað skaðlegastir umhverfinu m.a. með því að auka aðgengi íbúa að skilum á raftækjum og spilliefnum og þeim komið í viðeigandi meðhöndlun. Skoðaðar verða forsendur fyrir að bæta enn frekar aðstöðu íbúa til að skipast á nytjahlutum. Áfram verður stutt við lágmörkun matarsóunar og heimajarðgerð verður sérstaklega kynnt fyrir íbúum fyrir þann lífræna úrgang sem fellur til. Íbúar verða hvattir til að lágmarka fjölpóst. Útbúnaðar verða merkingar fyrir djúpgáma til að tryggja góða flokkun og skil til endurvinnslu við heimili íbúa. Áfram verður unnið að aukinni þjónustu grenndarstöðva, s.s. með því að fjölga grenndarstöðvum sem bjóða upp á móttöku á gleri, rafhlöðum og málmum. Unnið verður að því að grenndarstöðvar verði í 500 m fjarlægð frá heimilum í borginni og að niðurgrofnun grenndarstöðvum verði komið fyrir á fjölförnum stöðum þar sem byggð er hvað þéttust og landrými takmarkað. Flokkunarstömpum á almenningssvæðum verður fjölgað. Skoðaðar verða forsendur fyrir enn frekari endurnotkun og endurvinnslu hjá stofnunum borgarinnar.

## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Á árinu 2019 verður unnið skv. eftirlitsáætlun ársins eins og venja er. Forgangsröðunin er hugsuð út frá stöðu lögboðinna verkefna m.t.t. fjölda starfsmanna. Þar er helst horft til almannaheilla með áherslu á reglubundið eftirlit og eftirfylgni í fyrirtækjum miðað við áhættuflokkun. Áætlað er að farið verði í um 4000 eftirlitsferðir og sinnt verði kringum 1100 kvörtunum sem aukast milli ára. Ýmis samræmd verkefni eru unnin á landsvísu með öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum og yfirstofnunum. Unnið verður að endurskoðun verklags vegna breytinga á mengunarlöggjöf, auk endurskoðun ýmissa laga og reglugerða þ.á.m. hollustuháttalöggjöf, fráveitulöggjöf, matvælaölgjöf o.fl.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustubátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Í desember 2017 lauk greiningu á úrgangsmálum, sorphirðu og sorpeyðingu. Vinna er nú yfirstandandi við greiningu á samgöngumálum og fyrirhugað er að ljúka henni haustið 2018, sem og greiningu á þjónustumiðstöð borgarlandsins. Í meðfylgjandi töflu er að finna þau verkefni sem áætlað er að greina fram til loka ársins 2019.

Við greiningar er fylgt tvenns konar verklagi. Beitt er jafnréttismats-aðferð sem felur í sér grunngreiningu á þjónustubáttum sem ólíklegir eru til að hafa viðamiklar kynjaðar víddir. Fjármálastjóri USK og fulltrúi stýrihóps KFS á sviðinu hitta viðkomandi stjórnendur og gera greiningu sem er áþekk þeim jafnréttismats greiningum sem beitt hefur verið við ný verkefni sem sett eru fram við fjárhagsáætlunargerð. Komi í ljós við greiningu með jafnréttismatsaðferð að þörf sé á ítarlegri greiningu, eða ef ástæða er til að ætla við upphaf greiningar að þjónustubátturinn hafi kynjaðar hliðar sem skoða ætti sérstaklega, þá er beitt djúpgreiningaraðferð og stofnaðir starfshópar skipaðir starfsfólki sem vinnur á sviði þjónustubáttarins, auk fulltrúa stýrihóps KFS. Starfshópurinn vinnur svo greininguna. Afurðir þessarar vinnu eru skýrslur um niðurstöður greininga fyrir hvern þjónustubátt og tillögur að aðgerðum eins og við á, sem svo eru kynntar fyrir ráðum sviðsins. Þegar áætlun var sett saman fyrir nokkrum árum var ákveðið að undanskilja nokkra þjónustubætti þar sem talið var að þar væru engin kynjasjónarmið undir sem þyrfti að greina. Í samræmi við áherslur ráðgjafahóp um KFS verða þessir þjónustubættir aftur teknir til skoðunar og verði ákveðið að þeir séu í samræmi við fyrri ákvörðun ekki á áætlun vegna greininga, þá fylgir því rökstuðningur til stýrihóps KFS sem samþykkir eða hafnar þeirri tilhögun. Ávinningur af greiningum á þjónustubáttum er að ný sjónarhorn varpa ljósi á úrlausnarefni og tækifæri til að aðlaga vinnubrögð og þjónustu þannig að þau taki mið af þörfum fjölbreyttra hópa þjónustuþega og fjármunum sé varið á réttlátan hátt. Greiningarvinnan ýtir undir meðvitund stjórnenda og starfsfólks, skapar þekkingu á jafnréttishliðum á verkefnum sviðsins og í lok greiningarferlis eru settar fram aðgerðir til að stuðla enn frekar að jafnrétti.

Þjónustubættir KFS til greiningar 2018-2019	Ábyrgðaraðili	Greiningartímabil (frá-til)
Samgöngumál	Sviðsstjóri	September - okt. 2018
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	Sviðsstjóri	Nóvember - des. 2018
Rekstur hverfahluta austur og vestur	Sviðsstjóri	Desember - feb. 2019
Náttúra & garðar og Umhverfi & útivist	Sviðsstjóri	Mars - Apríl 2019
Stefnumótun og greining (aðalskipulag og svæðaskipulag, umhverfis- og gæðamál)	Sviðsstjóri	Apríl - Júní 2019
Bílastæðasjóður	Sviðsstjóri	Haust 2019
Viðhald gatna og opinna svæða	Sviðsstjóri	Haust 2019

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ


	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Útksp. 2018	Áætlun 2019
<b>Skipulagsmál</b>					
Fjöldi mála á fundum skipulagsráðs	1.207	1.224	1.220	1.250	1.250
Fjöldi mála á afgreiðslufundum skipulagsfulltrúa	1.988	2.101	2.198	2.200	2.200
Deiliskipulagsáætlanir auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda	94	103	140	140	120
Grenndarkynningar/ þar af v. byggingarleyfisumsókna	120/50	172/32	68/34	80/40	70/30
<b>Náttúra og garðar</b>					
Skráðir einstaklingar			5.307	5.500	5.400
Þátttakendur í viðburðum			3.940	3.820	3.900
Gestafjöldi í Grasagarðinum			183.874	180.000	180.000
Nemendur í Vinnuskólanum	1.425	1.174	1.041	1.947	2.110
<b>Byggingarfulltrúi</b>					
Samþykktir m3	911.749	719.694	1.133.118	900.000	1.000.000
Byggðir m3 (lokið við)	451.244	1.183.848	438.326	600.000	700.000
Samþykktir m2	235.055	187.755	247.405	300.000	400.000
Byggðir m2 (lokið við)	90.949	264.774	110.730	200.000	250.000
Fullgerðar íbúðir	388	399	482	700	1.000
Hafin smíði nýrra íbúða	926	922	923	1.100	1.200
Fjöldi úttekta	5.000	4.168	3.344	3.000	2.000
Yfirferð uppdráttar	27.500	28.246	31.338	32.000	33.000
Eignask. yfirl., yfirferð/samþykktir	298 / 211	272 / 179	297 / 191	300 / 200	300 / 200
Móttækin og afgreidd bréf vegna erinda	18.148	16.706	17.395	18.000	18.500
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	3.352	3.164	3.187	3.200	3.300
<b>Samgöngustjóri og borgarhönnun</b>					
Umferðaróhöpp með meiðslum	258	276	281	-	-
Fjöldi umferðarljósa	124	122	116	117	117
Fjöldi gangbrautarljósa	35	36	37	37	37
Nagladekkjanotkun (hlutfall)	35	37	38	-	-
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar) (km)	-	22	25	29	33
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	-	-	790	-	-

	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Útsp. 2018	Áætlun 2019
<b>Sorphirða við heimili</b>					
Fjöldi grárra tunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	32.794	33.413	32.167	33.000	34.000
Fjöldi spartunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	1.650	1.559	1.606	1.650	1.700
Blandaður úrgangur [tonn]	18.402	17.593	17.929	17.800	17.500
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	151	144	145	141	136
Fjöldi blárra tunna [stk]	12.608	13.788	14.448	15.300	16.000
Pappír- og pappi í bláar tunnur [tonn]	3.491	3.461	3.165	3.200	3.400
Fjöldi grænna tunna [stk]	2.000	2.610	3.633		
Plast í grænar tunnur [tonn]	50	143	261	330	450
<b>Grenndarstöðvar</b>					
Fjöldi grenndarstöðva	57	57	57	58	59
Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn]	1.200	900	1.026	1.100	1.300
Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn]	100	104	133	170	210
Gleri skilað á grenndarstöðvar [tonn]	8	28	72	90	130
<b>Endurvinnslustöðvar</b>					
Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu	6	6	6	6	5
Móttækið magn úrgangs [tonn]	39.423	45.149	50.653	53.402	56.942
<b>Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur</b>					
Útgefin starfsleyfi	455	610	613	600	550
Tóbakssöluleyfi	55	24	37	30	30
Fjöldi eftirlitsferða (-hundaeftirlit)	3.227	3.242	3.819	3.600	3.600
Fjöldi kvartana (-hundaeftirlit)	500	811	932	1.200	1.100
Svíryk v. Grensásveg (PM10) yfir heilsuverndarmörkum	9	9	17	13	<35
Gæði ómeðhöndlaðs neysluvatns (hlutfall gallaðra sýna)	0,0%	0,0%	0,0%	1,5%	-
Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni)	5,2%	15,5%	11,7%	12,0%	<10%
<b>Skrifstofa reksturs og umhirðu</b>					
Bekkir	1.160	1.172	1.164	1.164	1.180
Stampar	1.514	1.414	1.421	1.429	1.450
Sláttur - flatarmál (m <sup>2</sup> )	4.762.287	4.680.877	4.709.060	4.696.838	4.696.838
Sláttur - fjöldi sláttusvæða	-	9.698	9.793	9.893	9.893
Hitakerfi - flatarmál (m <sup>2</sup> )	245.123	250.467	250.467	250.467	250.467
Ljósastaurar	21.934	22.086	22.079	22.178	22.642
Vetrarþjónusta gatna, ökulend (km)	965	965	956	957	957
Vetrarþjónusta gönguleiða (km)	798	809	812	814	814
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m <sup>2</sup> )	6.553.778	6.585.326	6.622.457	6.631.140	6.631.140
Útgefin afnotaleyfi	804	877	1.085	950	1.000



*Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson*

### SKIPURIT



### HLUTVERK

Velferðarsvið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs. Sviðið ber ábyrgð á rekstri, áætlanagerð, samhæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu, eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og stefnu velferðarráðs í velferðarmálum. Einnig sér sviðið um mat á árangri og þróun velferðarþjónustu og nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila um framkvæmd þjónustu sviðsins.

Verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru meðal annars fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, málefni eldri borgara, sérfræðiþjónusta skóla, málefni fatlaðs fólks, húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimaþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, ferðaþjónusta fatlaðs fólks, stuðningsþjónusta, daggæsluráðgjöf, forvarnir og almenn upplýsingagjöf.

Dagleg framkvæmd velferðarþjónustunnar fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Undir þjónustumiðstöðvar heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem félagsmiðstöðvar, búsetuúrræði, skammtímaheimili og dagþjónustuúrræði.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur	4.778.771	4.274.630	4.760.218
<b>Tekjur samtals</b>	<b>4.778.771</b>	<b>4.274.630</b>	<b>4.760.218</b>
Laun og launatengd gjöld	14.910.920	15.323.187	16.242.617
Annar kostnaður	11.832.792	13.117.811	14.903.043
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>26.743.712</b>	<b>28.440.999</b>	<b>31.145.660</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>21.964.941</b>	<b>24.166.369</b>	<b>26.385.442</b>

## STARFSFÓLK

	Raun 2017	Útkomuspá/ Áætlun 2018	Áætlun 2019
Fjöldi starfsmanna*	2.562	2.562	
Fjöldi stöðugilda	1.670	1.624	1.696
<b>Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:</b>			
Skrifstofur (þmt þjónustumiðst.)	297	296	316
Búsetuúrræði	568	585	575
Félagsmiðstöðvar	55	58	59
Dagþjónusta	62	61	65
Heimaþjónusta og heimahjúkrun	341	357	345
Hjúkrunarheimili	124	122	124
Þjónustuíbúðir	56	58	63
Stuðningsfjölsk., stuðningsþjónustu og frekari liðsveisla	129	52	104
Ýmis úrræði	40	35	28

\* fjöldi stm. 2019 ekki aðgengilegur að svo stöddu

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsrammi velferðarsviðs árið 2019 byggir á frumvarpi ársins 2018, viðaukum og áherslum velferðarráðs í formi nýrra verkefna. Gert er ráð fyrir að gjaldskrártækjur aukist í samræmi við verðlagsforsendur um 2,9%. Skuldbindingar í samningum við þriðja aðila eru bættar í samræmi við hækkan á vísitölu neysluverðs um 2,9%. Kjarasamningar verða lausir á árinu 2019 og gert er ráð fyrir að fjárheimild sviðsins verði endurskoðuð þegar þeir liggja fyrir. Viðbætur í ramma sviðsins fyrir árið 2019 vegna nýrra og áframhaldandi verkefna voru um 2,1 ma.kr.

Uppbygging í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fullorðna heldur áfram á árinu 2019 í samræmi við uppbyggingaráætlun Reykjavíkurborgar sem samþykkt var af borgarstjórn á árinu 2017. Viðbætur í fjárhagsramma á næsta ári nema um 482 mkr. Einnig er gert ráð fyrir 33 mkr. fjárheimild vegna niðurlagningar herbergjasambýla í samræmi við áætlun velferðarráðs til næstu 10 ára.

Fjármagn vegna uppbyggingar og nýliðunar í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk hækkar um 103,8 mkr. Lögð er áhersla á samfellda þjónustukeðju í þjónustu við fatlað fólk, þannig að ekki komi rof í nauðsynlega þjónustu við ákveðin tímamót, s.s. útskrift úr framhaldsskóla. Þannig er gert ráð fyrir að fjölga rýmum í vinnumiðaðri stoðþjónustu vegna uppbyggingar og nýliðunar. Þörf er að styrkja næturvaktir í íbúðakjörnum sviðsins, sér í lagi þar sem börn dvelja. Rýna þarf vaktaskipulag og hlutfall fagmenntaðra en viðbótarfjármagn að fjárhæð 137 fékkst í ramma 2019. Stofnaður verður annar

Liðsauki sem er færanleg búsetuþjónusta við fatlaða einstaklinga með óvenjulegar stuðningsþarfir sem ekki geta nýtt sér fyrirkomulag hefðbundins íbúðakjarna, fjárheimild nemur 268 mkr. Fjárheimild vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks var hækkuð um 41 mkr. en samningurinn um sameiginlega akstursþjónustu á höfuðborgarsvæðinu rennur út í lok árs 2019 og unnið er að endurnýjun hans. Kjarabætur vegna NPA, beingreiðslusamninga og verðbætur samninga hafa verið bættar í samræmi við laun og verðlagsforsendur.

Stefnt er að opnun skammtímadvalar á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks fyrir börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Á undanförunum árum hefur velferðarsvið keypt þjónustu af þriðja aðila vegna búsetu nokkurra barna og ungmenna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Afar brýnt er að hefja uppbyggingu heimilis fyrir þennan hóp barna og ungmenna auk skammtímadvalar til að koma til móts við þjónustuþarfir og auka sérhæfingu og þekkingu í málaflokknum.

Breyting verður gerð á húsnæðisúrræði fyrir karlmenn með fíkn- og geðvanda og starfsemin færð úr herbergjasambýli yfir í íbúðakjarna. Opnað verður sambærilegt úrræði fyrir konur með fíkn- og geðvanda en slíkt úrræði er ekki til.

Fjármagn var aukið um 52 mkr til heimaþjónustu vegna fjölgunar aldraðra í samræmi við spá Hagstofu Íslands um þróun mannfjölda á Íslandi á árunum 2019–2023. Fjármagn vegna langtímaveikinda var bætt sem nemur 85 mkr. en engin fjárheimild er á sviðinu vegna langtímaveikinda utan búsetuúrræða.


Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur er bundinn liður og gerir áætlun 2019 ráð fyrir útgjöldum að fjárhæð 3 ma.kr. Áætlun fjárhagsaðstoðar gerir ráð fyrir um 2,1 ma.kr. og sérstakur húsnæðisstuðningur er um 958 mkr.

## SKIPTING REKSTRAR 2019

### Þjónustubættir

Fjárhagsáætlun velferðarsviðs er skipt niður eftir þjónustubáttum þar sem hver kostnaðarstaður eða einstakt viðfangsefni er skilgreint eftir þeirri þjónustu sem veitt er þvert á rekstrareiningar sviðsins. Með þeirri framsetningu fæst góð yfirsýn yfir fjölbreytta starfsemi sviðsins. Myndin hér fyrir neðan sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda sviðsins niður á samandregna þjónustubætti. Sjá má að búsetuúrræði vega þar þyngst í rekstri sviðsins eða um 25% af áætluðum útgjöldum sviðsins. Samanlagður rekstur skrifstofa velferðarsviðs, þjónustumiðstöðva og barnaverndar er um 12% af áætluðum útgjöldum sviðsins. Heimaþjónusta og heimahjúkrun um 12% og samningar framlög og styrkir um 11% en samningur við styrktarfélagið Ás fellur þar undir. Fjárhagsaðstoð er um 7%, félagsmiðstöðvar og þjónustuíbúðir um 5% og sérstakur húsnæðisstuðningur um 3%. Til annars reksturs telst m.a. framleiðslueldhús og fleira.


Þjónustubættir



## Málefni fatlaðs fólks

Fjárhagsáætlun ársins 2019 fyrir málaflokk fatlaðs fólks er 11,8 ma. kr. Myndin hér fyrir neðan sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda málaflokksins á milli þjónustubátta. Búsetuúrræði vegar það þyngst eða um 63% af heildar útgjöldum sviðsins. Viðbætur í ramma sviðsins vegna málaflokks fatlaðs fólks á milli árána 2018 og 2019 eru um 2 ma.kr. Gert er ráð fyrir opnun þriggja nýrra íbúðakjarna á árinu 2019. Vinnumiðuð stoðþjónusta verður styrkt og haldið áfram með niðurlagningu herbergjasambýla samkvæmt samþykktri áfangaskiptri áætlun. Stefnt er að fjölgun NPA samninga í samræmi við fjármálaáætlun ríkisins og opnuð skammtímadvöl fyrir börn með alvarlega þroska og geðraskanir. Tekjur vegna málaflokksins eru færðar miðlægt með öðrum skatttekjum.

Málefni fatlaðs fólks



## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUBÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2019 verður lögð áhersla á húsnæðismál og uppbyggingu í þjónustu við fatlað fólk, umbætur í þjónustu við börn og fjölskyldur, ráðgjöf og stuðning og þjónustu við eldri borgara.

Innleiðing þjónustustefnu og rafrænna lausna verða í forgangi á árinu. Farnar verða nýjar leiðir hvað varðar fræðslu til starfsmanna og fjölbreyttari aðferðir nýttar, meðal annars með rafrænum lausnum.

Ýmis áhætta er fólgin í starfsemi sviðsins og má þar nefna skort á starfsfólki í umönnunarstörf, stuðningsþjónustu og í sértækum húsnæðisúrræðum. Mannekla eða skortur á starfsfólki getur kallað á aukið álag, sérstaklega þar sem veitt er viðkvæm þjónusta og nauðsynlegt er að koma í veg fyrir þjónusturof til að tryggja öryggi íbúa og starfsmanna.

Velferðarsvið sinnir viðkvæmum og fjárbungum málaflokkum og stöðugt aðhald í rekstri er nauðsynlegt. Viðræðum við ríkið um fjármögnun á þeim verkefnum sem skarast vegna velferðarmála verður haldið áfram.

## Húsnæðismál

Áfram verður lögð áhersla á húsnæðismál í samræmi við húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á árinu 2017. Stefnt er að því að fjölga almennum félagslegum íbúðum um 500 á næstu fjórum árum og 100 íbúðum fyrir sértæka búsetu. Á árinu 2019 verði því eignasafn Félagsbústaða stækkað sem nemur 125 almennum íbúðum og 33 sértækum. Farið verður í markvissa rýningu á þeim blöndunarskilyrðum sem hafa verið í gildi varðandi félagslegt húsnæði og horft til þeirra leiða sem Norðurlöndin hafa farið í því tilliti. Samvinna við þær skrifstofur og stofnanir innan og utan Reykjavíkurborgar sem koma að húsnæðismálum verður eflað til að hraða megi öllum ferlum sem snúa að skipulagi og uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Fjölgað verður húsnæðiskostum fyrir þá sem eru í virkri vímuefnaneyslu, meðal annars með uppsetningu allt að 25 nýrra smáhýsa. Einnig er unnið að kaupum á

eign með allt að 25 herbergjum eða einstaklingsíbúðum til að nýta fyrir fólk á biðlista eftir húsnæði í bráðri þörf. Loks verður nýtt neyðarskýli sett á laggirnar, fyrir allt að 15 manns og þá aðallega yngri aldurshóp þeirra sem eru í virkri vímuefnaneyslu. Gert er ráð fyrir að opna strax á nýju ári sértækt húsnæðisúrræði fyrir tvígreindar konur, þ.e. konur með geðfötlun og fíknivanda. Vandí þeirra kvenna sem um ræðir er mikill og ekkert úrræði til sem nær utan um þær. Þessar konur dvelja langdvölum á endurhæfingargeðdeildum og ekki hægt að útskrifa þær vegna skorts á húsnæðisúrræði. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum þarf nauðsynlega að leysa vanda þriggja kvenna.

Nýjar reglur um félagslegt leiguhúsnæði taka gildi á fyrri hluta ársins 2019.



Mötuneyti – Lindargötu 1

## Málefni fatlaðs fólks

Stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 - 2023 verður fylgt eftir með aukinni stuðningsþjónustu við íbúa á herbergjasambýlum til að gera þeim betur kleift að stunda samfélagsþátttöku utan heimilis. Stefnt er að lokun tveggja herbergjasambýla á árinu 2019 til samræmis við áætlun velferðarráðs um niðurlagningu herbergjasambýla til næstu 10 ára. Sérstök áhersla verður lögð á nýjar húsnæðislausnir fyrir aldrað fatlað fólk sem nú býr við erfiðar húsnæðisaðstæður í herbergjasambýlum.

Áfram verður unnið á grundvelli uppbyggingaráætlunar sértækra húsnæðisúrræða 2018 – 2030. Þá verður hafin bygging á þremur nýjum íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk. Nýr íbúðakjarni fyrir fólk með þroskahömlun er í byggingu og verður tilbúinn haustið 2019 að Árlandi, þar er gert ráð fyrir fimm íbúðum auk þjónusturýmis. Einn kjarni að Rökkvutjörn verður tilbúinn á árinu fyrir 6 íbúa með þroskahömlun og skyldar raskanir og að lokum Móvegur fyrir 5 íbúa.

Þá verður sjálfstæð búseta með viðeigandi stuðningi eflað en gert er ráð fyrir að 44 íbúðir fyrir fatlað fólk sem getur nýtt sér stuðning til sjálfstæðrar búsetu samkvæmt uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis verði komnar í notkun fyrir árslok 2019.

Á árinu 2019 er stefnt að því að nýjar reglur um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og börn og barnafjölskyldur taki gildi. Áherslan er á að efla stuðningsþjónustu en með nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem taka gildi 1. október 2018 verður þjónustan lögbundin.

Gerðar verða skipulagsbreytingar á framkvæmd stuðningsþjónustu á grundvelli úttektar á stuðningsþjónustu á árinu 2018. Ný starfsemi verður sett á laggirnar og verkefni færð til hennar í áföngum. Horft er á þjónustu við börn í fyrsta áfanga. Markmiðið er m.a. að bregðast við þjónustupörfum í stuðningsþjónustu með nýjum leiðum og nýta þau tækifæri sem felast í t.d. samstarfi við frístundamiðstöðvar, íþróttafélög og fleiri aðila. Markmiðið er að stuðningsþjónustan sé traust, en jafnframt sveigjanleg. Auk þess felast í stofnun nýju starfseminnar aukin tækifæri á að búa til vinnustað fyrir starfsfólk sem sinnir slíkri þjónustu og byggja upp hópa fagmenntaðra sérfræðinga. Færanleg búsetuþjónusta sem er ætluð fyrir fatlaða einstaklinga með óvenjulegar stuðningsþarfir sem ekki geta nýtt sér hefðbundið fyrirkomulag íbúðakjarna er nú í boði á einum stað í borginni. Stefnt verður að því að hefja starfsemi annarrar slíkrar búsetuþjónustu sem í daglegu tali nefnist Liðsaukinn. Þeir einstaklingar sem nýta sér slíka þjónustu eiga það sammerkt að vera með þroskahömlun og sýna áhættuhegðun með tilliti til fíkniefnaneyslu, ofbeldis- og auðgunarbrota eða annarrar frávikshæðunar.

Unnið verður að nýjum lausnum til að auka tækifæri til vinnu og virkni fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu. Opnað verður smíðaverkstæði fyrir fatlaða einstaklinga með flóknar og samsettar skerðingar sem búa í sértæku húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar og geta ekki nýtt sér hefðbundin vinnu- og virkniúrræði borgarinnar. Ráðningum fatlaðs fólks með stuðningsþarfir verður fjölgað á grundvelli vinnusamninga öryrkja og ráðinn starfsmaður „starfagreinir“ sem finnur störf fyrir fatlaða einstaklinga sem þurfa stuðning í starfi hjá Reykjavíkurborg og skipuleggur stuðning og eftirfylgd.

Sett verður á laggirnar þróunarverkefni í samvinnu við Átak, félag fólks með þroskahömlun og landssamtökin Þroskahjálp um starfstengt nám fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Kynningarefni á auðlesnu máli um stefnu borgarinnar, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hugmyndafræðina um sjálfstætt líf verður dreift til íbúa í sértækum húsnæðisúrræðum í ársbyrjun og því fylgt eftir með fræðslu til íbúa.

Stefnt er að fjölgun NPA-samninga í samræmi við fjármálaáætlun ríkisins.

## Málefni eldri borgara

Á velferðarsviði hefur verið lögð áhersla á samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, á velferðartækni og endurhæfingu í heimahúsi. Unnið verður áfram að þessum verkefnum. Stefnt er að því að vera með þrjú endurhæfingarteymi starfandi á miðju ári 2019 og á sama tíma ætti að liggja fyrir árangursmæling af starfsemi endurhæfingarteymisins í Árbæ sem var sett á laggirnar árið 2017 með styrk frá velferðarráðuneytinu. Með tilkomu Velferðartæknismiðju sem tók til starfa haustið 2018 er stefnt að því að velferðartækni sé nýtt við alla þjónustuveitingu til að auka sjálfstæði og öryggi íbúa.

Hjúkrunarheimili með 99 rýmum að Sléttuvegi verður tekið í notkun á árinu 2019. Opnað verður félagsmiðstöð á sama stað þar sem áhersla verður lögð á heilsueflandi starfsemi sem nýtast megir sérstaklega fyrir eldri borgara við Sléttuveg.

Á árinu 2019 mun liggja fyrir hvaða lóðir verða skilgreindar fyrir hjúkrunarheimili í Reykjavík og í hvaða röð þær fara í uppbyggingu, í samvinnu og með samþykki heilbrigðisráðuneytisins. Með þessu verður hægt að tryggja að ekki komi of langur dráttur á nauðsynlegri uppbyggingu hjúkrunarrýma.

Aðgerðir með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við eldri borgara munu taka mið af því markmiði að Reykjavík sé aldursvæn borg og farið verður í aðgerðir með það að markmiði að draga úr einmanaleika. Einnig verður farið í heildarendurskoðun á starfsemi félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara og unnin verður áætlun á grundvelli nýsamþykkrar matarstefnu Reykjavíkurborgar.



Félagsstarfið Furugerði 1

## Börn og fjölskyldur

Efla þarf þjónustu við nemendur með fjölpættar þarfir og fjölskyldur þeirra og tryggja forvarnarstarf og snemmtæka íhlutun. Barnavernd, skólaþjónusta og önnur ráðgjafþjónusta á vegum velferðarsviðs verður eflad með það að leiðarljósi að grípa sem fyrst inn í aðstæður barna og ungmenna með forvarnir í huga.

Áhersla verður á skimun fyrir kvíða barna í samstarfi við heilsugæsluna og að brugðist verði við niðurstöðum skimunar með markvissum hætti. Sett verða viðmið um að börn og foreldrar fái viðtal við sérfræðing skólaþjónustu innan mánaðar frá því að tilvísun berst, að forathugun verði lokið innan 6 vikna og ef niðurstaða hennar er að þörf sé á fullnaðargreiningu hefjist hún innan 6 mánaða frá þeim tíma.

Á árinu 2019 verður fyrsti áfangi skammtímadvalar fyrir börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir tekinn í notkun. Um er að ræða dagþjónustuúrræði sem er opið bæði á daginn og kvöldin þar sem börn og ungmenni geta komið og sótt ýmis konar hópastarf. Foreldrar geta einnig sótt ráðgjöf og þjónustu sem veitt verður inn á heimili fjölskyldunnar eftir þörfum.

Lokið verði við gerð framkvæmdaáætlunar í barnavernd á fyrri hluta ársins 2019 og leitað verði samráðs við alla þá aðila sem koma að þjónustu við börn og unglunga í viðkvæmri stöðu, sem og þá sem þurfa á þjónustunni að halda, börn og fjölskyldur þeirra. Farið verði í aðgerðir til að styrkja Barnavernd Reykjavíkur í samræmi við þá úttekt sem liggur fyrir haustið 2018.

Horft verði á stuðningsþjónustu við börn og unglunga í fyrsta áfanga að stofnun nýrrar starfsemi sem heldur utan um stuðnings- og stoðþjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu, barnavernd og málefni fatlaðra.

## Þjónustustefna

Þjónustustefna Reykjavíkurborgar verður innleidd með markvissum hætti á öllum þjónustumiðstöðvum þar sem áhersla er lögð á notendamiðaða hönnun og jákvætt viðmót. Áhersla verði lögð á aukna sjálfsafgreiðslu og að allar umsóknir sviðsins verði rafvæddar. Fræðsluáætlun sviðsins verði tengd innleiðingunni á þjónustustefnu með gerð fræðsluefnis og námskeiða og þjónustukannanir nýttar með reglubundnum hætti til að mæla árangur. Þjónustustefnan taki mið af stöðu erlendra íbúa borgarinnar og mikilvægi þess að koma upplýsingum á framfæri á öðrum tungumálum en íslensku.

## Mannauður

Velferðarsvið leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem efli starfsgleði og frumkvæði starfsfólks. Velferðarsvið vill stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks með skýrum boðleiðum og virku upplýsingastreymi. Samvinna og samkennd eru mikilvægir hlekkir í árangri liðsheilda. Góð samvinna starfsfólks stuðlar að góðum árangri og skemmtilegum vinnustað sem byggist á gagnkvæmu trausti og virðingu. Lögð er áhersla á aukna ábyrgð einstaklinga í starfi og um leið sveigjanleika og góðar aðstæður til að samræma starf og einkalíf. Lögð er áhersla á að öllu starfsfólki bjóðist fjölbreyttir möguleikar til fræðslu og starfsþróunar bæði innan sviðs og utan.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Reykjavíkurborg hóf innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) á árinu 2011. KFS tekur mið af stöðu kynjanna í stefnumörkun og er núverandi staða kynjanna greind. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Velferðarsvið hefur tekið þátt í þeirri innleiðingu frá upphafi og samkvæmt innleiðingaráætlun mun rýningu allra þjónustubátta verða lokið á árinu 2019. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Greiningar á þjónustubáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í meginráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Útsp. 2018	Áætlun 2019
<b>Fjárhagsaðstoð</b>					
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar	2.867.710	2.240.601	1.946.389	1.974.081	2.111.921
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	2.218.785	1.708.840	1.458.582	1.446.563	1.615.345
Framfærsla vegna náms	268.365	199.858	137.200	157.628	104.999
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni	380.561	331.903	350.606	369.890	391.577
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls	3.677	3.036	2.648	2.574	2.700
<b>Húsaleigubætur</b>					
Heildarupphæð	2.000.273	1.869.511	2.101	-	-
Hlutur Reykjavíkurborgar	654.061	633.428	724	-	-
Fjöldi heimila	8.548	8.037	-	-	-
<b>Sérstakar húsaleigubætur/Sérstakar húsnæðisstuðningur á almennum markaði</b>					
Heildarupphæð	348.845	319.436	352.475	404.408	333.038
Hlutur Reykjavíkurborgar	140.699	126.841	316.148	404.408	333.038
Fjöldi heimila	1.291	1.201	1.172	1.313	1.300
<b>Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða</b>					
Fjöldi úthlutana	126	165	182	230	275
Fjöldi íbúða	1.901	1.926	2.050	2.155	2.255
Sérstakar húsaleigubætur/Sérstakar húsnæðisstuðningur v/íbúða FB	654.401	651.243	509.707	571.383	624.764
Hlutur Reykjavíkurborgar	283.530	277.577	509.707	571.383	624.764
<b>Þjónustuíbúðir</b>					
Fjöldi úthlutana	83	89	69	89	82
Fjöldi íbúða	375	365	365	365	375
<b>Hjúkrunarrými</b>					
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum	82	82	82	82	82
Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir	945.241	1.030.065	1.119.108	1.129.336	1.229.281
Meðalkostnaður á notað rými á dag	32	34	37	38	41
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum	26	26	27	28	29
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð	20	20	20	20	20
Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild	332.423	340.131	326.324	261.649	300.396
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð	46	47	45	36	41
Framlag ríkissjóðs á rými á dag	25	28	29	28	29
<b>Heimþjónusta</b>					
Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimþjónustu (gjöld)	1.806.087	1.844.890	1.989.363	2.142.857	2.193.885
Þar af heildarkostnaður kvöld og helgarþjónusta	271.321	295.649	325.072	331.388	339.901
Fél. heimþj. og endurhæfing í heimahúsi - fjöldi heimila	3.745	3.674	3.674	3.650	3.700
Heildarkostnaður heimahjúkrun	1.305.400	1.387.381	1.433.134	1.372.226	1.555.900
Heimahjúkrun - Fjöldi notenda	2.387	2.379	2.357	2.185	2.200
<b>Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./ persl. ráðgj.)</b>					
Heildarkostnaður	437.657	470.298	548.032	536.313	564.785
Fjöldi notenda	747	649	667	667	700
<b>Þjónusta við fatlað fólk</b>					
Frekari liðveisla fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður	163.316	171.838	195.889	198.526	214.301
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötlúð börn - Heildarkostnaður	73.974	78.459	138.055	141.244	141.261
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötlúð börn - Fjöldi barna	210	173	193	195	195
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) - Heildarkostnaður	237.845	278.392	279.505	397.073	482.228
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður	293.382	345.244	366.673	374.972	414.816
Búsetuúrræði - Heildarkostnaður	4.340.596	4.924.733	5.789.090	6.368.698	7.385.058
Sveigjanleiki frá barni til fullorðins - Heildarkostnaður			49.735	100.075	100.075
<b>Matarþjónusta</b>					
Fjöldi notenda með heimsendan mat	960	924	851	779	780
Fjöldi heimsendra máltíða	108.551	108.390	100.822	92.549	92.500
<b>Þjónusta við börn</b>					
Fjöldi barnaverndartilkynninga	3.948	4.119	4.244	4.300	4.300
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	168.672	200.393	266.488	310.702	256.076
Fjöldi barna í varanlegu fóstur	126	143	144	145	140
Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	119.567	111.322	137.703	165.212	173.307
Fjöldi barna í tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	100	93	103	100	100
Heildarkostnaður - Stuðningsfjölskyldur	20.406	27.281	63.908	50.374	50.374
Fjöldi barna - Stuðningsfjölskyldur	91	99	136	169	170

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar uppl. eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v. erlendra ríkisborgara.

2) Seljahlíð meðtalin.




*Ráðhús Reykjavíkur. Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson*

# SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

Miðlæg stjórnsýsla er staðsett í Ráðhúsi og Höfðatorgi

## SKIPURIT



## HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla fer með forystuhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Það er hlutverk hennar að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Miðlægri stjórnsýslu ber einnig að greiða fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum með því að styrkja gagnvirkt upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila.

Miðlæg stjórnsýsla og stoðþjónusta á vegum Reykjavíkurborgar heyrir undir embætti borgarritara, utan skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarlögmanns og innri endurskoðunar.

Borgarritari hefur yfirumsjón með fjármálum, hagsmálum, innkaupamálum, mannauðsmálum, upplýsingamálum, upplýsingatæknimálum, mannréttindamálum, þjónustumálum og umsýslu eigna og atvinnuþróunar. Undir embætti borgarritara heyra skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, fjármálaskrifstofa, skrifstofa þjónustu og reksturs, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar og mannréttindaskrifstofa.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

	Raun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur	1.648.602	1.752.944	2.002.920
<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.648.602</b>	<b>1.752.944</b>	<b>2.002.920</b>
Laun og launatengd gjöld	2.798.028	3.117.237	3.345.161
Annar kostnaður	2.016.699	2.269.038	2.512.527
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>4.814.727</b>	<b>5.386.275</b>	<b>5.857.688</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>3.166.124</b>	<b>3.633.331</b>	<b>3.854.769</b>

## STARFSFÓLK


	2019
Fjöldi stöðugilda	277,8
<b>Eftir skrifstofum:</b>	
Borgarlögmaður	9
Innri endurskoðun	8,6
Fjármálaskrifstofa	90,6
Mannréttindaskrifstofa	7,6
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	46
Skrifstofa borgarstjórnar	7
Skrifstofa þjónustu og reksturs	92
Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunnar	14
Umboðsmaður borgarbúa	3

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

### Fjárhagsáætlun 2019


Rekstur á miðlægum skrifstofum er áætlaður 3.855 m.kr. árið 2019. Endurskoðuð áætlun 2018 gerir ráð fyrir að útgjöld nemi 3.633 m.kr. þannig að fjárheimildir hækka um 221 m.kr. Rekstrarútgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

Skipting rekstrarútgjalda




Hlutfallsleg skipting á rekstrarútgjöldum er eftirfarandi hjá miðlægum skrifstofum:

### Hlutfallsleg skipting útgjalda



Skrifstofa þjónustu og rekstrar er um 47,6% af heildarútgjöldum miðlægra skrifstofa, en það skýrist einkum af umfangi upplýsingatæknideildar sem nemur um 60% af heildarútgjöldum skrifstofunnar eða tæplega 30% af útgjöldum miðlægra skrifstofa.

### Hlutfallsleg skipting útgjalda á skrifstofu þjónustu og rekstrar



Helstu breytingar fyrir utan á innri leigu, þekktar kjarasamningsbundnar launahækkningar, verðbætur á samningsskuldbindingar og frádrátt vegna afgangis fyrra árs eru eftirfarandi:

- Áætlað hefur verið fyrir aðlögun á upplýsingakerfum vegna nýrra persónuverndarlaga (20 m.kr.). Átla má að útgjöld vegna þessa verði mun meiri á næsta ári hjá miðlægri stjórnsýslu og fagsviðum borgarinnar sem krefst rýningar á fjárheimildum.
- Upplýsingatæknideild (UTD) fær aukið fjármagn til netrekstrar vegna aukinna krafna borgarstofnana (47 m.kr.), vegna nýs hugbúnaðar í rekstri (14 m.kr.) og endurnýjunar á fundarbúnaði í stjórnsýsluhúsum (9 m.kr.). Rekstur UTD er millifærður til fagsviða, þannig að nettórammi miðlægrar stjórnsýslu hækkar ekki vegna þessa.
- Skrifstofa þjónustu og rekstrar fær aukið fjármagn tímabundið vegna innleiðingar á þjónustustefnu (19 m.kr.). Þá er verkefnið Snjallborgin í Reykjavík fært af þróunarlið fjárfestingaverkefna í rekstur (30 m.kr.) og stöðugildi í vefþjónustu millifært frá menningar- og ferðamálasviði (10,5 m.kr.).
- Fjármálaskrifstofa sem er mannfrek skrifstofa vegna bókhalds og launavinnslu fær fjármagn vegna langtímaveikinda (21,2 m.kr.) og sumarafleysinga í fjárstýringu (3 m.kr.) ásamt tímabundnu fjármagni til endurbóta á fjárahagsupplýsingakerfum (12 m.kr.)
- Skrifstofa borgarstjórnar fær aukið fjármagn vegna fjölgunar borgarfulltrúa (48 m.kr.). Innfalið í fjárhæðinni eru jafnframt þekktar launahækkningar kjörinna fulltrúa.

# MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

Á síðustu árum hefur skrifstofa borgarstjóra og borgarritara í auknum mæli tekið að sér utanumhald verkefna sem ganga þvert á borgarkerfið. Er það í samræmi við hlutverk hennar um að samhæfa og samræma vinnubrögð í stjórnsýslu og stoðþjónustu borgarinnar.

Á árinu 2019 verður líkt og undanfrin ár lögð áhersla á innleiðingu og styrkingu verkefnastjórnunar á skrifstofunni og markvissa vinnu við að bæta verklag, verkferla og innra starfsumhverfi skrifstofunnar meðal annars með því að bæta aðgengi að þjónustu með rafvæðingu ferla. Þá verður áhersla á undirbúning heildstæðrar áhættustefnu og innleiðingu samræmdra aðferða við áhættustýringu, innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar og umbætur á sviði stjórnsýslu. Þá verður lögð áhersla á virkt og gott samstarf við fagsvið og miðlæga stjórnsýslu á þeim sviðum sem skrifstofan starfar.

**Alþjóðamál:** Á árinu 2019 verður unnið að nýrri alþjóðastefnu Reykjavíkurborgar. Lögð verður áhersla á samstarf skrifstofunnar við fagsvið og skrifstofur á sviði alþjóðamála. Reykjavíkurborg tekur þátt í ýmskonar alþjóðlegu samstarfi, tvíhliða og marghliða, og má þar helst nefna Evrópusamstarf, Norrænt samstarf og Vestnorrænt samstarf. Lögð er áhersla á lifandi samskipti og samstarf við systra, vina- og samstarfsborgir víða um heim, fulltrúa erlendra ríkja, sem og alþjóðlegar og innlendar stofnanir.

**Lýðheilsumál:** Lögð verður áhersla á að styrkja faglegan grundvöll stefnumótunar og aðgerða er varða lýðheilsu í Reykjavík og vinna markvisst að heilsueflingu og aukinni lýðheilsu með áherslu á heilsueflandi samfélag, heilsueflandi hverfi, heilsueflandi skóla og aukinn jöfnuð. Unnið verður að því að efla samræmda vinnu í lýðheilsumálum, yfirsýn yfir málaflokkinn og þekkingarmiðlun á milli sviða með því að styrkja samstarf við fagsviðin og það starfsfólk sem leiða verkefni á sviði lýðheilsu víðs vegar um borgarkerfið. Áfram verður unnið að því að þróa og birta lýðheilsuvísa fyrir Reykjavíkurborg og unnið með mælikvarða á árangur í lýðheilsumálum.

**Stefnumótun:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hyggst beita sér fyrir umbótum á sviði stefnumótunar með úrvinnslu á tillögum starfshóps um miðlæga stefnumótun í samstarfi við aðrar miðlægar skrifstofur þar sem við á. Það mun m.a. fela í sér kynningu á viðmiðum um stefnur og stefnumarkandi áætlanir og leiðbeinandi að stefnusniðmáti auk þess sem skrifstofan mun bjóða upp á faglegan yfirllestur á stefnum og áætlunum sem unnar eru innan Reykjavíkurborgar. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara mun áfram vinna að því að móta verkfærakistu stefnumótunar og meta þörf á að bjóða upp á sérstakt námskeið í vinnulagi við stefnumótun til viðbótar við það námskeið sem boðið er upp á í forystunámi Reykjavíkurborgar.

**Áhættustjórnun:** Unnið verður úr skýrslu starfshóps um áhættustýringu frá júní 2018 sem inniheldur m.a. grunn að heildstæðri áhættustefnu fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar og tillögur um framkvæmd. Lögð verður áhersla á að undirbyggja fyrirhugaða áhættustefnu enn frekar m.a. með tilraunaverkefnum í samvinnu við fagsvið og aðrar miðlægar skrifstofur. Ennfremur er mikilvægt að kynna tilgang og innihald áhættustefnu fyrir helstu hagsmunaaðilum og leita umsagnar þeirra. Gert er ráð fyrir að skipað verði innleiðingarteymi/starfshópur sem móti innleiðingaráætlun. Loks þarf að tryggja viðeigandi aðkomu kjörinna fulltrúa að mótun stefnunnar.

**Innleiðing persónuverndarlöggjafar:** Miðlæg verkstjórn persónuverndarmála fer fram á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Helstu verkefni sem eru á döfinni á næstu mánuðum er allsherjarkortlagning persónugreinanlegra upplýsinga og vinnslu persónuupplýsinga í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Lokið verður við greiningu á gerð vinnslusamninga við vinnsluaðila Reykjavíkurborgar sem og samninga við sameiginlega ábyrgðaraðila. Í samstafi við fagsvið og skrifstofur verður unnið að því að tryggja upplýsingaöryggi og viðbrögð við öryggisbrestum í samræmi við nýja löggjöf. Persónuverndarfulltrúi mun bjóða námskeið, fræðsluefni og aðra stoðþjónustu til starfsfólks við dagleg

störf þeirra. Þá mun persónuverndarfulltrúi einnig koma að ýmis konar úttektum, áhættumati og öðrum verkefnum sem varða eftirlitshlutverk hans í samræmi við nýja löggjöf.

**Verkefnastjórnun:** Mikill fjöldi verkefna sem varða starfsemi borgarinnar í heild eru unni á vegum Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Miklu skiptir að verkefni séu faglega unnin og framsetning niðurstaðna og tillagna með þeim hætti að grunnur ákvarðanatöku sé traustur. Á árinu 2018 hefur verið unnið að handbók um verkefnavinnu á vegum skrifstofunnar sem ætlað er að leiðbeina fulltrúum í starfshópum Reykjavíkurborgar og öðru starfsfólki um stýringu og vinnslu verkefna. Í henni er fjallað um aðferðir og verkfæri verkefnastjórnunar og leiðbeint um nýtingu þeirra. Á næstu mánuðum er fyrirhugað að kynna efni handbókarinnar og bjóða fram námskeið um verkefnastjórnun.

**Gæðastjórnun:** Skrifstofan hyggst beita sér fyrir bættri gæðastjórnun og aukinni samhæfingu í gæðamálum með áframhaldandi vinnu við skráningu og uppfærslu helstu verkferla skrifstofunnar og ferla sem ganga þvert á deildir skrifstofunnar. Unnið verði að þróun gæðahandbókar skrifstofunnar auk þess sem hún mun taka þátt í verkefnisstjórn um innleiðingu á gæðakerfi og gæðahandbók fyrir Reykjavíkurborg.

**Miðborgarmál:** Áfram verður unnið að því að styrkja samband og samvinnu við hagaðila miðborgarinnar og tengja þá við stjórnkerfi borgarinnar með það fyrir augum að efla samkeppnisstöðu hennar sem íbúabyggð, verslunar og þjónustusvæði auglýst eftir umsóknum í Miðborgarsjóð en megin markmið sjóðsins er að veita styrki til að efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga og hvetja til fjölbreytni, frumkvæðis, nýsköpunar og rannsókna í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgar. Unnið verður að endurskoðun á stefnu miðborgarmála ásamt aðgerðaráætlun hennar.

## Borgarskjalasafn

Brýnasta verkefnið framundan hjá Borgarskjalasafni er að tryggja rafræna langtíma vörslu skjala og taka í notkun nýtt umsýslukerfi með safnkostinum

Áhersla Borgarskjalasafns verður á skjalastjórn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og eftirliti með þeim. Haldið verður áfram vinnu við yfirferð skjalavistunaráætlana og unnið með skjalastjórum sviða í að efla samræmingu í skjalastjórn og auka skilning á mikilvægi skjalastjórnunar. Unnið verður að undirbúningi fyrir langtíma varðveislu rafræna skjala og gagnakerfa og mótun og framkvæmd aðgerðaáætlunar um skjalamál hjá Reykjavíkurborg. Safnið hefur hafið móttöku á tilkynningum um rafræn kerfi og stefnt er að fyrstu afhendingu í árslok 2019 hafi nauðsynleg aðföng fengist. Áfram verður samstarf við önnur héraðsskjalasöfn um skjalastjórn aðila sveitarfélaganna og söfnun einkaskjalasafna og sérstaklega leitað eftir söfnum hópa sem á hallar, eins og kvenna og innflytjenda. Þá verður unnið að undirbúningi þess að færa vef Borgarskjalasafns yfir í nýtt vefumhverfi og auka miðlun skjala á vef safnsins. Þjónusta við viðskiptavini er mikilvægt hlutverk Borgarskjalasafns og forsenda þess að gera skjöl aðgengileg öllum er góð skráning. Mikið er kallað eftir því að skrár yfir öll skjöl séu á vef og lyklatríði í því er að taka upp umsýslukerfi til að halda utan um safnkost og ljósmynduðum skjölum verður miðlað á vef, eftir því sem mannaflí leyfir, en þjónusta safnsins fer fram í gegnum síma, tölvupóst og vef, auk þess sem stöðug aðsókn er að lestrarsal safnsins.

## Tölfræði og greining

Áfram verður unnið að innleiðingu á stjórnendahugbúnaði sem hófst um mitt ár 2016. Þegar hafa verið smíðuð ýmis smáforrit sem tengjast fjárhags- og mannauðsupplýsingum, bæði til innri og ytri notkunar. Miðað er við að nú taki við vinna með fagsviðum sem snýr að starfsemi hvers sviðs.

Unnið hefur verið að kortlagningu í gagnamálum í samstarfi við skrifstofu þjónustu og reksturs og er gert ráð fyrir að því verði lokið í byrjun árs 2019. Þá er unnt að hefja vinnu við undirbúning gagnastefnu og skilgreiningu á stjórnskipulagi gagnamála.

**Reykjavík í tölum:** Unnið verður áfram með fagsviðum að áframhaldandi endurskoðun á efnisflokkum á tölfræðivef Reykjavíkurborgar og stefnt er að því að stórauka möguleika á myndrænni framsetningu talnaefnis.

Grænt bókhald fyrir Reykjavíkurborg í heild var lagt fram í fyrsta skipti á árinu 2018 og verður áfram unnið að þróun þess í samvinnu við verkefnastjórn grænna skrefa Reykjavíkurborgar. Birting græns bókhalds er hluti af árangursmiðlun borgarinnar í umhverfismálum og opnar samræmd gagnavinnsla á ýmsa möguleika í markmiðasetningu og vitundarvakningu meðal íbúa og starfsfólks Reykjavíkurborgar.

## Mannauðsdeild

Lögð er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri færni sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu. Ný mannauðsstefna var samþykkt sl. vor og verður hún innleidd á öllum starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Rík áhersla verður á samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fagsviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að góðri vinnustaðameningu. Sérstök áhersla verður lögð á öryggismál, vinnuvernd og heilsuefningu með það að leiðarljósi að innleiða öryggismenningu á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Unnið verður að gæðahandbók í mannauðsmálum. Áfram verður unnið með forystunám fyrir stjórnendur og sérfræðinga í stjórnsýslunni. Áfram verður unnið gegn kynbundnum launamun og unnið að umbótum í samræmi við jafnlaunastaðal.

## Upplýsingadeild

Á árinu 2019 verður áfram unnið eftir aðgerðaáætlun sem styður við samþykktu upplýsingastefnu borgarinnar. Unnið er að því í samvinnu við rafræna þjónustumiðstöð að þróa og efla vef Reykjavíkurborgar og gera hann að alhliða þjónustuvef. Mikilvægi samfélagsmiðla til að miðla upplýsingum til íbúa og gesta í borginni vegur æ meira í miðlun hennar. Haldið verður áfram að efla Facebook, Twitter og Instagram síður Reykjavíkurborgar til að ná að miðla upplýsingum til fjölbreyttra hópa íbúa borgarinnar. Áhersla er lögð á myndræna framsetningu og vinnslu einfaldra myndbanda til að kynna ýmis stefnumál, framkvæmdir og viðburði á vegum Reykjavíkurborgar. Þá er unnið að uppsetningu ljósmynda- og myndbandasafna sem tengjast vef og bæta aðgengi starfsmanna borgarinnar að ljósmyndum til ýmissa nota.

## FJÁRMÁLASKRIFSTOFA

Leiðarljós fjármálaskrifstofu er að veita framúrskarandi þjónustu, þar sem kjörorðin eru áreiðanleiki, fagmennska og framsækni.

Markmið fjármálaskrifstofu er bæta þjónustu við kjörna fulltrúa, íbúa og stjórnendur með skilvirkri og gagnsæri miðlun upplýsinga um fjármál og rekstur og stuðla þar með að upplýstri ákvarðanatöku, hagkvæmni og ráðdeild í rekstri.

**Áætlun, greiningar og eftirlit:** Áhersla er á endurskoðun á vinnslu fjárhagsáætlunar og stýringu fjárheimilda. Nýtt launaáætlunarkerfi SAP hefur verið tekið í notkun sem eykur yfirsýn og bætir upplýsingagjöf. Nýtt samstæðuuppgjör- og áætlunarkerfi, Unit4 FPM (Financial Performance Management) hefur verið tekið í notkun við vinnslu fjárhagsáætlunar og frekari nýting á því kerfi er

fyrirhuguð. Innleiðing er hafin á Unit4 Business Books sem er aðgengilegt upplýsingakerfi til að útfæra áætlunarlíkön fyrir stofnanir og þjónustubætti. Ný áætlunarkerfi munu til framtíðar hafa umtalsverð áhrif á allt verklag við vinnslu fjárhagsáætlunar, bæta stýringu fjárheimilda og greiningar, auka gagnsæi og aðgengi að gögnum. Lögð verður áhersla á rafrænt aðgengi íbúa, kjörinna fulltrúa og stjórnenda að lýsandi fjárhagslegum upplýsingum, kennitölum og lykiltalnahgreiningum.

**Uppgjör:** Innleiðingu á samstæðuuppgjörskerfi Unit4 FPM er að ljúka og var mánaðauppgjör A-hluta janúar-ágúst 2018 unnið að miklu leyti í nýju kerfi. Níu mánaða uppgjör samstæðu A- og B-hluta verður unnið í FPM kerfinu. Áfram verður unnið við að próa og bæta verkferla þannig að uppgjörskerfið nýtist sem best. Markmiðið er að tryggja skilvirkt flæði á milli bókhalds, uppgjör og áætlunar. Innleiðingin er hluti af heildstæðri endurskipulagningu á fjárhagsupplýsingakerfum Reykjavíkurborgar með hliðsjón af breyttum þörfum almennt, nýjum áherslum varðandi meðhöndlun gagna og auknum kröfum á sviði upplýsingamiðlunar. Vinna starfshóps um endurskoðun á fjárhagslíkani Reykjavíkurborgar heldur áfram. Markmið endurskoðunarinnar er m.a. að samræma flokkun og skráningu bókhaldsupplýsinga og notkun kostnaðarstaða og vídda þvert á rekstrareiningar.

**Áhættumat:** Unnið er að tillögu um fjármálalega áhættustefnu Reykjavíkurborgar. Útfæra þarf verklag og verkferla vegna fjármálalegrar áhættustýringar á grundvelli væntanlegrar fjármála- og áhættustefnu. Í því felst að efla innra eftirlitskerfi, rýna og bæta verklag og verkferla, skilgreina áhættumælikvarða og mikilvæga eftirlitsstaði á sviði áætlunar, fjárstýringar og uppgjöra og tryggja reglubundna vöktun þeirra. Í því samhengi hefur verið þróuð ársfjórðungsleg áhættuskýrsla sem stefnt er að verði kynnt í borgarráði í kjölfar hvers ársfjórðungslegs uppgjör. Skýrslunni er ætlað að gefa reglubundið mynd af þróun og stöðu helstu ytri og innri áhættuþátta sem hafa fjárhagsleg áhrif á samstæðu Reykjavíkurborgar.

**Bókhald:** Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af vel heppnaðri innleiðingu á rafrænum reikningum hjá Reykjavíkurborg. Unnið verður að einföldun og hagræðingu í verkferlum og innlestri gagna í fjárhagskerfi borgarinnar frá öðrum kerfum. Stefnt er að því að auka hlut rafrænna reikninga frá birgjum enn frekar og gert er ráð fyrir að allir birgjar sem borgin er í reglubundnum viðskiptum við sendi einungis rafræna reikninga á næstu árum. Fyrirhuguð er á árinu 2019 áframhaldandi vinna við endurskoðun bókhaldslíkans Reykjavíkurborgar með það að markmiði að nýta enn betur fjárhagsupplýsingakerfið Unit4 Business World (Agresso) og einfalda enn frekar verklag og vinnubrögð. Framundan er undirbúningur að uppfærslu á fjárhagsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar á árinu 2019. Að lokinni uppfærslu er gert ráð fyrir að ýmsar nýjungar verði skoðaðar, s.s. innkaupakerfi í samráði við innkaupadeild.

**Fjárstýring:** Áhersla verður á skilvirka lána- og lausafjárstýringu sem miðar að því að Reykjavíkurborg hafi gott aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs. Áhersla verður á að setja skýra mælikvarða um árangur og fylgja þeim eftir með skýrslugjöf í samræmi við fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar og fjárstýringarreglur. Á undanförunum árum hefur fjárstýringardeild farið í útboð þjónustubáttum sem tengjast innheimtu borgarinnar s.s. fruminnheimtu, milli- og löginnheimtu, færsluhirðingu og boðgreiðsluþjónustu. Meginmarkmiðið með því að fara í útboð á fjármálaþjónustu er að tryggja örugga, tímanlega og skilvirka þjónustu, á lágmarka kostnað borgarbúa og borgarsjóðs vegna fjármálaþjónustu og bæta upplýsingagjöf til borgarbúa og borgarsjóðs. Unnið er að því að einfalda ferla, auka skilvirkni, hagkvæmni og fagmennsku og ná enn frekari árangri í því á árinu 2019.

**Kjararáll:** Allir kjarasamningar Reykjavíkurborgar renna út á árinu 2019. Kjarasamningar við stéttarfélag innan Kennarasambands Íslands eru lausir í lok júní 2019 en aðrir kjarasamningar renna út í lok mars 2019. Áhersla verður lögð á að bæta verklag og vinnuferli við launavinnslu. Þá verður einnig unnið að aukinni upplýsingagjöf og fræðslu um efni kjarasamninga.

**Innkauparáll:** Einn af möguleikum útboðskerfis gefur færi á svo kölluðu „gagnvirku innkaupakerfi“ en það er eins konar opin rafrænn rammasamningur en þess háttar samninga má aðeins gera ef til staðar

er rafrænt útboðskerfi. Opnir rafrænir rammamningar hafa verið nýttir víðs vegar í Evrópu og þá sérstaklega við hins ýmsu þjónustukaup en samningarnir hafa þann kost umfram hefðbundna rammamninga að þeir eru aðgengilegir áhugasömum aðilum á gildistíma samningsins. Í undirbúningi hjá innkaupadeild eru fyrstu opnu rafrænu rammamningarnir sem verða um kaup á mismunandi sérfræðiþjónustu.

## SKRIFSTOFA ÞJÓNUSTU OG REKSTURS

### Skjaladeild

Innleiðing á nýju upplýsingastjórnunarkerfi fyrir þá aðila sem deildin þjónustar verður megin verkefni deildarinnar 2019. Samhliða því verða málalyklar og skjalavistunaráætlanir þessara eininga endurskoðuð. Áhersla verður lögð á fræðslu um skjalastjórn og mikilvægi hennar. Vænta má að á næstu árum muni innleiðing á rafrænni skjalastjórnun verða eitt af mikilvægari verkefnum deildarinnar.

### Upplýsingatæknideild

Eitt af markmiðum upplýsingatæknideildar er að auka möguleika á sjálfsafgreiðslu með innleiðingu á þjónustugátt UTD en talið er að fjöldi beiðna sem berast til UTD geti lækkað í kjölfarið en einnig verður unnið með öðrum deildum skrifstofunnar og sviðum borgarinnar í að auka rafræna þjónustu.

Haldið verður áfram á þeirri braut að greina tækifæri til að draga úr sóun með markvissri útvistun sérhæfðra rekstarverkefna ásamt því að tryggja að kerfisrekstur sé með nútímalegum hætti og standist þær kröfur sem gerðar eru til slíks reksturs.

Stefna um nýtingu upplýsingatækni 2018-2022 var samþykkt 20. mars 2018 og var það UTD sem leiddi þá stefnumótunavinnu og kemur það í hlut UTD að innleiða stefnuna. Auknar kröfur eru gerðar frá sviðum borgarinnar að geta boðið viðskiptavinum og skjólstæðingum upp á opið og öruggt net, mikið átak var gert í netmálum 2018 og var meðal annars bandvídd nethrings borgarinnar tífölduð sem var nauðsynlegt. Við þá stækkun opnast möguleikar á að halda áfram með uppbyggingu og útfærslu á þráðlausu neti á starfsstöðum Reykjavíkur með fjölgun á netpunktum ásamt því að unnið verður að auknu netöryggi meðal annars með nýjum auðkenningar og eldveggja lausnum.

Haldið verður áfram að innleiða Office 365 og sameina upplýsingatækniumhverfi leikskóla og frístundahluta SFS ásamt því að haldið verður áfram að vinna með SFS að nýjum lausnum í skólastarfi, innleiða frekari snjalltækjastjórnun fyrir grunnskóla ásamt því að skoða hvernig slíkt kerfi gæti hentað skrifstofuumhverfi borgarinnar. Innleiðing á Windows 10 fyrir skrifstofuumhverfi ásamt uppfærslum á kjarnabúnaði hefur opnað fyrir frekari þróun á starfsumhverfi starfsmanna Reykjavíkurborgar. SSO (single sign on) verður innleitt þar sem við á og tvíþátta innskráningar fyrir þá sem þurfa aukið öryggi.

Með innleiðingu á nýju persónuverndarlöggjöfinni (GDPR) er gerð krafa um að persónuvernd sé hluti af öllum upplýsingatækniverkefnum og er nauðsynlegt að gera úttekt á þeim gagnagrunnum sem innihalda gögn Reykjavíkurborgar. Kanna á hagkvæmni á frekari nýtingu skýjalausna í skrifstofuumhverfi borgarinnar en stöðug þróun hefur verið bæði í þeim möguleikum sem slíkt kerfi bjóða uppá og er stöðug þörf á að endurmeta þarfir og hagkvæmni slíkra lausna.

Haldið verður áfram með innleiðingu á birgða- og gjaldskrár/leigukerfi fyrir UTD en sú vinna mun leiða af sér töluverðan vinnusparnað við gjaldskrárvinnu UTD og auka nákvæmni gjaldskrár UTD.

Haldið verður áfram að greina og endurnýja skjái/skjávarpa og fundarbúnaði fyrir ráðhús, Höfðatorg og Höfða ásamt því að innleiða fleiri fjarfundar möguleika.

Áfram verður haldið í samstarfi við Skjaladeild að innleiðingu nýs upplýsingastjórnunarkerfis fyrir öll svið og skrifstofur borgarinnar.

### Þjónustudeild

Áhersla þjónustudeildar næstu árin verður áfram á aðhlyningu þeirra þátta sem deildin ber ábyrgð á, hvort sem er í framlínubjónustu eða vinnuumhverfi starfsfólks borgarinnar. Þjónustudeildin er með þjónustusamning við öll fagsvið og miðlægrar skrifstofur borgarinnar og einnig við Bílastæðasjóð. Farin er í gang vinna við að kortleggja þau upplýsingakerfi sem í boði eru með það að markmiði að auka og bæta tölfræðigreiningu þjónustudeildarinnar. Endurnýjun tækjabúnaðar og húsgagna fyrir Ráðhús, 7.hæð Höfðatorgs og fundarherbergi húsanna hófst á árinu 2016 og gert er ráð fyrir að ljúka þeirri vinnu á árinu 2019.



Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson

### Rafræn þjónustumiðstöð

Rafræn þjónustumiðstöð (RPM) tók formlega til starfa í byrjun árs 2017. Eitt helsta markmið RPM er að færa þjónustu borgarinnar nær notendum og styðja starfsfólk til að velja rafrænt sem fyrsta kost við framsetningu á gögnum og efni. RPM starfar þvert á svið og deildir Reykjavíkurborgar og er til ráðgjafar í stafrænum verkefnum. Í rafræna teyminu starfa 7 verkefnastjórar í fullu starfi, RPM vinnur náið með verkefnastjórum Snjallborgar og upplýsingatæknideildar sem mynda saman teymi sérfræðinga er vinna

að rafrænum málum Reykjavíkurborgar ásamt því að vera í samstarfi við verktaka og fyrirtæki stór og smá.

Meðal helstu verkefna RþM árið 2019 eru rafvæðing umsóknarferla á Velferðarsviði, Mínar síður á reykjavik.is, aukin sjálfvirkni í þjónustuveri með aðstoð sjálfsafgreiðsluskjáa, endurskipulagning vefmála, uppsetning hönnunarstaðal fyrir veflausnir, þróun ábendingarvefs, aukin innleiðing sjálfvirks netspjalls (e. chatbot) á þjónustustigi borgarinnar sem og almenn þjónusta við framsetningu efnis á vef fyrir öll svið borgarinnar. Haldið verður áfram með innleiðingu þjónustustefnu Reykjavíkurborgar sem hófst undir lok ársins 2017 og er unnið eftir tveggja ára aðgerðaráætlun í senn.

## Snjallborgin

Snjallborgin Reykjavík tileinkar sér aðferðarfræði snjallborga til lengri tíma litið. Snjallborg er borg sem er byggð upp með framtíðina í huga og notar til þess upplýsinga-, samskipta- og fjarskiptatækni til að bæta lífsgæði borgarbúa á nýskapandi og sjálfbæran hátt. Snjallborgarverkefni stuðla m.a. að framúrstefnulegri þjónustu, skilvirkari samgöngum, hagræðingu í rekstri, auknu gagnsæi, vistvænum úrlausnum og bættu öryggi borgarbúa. Til þess að ná þessum markmiðum eru tveir lykilþættir ráðandi að undanskildri tækninni, þ.e. samstarf hagsmunaaðila og opin gögn.

Eitt mikilvægasta verkefni snjallborga er að efla þverfaglegt samstarf innan- og utanhúss, eða brúa sílóin sem borgir starfa gjarnan í. Þar er m.a. lögð höfuð áhersla á samtal við íbúa og að efla tenginguna við háskóla-, frumkvöðla- og alþjóðasamfélagið. Tenging við reynslu og þekkingu alþjóðasamfélagsins á sér m.a. stað í gegnum Nordic Smart Cities Network, Climate-KIC og LUCI Association sem eru allt samtök sem Reykjavíkurborg er aðili að. Snjallborgin leiðir samskipti Reykjavíkurborgar við fyrrgreind samtök sem styðja öll vel við stefnumál borgarinnar. Snjallborgin leiðir og kemur að ýmsum nýskapandi þróunarverkefnum innan borgarkerfisins. Eitt stærsta verkefni Snjallborgarinnar snýr að snjallvæðingu ljósastaura. Snjallborgin kemur því að vinnu stýrihóps í samvinnu við USK og Liska sem snýr að nýrri stefnu í lýsingarmálum borgarinnar til framtíðar. Til að mynda á að skipta út 12.000 kvikasilfursperum fyrir fjarstýrða LED lýsingu á næstu 3-5 árum. Samhliða því stýrir Snjallborgin prófunum á mismunandi fjarskiptatækni t.d. ljósleiðara, WiFi og NBloT sem samskipta burðarvirki í ljósastaura borgarinnar og uppsetningu nema sem safna gögnum um t.d. veðurfar, loftgæði, hljóðvist og umferð gangandi vegfarenda, hjóla og bíla um borgina. Þessar tilraunir fara m.a. fram í Klambratúni í samstarfi við Farsýn. Prófanir fara fram á marghólfa flokkunar snjallstömpum á Lækjartorgi og Hafnarstræti. Um er að ræða sorptunnur sem að senda skilaboð þegar tunnan er að fyllast og er auk þess með sorppressu í blandaða úrganginum knúna af sólarorku sem leiðir til aukinnar skilvirkni þar sem það þarf einungis að tæma blandaða úrganginn 1x í viku í stað 1-2 x á dag áður. Snjallborgin leiðir prófanir á aðgangsstýrðum hjólastæðunum í Höfðatorgi og Ráðhúsinu þar sem hægt er að læsa hjólinu með smáforriti og RFID korti, en ef átt er við stæðin með óeðlilegum hætti fer þjófavörn í gang og myndskot er tekið. Auk þess hefur Snjallborgin m.a. komið að vinnu í kringum skutlbílaeiguna Zipcar og uppbyggingu rafbílahleðslustöðva borgarinnar. Að lokum er unnið að samþættingu fyrrgreindra og annara IoT gagna er tengjast innviðum borgarinnar með tilkomu prófana á hugbúnaðinum Kinetic for Cities frá Cisco sem samkeyrir gögnin á heildstæðan- og myndrænan hátt, þannig að auðveldara verði að skilja þau og þar af leiðandi stuðla að betri ákvarðanatöku, nýsköpun, bættri þjónustu og skilvirkni í uppbyggingu borgarinnar.

## MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA

Mannréttindaskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs,

fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Skrifstofan vinnur með mannréttinda –og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttindaskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Á mannréttindaskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir: Öldungaráð Reykjavíkurborgar, Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar, Ofbeldisvarnarnefnd og Ferlinefnd fatlaðs fólks.

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Á árinu 2019 er gert ráð fyrir auknum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum skrifstofu borgarstjórnar en málafjöldi hefur aukist frá sveitarstjórnarkosningum í júní. Að sama skapi er gert ráð fyrir að töluverð aukning verði á málum sem fara til umfjöllunar borgarstjórnar, auk þess sem áfram er gert ráð fyrir því að borgarstjórn haldi opna fundi með Reykjavíkurráði ungmenna, fjölmeningarráði, ofbeldisvarnarnefnd og öldungaráði Reykjavíkur á árinu. Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar, borgarráðs og fagráða. Á síðasta ári var tekið í notkun nýtt fundargerðakerfi sem þróað hefur verið á skrifstofunni og er innleiðingu þess hjá nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar að mestu lokið. Áfram verður unnið að þróun kerfisins en m.a. hefur borgarráð tekið ákvörðun um opinbera birtingu dagskrár og fundargagna við boðun. Eftir miklar breytingar á sal borgarstjórnar á þessu ári og innleiðingu nýrrar tækni við upptökur, útsendingar og streymi á fundum borgarstjórnar verður áfram unnið að vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Skrifstofan hefur haldið áfram aðlögun að breyttum lögum um veitinga- og gististaði en nú vinnur skrifstofa borgarstjórnar heildarumsögn sveitarstjórnarinnar um rekstrarleyfi í mikilli samvinnu við byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið. Breytingarnar hafa leitt til vandaðri málsmeðferðar og bættrar þjónustu við rekstraraðila en áfram er stefnt að bætingu á þjónustunni. Samninganefnd borgarstjórnar við Airbnb er líka vistuð á skrifstofunni auk þess sem áfram verður unnið í því að auka samræmingu eftirlits Reykjavíkurborgar vegna veitinga- og gististaða. Meginverkefni næsta árs verður þó án efa að uppfæra og breyta þjónustu skrifstofunnar við nýja borgarstjórn en fjölgun borgarfulltrúa úr 15 í 23 hefur haft í för með sér ýmis verkefni svo sem breytingar á vinnuaðstöðu borgarfulltrúa og fundarsal borgarstjórnar.

## BORGARLÖGMAÐUR

Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning en ekkert lát virðist vera á fjölgun dómsmála. Stöðug aukning hefur verið í fjölda þeirra á síðastliðnum árum, ekki síst í málum fyrir velferðarsvið, þ.e. barnaverndar- og lögræðismál sem öll sæta að auki flýtimeðferð fyrir dómi. Jafnframt er gert ráð fyrir að sem endranær muni töluverðum tími starfsfólks embættisins vera varið í fyrirsvar gagnvart ýmsum eftirlits- og úrskurðaraðilum á stjórnsýslustigi. Einnig er áfram gert ráð fyrir töluverðu vinnuframlagi starfsfólks við ráðgjöf vegna lóðamála og fyrirætlaða um fjölgun leiguíbúða. Þá er ráðgjöf á sviði útboðsmála alltaf fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi borgarlögmanns, en eitt af verkefnum borgarlögmann er að veita ráðgjöf á sviði opinberra innkaupa. Með þeirri breytingu sem gerð var á lögum um opinber innkaup árið 2016 ná lögin yfir fleiri tegundir félagsþjónustu en áður, auk þess sem svigrúm til viðræðna við bjóðendur hefur verið aukið. Undanfarin misseri hefur innkaupadeild, sem borgarlögmaður veitir lögfræðilega ráðgjöf í innkaupamálum, í auknum mæli notast við innkaupaferli

sem heimila viðræður við mögulega bjóðendur enda eiga slík ferli að skila betri samningsniðurstöðum. Slík innkaupaferli taka mun lengri tíma og útheimta mun meiri ráðgjöf en almennt á við um einföld útboð. Eðli máls samkvæmt hefur því umfang ráðgjafar borgarlögmanns aukist á þessum tíma í réttu hlutfalli við lengd samningsgerðarinnar. Fyrirséð er að aukning verði í ráðgjöf borgarlögmanns á sviði innkaupamála, bæði þar sem kynna þarf nýjar innkaupareglur sem nú eru í vinnslu og þar sem lög um opinber innkaup munu frá 31. maí 2019 gilda um mun fleiri samninga sem Reykjavíkurborg gerir en áður hefur verið. Borgarlögmaður er í fyrirsvari vegna krafna um skaðabætur og tryggingabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra. Þessi þáttur starfseminnar er áfram stöðugt vaxandi og er nú svo komið að segja má að tvö og hálf stöðugildi séu að jafnaði bundið við afgreiðslu þessara mála.

## INNRI ENDURSKOÐANDI

Gerð var áhættugrunduð innri endurskoðunaráætlun fyrir úttektir á árunum 2018 – 2019 og lögð fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar í nóvember 2017. Áætlunin var unnin í samráði við endurskoðunarnefnd, ytri endurskoðendur og æðstu stjórnendur borgarinnar. Jafnframt hafa verið gerðar innri endurskoðunaráætlanir fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Félagsbústaði, Faxaflóahafnir og Malbikunarstöðina Höfða hf. sem hafa verið kynntar fyrir endurskoðunarnefnd og samþykktar af stjórnnum þessara félaga. Stjórnir Sorpu og Strætó gerðu samning við 3ja aðila um að sinna innri endurskoðun og hafa þeir lagt sínar áætlanir fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn. Unnið er að því að gera innri endurskoðunaráætlun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur sef. og dótturfélög.

Gildandi innri endurskoðunaráætlun fyrir A hluta tekur til áranna 2018 og 2019. Áætlunin gerir ráð fyrir samtals 41 fyrirséðu verkefni og gert er ráð fyrir að ráðist verði í 10 ófyrirséð verkefni á tímabilinu.

Auk eftirfylgniskoðana með fyrri úttektum Innri endurskoðunar koma helstu áherslur í innri endurskoðunaráætlunum fram í úttektum á upplýsingaöryggi, persónuvernd, innkaupa- og útboðsmálum, rekstri grunn- og leikskóla, eftirliti með nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum, fjárhagsaðstoð, innleiðingu nýrra kerfa og hlýtni við mikilvægar verklagsreglur t.d. á sviði fjármála og byggingar- og skipulagsmála. Á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á mat á eftirlitsumhverfi út frá skilgreindum viðmiðum um uppbyggingu á innra eftirliti. Í því sambandi hefur verið litið til alþjóðlega viðurkennds ramma um innra eftirlit (COSO – Internal Control Framework) sem leggur áherslu á eftirfarandi fimm meginþætti; Eftirlitsumhverfi, Áhættumat, Eftirlitsaðgerðir, Upplýsingar og samskipti, Stjórnendaeftirlit.

## UMBOÐSMAÐUR BORGARBÚA

Embætti umboðsmanns borgarbúa hefur verið í stöðugri þróun frá því embættið tók til starfa í maí 2013. Taka verkefnin mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Áframhald verður á kynningarátaki sem hófst á síðasta ársfjórðungi 2018 á starfsemi umboðsmanns út árið 2019. Tekur átakið bæði til starfsmanna og starfsstöðva Reykjavíkurborgar en snýr einnig að kynningu starfseminnar út á við. Má gera ráð fyrir því að málum á borði embættisins muni fjölga í samræmi við aukna þekkingu starfsmanna og almenningar á starfsemi umboðsmanns. Unnið verður að aukinni tölfræðigreiningu embættisins á árinu og upplýsingum miðlað í auknum mæli í gegnum vefsíðu umboðsmanns. Embættið hefur á undanförunum misserum unnið að gerð matslíkans sem hefur að markmiði að kortleggja með hvaða hætti einstök svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar meðhöndla kvartanir sem þeim berast og þær varnir við brotum á málsmeðferðarreglum sem svið og skrifstofur hafa innleitt í verklag og verklagsreglur. Er áætlunin að leggja matslíkanið fyrir með reglubundnum hætti, í fyrsta sinn árið 2019.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Markvisst er unnið að innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) hjá Reykjavíkurborg. Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu borgarinnar og stuðla þannig að auknu jafnrétti.

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun borgarinnar mismunandi áhrif á þeirra tækifæri til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks, og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti þeim mismunandi þörfum.

Vorið 2018 var samþykkt að fela sviðsstjórum ábyrgð á innleiðingu KFS á fagsviðunum og eru þar nú starfrækir fjögurra manna starfshópar sem halda utan um vinnuna. Samhliða þessum breytingum var ákveðið að skipa pólitískan stýrihóp í apríl 2018 sem hefur það meginverkefni að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Starfandi er einnig ráðgjafahópur um KFS sem leiddur er af fjármálastjóra og samanstendur af fulltrúum úr starfshópum fagsviðana, skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu og mannréttindaskrifstofu. Hlutverk ráðgjafarhóps KFS er að vera bæði stýrihópi og starfshópum til ráðgjafar.

Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykka fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Á árinu 2018 var tekin í notkun jafnréttisskimun sem tekur saman áhrif tillagna á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsettra hópa með einföldum hætti. Jafnréttisskimuninni er ætlað að styðja við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa um forgangsröðun og ráðstöfun fjármuna og miðað við að verkefni sem fá áframhaldandi brautargengi fari í jafnréttismat sem er ítarlegri greining. Framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulag vinnu. Markmiðið er að við lok innleiðingar KFS verði gerð krafa um jafnréttisskimun við alla almenna ráðstöfun fjármuna borgarinnar sem hafa áhrif á fólk.

Starfshópar á fagsviðunum vinna að því að greina þjónustu borgarinnar út frá sjónarmiðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna borgarinnar með hagsmuni allra borgarbúa að leiðarljósi.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2013	2014	2015	2016	2017	Útksp 2018	Áætlun 2019
<b>Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara</b>							
Stjórnsýsluerindi	1.328	1.222	1.156	1.008	795	700	850
Þar af til borgarráðs	202	43					
Móttökur	95	160	78	58	52	61	70
Fréttatilkynningar	618	658	823	817	800	830	820
Viðtalsbeiðnir frá erlendum fjölmiðlum	94	66	25	15	12	13	14
Borgarskjalasafn - hillumetrar af mótteknum skjölum	168	250	320	205	250	250	
Borgarskjalasafn - fjöldi fyrirspurna	1.651	1.800	1.434	1.511	1.500	1.500	
Vefur - vikulegt innlit	41.721	37.000	38.500	37.608	41.000	43.000	45.000
Vefur - fjöldi skoðaðra síðna á viku	186.555	140.000	155.000	120.830	130.000	125.000	140.000
Facebook póstar		573	1.157	1.200	1.350	1.350	1.340
Að meðaltali á viku		14,3	23	24	26	26	26
<b>Fjármálaskrifstofa</b>							
Reikningar frá birgjum alls	231.078	245.556	253.749	246.560	249.489	252.000	250.000
Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL)	83.380	103.936	140.310	147.201	151.106	160.000	165.000
Hlutfall rafrænna birgjareikninga	36%	42%	55%	60%	61%	63%	65%
Hlutfall rafrænna reikninga með innri reikn.	40%	46%	58%	62%	63%	65%	68%
-Fjöldi starfsmanna í bókhaldi	32	32	30	29	29	29	29
Fjöldi uppgjara (A, A+,B,AS,ES,Jörundur, Afvaki)	53	53	49	49	45	42	42
-Fjöldi starfsmanna í uppgjörum	3,0	3,0	3,0	3,5	4,0	4,0	4,0
<b>Skrifstofa þjónustu og rekstrar</b>							
Þjónustubeiðnir afgreiddar innan 24 tíma		69%	78%	80%	83%	80%	83%
Þjónustuver – fjöldi símtala		160.141	149.950	142.667	135.406	130.059	128.000
Þjónustuver – fjöldi skráðra heimsóknna		49.500	50.490	44.675	39.976	40.840	40.000
Netspjall		3.950	3.300	3.414	5.400	6.705	7.400
Afgreiðsla Ráðhús					5.800	6.100	6.300
Rafræn Reykjavík - fjöldi umsókna		30.000	26.899	22.205	21.244	23.289	25.525
Rafræn Reykjavík – fjöldi gesta		52.030	63.914	66.100	76.521	75.913	76.000
<b>Borgarlögmaður</b>							
<b>Almenn stjórnsýslumál</b>							
Í vinnslu			48	33	42	50	55
Lokið			149	149	254	260	270
Samtals			197	182	296	310	325
<b>Dómsmál</b>							
Í rekstri	23	29	34	24	33	40	45
Lokið	103	87	99	131	159	170	180
Samtals	126	116	133	155	192	210	225
Þar af fyrir Velferðarsvið	64	63	95	119	153	160	170
<b>Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum</b>							
Innkomin	103	157	163	119	101	100	110
Í vinnslu	80	97	169	151	188	190	190
Fullnaðaruppgjör bóta	38	48	38				
Samtals greiddar bætur (b.kr.)	33.931	77.752	43.978				
<b>Önnur slysa-/skaðabótamál</b>							
Samtals greiddar bætur (b.kr.)			3.708				






*Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson*

# SKRIFSTOFA EIGNA- OG ATVINNUÞRÓUNAR

## LEIÐARLJÓS

*Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eigna-umsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánu samstarfi við aðra sem málið varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.*

## SKIPURIT



Skipurit skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) er einfalt flétturit tveggja megineininga og tveggja stoðeininga. Helstu viðfangsefni skrifstofunnar, eignaumsýsla og atvinnuþróun, eru mjög samtvinnuð þar sem skrifstofan hefur það hlutverk að móta og markaðssetja land og lóðir til atvinnustarfsemi í samræmi við nýtt aðalskipulag og atvinnustefnu Reykjavíkur, Skapandi borg. Jafnframt á SEA að flétta saman aðgerðir til eflingar atvinnu í borginni og tekjuöflun. Áhersla er lögð á sveigjanleika og samvinnu innan skrifstofunnar svo hún geti beint kröftum sínum þangað sem þörf er hverju sinni.

## HLUTVERK

SEA annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2030 frá 2013 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. SEA gerir samning við Umhverfis- og skipulagssvið (USK) um verklegar framkvæmdir fjárfestingaákvæðana og ýmis eignaumsýsluverkefni. Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum helstu viðfangsefnum SEA. Eins og sýnt er í skipuriti skrifstofunnar er lögð áhersla á sveigjanlegt skipulag, samvinnu og skilvirka verkefnastýringu þannig að hægt sé að beina kröftum þangað sem mest þörf er hverju sinni.

- SEA fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar. SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun nýframkvæmda og búnaðar fyrir hvert ár og vinnu við fimm ára fjárfestingaáætlun í samráði við fagsviðin og fjármálaskrifstofu (FMS) til samræmis við ferla þar að lútandi.
- SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við gerð viðhaldsáætlunar eignasafns Reykjavíkurborgar.
- SEA er ábyrgt fyrir og annast frumathuganir fjárfestingaverkefna.
- SEA sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, hið opinbera (Íslandsstofa) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróun.
- SEA ber ábyrgð á og vinnur að gerð úthlutunar- og útboðsskilmála vegna lóða í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Þegar slíkt á við tekur skrifstofan þátt í deiliskipulagsgerð með Umhverfis- og skipulagssviði (USK).
- SEA mun hafa umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og eða eignasjóði Reykjavíkurborgar.
- SEA hefur umsjón með tryggingamálum Reykjavíkurborgar og fer með þau í samstarfi við FMS. Fylgt er stefnu sem samþykkt var í borgarráði 1997. Samkvæmt stefnunni eru einungis keyptar skyldutryggingar en starfsstaðir geta fengið lausafjártjón bætt miðlægt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þá hefur SEA umsjón með miðlægum samningi um öryggisgæslu fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

	Raun 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019
Leigutekjur	18.064.887	18.902.230	20.165.054
Rekstrartekjur	8.074.175	6.208.287	3.881.930
<b>Tekjur samtals</b>	<b>26.139.062</b>	<b>25.110.517</b>	<b>24.046.984</b>
Laun og launatengd gjöld	175.849	171.679	174.307
Annar kostnaður	3.490.507	3.743.463	3.932.828
Afskriftir	4.663.706	4.889.621	5.138.427
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>8.330.062</b>	<b>8.804.763</b>	<b>9.245.562</b>
Fjármagnsliðir	-4.745.710	-5.349.407	-5.614.131
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>13.063.290</b>	<b>10.956.347</b>	<b>9.187.291</b>

## STARFSFÓLK

	2019
Fjöldi starfsmanna	14
Fjöldi stöðugilda	14

## FJÁRFESTINGAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2019

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2019 gerir ráð fyrir að 14.694 milljónum króna verði varið til fjárfestinga. Er það 3.050 milljón króna lækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2018. Lækkunin skiptist þannig að 2.206 milljónir eru vegna byggingaframkvæmda, 2.621 milljónir vegna annarra fjárfestinga og 500 milljónir vegna hækkunar gatnagerðargjalda. Á móti kemur hækkun um 2.276 milljónir vegna gatna- og umhverfisframkvæmda.

Framkvæmdaáætlunin verður fjármögnuð 70% af eigin fé og 30% með lánsfé. Áfangar á framkvæmdaferlinu verða kynntir fyrir borgarráði og fagráðum við framlagningu milliuppgjöra.

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2019
<b>Byggingaframkvæmdir</b>	
Menningar- og ferðamálasvið	1.750.910
Skóla- og frístundasvið	2.282.000
Íþrótt- og tómstundasvið	2.619.160
Velferðarsvið	558.400
Ýmsar fasteignir	402.000
Bílastæðasjóður	100.000
<b>Byggingaframkvæmdir samtals</b>	<b>7.712.470</b>
<b>Gatna- og umhverfisframkvæmdir</b>	<b>9.061.000</b>
Lóðir, lönd og skipulagseignir	76.500
Áhöld, tæki og hugbúnaður	1.253.000
Sérstök átaksverkefni	725.000
<b>Fjárfestingar samtals:</b>	<b>18.827.970</b>
<b>Gatnagerðargjöld</b>	<b>4.134.062</b>
<b>Fjárfestingar nettó:</b>	<b>14.693.908</b>

## HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 2019

**Menningar- og ferðamálasvið:** Unnið er að undirbúningi vegna stofnunar safns Nínu Tryggvadóttur sem fyrirhugað er að verði til húsa í Hafnarhúsi ásamt Listasafni Reykjavíkur og ráðgert að festa kaup á hluta Faxaflóahafna í húsinu. Í framhaldi verði ráðist í umtalsverðar breytingar og lagfæringar á húsinu. Uppsteypu viðbyggingar við Grófarhús er lokið og unnið að því að fullgera ytrabyrgði hennar. Umtalsverðar breytingar verða gerðar á rýmisnýtingu hússins á næstu 3 árum i tengslum við stækkun hússins. Framhald verður á verkframkvæmdum við menningarmiðstöð í Úlfarsárdal samhliða uppbyggingu á samþættum leik- og grunnskóla, sundlaug og íþróttahúsi en ráðgert er að framkvæmdum við menningarmiðstöð verði lokið 2021. Unnið verður að endurbótum á Kjarvalsstöðum og í Ásmunarsafni til að bæta aðstöðu fyrir gesti safnanna auk þess sem fjárfest verður í búnaði fyrir Borgarleikhús og snyrtingar endurnýjaðar. Að auki verðu fé varið til smærri verkefni vegna stofnana sviðsins.

**Skóla- og frístundasvið:** Verkframkvæmdum við Dalskóla, samþættan leik- og grunnskóla við Úlfarsbraut hefur miðað vel og verður hann tekinn í notkun að fullu á árinu 2019. Framkvæmdin fylgir stöðlum BREEAM vistvottunarkerfisins og mun verða fyrsta vistvæna skólabygging Reykjavíkurborgar og hluti af andlagi grænnar skuldabréfaútgáfu. Verkframkvæmdum við 3.400 fermetra viðbyggingu Klettaskóla sem og gagngerum endurbótum á eldra húsnæði skólans er að mestu lokið og unnið verður að lokafrágangi

á árinu 2019. Framkvæmdir við 1.340 fermetra viðbyggingu við Vesturbæjarskóla hafa gengið vel og er ráðgert að Vesturvallagötu-húsið verði flutt af lóðinni á komandi ári, hún endurgerð og boltagerði sett upp. Endurbyggingu grunn- og leikskólalóða samkvæmt forgangsröðun verður fram haldið og ráðgert að verja samtals 500 mkr til verkefnisins á árinu 2019 með aukna áherslu á leikskólalóðir. Fjórar leikskólalóðir verða endurgerðar auk þess sem farið verður í staðbundnar aðgerðir á ellefu leikskólalóðum til viðbótar. Uppbygging leikskóla verður í forgrunni á næstu árum, með nýjum leikskólum á uppbyggingasvæðum, viðbyggingum við eldri leikskóla og opnun ungarnadeilda í öllum borgarhlutum. Ráðgert er að verja liðlega 5 milljörðum króna til þessa verkefnis á næstu 5 árum. Jafnframt er unnið að þarfagreiningu vegna uppbyggingar grunnskóla í nýjum hverfum sem og um endurbætur og mögulegar viðbyggingar við skóla í eldri hverfum.

**Íþrótt- og tómstundasvið:** Framkvæmdum við byggingu nýrrar útilaugar við Sundhöll Reykjavíkur er að lokið en unnið er að endurbótum búningaklefa í eldri byggingu. Framkvæmdin við útilaugina fylgdi stöðlum BREEAM vistvottunarkerfisins og fer úttekt fram á árinu 2019. Framhald verður á verkframkvæmdum við íþróttahús við Úlfarsbraut sem hófust á árinu 2018. Er það hluti af samþætтуðum grunn- og leikskóla ásamt menningar- og íþróttahúsi þar sem Knattspyrnufélaginu Fram mun tryggður afnota- og umráðaréttur af íþróttahúsi og keppnisvelli skv. samningi þar að lútandi. Frjálsíþróttavöllur í Suður Mjódd verður tekinn í notkun á árinu 2019 og framhald verður á verkframkvæmdir við íþróttamannvirki á ÍR svæðinu samkvæmt samningi þar um. Fjárfest verður í endurnýjun á lyftubúnaði og búnaði til snjóframleiðslu auk uppbyggingar skíðagöngusvæða í Bláfjöllum og Skálafelli til samræmis við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 7. maí 2018. Er þáttur Reykjavíkurborgar 56,9% af heildarkostnaði. Framkvæmdum við fræðsluhús í Fjölskyldu- og húsdýragarði verður framhaldið auk þess sem fé verður varið til annarra verkefna vegna stofnana sviðsins s.s. endurnýjun áhalda og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum svo dæmi séu nefnd.

**Velferðarsvið:** Verkframkvæmdir við hjúkrunarheimili við Sléttuveg ganga vel og er stefnt að því að það verði tekið í notkun á komandi ári. Heimilið mun hafa á að skipa 99 hjúkrunarrýmum. Hluttur Reykjavíkurborgar í framkvæmdinni er 15% eða sem nemur 435 mkr. Jafnframt er ráðgert er að fjölga hjúkrunarrýmum um önnur 300 á næstu árum í stamstarfi við ríkið. Unnið er að undirbúningi og hönnun heimilis fyrir börn með þroska- og geðraskanir auk annarra verkefna vegna skammtíma- og dagvistunar.

**Lóðir, lönd og skipulagseignir ásamt ýmsum fasteignum:** Verkframkvæmdir við hverfisbækistöð fyrir miðborgina við Fiskislóð á Örfirisey sem mun leysa starfsemi hverfisbækistöðvar við Njarðargötu af hólmi hófust mun síðar en ráðgert hafði verið og helgast það af því að engin tilboð bárust í alútboð og var verkið því boðið út aftur. Er nú gert ráð fyrir að hverfisbækistöðin flytji í árlok 2019. Jafnframt verður farið í endurbætur hverfisstöðvar við Stórhöfða og mögulega stækkun.

## AÐRAR FJÁRFESTINGAR

**Áhöld, tæki og hugbúnaður:** Helstu fjárfestingar vegna áhalda og búnaðar á árinu 2019 eru sem fyrr vegna endurnýjun tölvubúnaðar og kaupa á hugbúnaði samkvæmt áætlun þar um. Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækjum vegna Umhverfis- og skipulagssviðs auk þess sem byrjað verður á endurnýjun bílafloata Reykjavíkurborgar til samræmis við markmið borgarinnar í loftlagsmálum þar sem gert er ráð fyrir að í árlok 2019 losi 35% flotans ekki gróðurhúsalofttegundir.

**Sérstök átaksverkefni:** Á árinu 2019 verður 200 milljónum króna varið til endurbóta og meiriháttar viðhalds fasteigna þar sem byggt er á forgangsröðun samkvæmt úttektum og þarfagreiningu, er það lækkun um 300 milljónir króna frá fyrra ári en á móti kemur aukin fjárheimild til gjaldfærðs viðhalds fasteigna sem nemur 300 milljónum króna. Samtals verður því varið tæplega 2.800 milljónum króna til viðhalds fasteigna á árinu 2019. Áfram verður unnið að sérstöku átaksverkefni um endurbætur leikvalla,

torga og opinna svæða auk þess sem varið verður 450 milljónum til framkvæmda sem kosið verður um undir formerkjum „Betri Reykjavík – Hverfið mitt“.

## HELSTU GATNA- OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2019

Stærstu verkefni á sviði gatna- og umhverfisframkvæmda á árunum 2019-2023 byggja á áherslu á þéttingu byggðar, áherslu á umhverfis- og aðgengismál með vistvænni endurnýjun götulýsingar, fjölgun götutrjáa, uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla, endurheimtingu votlendis og vistvænni samgöngur með borgarlínu sem grunnstef en ráðgert er að verja 5 milljörðum króna til borgarlínu á tímabilinu.

Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2019 eru einkum á íbúasvæðunum í Úlfarsárdal og Vogabyggð og uppbyggingarsvæði í Gufunesi og við Ártúnshöfða þar sem rísa munu blandaðar byggðir íbúða og atvinnuhúsnæðis. Á árinu 2019 er ráðgert að í miðborginni verður lokið við endurgerð Tryggvagötu milli Pósthússtrætis og Lækjargötu, Hverfisgötu og Frakkastígs milli Njálsgötu og Lindargötu auk þess sem fyrsti áfangi verkefnisins Hlemmur plús er á áætlun.

Haldið verður áfram samstarfi við Vegagerðina um gerð forgangsreina fyrir Strætó við stofnbrautir til að greiða fyrir almenningsamgöngum, þverun Sæbrautar við Frakkastíg og hækkun gatamóta Hringbrautar við Hofsvallagötu til að auka umferðaröryggi auk þess sem áfram verður unnið að bættu umferðaröryggi almennt í borginni. Þá verður haldið áfram uppbyggingu á nýjum göngu- og hjólastígum í borginni í samræmi við markmið Hjólreiðaáætlunar sem og endurnýjun á gönguleiðum í eldri hverfum. Haldið verður áfram með ýmis verkefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Má þar t.d. nefna fjölgun grenndarstöðva í borginni, áherslur á líffræðilega fjölbreytni m.a. með endurheimt votlendis í Úlfarsárdal. Þá verður haldið áfram við uppbyggingu og lagfæringar á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

Haldið verður áfram brýnum framkvæmdum við endurnýjun malbiksyfirlaga á götum borgarinnar samkvæmt áætlun þar um.

## GRÆNAR FJÁRFESTINGAR 2019-2023

Á árinu 2019 er ráðgert að verja 3.225 milljónum króna til grænna fjárfestinga. Má nefna hjólareiðaáætlun Reykjavíkurborgar í þessu samhengi, svo og Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010 – 2030 þar sem kveðið er á um friðun grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningsgangna, vistvænar lausnir í sorphirðu og kröfur um visthæfar lausnir við nýbyggingar. Á næstu fimm árum er ráðgert að ekki minna en 25% fjárfestinga Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum, með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.

Er hér tafla yfir þær helstu:

<i>fjárhæðir í m.kr.</i>	Útksp. 2018	2019	2020	2021	2022	2023	2019-2023	
Meningarmiðstöð Úlfarsárdal .....	150	200	390	95	0	0	685	2%
Leik- og grunnskóli, Úlfarsbraut .....	1.500	382	0	0	0	0	382	1%
Sundhöll Reykjavíkur .....	215	0	0	0	0	0	0	0%
Íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal .....	200	1.300	2.050	950	545	0	4.845	15%
<b>Fasteignir og stofnbúnaður</b>	<b>2.065</b>	<b>1.882</b>	<b>2.440</b>	<b>1.045</b>	<b>545</b>	<b>0</b>	<b>5.912</b>	<b>8%</b>
Kaup á bifreiðum .....	90	99	86	56	10	0	251	3%
Kaup á sorpbílum .....	59	74	46	45	30	0	195	2%
<b>Aðrar fjárfestingar</b>	<b>149</b>	<b>173</b>	<b>132</b>	<b>101</b>	<b>40</b>	<b>0</b>	<b>446</b>	<b>1%</b>
Göngu- og hjólastígar. Hjólreiðaáætlun o.fl.	450	450	450	450	450	450	2.250	6%
Götulýsing - LED væðing .....	200	440	555	400	90	90	1.575	5%
Hleðslustöðvar .....	50	50	50	50	50	50	250	1%
Lífræðileg fjölbreytni, endurheimting votlendis	30	30	30	30	30	30	150	0%
Borgarlínan - samgönguás .....	100	200	500	500	1.500	2.300	5.000	14%
<b>Gatna- og umhverfisframkvæmdir</b>	<b>830</b>	<b>1.170</b>	<b>1.585</b>	<b>1.430</b>	<b>2.120</b>	<b>2.920</b>	<b>9.225</b>	<b>12%</b>
<b>Eignasjóður grænar fjárfestingar samtals</b>	<b>3.044</b>	<b>3.225</b>	<b>4.157</b>	<b>2.576</b>	<b>2.705</b>	<b>2.920</b>	<b>15.583</b>	<b>21%</b>
hlutfall af fjárfestingum samtals	14%	17%	25%	19%	21%	22%	21%	

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Útk.spá 2018	Áætlun 2019
<b>Úthlutun og sala byggingaréttar*</b>					
	164 íbúðir	100 íbúðir	1711 íbúðir	700 íbúðir	1010 íbúðir
Eftir húsgæðum;					
Einbýli	11 íbúðir	15 íbúðir	22 íbúðir	20 íbúðir	10 íbúðir
Rað-, þar- og tvíbýlishús	70 íbúðir	0	0	20 íbúðir	0
Fjölbýlishús	83 íbúðir	85 íbúðir	1689 íbúðir	660 íbúðir	1000 íbúðir
<b>Eignarekstur</b>					
Fjöldi fasteigna í rekstri	351	368	505	531	537
Flatarmál fasteigna í rekstri m <sup>2</sup>	544.310	540.831	576.834	579.806	580.369
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	138	149	159	166	169
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	9	10	8	8	8

\*Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem byggja má á þeim lóðum sem seldur var byggingaréttur á, þ.e. á lóðum sem hefur verið ráðstafað og sem hefur verið skilað eða afturkallaðar.

# SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

**Styrkir og ýmis framlög** eru áætluð 560 m.kr. Þar af eru 450 m.kr. vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum. Styrkir borgarráðs nema 25 m.kr., hverfissjóður nemur 20 m.kr. og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 65 m.kr.

**Framlög til atvinnumála** eru áætluð 40 m.kr. Þar af verði 25 m.kr. varið til atvinnuátaksverkefna og 15 m.kr. til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

**Rekstur miðlægs tölvukerfis.** Rekstur bókhalds og launakerfa er áætlaður um 109 m.kr. Undir liðinn er jafnframt ráðstafað 181 m.kr. sem eru útgjaldabreytingar gjaldskrártengdra liða UTD sem ekki hefur verið millifærðar á fagsvið, vegna fyrirhugaðra breytinga að fyrirkomulagi gjaldskrár UTD í samræmi við tillögur starfshóps um endurskoðun gjaldskrár upplýsingatæknideildar sem kynnt var og samþykkt í borgarráði 30. ágúst 2018.

**Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá.** Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 737,5 m.kr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 450 m.kr., en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 235 m.kr. en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 1% af tekjum af fasteignasköttum. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 52,5 m.kr.

**Starfsmannakostnaður.** Undir liðinn launa og starfsmannakostnaður eru vistuð miðlægt útgjöld sem eiga eftir að færast til fagsviða. Þar eru m.a. áætluð útgjöld vegna samgöngusamninga, vegna samnings við ASÍ um lífeyrisaukaframlag, vegna ýmissa samninga sem hreyfast með útgjöldum Reykjavíkurborgar á einkareknum stofnunum grunnskóla, leikskóla og velferðarúrræða og vegna áhrifa kjarasamninga. Slysabætur eru áætlaðar 156 m.kr. og breyting orlofsskuldbindingar 282 m.kr.

**Breyting lífeyrisskuldbindinga.** Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 4.254 m.kr. árið 2019. Að auki eru gjaldfærðar 388 m.kr. af fyrirfram greiddu uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar í greinargerð fjármálaskrifstofu um frumvarp að fjárhagsáætlun.

**Ýmis kostnaður er áætlaður 2.328 m.kr.** Þar af hefur verið tekið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð sem nemur 1.600 m.kr. sem er til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, þar af öllum kostnaði vegna dóms- eða kærumála. Áætlaðar eru um 549 m.kr. sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leiga hugbúnaðar, tækja og áhaldar. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Áætlað er að verja 37 m.kr. til reksturs Höfða og 4 m.kr. til reksturs á Úlfjótavatni. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 m.kr. og 18 m.kr. við endurskoðunarnefnd. Kostnaður við móttökur er áætlaður 20 m.kr. og annar kostnaður nemur 45 m.kr.

# FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

## SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru áætluð 934 mkr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlag verði 870 mkr., framlag til Almanna- varna verði 10,3 mkr. og framlag í fjárfestingasjóð verði 54 mkr.

Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda nemi 1532 mkr. , að 18,2 mkr. fari til Almanna- varna og 95 mkr. fari í fjárfestingasjóð.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjalögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2019 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

(Fjárhæðir í þús. kr)	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	Rekstrar-framlag til SHS	Framlag til Almanna- varna	Framlag í fjárfestinga-sjóð	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda		1.532.000	18.194	95.152	1.645.346
Reykjavík	56,9%	869.655	10.318	54.014	933.987
Kópavogur	16,3%	247.582	2.937	15.377	265.896
Hafnarfjörður	13,3%	202.544	2.403	12.580	217.527
Garðabær	7,0%	108.206	1.284	6.721	116.211
Mosfellsbær	4,5%	72.505	860	4.503	77.868
Seltjarnarnes	2,1%	31.508	374	1.957	33.839



## STRÆTÓ BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Strætó bs. eru áætluð 2.434 m.kr. sem skiptast í rekstrarframlag, framlög vegna nemendafargjalda og framlag vegna niðurgreiðslu farmiða öryrkja og aldraðra.

Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að framlög eigenda nemi 3.978 mkr. , sem skiptast í rekstrarframlög , 3.568 mkr., framlög til niðurgreiðslu á nemendafargjöldum, 270 mkr. og framlög vegna niðurgreiðslu farmiða öryrkja og aldraðra 140 mkr.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með hlutfallslegri kostnaðarskiptingu sem tilgreind er í eigendasamkomulagi. Áætlun 2019 miðar við hlutfallslega skiptingu 2018. Nemaframlag er 400 mkr. fast að frádregnum nemakortum og er áætlað framlag 270 mkr árið 2019 sem er sama fjárhæð og 2018. Öryrkjaframlag er áætlað um 140 mkr. Skipting milli sveitarfélaga á nemaframlagi og öryrkjaframlagi miðast við skiptingu á íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu.

Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó. Nánari útlistun á starfsemi og fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2019 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

(Fjárhæðir í þús. kr)	Hlutfallsleg skipting 2018	Íbúafjöldi skipting 2018	Rekstrarframlag	Nemaframlag	Niðurg. farmiða öryrkja og aldraðra	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda			3.568.163	270.000	140.000	3.978.163
Reykjavík	61,7%	56,6%	2.201.746	152.922	79.293	2.433.961
Kópavogur	14,4%	13,2%	514.680	43.808	22.715	581.203
Hafnarfjörður	10,1%	7,1%	360.954	35.688	18.505	415.147
Garðabær	7,3%	16,2%	261.085	19.135	9.922	290.142
Mosfellsbær	4,6%	4,8%	165.140	12.897	6.688	184.725
Seltjarnarnes	1,8%	2,1%	64.558	5.550	2.877	72.985



# NÝ UPPLÝSINGAKERFI

---

Áætlun um *Ný upplýsingakerfi* er fjárfestingaráætlun sem unnin er í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar og felur einkum í sér fjárfestingu í innleiðingu á nýrri tækni, nýjum hugbúnaðarkerfum eða nýþróun í tengslum við kerfi sem eru í rekstri. Fjármagninu er hægt að veita í ráðgjöf eða þróunarvinnu, kaup á hugbúnaðarleyfum eða búnaði og fleira sem hægt er að líta á sem fjárfestingu í nýjum kerfum, nýrri tækni, nýrri virkni kerfa eða framþróun tæknilegra innviða. Meginreglan er sú að verkefnum á áætluninni er stýrt af verkefnastjórum upplýsingatæknideildar.

Fyrr á árinu var ákveðið að framkvæmdaáætlun stefnunnar „Nýting upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg 2018-2022“ yrði fjármögnuð í gegnum *Ný upplýsingakerfi*. Öll verkefni sem nú verða fjármögguð af áætluninni falla að meginmarkmiði stefnunnar sem er að „upplýsingatækni verði nýtt á skynsaman og upplýstan hátt þannig að hún stuðli að því að borgin nái markmiðum sínum á öllum sviðum“ auk þess sem þau stuðla öll að framgangi a.m.k. eins þeirra fjögurra undirmarkmiða sem tilgreind eru í stefnunni.

Alls hafa verið valin 38 verkefni sem unnt væri að hrinda í framkvæmd á árinu 2019 og áætluð heildarfjármagnsþörf fyrir þau er [575 m.kr.](#) Verkefnunum verður forgangsraðað með tilliti til stefnunnar, mannauðs, fjármagns og annarra aðfanga.

Öll verkefnin eru mikilvæg umsækjendum, og þar með Reykjavíkurborg, sem liggur á að fá þau afgreidd. Til að svo geti orðið þarf að fjölga verkefnastjórum hjá upplýsingatæknideild sem stýra verkefnum og miðla þekkingu á því vinnulagi og verkferlum sem eru nauðsynleg til að verkefni nái fram að ganga og dagi ekki uppi. Einnig þarf að tryggja skiling á því vinnuframlagi sem þarf að inna af hendi á ólíkum sviðum og þeirri ábyrgð sem felst í því að setja verkefni í gang. Þetta á m.a. við um tæknilega þekkingu, faglega þekkingu frá eiganda verkefnisins, þ.e.a.s. umsækjanda og væntanlegum notendum lausnarinnar og þekkingu á opinberum innkaupum. Þá er brýnt að innkaupaferli sé skýrt og vel afmarkað svo hægt sé að tryggja að farið sé eftir innkaupareglum borgarinnar og að raunhæfar tíma- og verkáætlanir verði til.

## FJÁRMÁLASKRIFSTOFA

**Birting reikninga á rafrænu formi:** Verkefninu er ætla að leysa birtingarleysi á reikningum frá borginni.

**Boðgreiðslugátt:** Innleiða boðgreiðslugátt og tengja fasteignagjöldin við gáttina.

**Innleiðing á áætlunarkerfinu Unit4 Planner og Budget Books:** Markmið verkefnisins er að gera fjárhagsáætlunarvinnu borgarinnar skilvirkari og auka yfirsýn stjórnenda. Gera forsendur fjárhagsáætlunar og vinnugögn aðgengileg í fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar. Framhald á verkefni frá 2018.

**Innleiðing á Unit4 FPM uppgjör- og áætlunarkerfi (Ocr):** Meginmarkmið verkefnisins er að koma á samræmdu uppgjör- og áætlunarkerfi fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar. Framhald á verkefni frá 2018.

**Mannauðs- og launakerfi:** Klára innleiðingu á nýju launa- og mannauðskerfi. Í þessu felst m.a. verkefnastjórn og ráðgjöf auk annarra gjalda sem búast má við á falli á verkefnið. Framhald á verkefni frá 2016.

**Uppfærsla á Agresso:** Uppfæra fjárhagskerfi borgarinnar, Agresso. Krefst verkefnisstýringar af hálfu UTD.

## ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

**Aðgangs- og afgreiðslukerfi ÍTR:** Sett verði upp samræmt aðgangs- og afgreiðslukerfi. Valið verður kerfi sem getur sinnt báðum þessum þáttum ásamt því að ná fram hagræðingu með því að skipta við einn þjónustuaðila.

**Frístundakortakerfi:** Kaup og innleiðing á kerfi sem heldur utan um frístundastyrki borgarinnar.

**Vala-Frístund í Hitt húsið:** Endurmeta notkun Hins hússins á Völu-frístund og koma með lausn sem mætir þörfum þeirra.

## MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

**Miðlægur gagnagrunnur um fornleifar í miðbæ Reykjavíkur:** Koma upp miðlægum gagnagrunn um fornleifar í tengslum við nýja sýningu.

**Rafrænt gestakort:** Áframhaldandi innleiðing á rafrænu gestakorti. Framhald frá 2018.

**Skjáir, skjákerfi og stafræn miðlun í menningarhúsum SBB:** Gagnvirk miðlun frá vef Borgarbókasafnsins, að hluta til framhaldsverkefni frá 2017 og 2018.

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

**Grænt bókhald:** Útvíkka samning um afnot af kerfi þannig að heildarsýn náist fyrir fasteignir og ökutæki borgarinnar. Í gegnum kerfið þarf jafnframt að fá magntölur og losunartölur fyrir skilgreinda umhverfisþætti í grænu bókhaldi.

**Innleiðing PhotoStation:** Fyrir liggur samningur um notkun á PhotoStation. Koma þarf á vefþjónustulagi, alvöru myndagrunni sem hægt verður að skilgreina aðgang að. Með innleiðingunni verður hægt að veita víðtækari aðgang að myndasöfnum þvert á borgina.

**Kortlagning gagna og gagnastefna:** Áframhaldandi verkefni frá 2018. Ljúka við gagnastefnu Reykjavíkurborgar og kaupa kerfi sem heldur utan um stjórnskipulag gagna.

**OCR kerfi Borgarskjalasafnsins:** Kaup og innleiðing á OCR kerfi sem gerir kleift að birta leitarhæfar textaútgáfur af skjölum borgarinnar.

**Stjórnunarupplýsingar:** Haldið verður áfram með innleiðingu á QlikSense fyrir svið og skrifstofur borgarinnar.

**Umsýslukerfi Borgarskjalasafnsins:** Kaup og innleiðing á kerfi sem heldur utan um safnkost Borgarskjalasafnsins.

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

**Upplýsingasíða borgarfulltrúa:** Koma upp upplýsingasíðu um mál sem eru til afgreiðslu í borgarkerfinu m.a. svo unnt verði að auka gagnsæi í stjórnsýslunni. Með þessari síðu fá borgarfulltrúar yfirlit á einum stað yfir öll sín mál.

## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

**Áætlunarumhverfi í Völu-Leikskóla:** Koma upp áætlunarumhverfi í Völu-Leikskóla þar sem hægt er að raða niður á deildir fyrir næsta ár og gera barngildistöflu án þess að rugla í raunverulegu skipulagi kerfisins. Einnig þarf að vera hægt að skoða fjárhagslegar upplýsingar og bera saman.

**Búnaðarverkefni:** Prófa og kaupa upplýsingatæknibúnað fyrir skólastarf. Búnaðinn verður hægt að fá lánaðan í Búnaðarbanka SFS.

**Faghluti leikskóla:** Kaupa og innleiða kerfi sem heldur utan um skráningar sem viðkoma leikskólabörnum. Þetta á m.a. við um sérkennslu, slysaskráningar, foreldraviðtöl, einstaklingsáætlanir, starfsáætlanir, þroska- og máltökupróf og sérþarfir barna.

**Félagsmiðstöðvakerfi:** Kaupa og innleiða kerfi fyrir félagsmiðstöðvar. Mikilvægt er að halda utan um fjölda þátttakenda í félagsmiðstöðvum, skráningar í viðburði og tengja þátttökugjöld einstakra viðburða í kerfið.

**Google lausnir í skólastarfi:** Verkefnið snýst um innleiðingu og notkun Google lausna í skólastarfi og Chromebooks. Áframhald á verkefni frá fyrra ári, innleiðing og fræðsla.

**Nemendaumsjónakerfi:** Gera greiningu á því hvort fýsilegt sé að nota eitt og sama nemendaumsjónakerfið fyrir öll skólastig hjá borginni. Áhugi er fyrir því að sama kerfið verði notað í öllum skólum borgarinnar.

**Skráningarkerfi:** Koma upp kerfi fyrir skráningar í þjónustu SFS og tengja kerfið við nemendagrunn SFS. Með þessu verður hægt að einfalda umsóknarferli og umsjón með börnum í þjónustu SFS.

**Smáforritabanki/Appbanki:** Koma upp miðlægum smáforritabanka SFS og ferlum til að fara eftir þegar á að innleiða öpp.

**Tenging við sjálfstætt starfandi leikskóla:** Koma upp tengingum á milli Völu-Leikskóla og sjálfstætt starfandi leikskólum þannig að þeir geti sent SFS upplýsingar um stöðu biðlista ofl. sem þeim ber að gera.

## SKRIFSTOFA ÞJÓNUSTU OG REKSTURS

**CRM kerfi:** Kaupa og innleiða viðskiptamannakerfi (CRM kerfi) sem mun nýtast fyrir alla borgina, ekki bara þjónustuverið.

**Nýtt upplýsingakerfi:** Áfámhaldandi vinna við val og innleiðingu á upplýsingakerfi sem mun m.a. taka við af GoPro.

**Rafrænar undirskriftir:** Leita samninga við lausnaraðila um lausn til fullgildra rafrænna undirritana fyrir þau svið borgarinnar sem það vilja.

**Samskiptalausn fyrir framlínuþjónustu/þjónustuver:** Koma öllum samskiptum framlínuþjónustunnar í eitt kerfi. Núna er haldið utan um samskipti á margan ólíkan hátt.

**Verkefnisstjórnunarkerfi og tímaskráningarkerfi fyrir verkefnisstjóra:** Kaup og innleiðing á kerfi/kerfum fyrir verkefnisstjóra.

**Þjónustugátt UTD:** Kaup og innleiðing á kerfi sem auðveldar rafræna þjónustu sem UTD veitir.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

**MainManager:** Greiningarvinna á notkun kerfisins. Þetta er í raun tvö verkefni annars vegar ábendingarvefurinn og hins vegar fasteignavefurinn.

**Endurbætur á álagningarkerfi:** Skoða samninga og tengingar við Þjóðskrá/Advania vegna kerfis sem notað er vegna sorpíláta. Hugsanlega þarf að finna hentugra kerfi.

## VELFERÐARSVIÐ

**Rafræn skráning í búsetuúrræði:** Innleiða kerfi sem heldur utan um skráningar í dagbækur. Mikilvægt verður að geta kallað fram tölfræðiupplýsingar úr kerfinu.

**Ný Málaskrá VEL og Barnaverndar:** Halda áfram greiningu á málaskrárkerfum Velferðarsviðs og þarfagreining á nýju upplýsingakerfi.



## **B-HLUTA FYRIRTÆKI**



## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

	Raun 2017	Útksp. 2018	Áætlun 2019	Fimm ára áætlun			
				2020	2021	2022	2023
Rekstrartekjur	3.732.093	4.499.573	4.176.870	4.305.118	4.434.337	4.564.542	4.695.748
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.732.093</b>	<b>4.499.573</b>	<b>4.176.870</b>	<b>4.305.118</b>	<b>4.434.337</b>	<b>4.564.542</b>	<b>4.695.748</b>
Laun og launatengd gjöld	910.708	954.308	1.058.175	1.104.735	1.151.294	1.199.970	1.248.647
Annar rekstrarkostnaður	1.462.078	1.334.272	1.496.176	1.536.573	1.576.970	1.617.366	1.657.763
Afskriftir	-722.331	-740.000	(770.000)	(886.429)	(1.011.050)	(1.082.189)	(1.142.874)
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>2.372.786</b>	<b>2.288.580</b>	<b>2.554.351</b>	<b>2.641.307</b>	<b>2.728.264</b>	<b>2.817.337</b>	<b>2.906.410</b>
Fjármunatekjur/gjöld	16.439	0	8.000	17.239	13.581	22.696	41.959
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>653.415</b>	<b>1.470.993</b>	<b>860.519</b>	<b>794.619</b>	<b>708.604</b>	<b>687.713</b>	<b>688.423</b>

\*Á breytilegu verðlagi

## INNGANGUR

Fjárhagsáætlun ársins 2019 byggir í meginatriðum á sambærilegu umfangi rekstrar og hefur verið síðustu ár og þeim verkefnum sem tilgreind eru í langtímaáætlun. Rekstrarumhverfi Faxaflóahafna sf. hefur almennt verið stöðugt síðustu misseri og reiknað er með að ekki verðir stórar breytingar þar á milli árána 2018 og 2019. Rekstur ársins 2018 er almennt í samræmi við fjárhagsáætlun ársins, en eignabreytingar verða væntanlega undir áætlun þar sem framkvæmdir við yfirborðsfrágang viðlehubakka utan Klepps færast á árið 2019 og ekki var unnt að hefjast handa við framkvæmdir við Aðalhafnargarð á Akranesi þar sem verkefnið er í aðalskipulagsferli sem tekur lengri tíma en ætlað var. Þá bætir það fjárhagsstöðu fyrirtækisins að gengið var frá samningum við Reykjavíkurborg um sölu á landi og eignum hafnarinnar í Sævarhöfða, en greiðsla fyrir eignir færast á árið 2018. Reikna má með að niðurstaða ársins 2018 verði nokkuð betri en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlun. Staða hafnarsjóðs er því nokkuð traust sem er mikilvægt þar sem framundan eru stór verkefni á ýmsum sviðum. Í þeim efnum skal vakin athygli á framkvæmdum við stærri og öflugri landtengingar skipa, þróun lands í Vatnagörðum og lenging Skarfabakka í Kleppsbakka, kaup á nýjum dráttarbáti sem bætir þjónustu við stækkandi skip, endurnýjun og lenging Aðalhafnargarðs á Akranesi, en síðan þarf að hafa augun á því hvort innleiðing reglugerðar ESB 2017/352, sem tekur gildi á árinu 2019, um þjónustu hafna, muni hafa í för með sér aukin verkefni og kostnað. Því er ljóst að traust fjárhagsstaða er forsenda þeirra framkvæmda og verkefna sem eru framundan.

Starfsemi Faxaflóahafna sf. byggist á því að sjálfsaflafé standi undir rekstri og framkvæmdum. Fyrirtækið nýtur engra styrkja frá ríkinu eins og sumar íslenskar hafnir, en evrópskar hafnir njóta einnig ríkisstyrkja og styrkja frá sjóðum ESB. Því er mikilvægt að fjárhagslegur styrkur Faxaflóahafna sf. sé til staðar, sem felst í viðunandi afkomu og lágru skuldsetningu.

Á árinu 2019 er gert ráð fyrir hækkun tekna og auknum útgjöldum vegna launa og sérgreindra viðhaldsverkefna. Að auki er gert ráð fyrir hærri fjárhæð til framkvæmda en áður. Afskriftir eru lægri en áður en samanlagt leiðir þetta til aukins rekstrarhagnaðar, sem aftur skilar hærri arði til eigenda miðað við að arður sé 50% af rekstrarhagnaði af reglubundnum tekjum og gjöldum. Til þess að mæta sveiflukenndum hækkunum á fasteignamati lóða er álagningarhlutfall á almennum lóðum í Reykjavík lækkað úr 2,35% í 2,15%. Þó svo að gengið sé á handbært fé á árinu 2019, verður fjárhagsstaða fyrirtækisins eftir sem áður traust.

## FORSENDUR OG HELSTU STEFNUMÁL

Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2019 eru eftirfarandi forsendur lagðar til grundvallar:

- Við mat á þróun almenns verðlags er miðað við forsendur Reykjavíkurborgar og þjóðhagsspá á þá rekstrarliði sem háðir eru verðlagsþróun. Miðað er við 2,9% hækkun neysluvísitölu á milli árunna 2018 og 2019.
- Launabreytingar lúta ákvæðum kjarasamninga, en kjarasamningar eru lausir m.v. 31. mars 2019. Gert er ráð fyrir 4,5% breytingum á launum á milli ára, en áætluð hækkun launavísitölu á árinu 2019 er 6,0%. Kostnaðarhækkun launa vegna launabreytinga og tveggja stöðugilda er um 11,4% milli ára.
- Fasteignamat lóða hefur verið gefið út af Þjóðskrá og eru nokkrar sveiflur í hækkunum. Meðaltals hækkun atvinnulóða Faxaflóahafna sf. verður nálægt 24%. Hækkunin á einstökum lóðum verður hærri. Með neðangreindri útfærslu yrði hækkun lóðarleigutekna um 19% á milli ára.
  - Álagning á lóðir í Reykjavík 2,15% - er nú 2,35%.
  - Álagning á farmstöðva stærri en 5 ha. verði óbreytt 2,0%
  - Lóðarleiga á Grundartanga verði óbreytt 2,35%
- Miðað er við að flutningar til og frá Faxaflóahöfnum aukist ekki í magni á árinu 2019.
- Gerð er tillaga um að breyting á gjaldskrá Faxaflóahafna sf. verði 2,1% frá 1. janúar 2019, sem er spá um þróun vístalna frá upphafi til loka árs 2019. Helstu atriði að auki eru:
  - Gerð er tillaga að óbreyttu farþegagjaldi.
  - Gerð er tillaga að óbreyttu viðlegugjaldi smábáta.
  - Lágmarksgjald vegna förgunar á sorpi er lækkað úr kr. 55.000 í kr. 35.000
  - Lagt er til að skip sem knúin eru fljótandi gasi (LNG) fái 15% afslátt af lestar- og bryggjugjöldum til ársins 2025.
- Gerð er tillaga um orðalagsbreytingar í gjaldskrá þar sem skerpt er á orðalagi nokkurra greina.
- Aflagjöld eru miðað við útkomuspá árið 2018, en lækkun á afurðaverði árið 2018 getur haft þar áhrif.
- Miðað er við að tekjur af skipakomum aukist árið 2019, en gert er ráð fyrir að samanlögð brúttó stærð farþegaskipa, sem koma á árinu 2019 aukist úr 5,6 millj. BT í 7,6 millj. BT, sem hefur í för með sér tekjuauka.
- Afskriftir hafa lækkað frá síðustu árum, en munu hækka lítillega aftur árið 2019.
- Fjármunaliðir eru samkvæmt reiknilíkani Reykjavíkurborgar.
- Sérgreind viðhaldsverkefni í rekstri eru áætluð 360,0 mkr.
- Undir rekstri er gert ráð fyrir viðbótarstöðugildi hluta ársins vegna starfsloka, nýju viðbótarstöðugildi á skrifstofu vegna launa- og persónuverndarmála og jafnlaunavottunar og einu stöðugildi vélstjóra í hafnarþjónustu.
- Gert er ráð fyrir að rúmir 2,4 Ma. kr. fari til eignabreytinga.
- Gert er ráð fyrir að arður til eigenda verði 435,0 mkr. eða 50% af áætluðum rekstrarafgangi af reglubundnum rekstri vegna ársins 2018.
- Handbært fé lækkar á milli ára vegna umfangs eignabreytinga.

Fjárhagsáætlun hvers árs og sú langtímaáætlun sem fylgir þeim áætlunum eru í raun stefnumótun fyrirtækisins í þróun og verkefnum. Í greinargerð með fjárhagsáætlun ársins og áætlun til næstu ára er tilgreint að hvaða verkefnum fyrirhugað er að vinna, en þau verkefni taka mið af þörf og hagsmunum Faxaflóahafna sf. á bættri aðstöðu, endurnýjun mannvirkja og nýjum verkefnum sem ætla má að séu nauðsynleg starfseminnar vegna. Þættir sem hafa áhrif á áætlanir er m.a. reglur hins opinbera,

vöruflutningar, stærð og fjöldi skipa, þróun í komum farþegaskipa og hafsækinni ferðþjónustu auk breytinga á starfsemi fyrirtækja á landi Faxaflóahafna sf.. Umhverfismál hafa haft mikil áhrif á rekstur og framkvæmdir og má ætla að þau áhrif fari áfram vaxandi. Það er hins vegar ljóst að í hverri áætlun til skemmri og lengri tíma er nauðsynlegt að endurskoða einstök markmið og aðlaga að breyttum forsendum eins og kostur er.

Í fjárhagsáætlun ársins 2019 eru nokkur verkefni sem vert er að nefna sérstaklega:

- Áfram er haldið við byggingu nýs hafnarbakka utan Klepps, en ráð fyrir því gert að verkefninu ljúki árið 2019. Þá þarf að fara í ýmsar aðgerðir sem lúta að innviðum svæðisins m.a. bættum veltengingum. Skipulag svæðisins við Klepp og utan Klepps mun marka þær framkvæmdir sem þá þarf að fara í.
- Framkvæmdir við hafnarbakka utan Klepps og þróun í stærð skipa sem í framtíðinni munu leggjast að Vogabakka og nýjum viðlegubakka milli Vogabakka og bakka sem nú er unnið að, kallar á verulega dýpkun á Viðeyjarsundi á næstu árum, en fyrsti áfangi hennar fer af stað á árinu 2019. Í heild er um að ræða dýpkun sem nemur 1,2 milljónum rúmmetra en yrði unnin áfangaskipt á næstu árum.
- Gert er ráð fyrir fjármunum í byggingu aðstöðu fyrir farþega við Ægisgarð og umhverfisfrágang, en þar verða þjónustuhús fyrir sölustarfsemi og farþega hvalaskoðunarfyrirtækja.
- Þá hafa einnig verið skoðuð ákveðin grunnatriði varðandi Miðbakka, svo sem umferðarmál, rafdreifikerfi og rými fyrir þjónustuhús svo bæta megi aðstöðu fyrir farþega skemmtiferðaskipa. Endanlegt skipulag á Austurbakka og aðliggjandi húsa mun hafa áhrif á framkvæmdir og skipulag hafnar.
- Gert er ráð yfir kaupum á nýjum dráttarbát, sem verður með um 80 tonna togkraft, en mestur togkraftur Magna er 40 tonn. Miðað er við að nýr bátur verði komin í notkun á árinu 2020.
- Gert er ráð fyrir endurnýjun á Aðalhafnargarðinum á Akranesi og lengingu hans um 90 metra, en framkvæmdin er háð staðfestingu aðalskipulagsbreytingar.
- Miðað er við að aðalskipulagsbreyting vegna landfyllingar á Klettagarðasvæðinu verði staðfest þannig að unnt verði að taka við efni til landgerðar í byrjun árs 2019. Ráðgert er að þar verði byggð nú sameinuð aðstaða fyrir starfsemi Faxaflóahafna sf.
- Áfram þarf að vinna að skipulagi lóða utan Klepps, en skipulag þeirra lóða er næst síðasti landþróunaráfangi Sundahafnar. Þegar framkvæmdum lýkur þar er ljóst að hefjast þarf handa við lengingu Skarfabakka yfir í Kleppsbakka, en með þeirri aðgerð verður til 8-10 ha. land, sem þróa þarf fyrir hafnsækna starfsemi.
- Ekki er gert ráð fyrir tekjum af sölu Hafnarhússins, en niðurstaða þreifinga um sölu eignarhluta hafnar til borgar ræðst á næstu vikum eða mánuðum.
- Faxaflóahafnir sf. hafa fengið vottun á umhverfisstjórnunarkerfi, fyrst hafna á Íslandi, en næsta verkefni felst í vottun öryggismála og jafnlaunavottunar en undirbúningur þeirra verkefna er farin af stað og stefnt að verklokum á árinu 2019.

Almennt er rekstur Faxaflóahafna sf. í jafnvægi hvað varðar tekjur og gjöld. Verkefnið til lengri tíma er að halda nægum slagkrafti til fjárfestinga þannig að unnt verði að ráðast í þau verkefni sem eru nauðsynleg og væntingar um að verði leyst.


## NOKKRAR FJÁRHAGSSTÆRÐIR OG ÞRÓUN

Á síðustu árum hafa tekjur Faxaflóahafna sf. almennt vaxið umfram útgjöld þrátt fyrir að breytingar á gjaldskrá hafi almennt verið undir þróun verðlags. Skýringin felst í auknum flutningum og stærri skipum sem koma til hafnar. Samhliða hafa fjárfestingar vaxið. Rekstrarafgangur af reglulegum rekstri er sambærilegur á milli ára.

Þróunina má sjá hér um hækkun á milli ára:

	2015	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Tekjur	3.168,00	3.409,30	3.689,50	3.832,30	4.176,90
Gjöld	2.548,70	2.845,40	3.095,10	3.105,40	3.324,40
Rekstrarafgangur	964	742,8	594,3	726,9	852,5
Fjárfestingar	931,9	1.934,80	1.731,20	1.845,00	2.330,00

Þróun rekstrartekna og útgjalda hafa verið eftirfarandi frá árinu 2012:



Nokkrar tölur um umfang rekstrar:

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi skipa >100 brt.	1.471	1.472	1.406	1.446	1.502	1.516
Brúttótonn skipa í þús. tonna	8.812	8.708	9.118	9.228	9.316	11.218
Heildarflutningar í þús. tonna	3.301	3.502	3.645	3.778	3.813	3.968
Innflutningur í þús. tonna	2.060	2.201	2.212	2.402	2.458	2.603
Útflutningur í þús. tonna	902	821	876	915	955	909
Landaður afli í þús. tonna	155,5	139,9	153,1	146,6	112,3	118,9
Skemmtiferðaskip	81	80	91	108	114	136
Fjöldi farþega	92.000	92.400	104.800	100.141	98.676	128.275
Fjöldi starfsm. (föst stöðugildi)	61,7	62,3	63,5	67	66	67

Fjöldi fastra stöðugilda árið 2018 verður 67, en að auki eru 18 sumarstarfsmenn í Bækistöð, 3 sumarstarfsmenn í hafnarþjónustu og 1 á skrifstofu. Gert er ráð fyrir einu stöðugildi í 5 mánuði á árinu 2019 vegna starfsloka aðstoðarhafnarstjóra, en mikilvægt er að nýr starfsmaður fái góðan tíma til að taka við starfi hans. Þá er gert ráð fyrir einu starfi vélstjóra til viðbótar í hafnarþjónustu.

## REKSTRARTEKJUR

Heildarrekstrartekjur Faxaflóahafna sf. eru áætlaðar að verði á árinu 2019 4.176,9 mkr., sem er 7,2% hækkun miðað við áætlaða niðurstöðu ársins 2018.

Áætlaðar heildartekjur byggja í meginráttum á eftirfarandi tillögu:

	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	%
Vörugjöld - almenn	1.317,00	1.360,00	3,30%
Vörugjöld - eldsneyti	143,5	146,5	2,10%
Aflagjöld	190	190	0,00%
Skipagjöld	420,1	490,5	16,80%
Farþegagjald	53	58,3	10,00%
Lóðaleiga	599,8	677,2	12,90%
Aðrar eignatekjur	17,6	17,6	0,00%
Húseignir	229,2	257,4	12,30%
Rafmagn og vatn	105	107,2	2,10%
Hafnsaga	135	148,9	10,30%
Hafnsögubátar	225	241,2	7,20%
Önnur hafnarþjónusta	115	117,4	2,10%
Siglingavernd	347,4	364,7	4,90%
<b>Alls:</b>	<b>3.897,60</b>	<b>4.176,90</b>	<b>7,20%</b>

Gert er ráð fyrir 2,1% hækkun gjaldskrár, en það er spá um hækkun neysluvísitölu frá upphafi til loka árs 2019. Skipagjöld eru áætluð að aukist nokkuð m.t.t. þeirrar þróunar að stærri skip koma til hafnar á næsta ári en áður. Tekjur af útleigu fasteigna lækka lítillega á milli ára.

Sala á rafmagni er áætluð aðeins minni en útlit er fyrir að verði selt á árinu 2018, Gert er ráð fyrir óbreyttu farþegagjaldi árið 2019 en áætlað er að gjaldið skili á árinu 2019 um 58,0 mkr. Þá er gert ráð fyrir að viðlegugjöld smábáta verði óbreytt á milli ára, en útgerð smábáta hefur dregist saman á Faxaflóasvæðinu síðustu ár.

## REKSTRARGJÖLD

Rekstrargjöld fyrir árið 2019 eru áætluð 3.324,4 mkr. sem er 9,7% hækkun frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2018. Sundurliðun á helstu útgjaldaliðum rekstrar er eftirfarandi:

Útgjaldaliðir	Áætlun 2019	
	í millj. kr.	Hlutfall
Afskriftir	770	23,20%
Laun og launatengd gjöld	1.058,90	31,90%
Annar kostnaður (almenn rekstrargjöld, þjónustukaup o.fl.)	515	15,50%
Orkukaup	168	5,10%
Skattar og opinber gjöld	181,7	5,50%
Siglingavernd	269,7	8,10%
Sérgreind viðhaldsverkefni	360	10,80%
<b>Alls</b>	<b>3.324,40</b>	<b>100,00%</b>

Þróun launakostnaðar Faxaflóahafna sf. er eftirfarandi:

	2013	2014	2015	2016	2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019
Laun og launatengd gjöld	663,3	711,8	786,2	876,4	911,8	950,3	1058,9

Þróun sérverkefna hefur verið eftirfarandi frá árinu 2013:

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Áætlun 2019
Viðhaldsverkefni	126,8	127,4	175,1	152	225,3	236,8	360

Áætlað er að verja 360,0 mkr. í sérstök viðhaldsverkefni á árinu 2019, sem er hækkun um tæpar 70,0 mkr. á milli ára. Helstu liðir eru eftirfarandi:

	Í millj. kr.
Hafnarvirki	213
Lönd og lóðir	50
Húseignir	81
Vitar og sæmerki	16
Alls	360

## FJÁRMUNALIÐIR

Vaxtatekjur, vaxtagjöld og verðbætur eru reiknaðar samkvæmt reiknilíkani Reykjavíkurborgar. Faxaflóahafnir sf. eru ekki með nein lán í erlendri mynt. Þar sem langtímaskuldir fara lækkanði lækkar vaxtakostnaður og áætlaðar verðbreytingar.

## SJÓÐSTREYMI

Áætlun ársins 2019 gerir ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði um 1,5 ma. kr., sem hefur verið nokkuð stöðug fjárhæð síðustu ár. Gert er ráð fyrir að lóðagjöld nemi um 75,0 mkr. en hluti þess er lánaður og færast sem veitt lán að fjárhæð 60,0 mkr. Hafa verður þó í huga að tekjur gætu orðið meiri af sölu fasteigna ef samningar nást um sölu á Hafnarhúsinu til Reykjavíkurborgar og tekjur af lóðum gætu orðið hærri ef samþykkt verður breyting á deiliskipulagi á einu eða tveimur svæðum í Örfirisey. Afborganir langtímakrafna eru áætlaðar 255,0 mkr. Greiddar afborganir langtímaskulda eru áætlaðar 91,0 mkr. en langtímaskuldir Faxaflóahafna hafa lækkað verulega á síðustu árum og verða í árslok 2019 um tæpar 550,0 mkr. Gert er ráð fyrir innlausn hlutfjár í Eignarhaldsfélaginu Speli hf. þegar félaginu verður slitið, en greiðslan er áætluð 52,0 mkr.

Arður til eigenda er áætlaður 50% af rekstrarhagnaði ársins 2018 eða 435,0 mkr. sem er nokkru hærri en síðustu tvö ár.

Áætlað er að handbært fé í árslok ársins 2019 lækki um 1,0 ma.kr. og verði um áramót 2019/2020 rétt um 1,2 ma.kr.

## EIGNABREYTINGAR

Eignabreytingar á árinu 2019 eru áætlaðar liðlega 2,3 ma. kr. Þrátt fyrir háar fjárfestingar á árunum 2017 og 2018 hefur handbært fé verið viðunandi en gæta þarf að þessum þætti eins og áður segir svo að ekki þurfi að koma til lántöku vegna verkefna ársins.

Eignabreytingar skiptast á hafnarsvæðin með eftirfarandi hætti:

Gamla höfnin	310
Sundahöfn	965
Grundartangi	95
Akranes	470
Dráttarbátur	450
Tæki og áhöld	40
Alls	2.330,00

Hér á eftir eru tilgreind helstu eignabreytingaverkefni ársins 2018:

### Gamla höfnin:

- Áfram verður unnið að endurnýjun rafdreifikerfis, þ. m. t. byggingu spennistöðvar á Faxagarði, en á árunum 2019 - 2022 er gert ráð fyrir veigamiklum endurbótum m.a. á Miðbakka, Austurbakka og Ægisgarði.
- Ráðgert að hefja undirbúning að endurnýjun „safnabryggju“ í Vesturhöfn.
- Við Ægisgarð er ráðgert að ljúka framkvæmdum við þjónustuhús fyrir hafsaekna ferðaþjónustu.
- Til umhverfis- og slitlagsverkefna í Gömlu höfninni er áætlað að verja alls um 20 mkr.

### Sundahöfn:

- Áfram verður unnið að hafnarbakkagerð og þróun lands utan Klepps,
- Gert er ráð fyrir kostnaði við farmverndarbúnað vegna nýs bakka utan Klepps.
- Hafist verður handa við dýpkun Kleppsvíkur og Viðeyjarsunds, en það verkefni mun væntanlega standa til ársins 2021.
- Gert er ráð fyrir kostnaði vegna lands- og lóðargerðar við Klettagarða austan Laugarness.
- Þegar bakkagerð utan Klepps lýkur er ljóst að fara þarf í lengingu Skarfabakka og landgerð í Vatnagörðum. Gert er ráð fyrir að hefja frumundirbúning þess verkefnis.
- Áætlunin gerir ráð fyrir ákveðnum lágmarks aðgerðum til að bæta aðbúnað farþega á Skarfabakka.
- Í samræmi við samninga við Björgun ehf. er gert ráð fyrir kostnaði vegna landgerðar í Sævarhöfða, en henni mun ljúka á árinu 2019.
- Gert er ráð fyrir að fara í 2. áfanga gatnagerðar við Sægarða neðan Klepps.

### Grundartangi:

Gert er ráð fyrir fjármunum til þróunar baklands og fyllinga, burðalög hafnarbakka, farmverndarbúnað og girðingar ásamt gatnagerð á vestursvæði.

### Akranes:

Áætlunin gerir ráð fyrir að hafist verði handa um endurnýjun fremsta hluta aðalhafnargarðs og lengingar hans. Meginþungi framkvæmdarinnar verður á árinu 2019 og lokið 2021.

### Dráttarbátur:

Gert er ráð fyrir kostnaði við smíði á nýjum dráttarbáti með um 80 tonna togkraft.

### Tæki og áhöld:

Gert er ráð fyrir endurnýjun tækja, bíla og áhalda, en að auki þarf að kaupa inn mengunarvarnarbúnað í stað eldri búnaðar, sem er ekki lengur nothæfur.

### Áætlun áráanna 2019 - 2026

Áætlun áráanna 2019 til 2026 byggist á þeirri langtímaáætlun í framkvæmdum sem liggur fyrir. Gert er ráð fyrir óverulegum breytingum í umfangi rekstrar og tekna þessi ár, en áætluð vörugjöld hækka um 1% á ári á tímabilinu. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangsröðun á hverju ári, en þau nema um 10% af rekstrartekjum fyrirtækisins. Undir rekstri er ráð gert fyrir auknum afskriftum á grundvelli áætlunar um eignabreytingar sem hækka þann eignastofn sem kemur til afskrifta. Undir sjóðstreymi er bent á að óvissa er um tekjur af úthlutun lóða. Því er aðeins gert ráð fyrir óverulegum lóðagjöldum á tímabilinu, en minnt á að frekari lóðagjaldatekjur eru háðar deiliskipulagi á eftirfarandi svæðum:

- Í Örfirisey á Fiskislóð, þar sem aukið byggingarmagn gæti leitt til byggingarréttargjalda.
- Á svonefndum Tollvörugeymslu- og Kassagerðarreit þar sem nýtt deiliskipulag mun væntanlega skila byggingarréttartekjum.
- Í Sundahöfn þar sem úthlutun lóða á farsvæði og landi Klepps mun skila tekjum af byggingarrétti.

Landgerð við Klettagarða undir nýja starfsaðstöðu Faxaflóahafna sf. bíður niðurstöðu aðalskipulagsbreytingar. Ekki er því gert ráð fyrir kostnaði við byggingu nýrrar starfsaðstöðu á þessu stigi.

Ekki liggur fyrir hvenær eða hvort verði af kaupum Reykjavíkurborgar á Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Niðurstaða málsins hefur áhrif á tölulið 2.

Langtímaáætlun Faxaflóahafna sf. á sviði framkvæmda og eignabreytinga ber með sér að stór verkefni liggja fyrir á næstu árum. Þeim verkefnum þarf að raða upp í forgangsröð en þau helstu eru þessi:

- Í Sundahöfn skal nefna dýpkun Viðeyjarsunds, sem er nauðsynleg vegna nýs hafnarbakka utan Klepps og þróun í skipastæðum sem leggjast að Vogabakka.
- Endurbætt aðstaða farþega á Skarfabakka.
- Gert er ráð fyrir endurnýjun "safnabryggju" í Vesturhöfn.
- Gert er ráð fyrir aðgerðum á Austurbakka og Miðbakka á grundvelli þess skipulags sem unnið verði að.
- Verkefni vegna aðstöðu hafsækkinnar ferðaþjónustu í Vesturbugt og á Miðbakka, en gert er ráð fyrir að einstakir áfangar varðandi þá aðstöðu verði leystir á árunum 2018 - 2023.

- Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun lands og hafnarbakka á Grundartanga í takt við þróun starfseminnar á svæðinu. Á árunum 2022 – 2024 má reikna með að endurnýja þurfi austurhluta Tangabakka.
- Unnið verður að endurnýjun Aðalhafnargarðs á Akranesi og lengingu viðlegunnar á árunum 2019 til 2021.
- Tillaga er gerð um kaup á nýjum dráttarbáti með um 80-90 tonna togkraft og því áætlaður tími árin 2019 - 2020. Með stækkandi skipum m.a. flutningaskipum er ljóst að fyrirtækið þarf á öflugri bát að halda. Miðað við að bjóða út smíði báts á árinu 2018 er gert ráð fyrir afhendingu smíðinnar á árinu vorið 2020.
- Gert er ráð fyrir að halda áfram endurnýjun og styrkingu lágspennukerfis hafnarinnar á árunum 2019 - 2021, en að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir kaupum og uppsetningu á háspennubúnaði, sem er kostnaðarsöm aðgerð. Augljóst er hins vegar að áherslan á aukna sölu rafmagns til skipa þýðir að endurnýja þarf búnað og dreifikerfi Faxaflóahafna sf. Áhersla verður lögð á Gömlu höfnina (Faxagarð, Austurbakka og Ægisgarð), en á Akranesi er sá búnaður sem þarf fyrir hendi. Næstu áfangar eru Sundahöfn og Grundartangi einkum vegna háspennutenginga, en þar er um kostnaðarsamt verkefni að ræða.

Ofangreind verkefni þarf að leysa innan þess ramma sem fjárráð Faxaflóahafna sf. leyfa og án þess að til komi lántaka. Áhersla er lögð á að aðlaga þarf áætlunina nýjum eða breyttum verkefnum á hverjum tíma eftir að því marki sem slíkt er mögulegt, en bent hefur verið á að stærri verkefni sem farið er í spanna all nokkurn tíma.

## Niðurlag

Eins og fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og næstu ár er áfram haldið við nokkuð stór verkefni og meiru varið til eignabreytinga en áður. Að auki bíða önnur stór verkefni úrlausnar. Samþykkt áætlunarinnar felur í sér stefnumótun stjórnar fyrirtækisins til næstu ára með þeim fyrirvara að taka þarf tillit til breytinga á komandi árum eftir því sem kostur er.

Hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. eru um margt ólík. Gamla höfnin þróast sem fiski-, farþega- og þjónustuhöfn, á Akranesi er verkefnið að halda höfninni sem góðum valkosti fyrir löndun á fiski, í Sundahöfn er meginvöruflutningahöfnin og farþegahöfn, en á Grundartanga athafna- og iðnaðarsvæði. Hvert hafnarsvæði hefur því sína möguleika og tækifæri, sem þarf að nýta.

Landþróun getur haldið áfram á Grundartanga á næstu árum og verkefni að nýta það svæði betur fyrir vöruflutninga sem ekki eiga erindi inn á farmsvæðin í Reykjavík. Með stofnun Þróunarfélags Grundartanga er stefnt að því að á Grundartanga verði til stefna um framtíðar starfsemi á því svæði. Að svo stöddu er ekki sérstök eftirspurn eftir lóðum, en til framtíðar er augljóst að svæðið á að geta nýst til frekari atvinnusköpunar á grundvelli lágmarks umhverfisáhrifa.

Í fyrirsjáanlegri framtíð verður hins vegar meginverkefnið í þróun Sundahafnar að ná fram sem bestri nýtingu lands þannig að þessi megin gátt Íslands í vöruflutningum geti sinnt hlutverki sínu á næstu áratugum.

Þó svo að starfsemi hafnarinnar breytist ekki hratt þá hafa orðið merkjanlegar breytingar á ýmsum þáttum á síðustu árum á öllum hafnarsvæðum fyrirtækisins, bæði í starfsemi viðskiptavina fyrirtækisins og aðstöðusköpun Faxaflóahafna sf. Einkum má benda á þær breytingar sem hafa orðið í Gömlu höfninni en þróun þar mun halda áfram á næstu árum.

Starfsemi Faxaflóahafna sf. byggist á því að skapa skilyrði fyrir hafnsækna starfsemi, en fyrirtækið ræður því ekki hvernig viðskiptavinir þess haga áherslum sínum, en verður að fylgjast með þróuninni. Þetta má m.a. sjá í aukinni hafsækinni ferðaþjónustu, fjölgun skemmtiferðaskipa, stækkandi skipum í flutningum og breytingum í útgerð fiskiskipa. Að auki skipa umhverfisverkefni sífellt hærri sess í starfseminni, en þar eru m.a. væntingar um landtengingu stærri skipa. Verkefni Faxaflóahafna sf. er því að mæta þeim breytingum sem verða og skapa aðstæður sem tryggja vaxandi umsvif fyrirtækja á starfssvæði hafnarinnar. Sú fjárhagsáætlun sem fyrir liggur miðar að því að koma til móts við þessar væntingar eigenda fyrirtækisins og viðskiptavina þess.

# FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.

## MEGINFORSENDUR OG MARKMIÐ

Eftirfarandi er frumvarp að áætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2018-2023. Hún er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir félagsins eru ekki afskrifaðar en eru endurmetnar í takt við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takt við vísitölur eins og skilgreint var af fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir breytilegt verðlag á tímabilinu 2018 til 2023 og í takt við líklega þróun íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík á komandi árum.

Áætluð stækkun á eignasafni félagsins er metnaðarfull en gert er ráð fyrir að yfir 700 nýjar leigueiningar bætist við safnið á tímabilinu 2018—2023, þar af yfir 100 einingar á árinu 2018. Markmiðum um fjölgun íbúða verði náð með því að:

- Kaupa íbúðir á almennum fasteignamarkaði
- Kaupa íbúðir úr verkefnum hjá óskyldum félögum eða nýbyggðar íbúðir af verktökum
- Kaupa íbúðir úr Reykjavíkurbúðum
- Byggja á vegum félagsins íbúðarhús á lóðum sem Reykjavíkurborg úthlutar félaginu

Undanfarin tvö ár hefur helsta aðferð félagsins til stækkunar eignasafnsins verið kaup á notuðum hagkvæmum íbúðum á almennum markaði, en lang mest þörf er á að fjölga litlum íbúðum í eignasafninu. Framboð af slíkum eignum hefur hins vegar verið lítið undanfarin misseri.

Frá árinu 2019 er gert ráð fyrir að litlar íbúðir verði aðallega keyptar úr verkefnum sem byggð eru í Reykjavík, af aðilum ótengdum félaginu, á lóðum þar sem Reykjavíkurborg hefur ítök. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagið byggi sjálft 44 almennar íbúðir sem tilbúnar verða til notkunar árið 2020.

## FJÖLGUN EININGA TIL ÚTHLUTUNAR

Uppfærsla á fjárfestingaráætlun félagsins er í vinnslu og því er á þessu stigi miðað við samþykta fjárfestingaráætlun frá síðasta ári.

Fjölgun leigueininga							
Reitur	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Alls
Almennar	53	100	161	138	129	25	606
Utankjarnaíbúðir		5	6	16			27
Þjónustuíbúðir			10				10
Sértæk búsetuúrræði		19	21	39	6		85
<b>Alls</b>	<b>53</b>	<b>124</b>	<b>198</b>	<b>193</b>	<b>135</b>	<b>25</b>	<b>728</b>

Fjölgun leiguinga							
Tegund framkvæmdar	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Alls
Forleiga			20				20
Kaup á markaði	48	98	30	38	25	25	264
Kaup nýframkvæmd			128	17	15		160
Kaupréttur nýframkvæmd	5	14	14	110	89		232
Nýframkvæmdir FB		12	6	28	6		52
<b>Alls</b>	<b>53</b>	<b>124</b>	<b>198</b>	<b>193</b>	<b>135</b>	<b>25</b>	<b>728</b>

Fjárfestingar							
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Alls
Kaup á markaði	1.463	2.987	914	1.272	762	762	8.160
Nýframkvæmdir FB	492	432	322	490	252	0	1.988
Kaup nýframkvæmd	48	2.352	1.862	0	372	0	4.634
Kaupréttur nýframkvæmd	356	162	905	2.335	2.207	0	5.965
Eignfært viðhald	80	178	200	200	200	200	1.058
<b>Alls</b>	<b>2.439</b>	<b>6.111</b>	<b>4.203</b>	<b>4.297</b>	<b>3793,2</b>	<b>962</b>	<b>21.804</b>

## FJÁRMÖGNUNARÞÖRF

Gert er ráð fyrir að stærð leiguinga sé á bilinu 40 - 80m<sup>2</sup> og á einingaverðum sem eru í takt við reynslu félagsins af kaupum og framkvæmdum. Heildarfjármögnunarþörf vegna ofangreindra verkefna er áætluð eins og fram kemur á töflunni hér að ofan. Heildar fjármögnunarþörf er áætluð tæpir 21,8 milljarðar á tímabilinu.

## TÖLULEGAR FORSENDUR

Eftirfarandi eru helstu tölulegu forsendur fyrir fjárhagsáætlun Félagsbústaða.

Forsendur um þróun umhverfis	Vísit.	Eining	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Mitt ár - Vísitala neysluverðs	M-VNV	-	1,93%	2,70%	2,90%	2,70%	2,60%	2,60%	2,50%
Mitt ár - Vísitala byggingakostnaðar	M-VBK		-0,14%	7,00%	3,50%	3,50%	3,00%	3,00%	3,00%
Mitt ár - Launavísitala	M-LV	-	7,06%	5,90%	6,00%	4,40%	4,20%	4,20%	4,10%
Mitt ár - Vísitala íbúðaverðs	M-VÍ	-	19,60%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%
Mitt ár - Upps - Vísitala neysluverðs	M-VNV		1	1	1,03	1,06	1,08	1,11	1,14
Mitt ár - Upps - Vísitala byggingarkostnaðar	M-VBK		1	1	1,04	1,07	1,10	1,14	1,17
Mitt ár - Upps - Launavísitala	M-LV		1	1	1,06	1,11	1,15	1,20	1,25
Mitt ár - Upps - Íbúðaverð	M-VÍ		1	1	1,02	1,04	1,06	1,08	1,10
Lok árs - Vísitala neysluverðs	L-VNV		2,10%	3,50%	2,10%	2,65%	2,60%	2,55%	2,50%
Lok árs - Vísitala íbúðaverðs	L-VÍ		13,20%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%
Lok árs - Upps - Vísitala neysluverðs	L-VNV		1	1	1,02	1,05	1,08	1,10	1,13
Lok árs - Upps - Vísitala íbúðaverðs	L-VÍ		1	1	1,02	1,04	1,06	1,08	1,10

Þróun eignasafns									
Nýjar eignir		Íbúðir	57	124	198	193	135	25	0
Sala eigna		Íbúðir	-1	-2	-2	-2	-2	0	0
Kaup eigna		Mkr	3.403	2.987	914	1.272	762	762	0
Nýframkvæmdir FB		Mkr	460	432	322	490	252	0	0
Kaup nýframkvæmd		Mkr	0	2.352	1.862	0	372	0	
Kaupréttur nýframkvæmd		Mkr	0	162	905	2.335	2.207	0	
Eignfærðar viðhaldsframkvæmdir		Mkr	109	178	200	200	200	200	200
Annar eignfærður kostnaður - fast verðlag		Mkr	61	61	61	61	61	61	61
Lánshlutfall fyrir eignfært viðhald		-	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Lánshlutfall kaupa og nýframkvæmdir		-	66%	60%	60%	66%	66%	66%	66%
Lánshlutfall sala		-	48%	51%	53%	55%	57%	57%	56%
Stærð eignasafns		Íbúðir	2.494	2.616	2.812	3.003	3.136	3.161	3.161
Mitt ár - Magnbreyting eignasafn		-	1,04	1,04	1,06	1,07	1,06	1,03	1,00
Lok árs - Upps - Magnbreyting eignasafn		-	1,02	1,07	1,15	1,23	1,29	1,30	1,30
Meðal stofnverð í lok árs	L-VÍ	Mkr/íbúð	33,4	34,0	34,7	35,4	36,1	36,8	37,5

### Skýringar

- Allar upphæðir eru í milljónum króna og eru á verðlagi hvers árs nema annað komi fram í texta.
- Blátt letur táknar forsendur, svart letur táknar afleiddar stærðir og rautt letur táknar útgönguspá núverandi árs.
- Áætlun fyrir rekstur í lok ársins 2018 hefur verið uppfærð m.t.t. 6 mánaða uppgjörs félagsins, þróun umhverfis síðan þá og stöðu bókhalds um áramót.
- Gert er ráð fyrir að næstu tvö árin verði stækkun eignasafns frá og með árinu 2018 fjármögnuð að 60% hluta með lánnum, 12% hluta með eiginfjárframlagi/stofnstyrk frá Reykjavíkurborg en að 28% hluta með stofnstyrk frá ríki. Eftir það lækki stofnframlög aftur frá borg niður í 22% og lánshlutfall hækki aftur í 66%.
- Í þessari útgáfu er ekki gert ráð fyrir hækkun á leiguverði hjá félaginu á tímabilinu. Það leiðir af sér að sjóðstreymi verður neikvætt 100—200 milljónir á hverju ári á tímabilinu 2019—2023.
- Til að halda jafnvægi í sjóðstreymi á áætlunartímabilinu þarf rekstrarkostnaður að lækka eða tekjur að hækka. Ef loka ætti gatinu með auknum tekjum, þ.e. hækkun á leiguverði, þyrfti hækkunin að vera á bilinu 2,5%—5,0%.

## REKSTUR

Tekjur	Eining	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Leigutekjur	M-ÍV Mkr	3.402	3.678	4.064	4.471	4.843	5.097	5.245
Aðrar tekjur	M-ÍV Mkr	276	342	330	363	393	413	425
<b>Tekjur Alls</b>	M-ÍV Mkr	<b>3.678</b>	<b>4.020</b>	<b>4.393</b>	<b>4.834</b>	<b>5.236</b>	<b>5.510</b>	<b>5.670</b>
<b>Kostnaður</b>								
Rekstur fasteigna	M-VNV Mkr	-392	-415	-448	-493	-534	-562	-578
Viðhald	M-VNV Mkr	-801	-875	-923	-1.015	-1.100	-1.157	-1.191
Fasteignagjöld	Mkr	-218	-274	-336	-362	-381	-392	-395
Vatns- og fráveitugjöld	Mkr	-143	-151	-212	-229	-241	-248	-249
Tryggingar	M-VBK Mkr	-54	-57	-63	-70	-76	-80	-83
Laun og launatengd gjöld	M-LV Mkr	-296	-276	-310	-347	-382	-408	-427
Annar skrifst.- og stjórnunarkostnaður	M-VNV Mkr	-98	-92	-101	-111	-120	-127	-130
Framlag til afskrifta viðskiptakrafna	M-VNV Mkr	-22	-29	-53	-58	-63	-66	-68
Vaxtagjöld, nettó	M-VNV Mkr	-1.130	-1.189	-1.361	-1.466	-1.570	-1.637	-1.663
<b>Alls</b>	Mkr	<b>-3.154</b>	<b>-3.357</b>	<b>-3.807</b>	<b>-4.151</b>	<b>-4.465</b>	<b>-4.677</b>	<b>-4.784</b>
<b>Afkoma fyrir verðbætur og matsbreytingu</b>	Mkr	<b>524</b>	<b>663</b>	<b>587</b>	<b>683</b>	<b>771</b>	<b>833</b>	<b>886</b>
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði</b>	Mkr	<b>1.654</b>	<b>1.852</b>	<b>1.947</b>	<b>2.149</b>	<b>2.340</b>	<b>2.470</b>	<b>2.550</b>
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði/Tekjur</b>	-	<b>45,0%</b>	<b>46,1%</b>	<b>44,3%</b>	<b>44,5%</b>	<b>44,7%</b>	<b>44,8%</b>	<b>45,0%</b>

### Skýringar

- Í líkaninu er gert ráð fyrir að leigutekjur þróist í takt við vísitölu neysluverðs og magnbreytingu.
- Leiguverð á markaði er nú að jafnaði um 40-65% hærra en hjá FB. Það er því nokkuð svigrúm til hækkunar leiguverðs hjá félaginu án þess að vera nærri markaðsleigu.
- Í meðalleigutekjum hefur verið tekið tillit til vannýtingar húsnæðis vegna flutninga og viðhalds.
- Gert er ráð fyrir að launakostnaður hjá Félagsbústöðum þróist í takt við umfang starfseminnar og launavísitölu.
- Gert er ráð fyrir að fasteigna-, fráveitu og brunabótaiðgjöld þróist eins og kynnt hefur verið af borg og váttryggjanda.
- Önnur gjöld eru áætluð sem hlutfall af tekjum hvers árs.
- Gert er ráð fyrir að gjaldfært viðhald á hverju ári sé um 21% af tekjum hvers árs.
- Gert er ráð fyrir að eignfært viðhald verði að jafnaði 200 milljónir á ári á verðlagi ársins 2018 og verði fjármagnað að fullu með lántöku.
- Í áætlun er búið er að netta út allan VSK sem félagið getur fengið endurgreiddan.
- Spennu gætir á byggingamarkaði en félagið bregst við með því að halda viðhaldsframkvæmdum í lágmarki meðan ástandið varir og beina orku sinni í að skipuleggja og undirbúa verkefni sem farið verður í þegar um hægist.
- Gert er ráð fyrir að allar eignir félagsins séu fjárfestingaeignir og því ekki áætlað fyrir afskriftum eigna.
- Vaxandi verðbólga hefði jákvæð áhrif á rekstur félagsins þar sem leigutekjur hækka líklega meira af þeim sökum en lánagreiðslur og annar kostnaður félagsins.

## MATSBREYTINGAR OG EFNAHAGUR

Matsbreyting	Eining	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Verðmæti eignasafns í upphafi tímabils	L-ÍV Mkr	65.654	77.265	84.676	90.429	96.516	102.307	105.178
Breyting á eignasafni á tímabilinu	L-ÍV Mkr	3.797	5.865	4.060	4.278	3.860	825	0
Verðmæti fyrir matsbreytingu	L-ÍV Mkr	69.451	83.130	88.736	94.708	100.377	103.132	105.178
Verðmæti eftir matsbreytingu	L-ÍV Mkr	77.265	84.676	90.429	96.516	102.307	105.178	107.281
Breyting á verðmæti eignasafns	L-ÍV Mkr	11.611	7.410	5.754	6.087	5.791	2.871	2.104
Keyptar eignir	Mkr	-3.403	-5.501	-3.796	-3.824	-3.654	-825	0
Nýframkvæmdir	L-ÍV Mkr	-460	-432	-333	-525	-278	0	0
Seldar eignir	L-ÍV Mkr	66	68	69	71	72	0	0
Eignfært viðhald	LV Mkr	-108,6	-178	-207	-214	-221	-227	-234
Annar eignfærður kostnaður	M-VBK Mkr	-61	-61,1	-63,3	-65,5	-67,4	-69,5	-71,6
<b>Matsbreyting fjárfestingaeigna</b>	<b>Mkr</b>	<b>7.645</b>	<b>1.306</b>	<b>1.423</b>	<b>1.529</b>	<b>1.642</b>	<b>1.749</b>	<b>1.798</b>
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	Mkr	1.654	1.852	1.947	2.149	2.340	2.470	2.550
Vaxtagjöld	M-VNV Mkr	-1.130	-1.189	-1.361	-1.466	-1.570	-1.637	-1.663
Verðbætur langtímalána	M-VNV Mkr	-583	-463	-1.273	-1.318	-1.401	-1.521	-1.502
Matsbreyting fjárfestingaeigna	Mkr	7.604	1.546	1.423	1.529	1.642	1.749	1.798
<b>Hagnaður</b>	<b>Mkr</b>	<b>7.545</b>	<b>1.745</b>	<b>737</b>	<b>894</b>	<b>1.012</b>	<b>1.062</b>	<b>1.182</b>

Efnahagur í lok tímabils	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	
Eigið fé	Mkr	40.256	42.001	42.738	43.632	44.643	45.705	46.887
Skuldir	L-VNV Mkr	37.409	43.903	48.815	53.887	58.495	60.092	60.793
<b>Eignir alls</b>	<b>L-ÍV Mkr</b>	<b>77.666</b>	<b>85.905</b>	<b>91.553</b>	<b>97.519</b>	<b>103.139</b>	<b>105.797</b>	<b>107.680</b>
<b>Eiginfjárhlutfall</b>	<b>-</b>	<b>51,8%</b>	<b>48,9%</b>	<b>46,7%</b>	<b>44,7%</b>	<b>43,3%</b>	<b>43,2%</b>	<b>43,5%</b>

### Skýringar

- Skuldir og efnahagur í lok árs 2018 eru áætluð út frá stöðu félagsins í 6 mánaða uppgjöri, þróun umhverfis síðan þá og stöðu bókhalds um áramót.
- Skuldir félagsins vaxa með stækkun eignasafns, eignfærðu viðhaldi og hækkun verðlags, en minnka með afborgunum lána.
- Gert er ráð fyrir að ný lán verði verðtryggt jafngreiðslulán til 45 ára.
- Stofnframlög eru í áætlun færð sem vaxtalausar skuldir sem er í samræmi við IFRS staðla. Nýjar eignir eru því að fullu færðar sem skuldir í efnahag. Þetta hefur áhrif á eiginfjárstöðu félagsins þegar líður á áætlunartímann, þar sem öll stækkun eignasafns er fjármögnuð með stofnframlögum og lánnum.
- Afborganir og vextir af núverandi lánasafni og nýjum lánnum voru framreiknaðir í lánaherminum.
- Hækkun á verðlagi fasteigna hefur jákvæð áhrif á eiginfjárhlutfall félagsins. Þessa hækkun má að einhverjum hluta raungera í sjóðstreymi með því að selja lítið skuldsettar íbúðir, en það er ekki á dagskrá fyrr en unnið hefur verið á biðlistum. Hækkun á verðlagi fasteigna hefur líka þau áhrif að félagið þarf að greiða sífellt hærra verð fyrir nýjar fasteignir við stækkun eignasafnsins og hærri fasteignagjöld af öllum eignum félagsins.

## SJÓÐSTREYMI



Sjóðstreymi	Eining	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)	Mkr	1.661	1.852	1.947	2.149	2.340	2.470	2.550
Breyting á skammtímaskuldum/kröfum		119	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld	Mkr	-1.126	-1.241	-1.361	-1.466	-1.570	-1.637	-1.663
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>Mkr</b>	<b>654</b>	<b>611</b>	<b>587</b>	<b>683</b>	<b>771</b>	<b>833</b>	<b>886</b>
Kaup eigna	Mkr	-3.403	-5.501	-3.796	-3.824	-3.654	-825	0
Sala eigna	Mkr	66	68	69	71	72	0	0
Nýframkvæmdir	Mkr	-460	-432	-333	-525	-278	0	0
Eignfært viðhald	Mkr	-113	-178	-207	-214	-221	-227	-234
Annar eignfærður kostnaður	Mkr	-61	-61	-63	-65	-67	-69	-72
Breyting á skammtímaskuldum	Mkr	-85	0	0	0	0	0	0
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>Mkr</b>	<b>-4.056</b>	<b>-6.104</b>	<b>-4.330</b>	<b>-4.558</b>	<b>-4.148</b>	<b>-1.122</b>	<b>-306</b>
Hlutafé/stofnframlag frá Reykjavíkurborg	Mkr	600	1.079	755	675	612	137	11
Stofnframlag frá Ríki	Mkr	734	1.319	922	826	748	167	13
Afborganir lána	Mkr	-595	-655	-726	-837	-974	-1.046	-1.107
Ný lán (Kaup, framkvæmd og eignf. viðhald)	Mkr	2.703	3.774	2.723	3.128	2.861	818	281
Breyting skamtímalána	Mkr	-1.350						
Uppgreidd lán (íbúðasala)	Mkr	-34	-33	-35	-38	-40	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>Mkr</b>	<b>1.852</b>	<b>5.484</b>	<b>3.639</b>	<b>3.754</b>	<b>3.207</b>	<b>76</b>	<b>-801</b>
Breyting á handbæru fé	Mkr	-1.550	-9	-105	-121	-171	-213	-221
Áætlað handbært fé í lok tímabils	Mkr	49	40	-65	-187	-357	-570	-791

### Skýringar

- Gert er ráð fyrir að hlutfjárframlag/stofnframlag vegna nettó stækkunar eignasafnsins komi frá eiganda og ríkissjóði.
- Innborgað hlutafé/stofnframlag frá Reykjavíkurborg verði tæplega 3,3 milljarðar og ríflega 4,0 milljarðar frá ríki á tímabilinu 2018-2023.
- Ekki er áætlað fyrir breytingum á skammtímaskuldum/eignum á tímabilinu.
- **Að þessu gefnu verður breyting á handbæru fé á tímabilinu 2019-2023 neikvætt um 100-200 milljónir á hverju ári tímabilsins.**
- Unnið er að endurfjármögnun á óhagstæðum lánnum félagsins sem, ef vel tekst til, mun lækka nokkuð greiðslubyrði lána og stuðla að enn betra jafnvægi í sjóðstreymi en hér kemur fram.
- Sjóðstreymi félagsins er viðkvæmt fyrir breytingum á leiguverði, rekstrarkostnaði, stækkun eignasafns og lánskjörum.
- Ef leigutekjur félagsins minnka, bitnar það beint á handbæru fé ef ekki er gripið til mótvægisáðgerða.
- Aukning á gjaldfærðum viðhaldskostnaði hefur bein áhrif á handbært fé félagsins.
- Aukning á eignfærðum viðhaldskostnaði hefur langtímaáhrif á handbært fé vegna aukinnar lántöku sem skapar takmarkarkaðar nýjar tekjur en aukinn fjármagnskostnað.
- Stækkun eignasafns hefur neikvæð áhrif á sjóðstreymi þar sem nýjar dýrar íbúðir eru ósjálfbærar í útleigu.
- Breyting á vaxtakjörum og/eða lánstíma langtímalána hefur mikil áhrif á handbært fé félagsins.

## HELSTU MÆLIKVARÐAR ÚR REKSTRI

Mælikvarðar, kennitölur	Eining	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Afborganir og vextir	Mkr	-1.721	-1.844	-2.087	-2.303	-2.543	-2.683	-2.770
Vaxtaþekja		1,46	1,56	1,43	1,47	1,49	1,51	1,53
Skuldaþekja		0,96	1,00	0,93	0,93	0,92	0,92	0,92
Eiginfjárlutfall		51,8%	48,9%	46,7%	44,7%	43,3%	43,2%	43,5%
EBIT án gjaldfærðs viðhalds	Mkr	2.455	2.727	2.870	3.164	3.440	3.627	3.740
Vaxtagjöld	Mkr	1.130	1.189	1.361	1.466	1.570	1.637	1.663
Áætlað viðhald	Mkr	1.039	1.220	1.356	1.497	1.625	1.669	1.689
Sjálfbærni		1,13	1,13	1,06	1,07	1,08	1,10	1,12
Vaxtagjöld og afborganir % af tekjum		46,8%	45,9%	47,5%	47,6%	48,6%	48,7%	48,9%
Gjaldfært viðhald	Mkr	801	875	923	1.015	1.100	1.157	1.191
Eignfært viðhald	Mkr	113	178	207	214	221	227	234
Viðhald alls	<b>Mkr</b>	<b>914</b>	<b>1.053</b>	<b>1.130</b>	<b>1.229</b>	<b>1.320</b>	<b>1.384</b>	<b>1.425</b>
Gjaldfært viðhald/Tekjur v-ás		21,8%	21,8%	21,0%	21,0%	21,0%	21,0%	21,0%
(Gjaldfært + Eignfært viðhald) / Tekjur v-ás		24,8%	26,2%	25,7%	25,4%	25,2%	25,1%	25,1%
Eignfært viðhald / Efnahagur		0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
(Gjaldfært + Eignfært viðhald) / Efnahagur h-ás		1,2%	1,2%	1,2%	1,3%	1,3%	1,3%	1,3%
Gjaldfært/Efnahagur		1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,1%	1,1%	1,1%




### Skýringar

- Sjálfbærni =  $(EBIT - \text{gjaldfært viðhald}) / ((\text{skuldir} / (40 * 0,9)) + \text{vaxtagjöld})$
- Vaxtaþekja og skuldaþekja eru ofan viðmiðunarmarka sem eru 1,4; 0,9 á áætlunartímanum en skuldaþekja nálgast sársaukamörk þegar líður á tímabilið
- Sjálfbærni stuðull fer undir viðmiðunargildið 1,1 á tímabilinu

## ÞRÓUN EIGNASAFNS

Framundan er veruleg stækkun á íbúðasafni félagsins. Ef áætlunin gengur eftir mun fjöldi íbúða fara úr tæplega 2.500 íbúðareiningum í lok árs 2017 í tæplega 3.200 íbúðareiningar í lok árs 2022. Þessi fjölgun eigna um ríflega 700 samsvarar um 30% stækkunar safnsins á 5 ára tímabili eða meira en 100 íbúðir á ári að meðaltali. Að stærstum hluta mun safnið vaxa með kaupum á íbúðum úr nýbyggingum. Það er nokkur breyting frá því sem verið hefur, en félagið hefur undanfarin ár að mestu treyst á kaup á notuðum íbúðum á markaði til að stækka eignasafn sitt. Gera má ráð fyrir að íbúðir í nýbyggingum verði léttari í viðhaldi heldur en eldri eignir félagsins.




Í mannfjöldaspá fyrir Reykjavík er í miðspá gert ráð fyrir að fjölgun íbúa í Reykjavík verði um 0,9% á ári að jafnaði á tímabilinu. Hlutfallsleg fjölgun íbúða í safni Félagsbústaða er því nokkuð yfir hlutfallslegri fjölgun íbúa í sveitarfélaginu á tímabilinu. Það verður til þess að fjöldi íbúða á hverja 1.000 íbúa vex úr því að vera 19,9 íbúðir í lok árs 2017 í 24,3 íbúðir í lok árs 2022 sem jafngildir hækkun á þessu hlutfalli um ríflega 20%.

Staða í lok tímabils		Raun	Áætlun				
		2017	2018	2019	2020	2021	2022
Almennar félagslegar íbúðir	fjöldi	1.975	2.080	2.247	2.401	2.530	2.555
Þjónustuíbúðir aldraðra	fjöldi	372	372	382	382	382	382
Sértæk búsetuúrræði	fjöldi	147	166	187	226	232	232
<b>Íbúðir samtals</b>	<b>fjöldi</b>	<b>2.494</b>	<b>2.618</b>	<b>2.816</b>	<b>3.009</b>	<b>3.144</b>	<b>3.169</b>
Mannfjöldi í Reykjavík	fjöldi þús	124,9	126,0	127,1	128,3	129,4	130,6
Félagslegar íbúðir á 1000 íbúa	-	15,8	16,5	17,7	18,7	19,5	19,6
Heildarfjöldi íbúða á 1000 íbúa	-	20,0	20,8	22,1	23,5	24,3	24,3
<b>Breyting frá fyrra tímabili</b>							
Almennar félagslegar íbúðir	fjölgun	49	105	167	154	129	25
Þjónustuíbúðir aldraðra	fjölgun	0		10			
Sértæk búsetuúrræði	fjölgun	7	19	21	39	6	
<b>Alls</b>		<b>56</b>	<b>124</b>	<b>198</b>	<b>193</b>	<b>135</b>	<b>25</b>

## BREYTINGAR Á LEIGUVERÐI

Að mati stjórnenda Félagsbústaða er nauðsynlegt að hækka leiguverð hjá félaginu um 5,0% á næsta ári til að reksturinn standi undir þeim skuldbindingum sem félagið hefur tekist á hendur og mun takast á hendur með stækkun eignasafns. Breytingar á ytra umhverfi kalla á þessa hækkun s.s. hækkun fasteignaverðs (og þar með fasteigna- og brunabótaiðgjalda), hækkun launakostnaðar og ósjálfbærrar útleigu á nýjum eignum. Í grafinu hér að neðan er teiknuð upp þróun helstu rekstrarliða FB frá árinu 2013. Þar kemur fram að allir rekstrarliðir félagsins hafa hækkað umfram tekjur á árunum 2013-2017 nema „Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður“, „Framlag til afskrifta viðskiptakrafna“ og vaxtagjöld.



Samkvæmt samþykktum Félagsbústaða hf. á rekstur félagsins að vera sjálfbær. Það lítur út fyrir að reksturinn standi undir skuldbindingum á árinu 2017 en verði leiguverð ekki hækkað frekar stefnir í að hann verði ósjálfbær á hverju ári frá og með árinu 2018. Sjóðstreymi frá rekstri mun þá ekki ná að standa undir þeim skuldbindingum sem félagið hefur tekist á hendur og mun takast á hendur með þeirri stækkun eignasafns sem ofangreind áætlun felur í sér. Verðbólga umfram spá myndi hafa jákvæð áhrif á sjóðstreymi félagsins þar sem tekjur eru tengdar vísitölu neysluverðs.

Taflan hér að neðan sýnir áætluð áhrif hækkunar leiguverðs á sjóðstreymi félagsins. Ef aðrar forsendur eru samkvæmt skilgreindri sviðsmynd áætlunar, en leiguverð er hækkað um 5,0% á miðju ári 2018, mun sjóðstreymi vera samanlagt í jafnvægi árin 2018 til 2022.

Sjóðstreymi s.b.v. breytingu leiguverðs	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Hækkun leigu 0%	-1.550	-9,2	-105,4	-121,2	-170,7	-212,5
Hækkun leigu 2,5%	-1.550	-9,2	-68,2	-80,3	-126,4	-165,9
Hækkun leigu 5%	-1.550	-9,2	-32,8	-41,3	-84,1	-121,5
Hækkun leigu 7,5%	-1.550	-9,2	1,0	-4,2	-43,9	-79,1

# MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

Fjárhæðir í þús. kr.	Raun 2017	Útksp. 2018	Áætlun 2019	Fimm ára áætlun			
				2020*	2021*	2022*	2023*
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>277.534</b>	<b>116.000</b>	<b>116.400</b>	<b>114.686</b>	<b>100.177</b>	<b>94.026</b>	<b>87.114</b>

\*á breytilegu verðlagi

## STARFSFÓLK

	2015	2016	2017	2018	Áætlun 2019
Fjöldi starfsmanna	33	36	39	39	38
Fjöldi stöðugilda	36	38	39	39	38
<b>Eftir rekstrareiningum:</b>					
Hráefnadeild	5	5	5	5	6
Framleiðsludeild	5	4	4	4	4
Framkvæmdadeild	17	18	19	19	20
Yfirstjórn	6	9	11	11	8

## HLUTVERK

Malbikunarstöðin Höfði hf. rekur grjótmulningsstöð og tvær malbikunarstöðvar, leggur út malbik og annast hálkueyðingu og snjómokstur. Fyrirtækið framleiðir malbik og steinefni í samræmi við *Alverk95* og ÍST EN staðla. Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun. Fyrirtækið er með vottað gæðakerfi samkvæmt *ÍST EN ISO 9001* staðli og vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt *ÍST EN ISO 14001* umhverfisstaðli. Fyrirtækið undirbýr vottun á öryggi og hollustuháttum með því að uppfylla kröfur *ISO 45001* staðals og er reiknað með vottun á næsta ári.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins, bæði malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndan vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er vottunaraðili fyrirtækisins.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki Malbikunarstöð- og Grjótnám Reykjavíkurborgar í eitt hlutafélag.

## FORSENDUR OG MEGINÁHERSLUR

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fólgnar í því að verja hag fyrirtækisins og forða því frá áföllum. Áfram verður haldið að hagræða í rekstri og um leið að verja störf eftir því sem nokkur kostur er. Forgangsatíði er að ganga frá lóðamálum fyrirtækisins þannig að gerður verði lóðasamningur um núverandi lóð til ákveðins tíma og jafnframt er afar brýnt að framtíðar staðsetning verði ákveðin. Fyrir liggur að Faxaflóahafnir hafa hætt þjónustu við Ártúnshöfðahöfn og hún því í raun lokuð. Skip með asfaltfarma og steinefni til fyrirtækisins geta því ekki lengur lagst við bryggju í Ártúnshöfðahöfn. Auðvelt

er að skípa upp steinefnum annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og aka með steinefnin á lóð Höfða með tilheyrandi kostnaði og umhverfisáhrifum. Asfalt verður hins vegar ekki losað nema þar sem birgðatankar eru til staðar og á suðvesturhorni landsins eru þeir einungis við Ártúnshöfðahöfn og í Hafnafjarðarhöfn. Fyrirtækið hefur brugðist við með því að safna sem mestum asfaltbirgðum á árinu 2018 og telur að þær dugi í malbiksframleiðslu út árið 2019. Eftir það verður fyrirtækið háð öðrum aðilum með geymslu og afgreiðslu á asfalti og mun að því leyti standa höllum fæti í harðri samkeppni.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi liggur fyrir að Malbikunarstöðin Höfði hf. mun víkja af svæðinu í Ártúnshöfða og íbúðabyggð koma í staðinn. Ekki liggur fyrir hvenær það verður né hvar fyrirtækinu verður fundinn staður til framtíðar en starfsleyfi fyrirtækisins gildir til ársins 2019. Unnið hefur verið að því að finna lóð undir starfsemi fyrirtækisins og ýmsar staðsetningar skoðaðar. Einnig hafa kostnaðargreiningar verið unnar, en þar er nokkrum atriðum ólokið vegna þess að ekki liggur fyrir hvar fyrirtækið fær lóð. Vegna þeirrar óvissu sem enn ríkir um staðsetningu og hvernig flutningar verða fjármagnaðir miðast fjárhagsáætlunin fyrir árið 2019 og næstu fimm ár við óbreyttar aðstæður.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum í umsvifum árið 2019 frá fyrra ári. Framleiðsla Malbikunarstöðvar árið 2018 stefnir í að verða sú mesta frá árinu 2008, ef tíðarfar helst hagstætt til malbikunar lengra fram á haustið. Er það í samræmi við áætlun ársins. Sömuleiðis verður útlögn framkvæmdaedeildar fyrirtækisins með því mesta frá því fyrir hrun. Vonir standa til þess að rekstrarskilyrði árið 2019 verði svipuð, eða jafnvel að fjárframlög til viðhalds slitlaga verði aukin lítillega og er reiknað með að malbiksframleiðsla og malbiksútlögn verði svipuð á næsta ári og hún stefnir í að verða árið 2018.

## FJÁRFESTINGAR

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um fjárfrekar fjárfestingar árið 2019 og líklegt er að þær verði svipaðar, miðað við óbreytta stöðu. Óvæntar uppkomur geta þó sett strik í reikninginn þannig að grípa þurfi til aðgerða. Fjárfestingar ársins 2018 eru meiri en gert var ráð fyrir í áætlun ársins, en aukin umsvif kölluðu á afkastameiri tæki, auk þess sem verkkaupar gera meiri kröfur um gæði og rekjanleika framleiðslunnar sem kostaði breyttan tækjabúnað. Reglulega þarf að endurnýja tæki og aðlaga framleiðsluferlið að nýjum framleiðslutegundum og til að auka gæði og hagkvæmni í rekstri. Fylgst er með nýjungum á markaði og brugðist við þeim eftir því sem við á fyrir íslenskar aðstæður. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins. Hins vegar er ljóst að þegar framtíðar staðsetning fyrirtækisins liggur fyrir verður að fara í gríðarlegar fjárfestingar við uppbyggingu nýrrar aðstöðu. Þau atriði verða rædd ítarlega í stjórn fyrirtækisins og kynnt eigandanum.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fyrirtækið hefur ekki þurft að taka skammtímalán vegna reksturs til þessa og á því hvíla engar langtímaskuldir. Verði ákveðið að fara í auknar fjárfestingar til dæmis vegna flutnings fyrirtækisins, er lántaka nauðsynleg, en engar ákvarðanir verða teknar um lántökur án þess að það verði rætt ítarlega í stjórn fyrirtækisins.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Hér fyrir neðan er tafla sem sýnir helstu lykiltölur

	2013	2014	2015	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Eiginfjárhlutfall	75,30%	86%	87%	85%	83%	94%	94%
Arðsemi eigin fjár	-4%	2%	10%	5%	21%	8%	7,50%
Veltufjárhlutfall	2,56	4,39	5,01	4	4,22	17,5	20,9
Skuldsetningarhlutfall	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%

# SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

	Raun 2017	Útksp. 2018	Áætlun 2019	Fimm ára áætlun			
				2020	2021	2022	2023
Rekstrartekjur	2.788.648	2.928.356	3.111.907	3.139.390	3.165.675	3.186.975	3.199.321
<b>Tekjur samtals</b>	<b>2.788.648</b>	<b>2.928.356</b>	<b>3.111.907</b>	<b>3.139.390</b>	<b>3.165.675</b>	<b>3.186.975</b>	<b>3.199.321</b>
Laun og launatengd gjöld	2.205.941	2.314.444	2.469.783	2.469.783	2.469.783	2.469.783	2.469.783
Annar rekstrarkostnaður	444.318	473.662	495.387	495.387	495.387	495.387	495.387
Afskriftir	80.086	76.084	93.408	127.224	137.808	147.194	150.954
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>2.730.344</b>	<b>2.864.190</b>	<b>3.058.578</b>	<b>3.092.394</b>	<b>3.102.978</b>	<b>3.112.365</b>	<b>3.116.124</b>
Fjármunatekjur/-gjöld	13.713	-4.067	-13.233	-12.918	-32.785	-31.986	-30.857
Dómsmál vegna gengislána	263.452	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur	0	0	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>335.470</b>	<b>60.099</b>	<b>40.096</b>	<b>34.078</b>	<b>29.912</b>	<b>42.623</b>	<b>52.340</b>


## STARFSFÓLK

	2017	2018	2019
Fjöldi starfsmanna	161	183	180
Fjöldi stöðugilda	161	183	180
<b>Eftir rekstrareiningum:</b>			
Aðgerðasvið	139	160	157
Aðrir	23	23	23

## HLUTVERK

Leiðarljós SHS er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

## SKIPTING REKSTRAR 2019



## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING


Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að tekjur SHS, þ.e. samstæðunnar sem auk SHS telur SHS fasteignir og almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins, hækki milli ára um 183,6 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna sjúkraflutninga hækki um 91,9 m.kr., tekjur almannavarna hækki um 10,4 m.kr., framlag eigenda í fjárfestingarsjóð lækki um 0,5 m.kr. Framlag eigenda til rekstrar hækkar um 59 m.kr. eða um 4%. Aðrar hækkunar á tekjum samstæðunnar eru vegna sértekna og tekna vegna húsaleigu.

Helstu áherslur eða breytingar í rekstri fyrir árið 2019 eru litlar en talsverðra breytinga er að vænta í fjárfestingum. Búið er að gera kaupsamning um fjóra slökkvibíla sem áætlað er að verði afhentir seinni hluta ársins. Einnig er gert ráð fyrir að hefja byggingu nýrrar slökkvistöðvar árið 2020 í stað slökkvistöðvarinnar að Tunguhálsi sem verður seld og er ástæðan fyrst og fremst þörfin á betri staðsetningu með tilliti til viðbragðstíma liðsins.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Aðgerðasvið

Helstu hlutverk aðgerðasviðsins eru slökkvilið og sjúkraflutningar. Heildarfjöldi útkalla á árinu 2019 er áætlaður 34.220, sem skiptist í 32.770 boðanir sjúkrabifreiða og 1.450 boðanir slökkvibifreiða. Fjöldi útkalla slökkvibifreiða milli ára hefur verið nokkuð stöðugur til ársins 2016 en tvö seinustu árin hefur orðið nokkur aukning. Ástæðan er fyrst og fremst fjölgun veðurtengdra útkalla þannig að ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun. Fjöldi sjúkraflutninga hefur aukist jafnt og þétt milli ára og er gert ráð fyrir 3% fjölgun bæði árin, þ.e. 2018 og 2019. Áætlað er að tekjur af sjúkraflutningum aukist um 91,9 m.kr. milli ára eða um 7,9% og skýrist það bæði af fjölgun flutninga og vísitöluhækkunum. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum hjá aðgerðasviðinu næstu árin, fyrir utan átak í endurnýjun slökkvibifreiða eins og þegar hefur komið fram.



## Aðrir

Hinn mikli straumur ferðamanna til Íslands hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi SHS. Sjúkraflutningum með erlenda ríkisborgara hefur fjölgað verulega og kalla þeir á talsverða umsýslu við innheimtu. Verkefni forvarnasviðs hafa aukist til muna vegna fjölgunar gisti- og veitingastaða sem hafa þarf eftirlit með, sem og aukinnar búsetu í atvinnuhúsnæði. Mikið átak og framfarir í forvörnum í gegnum árin hafa skilað sér í fækkun alvarlegra útkalla slökkviliðsins og þróun SHS á upplýsingakerfi fyrir eldvarnaeftirlit hefur auðveldað eldvarnaskoðanir og eftirfylgni þeirra. Nokkuð stór hluti af sértekjum SHS verða til á forvarnasviðinu, m.a. vegna eftirlits og eftirfylgni kröfugerða, öryggisvakta og öryggis- og lokaúttekta.

Stoðeiningar SHS sinna bókhaldi, launum, innheimtu, uppgjörum og áætlanagerð, vinna greiningar á rekstri og aðrar stjórnendaupplýsingar, sinna stjórnáskilgreiningum erindum, stefnumótun, innra eftirliti, mannauðsmálum, rekstri tölvukerfa og þróun hugbúnaðar fyrir rekstur, aðgerðir og forvarnir. Stoðeiningarnar vinna náið saman og með starfsmönnum aðgerðasviðs og forvarnasviðs að uppbyggingu og viðhaldi þjónustu liðsins við eigendur þess og almenning á höfuðborgarsvæðinu.

## FRAMLÖG

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sem eru eigendur SHS fjármagna rúmlega 53% af rekstri SHS. Á árinu 2018 var heildarframlag til reksturs og fjárfestinga SHS, auk almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, um 1.576 m.kr. og gert er ráð fyrir að framlagið hækki í um 1.645 m.kr. fyrir árið 2019.

	2016	2017	2018	2019
Framlag eigenda til rekstrar í m.kr.	1.336.056	1.416.874	1.473.000	1.532.000
Reykjavík	771.738	813.515	838.003	869.655
Kópavogur	209.669	226.578	239.791	247.582
Hafnarfjörður	176.238	187.099	195.173	202.544
Garðabær	91.546	97.038	103.419	108.206
Mosfellsbær	58.894	63.034	66.403	72.505
Seltjarnarnes	27.971	29.351	30.210	31.508

	2016	2017	2018	2019
Framlag eigenda í fjárfestingarsjóð í m.kr.	52.444	103.367	95.665	95.152
Reykjavík	30.293	59.349	54.425	54.014
Kópavogur	8.230	16.530	15.573	15.377
Hafnarfjörður	6.918	13.649	12.676	12.580
Garðabær	3.593	7.099	6.717	6.721
Mosfellsbær	2.312	4.599	4.313	4.503
Seltjarnarnes	1.098	2.141	1.962	1.957

Framlag Reykjavíkurborgar til almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins hækkar úr 4,45 m.kr. fyrir árið 2018 í 10,32 m.kr. fyrir árið 2019.

## FJÁRFESTINGAR

Í stofnsamningi SHS er ákvæði um að eigendur leggi SHS til árlegt fjárfestingarframlag sem miðað er við fjölda slökkvistöðva. Framlagið breytist árlega miðað við gengisvísitölu (SDR) og verður 95,2 m.kr. fyrir 2019. Fjárfestingarsjóðurinn á að standa straum af nýfjárfestingum í bifreiðum og búnaði fyrir slökkviliðið. Búið er að staðfesta kaup á fjórum slökkvibílum sem áætlað er að afhenda síðla árs 2019. Áætlað er að bílarnir fullbúnir með öllum tækjabúnaði kosti um 100 m.kr. hver bíll. Aðrar fjárfestingar eru í húsnæðismálum. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir að selja slökkvistöðina við Tunguháls og byggja nýja slökkvistöð sem verði betur staðsett. Gert er ráð fyrir að nýja stöðin kosti um 514 m.kr. en söluverð gömlu slökkvistöðvarinnar við Tunguháls sé um 170 m.kr. Til að ráðast í þessa fjárfestingu, sem samþykkt hefur verið af stjórn SHS, þarf því að fjármagna um 344 m.kr. með auknu framlagi eða lántöku.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur SHS er fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga. Fjárhagsleg staða þess er í jafnvægi og hafa lykiltölur í rekstri eins og eiginfjárlutfall og skuldsetningarhlutfall batnað verulega seinustu árin.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MEGINTÖLUR Í REKSTRI

	2015	2016	2017	2018	Áætlun 2019
Fjöldi sjúkraflutninga	28.567	30.797	30.890	31.820	32.770
Fjöldi útkalla slökkviliðs	1.146	1.215	1.425	1.450	1.450
Fjöldi skoðana/umsagna forvarnasviðs	4.000	2.747	2.150	2.360	2.400
Fjöldi starfsmanna	170	157	161	183	180
SHS samstæða					
Eiginfjárlutfall	64,60%	70,00%	74,80%	75,30%	79,30%
Veltufjárlutfall	0,68	0,8	1,36	1,53	0,33
Skuldsetningarhlutfall	20,00%	13,60%	10,90%	10,30%	9,80%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	1	1,7	0,6	1,6	1,6

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

	2018	Áætlun 2019	Fimm ára áætlun			
			2020	2021	2022	2023
Fargjaldatekjur	2.053.543	2.168.969	2.231.842	2.267.418	2.303.586	2.340.358
Framlag eigenda og ríkis	6.049.005	6.392.290	6.364.409	6.364.409	6.364.409	6.364.409
Aðrar tekjur	190.791	89.791	89.791	89.791	89.791	89.791
<b>Tekjur samtals</b>	<b>8.293.339</b>	<b>8.651.050</b>	<b>8.686.042</b>	<b>8.721.618</b>	<b>8.757.786</b>	<b>8.794.558</b>
Laun og launatengd gjöld	2.537.077	2.646.346	2.651.808	2.666.286	2.673.757	2.681.291
Annar rekstarkostnaður	5.608.728	5.654.344	5.662.562	5.671.480	5.687.601	5.703.859
Afskriftir	220.000	290.000	302.000	314.000	326.000	338.000
Fjármunatekjur/gjöld	-47.841	-50.241	-65.925	-67.373	-67.412	-67.259
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>-120.307</b>	<b>10.119</b>	<b>3.747</b>	<b>2.479</b>	<b>3.016</b>	<b>4.149</b>

## STARFSFÓLK

2019	
Fjöldi starfsmanna	319
Fjöldi stöðugilda	284
<b>Eftir rekstrareiningum:</b>	
Rekstarsvið	248
Farþegaþjónustusvið	18
Annar samrekstur	18

Á árinu 2019 er gert ráð fyrir sama fjölda stöðugildi í heildina, þar af er gert ráð fyrir að það þurfi 220 stöðugildi til manna í allar vaktir vagnstjóra. Áætlun fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir að á meðaltali verði um 30 stöðugildi vagnstjóra mönnuð með yfirvinnu sem er sambærilegt miðað við árið 2018.

## HLUTVERK

Meginhlutverk Strætó er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna, innan þess fjárhagsramma sem fyrirtækinu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna (strætó) og akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

### Helstu breytingar milli ára

Gert er ráð fyrir að fargjaldatekjur 2019 hækki um 140 m.kr. milli ára eða um 7%, gangi þetta eftir munu fargjaldatekjur 2018 veða um 31% af almennum rekstrarkostnaði Strætó, sem er sambærilegt og útkomuspá 2018 gerir ráð fyrir. Í samræmi við eigendasamkomulagið vinnur Strætó að því að fargjaldatekjur verði 40% af almennum rekstrarkostnaði á næstu árum.

Strætó vísitalan tekur mið af samsetningu rekstrarkostnaðar Strætó og hækkun vísitalna í samræmi við Þjóðhagsspá júní 2018.

	Vægi	Hækkun	2019
Laun	60%	6,0%	3,6%
Olía	13%	-4,1%	-0,5%
Nvt.	12%	2,9%	0,3%
Viðhald og varahlutir (undirvísitala nvt.)	15%	3,2%	0,5%
Vegið meðaltal	100%		3,9%

Þjóðhagsspá júní 2018

Í áætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að rekstrarframlag eigenda taki mið af framangreindri áætlaðri hækkun strætó vísitölu.

Í frumvarpi til fjárlaga 2019 er gert ráð fyrir að framlag til almenningsganganga á höfuðborgarsvæðinu verði það sama og árið 2018 eða um 905 m.kr. Meðfylgjandi er tafla yfir framlag ríkisins til Strætó og framlagið ef það hefði tekið breytingum í samræmi við verðlagshækkun eins og kveðið er á um í samningum.

Allar fjárhæðir í þús. kr.	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019*	Samtals
Framlagið skv. samningi, með hækkun v. verðlagsbreytinga, gr. 6, liður iii	350.000	902.204	925.620	927.198	962.144	1.030.045	1.077.551	1.119.577	7.294.339
Framlagið - raun og áætlað 2019	350.000	902.905	822.600	806.130	889.560	889.560	905.400	905.400	6.471.555
Mismunur frá því sem kemur fram í samningi og raun framlagi	-	-701	103.020	121.068	72.584	140.485	172.151	214.177	822.784

\*Hækkun miðað við Þjóðhagsspá júní 2018

Almennur rekstrarkostnaður Strætó er áætlaður samkvæmt spá um þróun verðlags tiltekinna gjaldaliða sem er í takt við Strætó- vísitölu, þar sem launakostnaður vegur langþýngst.

Í upphafi árs 2018 var farið í umtalsverðar breytingar á leiðakerfinu sem fólu í sér umtalsvert bættu og aukna þjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins, t.a.m. með því að auka akstur um kvöld og helgar, auka tíðni ákveðna leiða og að sérstök sumaráætlun með minni þjónustu verði aflögð. Jafnframt var farið í tilraunaverkefni varðandi næturakstur um helgar. Heildarkostnaður við framangreindar breytingar var áætlaður um 414 m.kr. Í áætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir hagræðingu í leiðakerfi að fjárhæð 95 m.kr. og að rekstrarkostnaður lækki um 80 m.kr. meðal annars vegna lægri rekstrarkostnaðar rafvagna, samtals er því gert ráð fyrir að rekstarkostnaður vagna lækki um 175 m.kr. 2019 miðað við útkomuspá 2018.

## Helstu verkefni Strætó 2018

Heildarfjárfesting 2018 í 14 rafvögnum er um 940 m.kr. Þar af var um 170 m.kr. greiddar 2017 og gert er ráð fyrir að um 770 m.kr. verði greiddar fyrir lok árs 2018.

Í október 2018 eru níu rafvagnar komnir á götuna og von er á fimm í viðbót á næstu vikum. Innviðaupbygging í tengslum við rekstur rafvagna á starfstöð Strætó Hesthálsi hefur verið töluverð á árinu með tilheyrandi kostnaði. Rekstur rafvagnanna hefur gengið vel það sem af er árinu og von er á að þeir verði komnir í fulla notkun á næstu mánuðum og að umhverfis- og rekstrarhagræðið við það að nota rafmagn í stað díselolíu sem orkugjafa komi fram að fullu í rekstrinum á næsta ári.


Á árinu 2018 voru myndavélar og nettengingar í öllum vögnum sem aka undir merkjum Strætó á höfuðborgarsvæðinu uppfærð, kostnaður við fjárfestinguna var í samræmi við áætlun eða um 60 m.kr.

Í samkomulagi Ríkisins og SSH um eflingu almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu er kveðið á um að gera skuli reglubundið framvindu og árangursmat vegna verkefnisins. Á árinu 2018 var slíkt mat gert og í framhaldi að því var samþykkt að óska eftir að Strætó legði fram aðgerðaáætlun um það hvernig Strætó hygðist ná markmiðum samningsins.


Samkvæmt framvindu og árangursmatinu, hefur vegur Strætó um flest verið upp á við. Farþegum hefur fjölgað um rúmar 2,7 milljónir og fer hver íbúi höfuðborgarsvæðisins nú að jafnaði 54 ferðir á ári með Strætó samanborið við 37 ferðir árið 2009, fastanotendum Strætó hefur fjölgað og eru nú árið 2018 um 15 þúsund en voru um 5 þúsund árið 2011. Í dag teljast rúmlega 30% íbúa á höfuðborgarsvæðinu notendur Strætó en voru um 21% árið 2011. Þrátt fyrir þetta hefur hlutdeild almenningssamgangana í öllum ferðum á höfuðborgarsvæðinu staðið í stað og var um 4% árið 2017 líkt og hún var 2011, en eitt lykilmarkmið verkefnisins var að sú hlutdeild myndi ná 8% árið 2022. Til þess að greina þá stöðu sem Strætó stendur frammi fyrir í dag, m.t.t. markmiðsins var Mannvit í samtarfi við starfsmenn Strætó falið að greina möguleika til frekari eflingu Strætó. Ýmsar leiðir er hægt að fara til að styrkja bæði rekstur og notkun á almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu, en flestar aðgerðirnar sem tilgreindar eru í skýrslunni fela í sér áframhaldandi viðtækt samstarf Strætó, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisvaldsins. Gert er ráð fyrir að á árinu 2019 verðið unnið markvisst að því að koma einhverjum tillögum í framkvæmd og öðrum í farveg.

## SKIPTING REKSTRAR 2019

### Rekstrartekjur 2019



## Rekstrarkostnaður 2019



## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Yfirstjórn og skipulagssvið

Helstu verkefni á sviði yfirstjórnar Strætó á árinu 2019, verða að halda áfram að vinna að því að aðlaga leiðakerfi Strætó að borgarlínu. Stefnt er að því að stofna faghóp um leiðakerfisbreytingar með sérfræðingum Strætó ásamt fulltrúum sveitarfélaga, þar sem áhersla verði á að aðlaga leiðakerfi Strætó að fyrirhugaðri legu borgarlínu. Leiðakerfi Strætó tekur einhverjum breytingum árlega og er þess vegna mikilvægt að breytingar þokist í átt að því heildarkerfi almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu sem stefnt er að.

### Farþegaþjónustusvið

Á síðasta ári var unnið markvisst að því að bæta símsvörun hjá Strætó ásamt því að leita leiða til að starfsmenn í símsvörun geti leyst erindi hratt og örugglega í fyrstu snertingu. Á næsta ári verður þessari vinnu haldið áfram með endurbótum á ábendingakerfi, vinnu við innleiðingu á CRM kerfi, talstöðvarsamskipti við bílstjóra verður færð í nútímalegra horf og stöðugt verður leitað leiða til að auðvelda viðskiptavinum að sækja upplýsingar eða að koma sínum erindum á framfæri.

Í akstursþjónustunni er stöðugt verkefni að bæta flotastýringu og hefur sýnt sig að sú vinna er að skila sér í meiri ánægju á meðal viðskiptavina. Áhersla hefur verið á að bæta stundvísi og eru um 97% ferða innan ásættanlegs tímaramma en markmiðið er að ná að bæta stundvísina enn betur samhliða því að ná fram enn betri samnýtingu á bílafлотanum.

### Fjármál og rekstur

Undir fjármál og rekstur heyrir fjármál, launavinnsla og bókhald, sölu- og markaðsmál og upplýsingatækni, á sviðinu starfa nú 9 manns.

Stærsta verkefnið 2019 verður fjárfesting í nýju rafrænu greiðslukerfi í kjölfarið á útboði sem fyrirhugað í lok árs 2018 eða byrjun 2019. Gert er ráð fyrir að innleiðing á kerfinu gæti byrjað á haustmánuðum 2019. Nýju kerfi er ætlað að nútímavæða innheimtu fargjalda hjá Strætó og gera farþegum enn auðveldara að greiða fyrir þjónustuna, ásamt því að auka öryggi greiðslunnar. Nýtt greiðslukerfi mun einnig gefa mikilvægar upplýsingar um notkun, sem mun hjálpa til við ákvarðanatöku er varðar leiðakerfi og fargjaldauppbyggingu.

Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að styrkja innra eftirlit og áhættustýringu þvert á fyrirtækið.

Á árinu 2018 var farið í uppfærslu á markaðsnálguninni „Besta leiðin“ þar sem merkingar á vögnum voru endurnýjaðar. Áfram verður lögð áhersla á að hvetja fólk til að nýta sér umhverfisvænar samgöngur og þá auðvitað sérstaklega Strætó sem er bæði umhverfisvænn og hagkvæmur kostur.

## Mannauðs- og gæðasvið

Mannauðsmál verða áfram í brennidepli í starfsemi Strætó 2019. Stærsta verkefni sviðsins undanfarin ár hefur verið innleiðing þjónustustefnu. Það er langtímaverkefni sem hefur það að markmiði að efla enn frekar þjónustu, þekkingu og viðmót starfsmanna Strætó auk þess að fjölga farþegum. Þá verður einnig áhersla á innri þjónustu og samskipti.

Á árinu 2019 verður einnig áhersla á umhverfis- og gæðamál. Haldið verður áfram endurbótum á vottuðum gæðakerfum Strætó með sérstakri áherslu á umbætur í umhverfismálum, flokkun sorps og þess háttar.

Öryggismál skipa stóran sess á árinu 2019. Stefnumótun og mörkun öryggismála verður stórt verkefni. Endurskoða þarf öryggisstefnu og marka innleiðingafæri hennar.

Önnur verkefni verða fyrirferðamikil á árinu, s.s. endurmenntun atvinnubílstjóra þar sem Strætó mun verða eigin fræðsluaðili, jafnlaunavottun mun klárast á fyrrihluta árs og innleiðingu ljúka á nýrri persónuverndarlöggjöf.

## Rekstrarsvið

Undir rekstrarsvið heyrir allur akstur Strætó; verkstæði, innkaupadeild og þvottastöð. Á sviðinu starfa um 248 starfsmenn, þar af eru 202 vagnstjórar og 31 á verkstæði, innkaupum og þvottahúsi og 15 í stýringu flotans og mötuneyti.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að allir rafvagnar Strætó verði komnir í fulla notkun og því verður verkefnið 2019 að tryggja sem besta nýtingu þeirra en til að svo megi vera þarf að setja upp að minnsta kosti tvær hraðhleðslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu sem eru nú í undirbúningi.

Gert er ráð fyrir að keyptir verði vetnisvagnar í næsta vagnakaupaútbóði sem fyrirhugað er í lok árs 2018 eða byrjun árs 2019. Kaup á vetnisvögnum er styrkt af Evrópusambandinu, þar sem Strætó er þátttakandi í verkefni sambandsins sem hefur það að markmiði að styðja við framleiðslu á umhverfisvænum farartækjum.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á húsnæði Strætó á Hesthálsi hefjist á næstu mánuðum og standi fram á næsta vor, gera má ráð fyrir einhverju raski á starfsseminni á meðan á þeim stendur. En gert er ráð fyrir starfsfólk Strætó í Mjódd flytjist á Hestháls um mitt næsta ár.

## FRAMLÖG

Áætluð skipting á framlagi á milli eigenda	2018	Aukning	Verðlag	2019
		v/frávika 2018		
Reykjavík	2.238.348	66.051	82.645	2.387.044
Kópavogur	517.706	15.440	19.319	552.465
Hafnarfjörður	363.908	10.828	13.549	388.285
Garðabær	232.464	7.832	9.800	250.096
Mosfellsbær	164.230	4.954	6.199	175.383
Seltjarnarnes	64.961	1.937	2.423	69.321
Samtals	3.581.617	107.042	133.935	3.822.594

\*Fjárhæðir í þús.kr

## FJÁRFESTINGAR

Haldið verði áfram með endurnýjun á vagnaflotanum og fjárfest verði í nýjum vetnisvögnum fyrir allt að 300 m.kr. árið 2019.

Fjárfest verður í nýju greiðslukerfi fyrir allt að 200 m.kr. 2019 í kjölfar útboðs sem fyrirhugað er í lok árs 2018 eða byrjun 2019. Uppfært greiðslukerfi er næsta rökrétta skref á eftir greiðslu- appinu sem kom í lok árs 2014. Nýtt greiðslukerfi mun hjálpa til við lausn ýmissa vandamála sem eru í núverandi fyrirkomulag, t.a.m.:

- Athugasemdir innri endurskoðanda Strætó. Koma þarf að nauðsynlegum úrbótum vegna athugasemda frá innri endurskoðanda vegna meðhöndlun reiðufjár og virkni bauka í vögnunum. Núverandi baukar sem eru í vögnum eru orðnir um 30 ára gamlar og taka þarf ákvörðun um kostnaðarsama endurnýjun eða hætta með þá í skrefum samhliða upptök nýrra greiðsluleiða.
- Eykur öryggi greiðslunnar m.t.t. svindls. Áætlað er að svindl geti verið allt að 250-300 m.kr. árlega, meðal annars vegna sjónrænnar staðfestingar fargjalds þar sem auðvelt getur verið að sýna falsað eða útrunnið kort án þess að vagnstjóri geti með góðu móti sannreynt gildi kortsins, farmiðar og núverandi staðgreiðsla með peningum er mjög ónákvæm.
- Léttu álaginu af bílstjórum, með því að hætta sjónrænni staðfestingu.
- Betri upplýsingar um innstig, greiðslumiðla og notkun viðskiptavina, opnar möguleika á nýjum uppgjörmöguleikum á milli sveitarfélaga t.d. með tilliti til notkunar íbúa hvers sveitarfélags o.s.frv.
- Samnýting – m.a. við Borgarlínu. Opið rafrænt greiðslukerfi gerir okkur það mögulegt að samþætta rafræn greiðslukerfi við hin ýmsu greiðslukerfi sveitarfélaganna og nýta þannig fjárfestingu og sérfræðiþekkingu mun betur en ella.

Jafnframt er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun á nýtingu upplýsingatækni til að þjónusta farþega betur og uppfærslu á núverandi upplýsingakerfum, t.a.m. bókhaldskerfi, innra neti fyrir starfsmenn og rafræn skilti á stoppistöðvum.

Áætlun fyrir 2019 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals allt að 530 m.kr.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Gert er ráð fyrir að framangreindar fjárfestingar verði fjármagnaðar með eigin fé og lánsfé. Í fjárhagsáætlun fyrir 2019 er heimild fyrir allt að 200 m.kr. lántöku.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Spá 2018	Áætlun 2019
Heildarfjöldi ekinna KM	7.444.111	8.408.243	8.970.780	10.203.679	9.872.602	9.872.602	10.662.410	10.481.149
Fjöldi ekinna km verktakar	2.915.968	3.274.027	3.723.143	4.387.582	4.047.767	4.047.767	5.331.205	5.240.574
Fjöldi ekinna km Strætó	4.528.143	5.134.216	5.247.637	5.816.097	5.824.835	5.824.835	5.331.205	5.240.574
Olíunotkun Strætó fjöldi lítra	2.098.313	2.337.311	2.366.927	2.447.441	2.391.062	2.391.062	2.132.482	1.939.013
Meðaleyðsla á hverja 100 km	46	46	45	42	41	42	40	37
Fjöldi vagna í reglulegri notkun	133	143	143	148	148	148	158	158
Fargjaldtekjur í þús.kr.	1.277.416	1.421.798	1.476.801	1.655.369	1.820.595	1.889.662	1.959.912	2.099.543
Hlutfall fargjaldtekna af alm. rekstarkostn.	32,3%	31,1%	30,4%	32,5%	32,7%	31,7%	30,0%	31,0%
Fjöldi starfsmanna	198	205	241	261	296	296	318	319

# SORPA BS.


## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

	Raun 2017	Útksp. 2018	Áætlun 2019	Fimm ára áætlun			
				2020	2021	2022	2023
Rekstrartekjur	3.740.026	4.134.727	4.400.167	4.727.249	4.922.395	5.123.342	5.414.874
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.740.026</b>	<b>4.134.727</b>	<b>4.400.167</b>	<b>4.727.249</b>	<b>4.922.395</b>	<b>5.123.342</b>	<b>5.414.874</b>
Laun og launatengd gjöld	1.064.558	1.139.031	1.265.066	1.349.785	1.436.213	1.528.370	1.622.970
Annar rekstrarkostnaður	2.102.731	2.359.716	2.514.804	2.605.948	2.698.529	2.792.565	2.888.075
Afskriftir	-164.256	-196.248	(231.320)	(447.475)	(484.760)	(493.018)	(501.275)
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>3.167.290</b>	<b>3.498.746</b>	<b>3.779.870</b>	<b>3.955.733</b>	<b>4.134.741</b>	<b>4.320.935</b>	<b>4.511.046</b>
Fjármunatekjur/gjöld	18.139	11.000	(63.000)	(59.566)	(62.186)	(36.754)	(32.132)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>427.635</b>	<b>451.732</b>	<b>326.977</b>	<b>265.476</b>	<b>241.708</b>	<b>273.635</b>	<b>371.421</b>

## GREINARGERÐ REKSTRARÁÆTLUNAR - INNGANGUR

Eftirfarandi rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2019 – 2023 samþykkt á stjórnarfundi þann 24.10.2018. Magn sem berst öllum starfsstöðvum SORPU bs<sup>1</sup>. hefur aukist verulega síðustu ár og misseri. Magn úrgangs sem SORPA tók við á öllum starfsstöðvum árið 2017 jókst um tæp 11% frá árinu 2016 og hafði aukist um 15% milli árána 2015 og 2016. Magnaukning frá árinu 2010 er rétt tæp 62%. Árið 2010 var efnahagslífið í djúpri lægð. Heildarmagn úrgangs árið 2017 er orðið jafn mikið og árið 2008 sem var metár. Þó verður að hafa í huga að það ár var stór hluti magnsins gamall urðunarstaður við Korpu sem fluttur var í Álfsnes. Frá árinu 2010 hefur íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgað um 7,9%.

Heildarmagn úrgangs móttakið hjá SORPU ár hvert




Stærstur hluti rekstrarkostnaðar endurvinnslustöðvanna er beintengdur magni sem berst og lítt á færi SORPU að hafa áhrif á magnið. Reynt hefur verið að hafa áhrif á samsetninguna þ.e.a.s. reynt að hafa áhrif á íbúa þannig að þeir flokki úrganginn í ódýrari flokka. Það gengur hins vegar hægt. Erfitt er fyrir

<sup>1</sup> Sex endurvinnslustöðvar, móttökustöð í Gufunesi og urðunarstaður í Álfsnesi

starfsmenn, sem sinna mörgum skyldum að fylgjast með og hafa áhrif á íbúa. Til þess eru starfsmenn einfaldlega of fáir. Á myndinni á næstu síðu má sjá þróun magns sem kemur gegnum endurvinnslustöðvannar, en þar sést að ef fer fram sem horfir verður magnaukningin frá árinu 2010 um 90%. Um 90% af kostnaði endurvinnslustöðvanna samanstendur af eftirfarandi fjórum þáttum:

- Launakostnaður
- Eyðingargjöld
- Flutningur
- Gámaleiga

Launakostnaður er um 30% en hinir liðirnir eru um 60%. Síðari liðirnir (eyðingargjöld, flutningur og gámaleiga) eru beintengdir magni sem berst stöðvunum þ.e.a.s. eitthvað sem SORPA ræður lítt við og ræðst af aðstæðum í samfélaginu og veðri (garðaúrgangur) sem SORPA hefur enga stjórn á. Reynt hefur verið að bregðast við með því að leiðbeina íbúum um hvernig er hægt að flokka betur og þar með koma úrgangi í ódýrari meðhöndlun, en slíkt tekur tíma að skila árangri. Launakostnaður ákvarðast af kjarasamningum, starfsmati og vinnufyrirkomulagi og var m.a. opnunartíma breytt árið 2016 í hagræðingarskyni<sup>2</sup>. Því miður er magnaukning það mikil að hagræðingum sést ekki stað í niðurstöðutölum, þó má fullyrða að útgjöld sveitarfélaganna hefðu orðið enn hærri ef ekki hefði verið gripið til þessara aðgerða. Brýnt er að sveitarfélögin setjist niður og endurskoði fyrirkomulag endurvinnslustöðvanna, fjölda þeirra, staðsetningu og þjónustu. Sýnt hefur verið fram á að fækkun og stækkun stöðva er eina raunhæfa leiðin til að ná niður kostnaði.



<sup>2</sup> Opnunartíma breytt þannig að allar stöðvar eru opnar frá 12:00 til 18:30 alla dag nema stöðin á Breiðhelli sem er opin fyrir hádegi á virkum dögum.

## FORSENDUR

Á eigendafundi þann 1. september 2018 voru settar fram meginforsendur fyrir rekstraráætlun SORPU, s.s um ytri forsendur og gjaldskrárbreytingar. Notaðar eru sömu forsendur og fyrir árið 2018 hvað varðar lántökur, framlag eigenda og framlag frá rekstri SORPU til byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Þær helstu forsendur sem notaðar eru við útreikning á áætlun SORPU ársins 2019 eru eftirfarandi:

- Vísitala byggingarkostnaðar (neyslúvísitala)
- Launabreytingar skv. kjarasamningum
- Launavísitala þar sem ekki liggja fyrir kjarasamningar
- Vísitala einkaneyslu (spá um magn á endurvinnslustöðvum)

Gjaldskrá SORPU tekur breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí skv. breytingu á vísitölu. Svokölluð SORPU- vísitala er reiknuð sem 75% breyting á byggingavísitölu og 25% breyting á launavísitölu. Gjaldskrá fyrir helstu gjaldskrárflokka tekur breytingum skv. þessari samsettu vísitölu. Sama vísitala er notuð til að bæta alla langtíma verktakasamninga og er það gert einu sinni á ári þann 1. janúar. Í forsendum eigenda (SSH) er birt spá um vísitölu neyslúverðs og er hún notuð í stað áætlunar um breytingu á byggingavísitölu. Magn úrgangs fyrir árið 2019 er áætlað sama og magn úrgangs árið 2018 skv. útkomuspá byggt á 7 mánaða tölum. Þetta á þó ekki við um magn sem berst endurvinnslustöðvunum en í ljós hefur komið að sama nálgun á illa við á endurvinnslustöðvunum. Í stað þess er magn sem berst endurvinnslustöðvunum áætlað út frá spá um breytingu á einkaneyslu. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2018. Rétt er að hafa í huga að samsetning úrgangsins sem berst endurvinnslustöðvunum hefur ekki síður áhrif á kostnað stöðvanna. Samsetning úrgangsins hefur breyst á árinu 2018 miðað við árið 2017 til verri vegar miðað við útkomuspá. Væri samsetning úrgangs sú sama árið 2018 og hún var árið 2017 væru eyðingargjöld um 40 milljón krónum lægri fjárhæð.

Ekki hefur tekist að vinna í samræmi við áætlun sem gengur undir nafninu „Ekki laumupokast“ vegna manneklu, en þar er íbúum gert að skila almennum pressanlegum úrgangi í gegnsæjum pokum til að auðvelda starfsfólki eftirlit og leiðbeiningar.



Miðað við þróun úrgangs á endurvinnslustöðvunum til júlí loka 2018 má gera ráð fyrir að heildarmagn úrgangs á endurvinnslustöðvunum árið 2018 verði tæp 54.000 tonn. Áætlaða þróun magns á endurvinnslustöðvunum næstu ár, byggða á vísitölu einkaneyslu má sjá í næstu töflu:

### Áætlaðar magnbreytingar á endurvinnslustöðvunum:

	2018*	2019	2020	2021	2022	2023
Vísitala einkaneyslu, vísitala=100 árið 2005	124,8	129,6	133,7	137,5	141,3	144,8
Magnvísitala, vísitala=100 árið 2005	139,1	147	153,2	159	164,5	169,5
Tilsvarendi mótttekið magn, tonn/ári	53.913	56.942	59.360	61.623	63.733	65.688

\*Miðast við 7 mánaða magntölur

Heimsóknnum á endurvinnslustöðvunum hefur einnig fjölgað verulega síðustu misseri og ár. Heildarfjöldi heimsókna árið 2017 voru 913.205 en voru 676.784 árið 2010 þ.e. hefur fjölgað um rúmlega 236 þúsund á ári eða um 35%. Á sama tíma hefur ársverkum á endurvinnslustöðvunum fjölgað um 1,6%. Myndin hér fyrir neðan sýnir afköst/álag á starfsmenn; annars vegar magn per ársverk og hinsvegar heimsóknir per ársverk.



Samband vísitölu einkaneyslu og magns á endurvinnslustöðvum – báðar vísitölur settar 100 árið 2005.

Verð fyrir endurvinnsluafurðir er áætlað það sama og árið 2018. Verð endurvinnsluafurða taka breytingum m.a. skv. heimsmarkaðsverði á olíu og kolum, markaðsverði á pappír, pappa og plasti og breytingum á gengi. Að auki hafa ákvarðanir Úrvinnslusjóðs áhrif á tekjur og/eða útgjöld af ákveðnum endurvinnsluefnum. Ekki er reynt að áætla fyrir breytingum á þessum þáttum heldur er notast við þekkt verð við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að sama magn af metani seljist á árinu 2019 og útkomuspá fyrir árið 2018 segir til um. Fram til 2020 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu metans en að hún taki kipp þegar ný gasgerðarstöð tekur til starfa.

Áætlun 2020 – 2023 er gerð á föstu verðlagi ársins 2019.

## FJÁRFESTINGAR

### Álfsnes

Undirbúningur að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi hefur staðið yfir undanfarin ár og misseri. Öllum útböðum vegna verksins er lokið og byggingarfasir hafinn. Fjármögnun hefur verið tryggð með lántökum, framlögum eigenda og af rekstri SORPU. Áætlaður kostnaður í dag er 3,6 milljarðar. Fjármögnun verður sem hér segir:

Fjármögnun í þús kr.	Ár		
	2018	2019	SAMTALS
Stofnfé	350	200	550
Langtíma lántaka		1.750	1.750
Skammtíma lántaka		500	500
Af rekstri	300	510	810
SAMTALS	650	2.950	3.610

Árin 2019 og 2020 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi metanhreinsistöð í Álfsnesi og varabirgðum sé komið upp til að auka afhendingaröryggi. Er það framhald á verkefni sem verið hefur á áætlun frá 2013 en framkvæmdum frestað vegna annarra verkefna.

Urðun í Álfsnesi er háð skipulagi og starfsleyfi. Urðunarstaðurinn er í dag rekinn á undanþágu frá starfsleyfi sem umhverfisráðuneytið hefur gefið út, en það fellur úr gildi þann 24. október 2018. Sótt var um nýtt starfsleyfi og er það í vinnslu hjá starfsleyfisgjafa (Umhverfisstofnun). Til að hægt sé að ljúka starfsleyfisgerð þarf að gera breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur en unnið er að slíkri breytingu.

Viðræður hafa staðið við Sorpstöð Suðurlands bs., um hugsanlegan urðunarstað á suðurlandi fyrir óvirkan úrgang, sem kæmi í stað Álfsness eftir 2020. Ekki hefur orðið árangur af þeim viðræðum og er útlitið frekar dökkt í þeim efnum. Því er gert ráð fyrir fjárútlátum vegna hönnunar og undirbúnings á nýjum urðunarstað í áætlunum SORPU næstu ár. Ljóst er að kostnaður vegna þessa er á þessu stigi mjög óljós en allar líkur benda til kostnaðarsams undirbúnings. Á þessu stigi er ekki ljóst hvar sá staður gæti verið. Í áætlunum er gert ráð fyrir meginþunga þess kostnaðar á árunum 2021 til 2023. Gert er ráð fyrir á þessu stigi að fjármögnun þess verkefnis verði með framlögum eigenda. Framsetning í áætlun SORPU er ekki ákvörðun um fjárfestinguna eða að fyrirkomulagið verði með þeim hætti sem lagt er til á þessu stigi. Slíkt yrði alltaf gert í samráði við eigendur. Rétt þykir hins vegar að gera grein fyrir fjárfestingunum í áætlunum SORPU þar sem verkefnið fellur innan skilgreinds hlutverks byggðasamlagsins eins og það kemur fram í stofnsamningi eigenda um SORPU.

Skv. svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem allir eigendur SORPU bs. hafa samþykkt og í samræmi við eigendasamkomulag frá 2013 gert ráð fyrir undirbúningi að byggingu brennslustöðvar einhverstaðar á svæði SORPU bs. / Kólku sf. á næstu árum. Viðræður hafa staðið yfir við Kólku um hugsanlega sameiningu SORPU og Kólku undanfarin misseri og er brýnt að klára þær viðræður. Gert hefur verið ráð fyrir að sameining yrði á þeim grunni að ekki kæmi til fjárútláta SORPU að öðru leiti en fælist í vinnu við sjálfa sameininguna. Hins vegar er ljóst að ef standa á við yfirlýsingar sveitarfélaganna um að hætta urðun á lífrænum og brennanlegum úrgangi og vegna yfirvofandi reglna frá EU um frekari samdrátt í urðun úrgangs, að slíkum markmiðum verður ekki náð nema með byggingu brennslustöðvar. Brennslustöð er fjárfrekt verkefni sem krefst langs undurbúnings og því nauðsynlegt að hefja slíkan undirbúning sem fyrst.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaupa á hreyfanlegum/færanlegum vinnutækjum. Síðan er gert ráð fyrir að flutningur á þeirri starfsemi sem er í Gými hefjist um leið og framkvæmdum við gas- og jarðgerðarstöð líkur.

## Gufunes

Magn- og umferðaraukning hefur verið veruleg í Gufunesi undanfari ár og misseri. Í ofanálag hafa sífellt komið til kröfur um aukna flokkun en hver nýr flokkur krefst rýmis og umstangs. Kvörtunum vegna biðraða og biðtíma fer stöðugt fjölgandi. Stöðin var tekin í notkun árið 1991 og hefur þjónað þörfum SORPU vel. Nú er hins vegar brýn þörf á að stækka móttökustöðina til að koma til móts við aukið magn, aukna umferð og kvartanir, stöðin einfaldlega annar ekki meiri umferð eða magni án breytinga. Nauðsynlegt er að þessar breytingar falli að þeim tíma sem gas- og jarðgerðarstöðin verður tekin í notkun annað bíður upp á aukinn kostnað ef standa þarf í breytingum á húsnæðinu eftir að gas- og jarðgerðarstöðin er komin í gagnið. Stefnt er að því að nauðsynlegur tækjabúnaður vegna forvinnslu fyrir gas- og jarðgerðarstöð (kurlarar, málmskiljur, blásarar, færibönd o.s.frv.) verði settur á sinn endanlega stað í stækkaðri stöð svo ekki komi til aukakostnaðar á síðari stigum. Áætlaður kostnaður á þessu stigi er 500 milljónir sem fjármagna þarf á árunum 2019 og 2020. Lagt er til að verkefnið verði fjármagnað með því að auka lántökur sem þegar hefur verið samþykkt að fara í vegna G&J.

Önnur fjárfesting í Gufunesi er m.a. hreifanleg vinnutæki en um er að ræða endurnýjun gamalla og úr sér genginna véla. Enn verður frestað aðstöðu fyrir lestun pappírsgáma.

Gert er ráð fyrir árlegri fjárfestingarþörf vegna miðlægs tölvu- og bókhaldskerfis en slík fjárfesting getur sveiflast milli ára. Gert er ráð fyrir uppfærslu á bókhaldskerfi SORPU árið 2021. Sú fjárfesting áætlast 50 milljónir á þessu stigi.



## Endurvinnslustöðvar

Áætlanir um fjárfestingar endurvinnslustöðvanna eru mjög óljósar á þessu stigi. Mjög brýnt er að fundin verði lausn fyrir Dalveg þar sem aðstaðan var skorin verulega niður fyrir nokkrum misserum. Stöðin í Jafnaseli er að verða of lítil og nauðsynlegt að skoða stækkunarmöguleika eða færslu stöðvarinnar. Íbúðabyggð við Ánanaust færir nær og nær stöðinni og eru þegar byrjaðar kvartanir vegna umferðar og hávaða. Er ekki ólíklegt að hentugt sé að flytja stöðina til, eða kosta til hljóðvarna við stöðina. Stöðin á Sævarhöfða á að víkja skv. aðalskipulagi Reykjavíkur og er gert ráð fyrir að ný stöð rísi við Lambhagaveg í staðinn. Skoða þarf staðsetningar og röð framkvæmda með það í huga að flutningur stöðvarinnar á Sævarhöfða valdi ekki öngþveiti í Jafnaseli eða á þegar yfirfulla stöð á Dalvegi. Á eigendafundi þann 3. september var ákveðið að SSH myndi kalla til faghóp svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins til að fara yfir og móta tillögur að staðsetningar. Þar sem ekki liggur fyrir á þessu stigi hver yrði röð framkvæmda er gert ráð fyrir eftirfarandi í fyrlliggjandi áætlun:


2019 – 2021: Stöðin á Jafnaseli stækkuð og aðstaða bætt

2020 – 2022: Stöðin á Sævarhöfða verði flutt á Lambhagaveg


2022: Stöðinni í Mosfellsbæ lokað um leið og stöðin á Lambhagavegi verður opnuð


2021 – 2023: Ný stöð byggð í stað stöðvarinnar á Dalvegi eða sú stöð stækkuð

Rétt er að hafa í huga að framsetning í áætlunum SORPU er ekki ákvörðun um fjárfestingu – ákvörðun yrði alltaf tekin í samráði við eigendur. Hins vegar þykir rétt að gera grein fyrir fjárfestingunni í áætlunum SORPU.



Frá árinu 2010 hefur úrgangur í gegnum endurvinnslustöðvarnar aukist um rúmlega 90% og kostnaður við rekstur stöðvanna aukist verulega. Hagrætt hefur verið með fækkun starfsfólks og breyttum opnunartíma og hefur tekist að halda kostnaði við hvert kíló sem fer í gegnum stöðvarnar nokkuð stöðugu og lækkandi ef eitthvað er. Jafnframt því sem magn hefur aukist verulega hefur umferð um stöðvarnar aukist. Markvisst hefur verið stefnt að því að auka innheimtu í hliði fyrir gjaldskyldan úrgang oft við litla hrfingingu viðskiptavina. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá að innheimta per ársverk (á verðlagi 2018) hefur aukist verulega, sama máli gegnir ef horft er til innheimtu per kíló.





## REKSTUR

### Tekjur

Árin 2019 og 2020 er gert ráð fyrir svipaðri sölu á metani en hún taki kipp um leið og gasgerðarstöðin hefur starfsemi, eftir 2020 verði söluaukning 8% á ári. Magnaukning úrgangs árin 2020 – 2023 er áætluð sú sama og %-fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári og er gert ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við aukið magn.

### Gjöld

#### Almennt

Laun taka breytingum skv. kjarasamningum þar sem slíkt er þekkt en annars skv. forsendum Reykjavíkurborgar um launavísitölu. Gert er ráð fyrir að breytingar á verktakasamningum séu í samræmi við áætlaðar gjaldskrárbreytingar, en hvert tilfelli skoðað fyrir sig. Almennur rekstrarkostnaður taki breytingum skv. neysluvísitölu.

SORPA hefur verið í samstarfsverkefni við Lífdísel hf. um móttöku og vinnslu á sláturúrgangi í nokkur ár, efni sem farið hafði að stærstum hluta í Gými og er hluti af baráttu SORPU við lyktarmengun. Verkefnið hefur gengið hægt og hefur áætluðum nafnarköstum ekki verið náð. Bilanir og skemmdir sem hafa orðið á búnaði vegna aðskotahluta í úrganginum sem erfitt hefur verið að koma í veg fyrir. SORPA yfirtók rekstur Lífdísil hf. í Álfsnesi fyrr á árinu 2018 og hófst þegar handa við uppfærslu búnaðar. Gerður var nýr samningur við Lífdísel (sem byggir á upphaflegum samningi frá 2014) þar sem SORPA sér um forvinnslu en Lífdísill sér um framleiðslu á eldsneyti. Starfsmönnum SORPU bs. í Álfsnesi fjölgar við þessa breytingu en á móti hefur verktakakostnaður vegna Lífdísel lækkað. Nettóáhrif eru því engin.

Rétt er að hafa í huga að starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi var fellt úr gildi snemma árs 2017 af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Urðunarstaðurinn er nú rekin á undanþágu frá starfsleyfi sem gefið er út af umhverfisráðuneytinu. Sú undanþága rennur út 24. október 2018 en sótt hefur verið um frekari undanþágu. Einnig hefur verið sótt um nýtt starfsleyfi og er það í vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Verði ekki komið nýtt starfsleyfi eða ný undanþága þann 24. október 2018 mun öll starfsemi SORPU vegna urðunar í Álfsnesi stöðvast.



### Endurvinnslustöðvar/grenndargámar

Eins og áður hefur komið fram hefur umferð og magn um endurvinnslustöðvarnar aukist verulega síðustu ár og þó tekjur af innheimtu í hliði hafi aukist hefur sú aukning ekki haldið í við magnaukningu. Brýnt er að eigendur og SORPA setjist yfir það fyrirkomulag sem gildir um endurvinnslustöðvarnar og skoðað sé hvort annað fyrirkomulag henti betur og sé til þess fallið að lækka kostnað.

Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstökum þjónustusamningi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins þ.e.a.s. tekjur og gjöld endurvinnslustöðvanna standast á. Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna m.a. af sölu inneignarkorta, sölu málma og umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Fyrsti áfangi að nýju kerfi skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða var tekin upp á miðju ári 2014 þegar móttökuskemma fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir var tekin í notkun á Breiðhelli í Hafnarfirði. Slík móttaka var einnig tekin í notkun á Ánanaustum á fyrri hluta árs 2015. Eftir að þessi nýja móttaka var tekin upp hefur fjöldi eininga aukist og hafa tekjur vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða aukist lítillega. Endurvinnslan hf. greiðir endurvinnslustöðvunum leigu fyrir skemmurnar í Ánanaustum og Breiðhelli. Tækjabúnaður sá sem notaður hefur verið á Ánanaustum fyrir þessa móttöku var endurnýjaður og um leið tvöfaldaður árið 2018 og er það Endurvinnslan sem stendur straum af kostnaði við breytingarnar. Nú liggur fyrir að umsvif með skilagjaldsskyldar umbúðir á Breiðhelli eru það mikil að Endurvinnslan hefur farið fram á tvöföldun búnaðarins. Endurvinnslan útvegar tækjabúnað en líklega þarf að gera einhverjar breytingar á húsnæði sem fellur þá á endurvinnslustöðvarnar að standa straum af.

Mismun tekna og gjalda endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. SORPA bs. rekur einnig s.k. grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið var boðið út á árinu 2015 og tók nýr verktaki við verkefninu á árinu 2016. Verkefnið er vel skilgreint og ekki áætlað að kostnaður við verkefnið aukist umfram verðlag, nema þá sveitarfélögin óski eftir frekari þjónustu. Kostnaður við verkefnið skiptist mismunandi milli sveitarfélaganna en hvert sveitarfélag greiðir fyrir þessa þjónustu í samræmi við notkun (þ.e.a.s. fjölda gáma og magn sem safnast í hverju sveitarfélagi).

Til hagræðingar í rekstri endurvinnslustöðva var reglum og viðmiðum við móttöku blandaðs úrgangs á endurvinnslustöðvunum breytt um áramótin 2015/2016. Bannað er að henda pappír og textíl í „pressanlegan“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Jafnframt var ekki lengur leyfilegt að koma með úrgang í ógegnsæjum pokum sem ætlaður er í „pressanlega“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Ekki hefur tekist að sinna þessu verkefni nægjanlega vel vegna manneklu, en þar sem það hefur verið í framkvæmd má sjá árangur. Áfram verður unnið að þessu verkefni en ef þetta verkefni á að skila

tilætluðum árangri þarf að tryggja mönnum þess. Rétt er einnig að hafa í huga að íbúar bregðast mjög misjafnlega við leiðbeiningum starfsmanna.

Áætlun um greiðslur sveitarfélaganna vegna endurvinnslustöðvanna fyrir árið sem er að líða (2018) virðist ganga upp (áætlun gerði ráð fyrir rúmlega 962 milljónum en útkomuspá gerir ráð fyrir 968 milljónum eða 0,6% frávik). Hins vegar gerir áætlun næsta árs ráð fyrir nokkrum kostnaðarauka sem felst í eftirfarandi:

- Áætlaður launakostnaður hækkar um 66 milljónir milli útkomuspár 2018 og áætlunar 2019. Skýringarnar eru þessar:
  - Gert er ráð fyrir að fjölga ársverkum um 2 (sem þýðir 3 starfsmenn á vöktum), eitt í Jafnaseli og eitt á Breiðhelli auk morgunmanns í Breiðhelli (samts því 4 starfsmenn ráðnir). Stöðin á Breiðhelli er opin frá kl. 08:00 alla morgna með einum starfsmanni sem ekki gengur upp lengur. Einn starfsmaður getur ekki sinnt hliðvörslu, innheimtu, dósamóttöku, leiðbeiningum o.s.frv. auk þess sem öryggi er ábótavant. Umferðar- og magnaukning bæði í Jafnaseli og Breiðhelli gera það að verkum að nauðsynlegt er að fjölga starfsmönnum. Áætlaður kostnaðarauki vegna fjölgunar starfsmanna er 28,2 milljónir en á móti kemur er gert ráð fyrir að innheimta í hliði aukist um 4 – 8 milljónir á ári (4 – 8% aukning) og betri flokkun skili 5 – 10 milljónum í lægri móttökugjöldum (3 – 6%) eða samtals lægri kostnað upp á 9 – 18 milljónir.
  - Launaskrið ársins 2018 hækkar um 1,4% í samningum við Eflingu. Samið var við Eflingu/Hlíf um 3ja launaflokka hækkun vegna lífeyrismála. Samts eru þessir liðir hækkun um 4,1% hækkun eða um 14,5 milljónir
  - Samningar eru lausir og því notuð launavísitala upp á 6% - þýðir um 21 milljón í aukinn launakostnað árið 2019.
- Hækkun eyðingargjalda umfram vísitölu er vegna aukins magns en ekki síður breyttrar samsetningar úrgangsins. Ekki hefur náðst að fylgja eftir áætlunum um aukið eftirlit með óflokkuðum og grófum úrgangi vegna manneklu, tveimur dýrustu flokkunum. Því er gert ráð fyrir að eyðingargjöld hækki. Gert var ráð fyrir að eyðingargjöld væru 412 milljónir árið 2018 en stefna í að vera 431 milljón þrátt fyrir minna heildarmagn en áætlun gerði ráð fyrir<sup>3</sup>. Áætlun ársins 2019 gerir ráð fyrir auknu magni (í takt við einkaneyslu) en miðað við breytta samsetningu aukast eyðingargjöld um 40 milljónir milli ára.
- Gámaleiga og flutningur er háður magni en einnig samsetningu. Breytingar milli ára endurspeglar þá staðreynd. Gert er ráð fyrir hækkun flutninga um 38 milljónir og aukinni gámaleigu um 4,5 milljón.
- Í áætlun eru nokkur viðhaldsverkefni sem brýn nauðsyn er að fara í (áætlun samtals 15 milljónir):
  - Móttaka fyrir skilgaldsskyldar umbúðir í Jafnaseli er úreld og vart bjóðandi starfsmönnum eða viðskiptavinum. Gert er ráð fyrir endurnýjun húsakostar en slíkt er þó háð ákvörðunum um endanlega staðsetningu eða breytingu á Jafnaseli. Gert er ráð fyrir 3 milljónum í bráðabirgðalausn þar til fyrir liggur endanleg ákvörðun um staðsetningu/stækkun stöðvarinnar í Jafnaseli.
  - Vegna mikillar aukningar á umsýslu með skilgaldsskyldar umbúðir í Breiðhelli er nauðsynlegt að tvöfalda afgreiðslulínuna. Gert er ráð fyrir að hægt sé að koma

---

<sup>3</sup> Ef samsetning úrgangs árið 2018 væri sú sama og árið 2017 væru móttökugjöld um 40 milljónum lægri árið 2018

búnaðinum fyrir í núverandi húsnæði. Gert er ráð fyrir 2 milljónum í aukakostnað vegna þessa en sjálfan búnaðinn sér Endurvinnslan um að koma upp.

- Malbik undir þyngri gámum í Breiðhelli er ónýtt. Gert er ráð fyrir að steypa undir pressur og jarðvegsgáma, samtals áætlaður kostnaður 3 milljónir.
- Endurnýja þarf tvær brýr milli rampa á Dalvegi og Ánanaustum þar sem þær eru orðnar slysgildra. Samtals gert ráð fyrir 4 milljónum.
- Endurnýja þarf flestar eftirlitsmyndavélar á stöðvunum, samtals áætlaður kostnaður er 3 milljónir.
- Verktaki á ekki gáma til skiptana í öllum tilvikum og leigja hefur þurft fleiri gáma en gert var ráð fyrir í útboði. Töluverður aukakostnaður felst í slíkri aukaleigu. Gert er ráð fyrir að SORPA fjárfesti í 5 opnum gámum til að geta sinnt þessu betur. Gert er ráð fyrir 4,5 milljónum vegna þessa.

Til að vege upp á móti auknum greiðslum sveitarfélaganna er gert ráð fyrir að hækka gjaldskrá endurvinnslutöðvanna um 12% umfram verðlag og hækka móttökugjald fyrir allan úrgang sem ætlaður er til urðunar aukalega um 33%.

## Álfsnes

Gerð reinar 20 var boðin út árið 2016 og klárast verkið á haustdögum 2017. Urðun í reinina hófst fyrri hluta árs 2018. Gert hefur verið ráð fyrir að rein 20 entist út árið 2020 en vegna mikillar aukningar úrgangs, sem fer í urðun (en einnig sem fer til endurvinnslu), eru áhöld um hvort reinin endist. Nýjustu útreikningar benda til þess að reinin geti enst styðst fram til október 2020 en lengst til febrúar 2022. Verkefnið er skilgreint sem fyrirframgreiddur kostnaður og er gjaldfært í takt við notkun reinarinnar.

## Gufunes – móttökustöð

Á tímabilinu 2019 – 2023 verður fyrirkomulagi við þjónustu í Gufunesi og Álfsnesi breytt í samræmi við breytt verklag þegar ný gas- og jarðgerðarstöð tekur til starfa. Ekki er gert ráð fyrri að slíkar breytingar hafi áhrif á heildar rekstrarkostnað. Þjónusta í móttökustöð mun hins vegar óhjákvæmilega breytast í takt við breytt verklag.

## SKULDSETNING OG KRÖFUR UM AFKOMU

Í samræmi við reglur sem settar eru í sveitarstjórnarlögum og viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, má í töflu hér fyrir neðan sjá þau hlutföll sem miðað er við um skuldsetningu og afkomu (jafnvægisregla er reiknuð í milljónum) og hvernig áætlunin uppfyllir þessi viðmið.

Liður	Útkomuspá		Áætlunarár				Viðmið
	2018	2019	2020	2021	2022	2023	
Framlegð/tekjur	15,40%	14,10%	16,80%	16,90%	17,10%	18,50%	>15%
Veltufé frá rekstri/tekjur	15,70%	12,70%	15,50%	15,70%	16,30%	17,90%	>7,5%
Heildarskuldur/reglulegar tekjur	25,60%	69,70%	67,50%	66,10%	63,90%	57,20%	<150%
Jafnvægisregla (niðurstaða í 3 ár)	901	1.206	1.047	842	798	905	jákvætt


Skýggði reiturinn í töflunni sýnir tilvik þar sem viðmiði er ekki náð, en skoða verður öll ofngreind viðmið saman þegar meta á hvort afkoman er ásættanleg.

# ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

## HLUTVERK OG SKIPULAG


Orkuveita Reykjavíkur er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem hún þjónar. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða.

Núverandi skipulag OR má rekja til gildistöku breytinga á raforkulögum í ársbyrjun 2014. OR er nú samstæða þjónustufyrirtækja með þjónandi móðurfélagi.




Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar samkvæmt sérstöku lögum og er móðurfélag þriggja þjónustufyrirtækja sem eru hlutafélög. OR lýtur stjórn sem kjörin er af sveitarstjórnnum eigenda; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað og Borgarbyggð. Forstjóri OR fer með hluti OR í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins er sameiginlegt þróunarsvið vísinda- og tæknifólks, fjármálasvið samstæðunnar og sameiginlegt þjónustusvið, meðal annars með þjónustuveri og reikningagerð. Á skrifstofu forstjóra starfa sérfræðingar í ýmsum málaflokkum sem starfa með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

## Skipurit samstæðu OR



## Hlutdeild fyrirtækjanna á íslenskum mörkuðum



## INNGANGUR

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2019 og langtímaspá fyrir árin 2020-2024 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin Veitur, OR Vatns- og fráveitu, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur. Fjárhagsspá hvers dótturfélags hlaut samþykki viðkomandi stjórnar áður en þessi samstæðuspá var samþykkt í stjórn OR.

Við gerð fjárhagsspár fyrir samstæðu OR er beitt stefnumiðaðri spágerð (Beyond budgeting). Í aðferðinni felst að skráð stefna fyrirtækjanna er lögð til grundvallar, þau skýru markmið sem í henni felast og mælikvarðar á framgang þeirra. Fjárhagsleg markmið og lykilmælikvarðar eru sett fram með myndrænum hætti í spánni.

Rekstur og fjárhagur OR stendur traustum fótum og engar snarpar breytingar á tekjum eða rekstrargjöldum eru fyrir séðar. Festa í fjármálum er forsenda þess að nú er horft lengra fram á veg en stundum áður í uppbyggingu veitukerfa, sjálfbærni auðlindanýtingar og þeirri þjónustu sem fólk vill njóta í framtíðinni. Við sjáum fram á uppfærslu veitukerfa, sem mörg hver eru rosín í grunninn, aukna sjálfvirkni í þjónustu og það mikilvæga umhverfisverkefni sem orkuskipti í samgöngum eru. Þetta eru áform sem teygja sig lengra en sem nemur tímabili þessarar fjárhagsspár en þeirra gætir í fjárfestingar áætlunum hennar.

Á vegum Veitna eru umfangsmestu fjárfestingarverkefni framhald endurnýjunar á aðveituæð hitaveitu Akraness og Borgarness, Deildartunguæðinni, sem áætlað er að ljúki árið 2025, snjallmælavæðing og framkvæmdir sem stuðla að sporlausri fráveitu.

Umfangsmestu fjárfestingar ON eru viðhaldsboranir til gufuöflunar fyrir virkjanirnar á Hengilssvæðinu ásamt frekari þróun niðurrennslilausna. Stækkun varmastöðvar Hellisheiðarvirkjunar, þar sem er unnið heitt vatn fyrir hitaveituna á höfuðborgarsvæðinu, er í spánni auk umhverfisverkefna og nýsköpunar í Jarðhitagarði ON..

Fjárfestingar Gagnaveitu Reykjavíkur eru að mestu fólgnar í lagningu ljósleiðara í sveitarfélögum í samræmi við nýlegar viljayfirlýsingar við viðkomandi sveitarstjórnir.

Uppgötvun alvarlegra rakaskemma í hluta skrifstofuhúsnæðis OR við Bæjarháls voru mikil vonbrigði. Staðinn var vörður um heilsu starfsfólks með því að taka skemmda húsnæðið úr notkun og nú hefur verið ákveðið að endurhanna útveggi svokallaðs vesturhúss. Að hönnun lokinni og kostnaðarmati verður ákveðið hvort ráðist verður í þær viðgerðir.

Á næstu árum verður haldið áfram að greiða niður skuldir OR. Gert er ráð fyrir að nettóskuldir OR lækki um 14 milljarða frá 2018 til ársloka 2024.

Fyrstu arðgreiðslur til eigenda OR eftir hrun voru árið 2017. Arðgreiðslur taka ávallt mið af;

- arðgreiðsluskilyrðum sem stjórn OR og eigendur samþykktu undir lok árs 2015,
- markmiðum stjórnar og eigenda um arðsemi rekstursins og einstakra þátta hans,
- kröfu í eigendastefnu OR um sanngjarnt verð fyrir þjónustu
- opinberum reglum um arðsemi sérleyfisþátta

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2019 og fimm ára spá 2020-2024 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.

## ÁHERSLUR 2019-2024

### Veitur

**Hlutverk:** Tilgangur Veitna ohf. er rekstur grunnkerfa, svo sem vatnsveitu, fráveitu dreifiveitu rafmagns og hitaveitu auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

**Megináherslur 2019-2024:** Vorið 2018 var samþykkt metnaðarfull stefna Veitna sem endurspeglar í fjárhagsáætlun og byggir á því að Veitur:

- veiti framúrskarandi þjónustu
- sé eftirsóknarvert þekkingarfyrirtæki og draumavinnustaður
- sé í forustu í nýsköpun og tækniþróun og
- til fyrirmyndar í rekstri, öryggi og sporlausri starfsemi.

**Helstu fjárfestingar:** Í samræmi við nýsamþykktu stefnu er lögð aukin áhersla á snjallmælavæðingu, sporlausu fráveitu, tryggja afhendingu m.a. með styrkingu rafdreifikerfisins þannig að það styðji við orkuskipti í samgöngum og frekari forðaöflun fyrir hitaveitur.

Stærsta einstaka fjárfestingaverkefnið er endurnýjun á aðveituæð hitaveitu Akraness og Borgarness sem áætlað er að ljúki árið 2025.

### Orka Náttúrunnar

**Hlutverk:** Tilgangur Orku náttúrunnar ohf. er vinnsla, framleiðsla og sala raforku og heits vatns og gufu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

**Megináherslur 2019-2024:** Leiðarljós við gerð þessara fjárhagsspár eru sem fyrr að tryggja samkeppnishæfni fyrirtækisins, öruggan rekstur og ábyrga nýtingu auðlinda, þróun jarðhitagarðs og áframhaldandi uppbygging hlaða fyrir rafbíla.

**Helstu fjárfestingar:** Fjárfestingar ON byggja á því að tryggja áframhaldandi góða nýtingu virkjana með traustri gufuöflun og að uppfylla opinberar kröfur og metnað ON í umhverfismálum. Fjárfest verður í Jarðhitagarði við Hellisheiðarvirkjun til að stuðla að aukinni fjölnýtingu jarðhitans. Aukinni þörf fyrir heitt vatn á Höfuðborgarsvæðinu verður mætt m.a. með stækkun varmastöðvar Hellisheiðarvirkjunar í tveimur áföngum; öðrum síðla árs 2019 og hinum síðari 2023-2024.

## Gagnaveita Reykjavíkur

**Hlutverk:** Tilgangur Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. er rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi.

**Megináherslur 2019-2024:** Áhersla er lögð á að ljúka tengingu Ljósleiðarans við heimili í samræmi við fyrirbyggjandi viljayfirlýsingar, fjölga viðskiptavinum á þegar tengdum svæðum.

**Helstu fjárfestingar:** Gert er ráð fyrir að uppbygging á ljósleiðarakerfi Gagnaveitunnar á höfuðborgarsvæðinu ljúki á árinu 2018. Á spátímabilinu er stefnt að því að leggja ljósleiðara til heimila í þéttbýli Reykjanesbæjar, Árborgar og Voga á Vatnsleysuströnd. Ásamt því að tengja nýbyggingar á ofangreindum svæðum.

## FORSENDUR FJÁRHAGSSPÁR OR 2019-2024

Forsendur fjárhagsspár 2019-2024 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í maí 2017 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við spár vaxta var miðað við fölgna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

Lýsing	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	2,7	2,9	2,7	2,6	2,6	2,5	2,5
Launavísitala, breyting (%)	5,9	6	4,4	4,2	4,2	4,1	4,1
Gengisvísitala, breyting (%)	0	0,3	0	0	0	0	0
Álverð, meðalverð ársins (\$)	2.161	2.154	2.183	2.208	2.231	2.273	2.317


## FORGANGSRÖÐUN OG MAT Á FJÁRFESTINGUM

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar við mat á forgangsröðun fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa verið lengi til umfjöllunar og hlotið forgangsröðun áður en þau eru lögð fram. Áður en endanleg ákvörðun um verkefni er tekin er unnin frekari undirbúningsvinna og ítarlegt áhættumat framkvæmt. Þegar nánari undirbúningsvinna sérhvers verkefnis er lokið fer það í samþykktarferli innan hvers fyrirtækis samstæðunnar og síðar stjórnar og eiganda, ef við á, eftir skilgreindu verklagi. Stuðst er við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukin notkun eða eftirspurn eftir þjónustu
- Bilanasaga lagna og búnaðar
- Aldur lagna eða búnaðar
- Efni í lögnum og búnaði
- Ástandsgreining lagna
- Öryggi starfsmanna og viðskiptavina
- Afhendingaröryggi til viðskiptavina

## FJÁRHAGSSPÁ 2019-2024

### Rekstur




Mikill stöðugleiki einkennir helstu stærðir í rekstri OR síðustu ár. Aðhaldið í rekstri, sem einkenndi ár Plansins 2011-2016, er viðvarandi. Tekjur vegna raforkusölu hækka um 3,6 milljarða kr. eða 18,7% á tímabilinu 2018 til 2024 og tekjur vegna sölu á heitu vatni hækka um 2,7 milljarða kr. eða 24,6%.


Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta aukist frá 2018 til 2024 um 4,3 milljarða kr. eða 23,1%. Aukinn rekstrarkostnað má að mestu rekja til verðlagsbreytinga.

EBITDA stendur fyrir framlegð rekstursins án fjármagnsliða, afskrifta, skatta og endurmats. EBIT er rekstrarafkoman án fjármagnsliða og skattgreiðslna. Framlegð reksturs OR samstæðunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í samstæðu OR. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar.

### Framlegð




## Afkoma




Eins og sjá má á mynd hér fyrir ofan er gert ráð fyrir að afkoman batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 13,9 milljarða kr. árið 2024. Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins eins og sést árið 2017, þar sem gangvirðisbreyting innbyggðra afleiða nam 12,5 milljarða.

## Eignir og eiginfjárlutfall



Áætlað er að eignir hækki næstu árum vegna aukinna fjárfestinga í veitukerfum OR. Áfram verði haldið á þeirri vegferð að greiða niður skuldir. Eiginfjárlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2019-2024, þ.e. frá því að vera 47,1% í árslok 2018 í 56,3% í árslok 2024.


## Sjóðstreymi (ma.kr.)



Handbært fé frá rekstri og ný lántaka dekka allar fjárfestingar, afborganir lána og arðgreiðslu. Gert er ráð fyrir að handbært fé í árslok 2024 verði 14,1 milljarðar kr.



## Fjárfestingar

Fjárfestingar (ma.kr.)



HELSTU FJÁRFESTINGAR 2018-2024		milljarðar kr.
Veitukerfi		62,4
Virkjanir		34,7
Aðrar fjárfestingar		23,4
Fjárfestingar alls		120,5


## Fjármögnun



Afborganir skulda eru áætlaðar á milli 13,8 – 22,3 milljarða kr. á árunum 2018 - 2024, samtals um 117,8 milljarðar kr.

Lántökur eru áætlaðar 90,3 milljarðar kr. á tímabilinu eða sem nemur um 76,7% af fjárfestingu og 77,4% af afbörgunum skulda.




Arðgreiðslur til eigenda eru áætlaðar 13,8 milljarða kr. á tímabilinu.




Skuldir lækka um 14,4 milljarða kr. frá árinu 2018-2024.

## Lykiltölur

Í samræmi við eigendastefnu og aðgerðaráætlun eigenda er markvisst stefnt að heilbrigðari fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að bæta markvisst lykiltölur í rekstri s.s. veltufjárhlutfall, eiginfjárhlutfall, vaxtabekju o.fl. Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum í anda eigendastefnu og stefnumiðaðrar spágerð (beyond budgeting). Samþykkt um arðgreiðsluskilyrði er gerð í samræmi við ákvæði í eigendastefnu OR. Í henni er gert ráð fyrir að stjórn samþykki arðstefnu fyrir fyrirtækið, sem hljóta skuli staðfestingu eigenda. Í samþykktinni eru fjárhagslegir mælikvarðar, sem uppfylltir skulu, áður en til arðgreiðslu kemur og arðgreiðslur mega ekki brjóta gegn.




### Vaxtaþekja




Markmið 2016-2018 > 3,5

Markmið 2019 - > 3,5

### ROCE



### Nettó skuldir / handbært fé frá rekstri



## HORFUR OG SPÁ 2018 – REKSTRARREIKNINGUR

Rekstrarreikningur	Raun	Horfur	Spá	Spá	Spá	Spá	Spá	Spá
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>44.002</b>	<b>45.758</b>	<b>47.476</b>	<b>48.839</b>	<b>50.949</b>	<b>52.976</b>	<b>54.819</b>	<b>56.965</b>
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>17.285</b>	<b>17.403</b>	<b>18.382</b>	<b>19.012</b>	<b>19.738</b>	<b>20.318</b>	<b>20.911</b>	<b>21.677</b>
<b>Rekstrarhagnaður EBITDA</b>	<b>26.717</b>	<b>28.355</b>	<b>29.094</b>	<b>29.827</b>	<b>31.211</b>	<b>32.657</b>	<b>33.908</b>	<b>35.288</b>
Afskriftir	9.063	9.555	10.049	10.493	10.891	11.260	11.572	11.847
<b>Rekstrarhagnaður EBIT</b>	<b>17.654</b>	<b>18.800</b>	<b>19.045</b>	<b>19.334</b>	<b>20.320</b>	<b>21.398</b>	<b>22.336</b>	<b>23.441</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	<b>4.082</b>	<b>-9.508</b>	<b>-8.357</b>	<b>-7.372</b>	<b>-7.678</b>	<b>-8.041</b>	<b>-7.453</b>	<b>-7.207</b>
Vaxtatekjur	653	976	952	910	815	783	800	849
Vaxtagjöld	-5.171	-7.137	-7.589	-8.083	-8.436	-8.817	-8.561	-8.408
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	8.600	-3.346	-1.720	-199	-57	-7	308	352
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>	<b>21.736</b>	<b>9.292</b>	<b>10.688</b>	<b>11.962</b>	<b>12.642</b>	<b>13.357</b>	<b>14.884</b>	<b>16.234</b>
Tekjuskattur	-5.397	-2.178	-1.765	-1.984	-1.966	-1.937	-2.169	-2.317
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>16.339</b>	<b>7.114</b>	<b>8.923</b>	<b>9.978</b>	<b>10.677</b>	<b>11.420</b>	<b>12.714</b>	<b>13.917</b>

## HORFUR OG SPÁ 2018 – EFNAHAGSREIKNINGUR

Efnahagsreikningur	Raun	Spá	Spá	Spá	Spá	Spá	Spá	Spá
	2018	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)
<b>Eignir</b>	<b>311.258</b>	<b>320.825</b>	<b>328.800</b>	<b>338.172</b>	<b>349.950</b>	<b>356.402</b>	<b>360.952</b>	<b>366.193</b>
Fastafjármunir	287.155	295.866	304.199	313.110	321.361	328.118	333.128	339.379
Veltufjármunir	24.104	24.959	24.601	25.061	28.588	28.284	27.823	26.814
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>311.258</b>	<b>320.825</b>	<b>328.800</b>	<b>338.172</b>	<b>349.950</b>	<b>356.402</b>	<b>360.952</b>	<b>366.193</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>143.871</b>	<b>150.965</b>	<b>158.543</b>	<b>167.021</b>	<b>175.697</b>	<b>185.117</b>	<b>195.332</b>	<b>206.249</b>
<b>Skuldir</b>	<b>167.387</b>	<b>169.860</b>	<b>170.257</b>	<b>171.151</b>	<b>174.253</b>	<b>171.284</b>	<b>165.620</b>	<b>159.944</b>
Langtímaskuldir	142.237	146.344	145.044	145.872	144.441	143.136	137.845	133.365
Skammtímaskuldir	25.150	23.515	25.213	25.279	29.812	28.148	27.775	26.579

## HORFUR OG SPÁ 2018 – SJÓÐSTREYMI

Sjóðstreymi	Raun	Horfur	Spá	Spá	Spá	Spá	Spá	Spá
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>26.908</b>	<b>29.786</b>	<b>29.210</b>	<b>29.965</b>	<b>31.284</b>	<b>32.715</b>	<b>33.973</b>	<b>35.333</b>
Innborgaðar vaxtatekjur	572	976	903	781	607	390	295	376
Greidd vaxtagjöld ISK	-4.186	-5.451	-5.753	-6.062	-6.217	-6.140	-5.741	-5.541
Greiddur tekjuskattur	-1.820	-2.825	-2.367	-2.515	-2.513	-2.589	-2.737	-2.872
Greiðslur annarra fjármagnsliða	-881	-1.129	-268	20	55	40	0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>20.595</b>	<b>21.358</b>	<b>21.724</b>	<b>22.189</b>	<b>23.216</b>	<b>24.417</b>	<b>25.790</b>	<b>27.296</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>								
Fjárfesting varanlegra rekstrarfjármuna	-19.339	-16.388	-17.977	-18.711	-18.269	-16.939	-15.516	-16.719
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	-988	3.903	0	0	0	0	0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar alls</b>	<b>-20.327</b>	<b>-12.485</b>	<b>-17.977</b>	<b>-18.711</b>	<b>-18.269</b>	<b>-16.939</b>	<b>-15.516</b>	<b>-16.719</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>								
Tekin ný langtímalán	13.936	21.251	14.900	12.420	14.350	12.350	8.000	7.000
Afborganir langtímaskulda	-16.148	-22.326	-17.486	-13.992	-13.897	-18.258	-16.358	-15.751
Greiddur arður	-750	-1.250	-1.500	-1.500	-2.000	-2.000	-2.500	-3.000
Skammtímalán, breyting	-2.860	0	0	0	0	0	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>	<b>-5.822</b>	<b>-2.325</b>	<b>-4.086</b>	<b>-3.072</b>	<b>-1.547</b>	<b>-7.908</b>	<b>-10.858</b>	<b>-11.751</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>-6.072</b>	<b>6.548</b>	<b>-339</b>	<b>406</b>	<b>3.400</b>	<b>-430</b>	<b>-584</b>	<b>-1.174</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>	<b>12.357</b>	<b>6.255</b>	<b>12.805</b>	<b>12.466</b>	<b>12.872</b>	<b>16.272</b>	<b>15.842</b>	<b>15.258</b>
<b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé</b>	<b>-30</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>6.255</b>	<b>12.805</b>	<b>12.466</b>	<b>12.872</b>	<b>16.272</b>	<b>15.842</b>	<b>15.258</b>	<b>14.084</b>





**Reykjavíkurborg**  
Fjármálaskrifstofa